818
Han

Hvøld-vøkurnar

1794.

Samanteknar

af

Dr. Hannesi Finnssyni.

Eptir Jón Borgfirðing
1840.

Fyrri Parturinn.

Selst almennt innbundinn 64 skildingum.

Leirárgørdum vid Leirá, 1796.

Prentadur ad Forlagi ens Islendska Landsuppfrædingar Félags,

af Bókprykiara G. J. Schagfiord.

Hávelborni

Herra

Olafur Stephánsson,

Hans Kónglegrar Majestatis til Danmerkur og Noregs, ɔc.
Stiptamtmadur yfir Islandi, og Amtmadur þar yfir Sudur-Amtinu.

Forseti ens almennilega Islendska Landsuppfræðingar Félags;
Heiðurs-Medlimur Forn-fræða Félagsins í London;
Stadfastur Yfirordu-limur ens Konúnglega Islendska Lærdóms-Lista Félags;
Medlimur enna Konúnglegu: Norska Vísinda- sem og Danska og Norska Genealogisk-Heraldiska-Félaga;
Einnig corresponderandi Medlimur ens Konúnglega Danska Land-búskapar-Félags, m. m.

Minn dygdarikasti Tengda- og Velgiorda-Fadir!

Svo hafa Ydar velgiørdir vid mig verid margar, sifeldar og stórar, ad stærstu orsok hefi eg til, ad vilia gétad opinberlega vidurkénnt þær. I þeirri von, ad Landar minir ei álíti þann tíma til óuýtis eyddann, sem þeir brúka til ad lesa edur heyra Qvoldvok-ur þessar, óska eg einkum, ad þær verdi lengi vid lýdi, og af sem flestum lesnar og heyrdar; en þá þeim ollum undir eins kunnugt verdur þacklætis-þel mitt vid enn dygdarikasta Tengda- og Velgiørda-Fødur fyrir mér audsýnda stærstu og óforgleymanlegu velgiørninga, reikna eg þad ómak, er eg haft hefi fyrir Riti þessu mér tvsfaldt launad.

Pad stóra hrós, sem Þér, allrahœrst-virdandi **Tengda-** og **Velgiorda-Fadir!** egid skilid, sem manneskia, kristinn, medlimur borgaralegs samheldis, og œdsti Embœttis-madur í landinu, er ollum svo augljóst, ad eg maklega mœtti óttast fyrir, lesendum minum pœkti sér órétt giort, ef eg med línum þessum œtladi mér pad fyrir þeim ad útmála. Lœt eg mér því nœgia hér ad undirskrifa mig þann eg er, og tel mér œru ad vera

míns dygdarikasta

Tengda-Fodurs

audmiúkasta elskanda Tengda-Son

Hannes Finnsson.

Til
Lesenda og Heyrenda
Bókarinnar.

Vel veit eg heilrædi Seneku ens spaka, er ræður hverium og einum, ad giora tilraun um, sem færsta hluti, því þeir hlióti á flestu ad flaska, sem flest leggi á giorva hond. Móti því hefi eg samt brotid, einkum med ad taka mér fyrir hendur ad semia bækling þenna; Mér er því oll þörf á, til afsökunar, ad greina hvad mig hafi þar til dregid.

Þó siálfs-elskan sé ollum mönnum eginleg, þá er hennar ecki síðst hiá ofs bókasmidunum ad vænta. Flestir hugsum vid ad skemtan, fróðleikur og uppbygging sé í hveriu helst því, sem rennur fram úr penna ockar, og vid ætlunst til ad prentad verdi; en allfærstir munu vera sér medvitandi um, edur ásetia sér ad selia lesendum sínum einberann reyk, eda prétta þá. Vænti því enginn, ad eg afneiti svo siálfum mér, ad játa Qvøldvøkurnar séu til einkis gagns; þeim stund-

stundum sé illa varid, sem eg brúkad hefi til ad taka þær saman, og adrir til ad lesa edur heyra þær. En þó einhvorr segdi, þær hafi miog svo mistekist, morgum séu þær ofháar og óskilianlegar, morgum aptur ofiágar og ofaudvirdilegar, þá er mér það engin nýúng, eg geng vakandi ad heyra þann úrskurd. Einúngis bid eg þá, sem leggia þetta bæklingnum til lýta, ad umbæta það med því, ad gefa út adrar fródleiks og skemtunar bækur, sem fríar séu frá þeim annmarka. Vid hina, sem segia, ad allar slíkar sidbóta-bækur séu til einkis, náttúran verdi eins vond eptir sem ádur, það sé vidlíka og þá Xerxes Kóngur bardi vindinn, eda lagdi fiotur á árstrauminn, veroldin batni ecki vid slíkar bækur og sl., er eg eigi svo eptirlátsamur: Ad sönnu verdur gódra bóka verkun ei siáanleg, eda ad neinn géti bendt til, og sýnt þetta eda hitt gott sé þeirri bók ad þacka; En, fylgir þaraf ad þá komi hún engu gódu til leidar? sólskinid á vordag dregur úr frostid, þídir jardarskánina, en þarf lángann tíma til ad koma friófgun í ræturnar, og þó enn leingri til ad framleida æskilega ávexti. Er vor-sólskinid samt til einkis gagns? skugginn minkar dag hvorn smámsaman frá sólar uppkomu til hádegis, samt siest ecki skil á hvad mikid hon-

um

um midar eda um hvad mikid hann minkar á hvoriu augabragdi. Hvorr einn dropi hiálpar til ad auka pad friófgaudi regn á sumardag, sem endurlifgar grasid, þó ei siáum vér eda gétum reiknad hvada verkun hvorr einstakur dropi hafi. Allt eins hefi eg aldrei ætlast til, ad bæklingur þessi géti haft þeckianlegaun ávoxt, á ei heldur annars von, enn margir lestir og brestir vidvari, og adrir ad líkindum vidbæti, samt vænti eg, ad eg ei hafi unnid aldeilis fyrir gýg. Med þessum fáu dropum endurnærist einhvorstadar gott fræ-korn, einhverium verdur af fáum orkum þessum meinlaus dægrastyttíng, og þó heyrn eda lestur þeirra ecki ávinni í fyrsta sinni meir enn dropi, sem dettur á stein, þá kann samt eptirá ad koma þad gæfusamlegt augabragd, ad hid lesna edur heyrda ord rifiest upp aptur fyrir einhverium lesanda edur heyranda, og þá verdi þad honum upporfun til nockurs góds, svo eg enn þá lifi í gódri von, ad minn tilgángur ecki detti aldeilis botnlaus nidur, sá, undir eins ad skéinta og betra einhvorn. Annann tilgáng hafdi eg medfram; eg hefi lengi verid í skuld (1) um slíkann

(1) Med stærsta yndi minnist eg ætíd á æru og lucku þá, er eg í meir enn fiógur ár samfeld naut í Kaup-

Bækling, og nú verd eg feginn gódu tækifæri, ad sýna lit á, ad borga nockud litid af henni, þar

Kaupmannahøfn, tvo klukkutíma í einu, fióra daga í viku hverri, ad hafa samtal, og einvirduglega umgengni vid þann góda ódaudlega Geheime-rád, Riddara og fursta Deputeradann í enu Danska Cancellie, **Bolla Vilhiálm Luxdorph**. Til ad giøra grein á hvørnin ofannefnd skuld er undirkomin, en einkum til at gefa sýnishorn af hvørsu alúdlega sá mikli madur, uppørfadi únglínga, vil eg her setia það, er eg strax, sem eg kom frá honum heim til mín, uppskrifadi í minnisbók mína úr samtali hans vid mig dag 14 Febr. 1777. „Haf, (sagdi hann) „reglu í hverium hlut. Tak þer vissann tíma „til ad lesa, til ad skrifa, en serílagi til ad erfida. „Gleym ei líkamans vinnu, og lát hana vera þer „í stadinn fyrir middagsdúr. Þó þig láugi til „ad lesa eda skrifa, medan þessi líkamans erfidis„tími yfirstendur, þá lættú það á móti þer, ad „forsóma hann eigi, þess vakrari verdur þú á eptir til ad giøra það, sem þig lángadi til, og þú „feckst ei strax ad giøra. Sálin herdist og skerpist á ad mæta hindrunum, og ad strída á móti „þeim; það er í vissann mátta hennar næring, og „það tekur af henni ridid. Legg þig aldrei til „svefns, nema mót nóttinni, og þreyttur; sá „svefn, þó stuttur se, endurnærir meir enn lángur

„dofa

Þar hid góda og lofsverda Islendska Lands-uppfrædingar Félag vill nýta arkir þessar, med-

„dofahøfgi; skrifadú, og láttú prenta marga, en „smá bæklinga, hvørn á tvo skildinga eda einn; „af Náttúru-speki, um Sidgædi (Physique og „Moral) en allt se þad slikt, sem kynni ad leida „til eptirþánka, sem qveikir upp lestrargirnd, og „verdur sem litid frækorn; þó þad fúni, þó þad „í fyrstu láti ei á áverti bera, þad rótar sig eins „hvørstadar, eda ad minsta kosti fyllir þad strá-„stædi, hvar annars yxi eitthvørt illgresi. Kendú „fólkinu ad þeckia Bibliuna; ecki þarf þar til „lángar útleggingar (Commentarios) ecki tiá-„ir heldur ad vilia útleggia því allt, sem útlagt „verdur, heldur á ad leida þad á beinari lest-„rarveg, ad sýna því til d. hvad Guds stiórnan „yfir Gydingum (Theocratia) hafi verid, hvørnin „Guds ráðstøfun hafi leidt Gydinga fólkid, án „þess ad þrástaga fyrir því logmálid, þar Gyd-„ingar høfdu skilníng og minni, sem þeir áttu „sialfir ad brúka, hvad þeir þó ecki giørdu. „Þeir spurdu t. d. Hvørr skal gánga upp, „og vera vor fyrilidi? en spurdu samt ei „ádur: egum ver ad fara upp? Skrifa dag-„lega í þitt Almanak, allt hvad yidber, þad „eptirtektaverdasta sem þú les, og þad, sem þú „af sálarinnar þreckingu hiá almúga og hvørium „sem þú átt ordastad vid, kannt ad uppgotva

„og

medan ei er annad hentugra og betra fyrir hendi ad prenta.

Pad, sem mér hefir veitt torveldast í þessu litla verki, var ad útvelia hvad mátulega hátt eda lágt, audveldt eda þúngskilid, eg mætti bióda lesendum minum. Aldrei kom mér til hugar, ad skrifa handa enum lærdu medal landa minna, þeir þurfa þess ei vid; eg sá ei heldur mér fært, ad samantaka neitt handa þeim allra einfoldustu, heldur hafdi eg einkum auga á skiru almúga-fólki, sem er mest megnis fiöldi lesenda minna. Penki því enginn, ad allt hvad finst í Qvöldvökunum sé af mér álitid fyrir hid besta, og eg haldi þad eptir minni tilfinníngu yppar-legt. Nei! margsinnis sleppta eg bestu meistara-verkum, sem eg hafdi lyst til ad lesa og útleggia; margsinnis því, sem ei gat vel skilist af þeim, sem ei hafa út af landsteinunum farid, ellegar eru óvanir þeim frodleik og bókum, er gefa liós um grundvöll eda atvik Bækíngsins, sem klædast átti í islendskann fatnad; og marg-

sinnis

„og abgæta. Eg skrifa, sagdi hann, allt því-„líks daglega, og þegar eg á dagiun geng frá Cau-„cellienu, er eg ad einsetia mer, og hugsa um, „hvad eg ei vilie láta hiálíba ad uppteikna þann „dag.“ Æ! þessa mína fiöru, ad mestu enn þá ógoldnu skuld!

sinnis því, sem bædi var snoturt, skarpvitur-legt og almennúngi ei þúngskilid, en eg valdi í þess stad heldur annad lakar samid, sem var hentugra til sidbóta. Hefdi eg valid efni og stýl einasta eptir sialfs míns lund, þá hefdi eg ei verid ólíkur þeim Skraddara edur Skósmid, sem laga vildi oll fot eptir sialfs sins vexti, en ei þeirra, sem áttu ad brúka þau. Samt má eg vidurkénna, ad varla mun það land vera til, hvar alnúgi er eins medtækilegur fyrir svo megn-ann lærdóms-mat, eda svo giarn á nám og fród-leik, sem hér á Islandi; og hafi eg med Qvøld-vøkum þessum rétt hitt á gáníng landa minna, hvar um raun mun sídar vitni bera, þori eg aptur á mót ad segia, ad Bænda-lýd í odrum londum væri meiri partur þeirra of-þúngur. Þessu til sonnunar, er mín egin reynsla ecki nóg, því lítid dreg eg af því, þó eg svo sem ferda-madur í Dannmørk og Sviaríki á einstøku stad hafi ordid nockrar vaukunnáttu var; eda hafi hér á Islandi margann vel skírann almúga-mann hitt og þeckt, en meira met eg það, ad þar ed á Eyin þessari ei eru alls 6000 húsfedur, og medal þeirra ein frek 200 Embættismanna, fundust samt þá fyrrnefnt Islendska Lands-upp-frædingar Félag var nýstiptad fullt 1000 menn, sem gáfu hvorr fyrir sig hálfann edur heilann ríkis-

dal

dal og nockrir fleiri fyrifram til ad fá andvirdid aptur í bókum. Nockrar fyslur hér í landi eru til, í hverium færri enn fimtúngur alls fólksins eru ólæsir (sumstadar er hann ad eins siottúngur); er sá fimtúngur eda siottúngur einúngis úngborn og sáein gamalmenni. Par á mót vil eg taka þá þiód, sem haft hefir ord fyrir, ad vera annara liós, Franska; hiá þeim fanst fyrir 20 árum (og hefir uppfræding unni hiá þeim sídan ecki framfarid) í morgu heilu þorpi engin læs manneskia, og jafnvel margir Tollheimtumenn vóru þar þá ólæsir (2). Langt veri frá mér, ad eg vilie bera ósatt hól á alþýdu vora, þad væri til ad skemma hana, og mér vanvirda, en sanninda á hún ad njóta. Láti lesendur minir mig ei ydrast þeirra, en þad giöri eg þó, ef nockurr skyldi af hér tédu leida fer í hug, ad Islendíngar séu fullfródir, nóg sé fyrir þá, ef þeir standi hédan af í stad, heldur ætti þetta miklu fremur ad uppvarfa þá til enn meiri framfarar. Nóg er eptir samt, sem hreinsast og betrast þarf; nóg af hiátrú og mirkfælni, drauga- og galdra-hræddslu; nóg af þrái og þverúd; nóg af atorkuleysi, óþrifnadi, forsiónar-bresti, ruslahætti, eydsluseme, og hefi eg þó enn ei nefnt

(2) Bemerkungen eines Reisenden. Altenburg 1776.

nefnt neitt það, sem kallast kann stór vankunnátta eda lestir; en um þetta og annad á bóklestur ad upplýsa fólk, því aldrei hefir verid eda verdur sú þjód til, sem ei þarf nýrra og nýrra lærdóma vid, ætíd er ofnóg af einu edur odru illgresi, aldrei ofmikid af nytsamlegum urtum og ávöxtum. Svo þó landar mínir egi það hrós, sem eg sagt hefi, þá má samt ei þar af dragast, ad hér sé engra ábóta vant, eda óþarfi sé ad brýna fyrir þeim sidgædis reglur, og bióda þeim fródleiks-bækur. Þeir þeckia best skort sinn, sem hafa hann minstann, eru líka fúsastir á ad bæta sér hann. En máské einhverr segi: það er eigi nóg ad vita hvad naudsynlegt er til ad fræda almúga med, heldur þarf sá, sem tekur sér það fyrir hendur, ad vita hvad lángt upplýsingin í því landi er komin, hvad lesendum hans sé mest umhugad um, hvada rángar innbirdingar þeir hafi, hvernin þær megi nýta, edur hægast uppræta, og hvernin landsvani, log, biargrædis-medal, kaupheudlan og fleira hafa lagad lunderni fólksins, svo uppfrædarinn eptir þessu viti í hvada horf á ad stefna. Allt þetta játa eg satt ad vera; og þecki þess vegna þá kostgæfni, varúd, stillingu og greind, sem slíkur uppfrædari þarf ad brúka, en minar

Upplý-

Qvøldvøkur ætla ei ad taka sér nærri svo mikid í fáng, þær láta sér nægia (svo eg bruki ádur téda samlíkingu), ad bráka eitt eda annad ógresi, og hreyta út aptur einstaka gódu fræ-korni.

Stýllinn vilda eg reyndist vidhafnarlaus, óflókinn og altélegur; en hreinn, audveldur og þægilegur. Eg vona hann ei virdist lesendum ad lakari fyrir þad, því bædi hafa mér lærdari menn haldid, ad audskilinn stýll sé eckert vankunnáttu merki (3), og líka ad sitt sé hvad óbreyttur og audvirdilegur stýll (4). Gomul úreldt ord og framandi túngna ósmecks-keim í ordum og talshættum hefi eg haft áfetníng jafnt ad fordast, en samt ei viliad kasta stýlsins sómasemi þar fyrir burt; dæmi adrir um hvornin mér hafi þad tekist, og siái í gegnum fingur vid þad, sem ábrestur, eins og vid adra óvilia synd.

Suma vokulestra hefi eg sialfur samantekid, en útlagt adra, þó er því nær eckert, sem eg ei hafi lagad eptir minna lesenda þeckingu, og,

(3) *Plerumqve accidit ut faciliora sint ad intelligendum & lucidiora multo, qvæ a doctissimo qvoqve dicuntur.* QVINTILIANUS *Instit. Orat. Libr. 2 Cap. 3.*

(4) *le Stile le moins noble a pourtant sa noblesse.* BOILEAU.

og, hvar þess hefir verid kostur, eptir landsins ásigkomulagi, svo eg gét eckert tekid í fullt forsvar, ef þad ætti, sem einber útlegging ad dæmast. Þess vandara er mér, sem eg ecki gét fyrir mig borid, ad eg hafi sett mér þá reglu, ad fylgia neinu adalriti.

Eckert hefi eg svo mikid vandad af blodum þessum, sem þau er vidvíkia Gudfrædinni, og þau máské þó þurfi mesta línkind af lesaranum, jafnvel þó eg í þeim hafi einkum haldid beinni stefnu eptir Bibliunni. En ef lesarinn finnur allt annad ordatiltæki í sinni Biblíu? Þad kemur mér ei óvart. Fyrirgéfníngar vænti eg samt, þó ei skrifi eg ad Gud hafi í Israelítunum gengid 2. Cor. 6, 16. Þeir eta mitt hold Psálm. 27, 2. blódid er sálin, þarfyrir skalltú ei eta sálina med kiotinu 5. Mós. b. 12, 23. band algiorlegleikans Coloss 3, 14. þeim hinum innsta kór musterisins kasta þu út Opin. b. 11, 2. Leirgiorarans kér s. B. 2, 27. Judisku mál 2. Kóng. b. 18, 26. Matier Job. 38, 5. ad skoda einum eitthvad Esa. 30, 10. og ótal fleira. Eg á mér vísa von, ad verda fyrir straungum ásellis-dómi fyrir shnis-horn þad, sem eg af Bibliu útleggíngu hér framsett hefi, þar eg hafi svo lángt frá ordunum farid; en ad von minni mun hann mildast þegar adgært verdur: 1.) Engin er sú

útlegging til, gétur verid, eda á ad vera, sem ei gángi nockud frá ordunum. 2.) Dr. Lúthers útlegging og ockar Biskups Þorláks Skúlasonar Biblía giera það allvída, þær bæta ordum sumstadar inní, og sleppa þeim aptur annarstadar. Sumstadar setia þær allt annad ord í stadinn þess, er þókt hefir ofhardt ad ordi qvedid, t. d. Svo ad jørdin klofnadi af hliódum þeirra 1. Kóng. b. 1, 40. hvar þeir hafa réttilega útlagt: svo jørdin skalf af þeirra háreysti. 3.) Allvída sýnist vera rétt útlagt, en er samt ecki, því vér skilium í voru túngumáli annad med vidliku ordi enn Hebreskir meintu: t. d. fridur réttlátur og fl. Þannig sýnast ordin: Gud þeckir veg hins réttláta, Psálm 1, 6. og ydar hiørtu skulu lifa ad eilífu Psálm 22, 27. ad vera í hreinni og gódri Islendsku, þó eru í hvorin þessara versa fyrir sig þrjú ord, af hverium eckert á þar heima í Islendskri, heldur hebreskri meiníngu, því á Islendsku þýda þær greinir: Gud hefir velþóknan á athæfi hins rádvanda, og, ydur mun alltaf vel vegna. 4.) Ef Biblían ætti ord fyrir ord ad útleggiast, þá skildi hana enginn ólærdur madur, og sú útlegging yrdi ad adhlátri. t. d. Nefid af erfd minni Psálm. 16, 6. Nablinn af jørdinni Ezech. 38, 12. Braudsstafur allvída og fl. því hvort eitt

túngu-

túngumál hefir sína talshætti og ordatiltæki fyrir sig, sem yrdu í odru óskilianlegir t. d. saliva Virgo; Mercurius supervenit; oculis haurire; panem ne frangito og plura ejusdem farinæ, hvernin mundi það ord fyrir ord verda í Islendskunni? eins og nemo mortalium er rétt útlagt, engin manneskia, því má þá eigi eins ad ordi qveda þar, sem Biblían segir: eckert hold? þess vegna eru ordin: hann gaf høndum sínum skilning 1. Mós. b. 48, 14. rétt útlogd: hann hagadi svo viliandi hondum sínum, eins og Lúthers og Biskups Þorláks útleggingar hafa það. Hvorr hneixlast á Bord-psálmi vorum. Þackid þér Drottni, þó ad bædi í Hebresku, Grisku og Látínu sé ordid: vidurkénnid þér Drottni? 5.) Þeir sem útleggia eina eda adra Bibliu bók, eda alla Bibliuna, kunna ad hafa hmislegann tilgáng: einn giorir útleggingu handa vidvæningum til ad géta borid hvort hennar ord saman vid hofudtextann, þar verdur ad tína upp eitt ord eptir annad; annar ber sig ad sýna andargipt hinna heilogu skrifara, giora þeirra þánka eins lifandi med skáldskapar-gáfu í útleggingunni, eins og þeir vóru í adalritinu, þar verdur ad umklæda hvern einn þánka, snída hann eptir því formi, sem útleggiarans túngumál útkrefur, og giora allt eins snoturt og hnittilegt eins og það finst í hofudtext-

anum; Pridie ætlar sér ad gánga medalveginn, láta allt vera audskilid handa einfoldum og ólærdum, en þó hreina útleggingu. Allir siá, ad ef hverium þessara tekst verk sitt vel, verdur ærinn missmunur á útleggingunum, en meiningin á ad vera og verdur í ollum hin sama. Minn tilgángur med útleggingar sýnishornid yfir Sendibréfid til Galata var, ad giora audskilda útleggingu handa almúga, er lesast kynni í heimahúsum, og þess vegna bar eg mig ad bruka allstadar eginleg ord, eptir sem þau í Islandi tídkast. Meira enn fyrir tilraun bid eg enginn taki þad, og ecki er heldur þánki minn, ad Bibliu útlegging til opinberrar Gudsþiónustu, eda handa lærdum lagist eptir því formi, heldur bid eg min tilreynsla dæmist, leidréttist og betrist í tilliti til þeirrar einnar brúkunar, sem hún er ætlud. Hid sama sem nú er tiád um útleggínguna á þessu Sendibréfi, bid eg lesandinn heimfæri uppá útskíríngu mína yfir ordid Trú. Hvorttveggia á sammerkt í því, ad í þeim hefi eg ei neinu riti einkum fylgt, sem mér um þad hefir fyrir augu borid, og eckert skrif sérílagi um Trúna hafdi eg vid hond, eda valdi mér til leidarvísis, heldur tók þann mæduſamari veg, ad rekia sialfur allt frá rótum.

Gátturnar og Snilli-yrdin, líka nockrir af sundurlausu Paunkunum eru ætlud til ad

æfa

æfa skarpleika hiá únglingum og vekia eptirþánka.

Þegar eg hefi lesid einhvorium dæmisogu, hefi eg optar enn einusinni verid adspurdur, hvort þetta hafi skéd, hvort þad sé satt eda ecki? svo kynnu máské lesendur mínir efast um sannleika einnar edur annarar sogu, sem hér framkémur. Eg svara einasta þar til, ad ef sögurnar skémta og kénna eitthvad þarft, þá ridur ei á ad vita, hvort allt hafi svo í raun og réttri veru tilfallid eins og þad stendur í bókinni. Eg geng því ei í borgun fyrir, ad Hrafn og Tóa hafi talad saman, Volvurnar hafi giort krapta-verk, Erlendur hafi verid svikinn um skiprúm, og margt fleira; Þegar eg frátek ad Prestur er sá sem talar, og ad sögurnar af Menzikof og um Drauginn No. 17 eru sannar, læt eg mér hægt um, ad taka hinar í forsvar.

Eg hefi opt qvalist af ad vita, ad á morgum bæum eru lesnar Trollasögur og Æfinthyri full af ósidum og hiátrú; vorkénni samt skorpum únglingum, sem enga betri andarfædu hafa gétad fengid; því ecki er eg svo ónærgætinn, ad eg heimti af nockrum ad lesa siseldlega Gudfrædis bækur sér til gagns. Þvert á móti veit eg engann beinari veg, ad giora únglingum gudlegann lærdóm væmisamann og leidann, enn ad neyda

þá til ad hafa hann um hönd sí og æ, einkum yfir háls og hofud undirbúnings- og skilnings-lausi, þegar illa liggur á þeim, eda sinnid er fullt af eptirlángan annara hluta. Dæmin eru nóg, sem sýna ad slík medferd á Guds góda ordi hefir verid skadleg. Greifinn Strúensee var í úngdæmi sínu látinn sífeldt sitia vid Bibliulestur, og var rekinn med hardri hendi til hans, hvörnin sem sinni hans var undirbúid, og Preussa Kóngur Fridrich enn Annar var í uppvextinum vanur ad fá þad straff fyrir ávirdingar sínar, ad hann skyldi lesa nockra kapítula í Bibliunni; bádir þeir urdu, eins og von var til, mestu Bibliunnar hatarar. Mín meining er ei hérmed, ad aldrei skuli bornum vera haldid til ad læra og lesa Guds ord, eda þau skuli ráda því sjálf, nær, eda hvort þau vilie á því taka. Eg þecki born svo vel, ad eg veit þá yrdi lítid úr lærdómi þeirra, held líka svo mikid uppá barna agann, ad eg ecki vil mæla þvi bót, ad lída úngdóminum sjálfrædi, þrá eda óhlýdni í þessu né odru; en samt vil eg vel sé lagt nidur fyrir barninu, ad vegna óhlýdninnar, og hennar einnar, sé þad þá straffad, en barnid ei ert upp til þverúdar med oflaungum lestri í hvort sinn. Þad er ad skilia. Eg vil ei láta Guds orda lestur vera þeim straff, eda svo lángann í einu, ad hann olli þeim leid-

inda,

inda, ei heldur mega þau rekast til hans aldeilis varbúin, heldur lockast og yfirtalast til hans, og hann gisraft svo þægilegur, sem mogulegt er, svo þau lángi til hans. En þar þessa er varla ad vænta, medan þau ei eru búin ad fá skinbragd á honum, þá er mitt ráð, ad kénna bornum ei hinn fyrsta bóklestur á Gudfrædis-bækur, heldur smásogur, audskilin heilrædi og þvílíkt t. d. Sumar-gisf handa bornum, sem er yfrid gód og þægileg bók til barna uppfræðingar. Þegar born eru búin med hana, þá kynnu sumar fráfagnir og dæmisogur úr Qvøldvøkum þessum vera betri til æfingar í lestri, enn ein og onnur ósidsamleg æfintíri, riddara- og trolla-sogur, um hnútukast og knifsil-yrdi jotna, med odrum sómalitlum eda aldeilis ótrúlegum athøfnum þeirra.

Øllum gódum monnum má vera gledi, ad dans og vikivakar, eins og þeir seinast vóru ordnir hiá oss, eru aflagdir, því ef hin fyrrtédu æfintíri eru óheilnæm andar-fæda, þá vóru þeirra vikivaka skrýpa-læti sidgædisins ólifian og brádasta eitur. En miog svo vantar oss Islendinga eithvad þad, er gledie og hressi sál og líkama undir eins t. d. sómasamlegann dans, hliódfæra-saung, og gagnsamleg samqvæmi. Svo sem:

eitt hid minsta og skilianlegasta sýnishorn af út-lendra þióda Gledi, hefi eg vogad ad bióda les-endum minum tvær Barna-gledir, en vegna þeirra, sem aldrei hafa slikt sied eda lesid, vil eg því einu vidbæta, ad slikum Gledileikum, nema orstuttir séu, er skipt í flocka (Actus), hvorier sialdan eru fleiri enn fimm. Hvorium flocki er aptur skipt í atridi (Scena), biriast ætíd nýtt atridi vid það, ad einhvorr þeirra, sem Gledi-edur Sorgar-spilid leika, kémur fram á skodun-ar-plátsid, ellegar fer burt af því. Þar sem þetta teikn — edur * * * stendur, merkir það nockra þögn eda vidstodu í framburdinum, ellegar ad hinn talar framí, og hindrar þann er ádur var ad tala, frá ad géta fullendad það, sem sá vildi hafa framfært. Ecki er vel lesid nema rödd les-andans hefiest, lækki og lempist eptir hvoriu því efni, sem þá er fyrir hendi, og raustin segi til allra um-breytinga, er verda á þaunkum þess, í hvors orda-stad lesandinn talar. En allramest ridur á þessu þegar Gledi er lesin, hvors vegna eg med fram hefi innfært fyrr áminstar tvær gledir í Qvøldvøkurn-ar, til ad fá þar med vel læsum og skorpum úng-lingum í hendur það, sem þeir géti æst sig á, ad fullkomnast í út-tali, og náttúrlegum seimlausum lestri.

Á engri einni öld hefir Náttúru-spekinni meir framfarid, enn á þessari nærverandi, og aldrei hefir hennar þecking útbreidst meir til allra landa manna á milli. Menn hafa sett halastiornunum log, nær þær skuli aptur til vor hverfa; smídad betri kikera enn Newton sialfur gat skilid, ad mogulegir væru; fundid nyia plánetu, sem er meir enn þúsund sinnum stærri enn vor jord, og í hverri eitt ár er meir enn áttatygi af vorum árum; þeckt ad sólin sialf er pláneta; fundid ena fimtu álfu heimsins; komist ad réttum skapnadi jardarinnar; smídad reidarslog í floskju; leidt lopteldana hvort sem menn vilia, eda giort þá ad engu; fundid dýr, sem vaxa eins og gras, og deyia ei þó sundur séu skorin, en gross, sem hafa tilfinningu eins og dýr; fiska, sem med reidarslogum nidri í vatninu drepa adra fiska; neydt plonturnar til ad taka framhiá; úngad út eggium fuglalaust og hitalaust; snúid segulsteins áttunum á einu augabragdi; brædt gler í vatni, og stál, svo þad flýtur eins og smior; fundid þyngra málm enn gull er; smídad zink og qvikasilfur; skotid med vatni og lopti, eins og væri þad bissupúdur; talid og tilbúid þrettánslags lopt, sem forfedur vorir vissu ecki nema af einni þess tegund;

und; umbreytt fostum hlutum í lopt, og lopti í fasta hluti; fundid morg þúsund af nýium ádur ókéndum dýrum og plontum, sem hvort fyrir sig hefir sitt egid addáanlega edlis-far, og lokstins fóru menn fyrir 12 árum ad sigla uppi í loptinu. Í svo mikilli vísindanna birtu, er dauflegt ad hafa ad eins litla skímu, hefir eg því til lítillar umskiptingar tekid mér optast nær einusinni í viku talsefni af fáeinu úr náttúru-þeckinguinni. Samt af því uggir mig eg ei hafi gétad framfært svo skilianlega, sem eg vildi æskia, þó ei hafi viliann hiá mér til þess vantad. Öll slík þecking er samt ad vísu harla nytsamleg, bædi til ad fá skinbragd á því, sem oss er skadlegt edur nytsamlegt, og líka til ad þeckia af sképnunum skaparans almætti, gædsku og alvitsku. Eg vil ei fiolyrda þar um, nema ad lokum bæta hér vid heidins manns Epictets ordum: „Ef manneskian hefdi," segir hann, „nockra sóma og þacklætis tilfinníngu, þá „ætti allt hvad hún sier í veroldinni sifeldlega ad „upporfa hana til þacklætis og lofgiordar. Gras-„id á jordunni, sem gefur málnytunni miólk „til ad fæda manneskiuna á; saudfiárins ull, „sem þénar henni til klædnadar, ættu ad vekia „hiá henni forundran; þegar hún sier, ad

plóg-

„plóg-járnid skér í sundur moldar-kéckina, og „giorir lángar ráckir, til ad búa vel um fræsins „legurúm, ætti hún ad kalla og hrópa uppyfir sig: „hvorsu dírdlegur er Gud! hvorsu gædskurík„ur! ad hann hefir veitt ockur oll verkfæri, sem þarf „til akuryrkiunnar! þegar hún setst nidur ad borda, „ætti allt ad minna hana á Gud, og endurnyia hiá „henni hans þeckingu. Hann hefir, ætti hún ad „segia, géfid mér hendurnar til ad halda med á „matnum, tennur til ad bíta hann í sundur, og „maga til ad melta hann med mér; og það, sem „mest skuldbindur mig til ad vegsama Gud, er ad „hann lætur mig þeckia sig, sem gefur mér allt „þetta gott, og ad eg á ad brúka það eptir hanns „vilia — Hvad? þar ed adrir eru í dauda-dái og „hugsa eckert um Guds forsión, er þá ecki vidur„qvæmilegt, ad hinir hefiest upp úr hvors manns „hliódum, og birie lofsaunginn? hvad gét eg svo „veikur og gamall madur, sem eg er, giort annad „enn vegsamad Gud med minni raust? eg hefi „skynsemi, því ber mér ad lofsyngia Gudi. Það „er mitt embætti, mín vinna; eg skal ecki hætta „þeirri minni ydiu, medan lífsandi er í mér."

Inni-

Innihaldid.

		bls.
1.	Fuldavedrátta	1.
2.	Gátur 9. 16. 50. 64. 65. 75. 139. 194. 220. 254. 263. 293. 329.	
3.	Sífeldt blídvidri	9.
5.	Ordid Trú	17. 75. 140.
6.	Lán úr óláni	29.
7.	Sundurlausir þánkar	41. 235.
8.	Dæmisøgur.	44. 132. 218.
10.	Anægia og ástundan í sinni stett	51.
11.	Øl segir allann vilia	61.
13.	Um Bísiugur	65.
16.	Saga af Trausta Kóngi.	86.
17.	Um drauga	119.
18.	Um blódlitad vatn	125.
19.	Grafskrift yfir Gitsur	131.
23.	Ordheldni	150. 195.
24.	Sumargiafirnar Gledi	160.
27.	Fridsemi	204.
28.	Um mála Eirík	213.
31.	Kapp eptir farsældar medslum	221.
32.	Gleraugna sjónhverfingar	230.
33.	Ferd til Túnalsins	233.
35.	Liótun og Fridur	237.
36.	Hundradshøfdingi og Prestur	251.
38.	Lopt og stormur	255.
40.	Páls Postula Sendibref til Galata	264. 330.
41.	Utlegdar-sagan	286.
42.	Ofundsjki	291.
44.	Sagan af Furstanum Menzikof	294.
45.	Litir sem sjónast	323.
46.	Forn Spakmæli.	326.

Føstu-

Föstudaginn 24 Octobr.

I. Islands kulda-vedrátta.

Psalm. 147, 12. 15-18.

Lofa þú Zion þinn Gud! — sem skipar, og allt verdur jafnskiótt, sem hann býdur. Hann sendir snió ofan, sem ullu, og striálar út hrími eins og ösku. Hann kastar ís nidur í styckium. Hvórr gétur þolad hans mikla frost? Þegar hann skipar, brádnar þad allt, og þá hann sendir sinn þey, rennur þad í sundur ad vatni.

Þegar eg í rockrinu kom uppá pallinn, vard mér ad ordum, eins og opt kann verda, ad eg spurdi: hvad væri frétta? Litla stund gégndi mér enginn, því nýlega hafdi eckert frétt-næmt heyrst, en þá enginn svaradi, sagdi Sigurdur, svo sem til ad láta þad eitthvad heita: Kominn er kaldur vetur! hvad ed gaf efni til eptirfylgiandi samtals;

Prestur. Satt er, eptir sem nú er kallad, ad vetur kom í dag; þó hefir enn lærdi Logmadur Páll Vídalín skrifad og sannad,

ad hitt sé réttara ad biria veturinn á Laugardegi, þad er ad skilia, svo sem á morgun. En því sagdir þú, Sigurdur minn! ad kaldur vetur væri kominn, þar ed í dag hefir verid blídvidri?

Sigurdur. Því veturinn færir ætíd kulda med sér, og þad er ecki minsta bolid ockar kuldinn, sniórinn og vetrar-harkan hérna á Islandi.

Prestur. Þá heldur þú kannské, ad hvorgi séu illvidri nema á Islandi, og ecki sé nema bolid eitt af snió og kulda?

Sigurdur. Lángtum heitara held eg sé annarstadar enn hérna, hellst sunnast á jordunni, því sólin er fyrir sunnan heiminn, og vid erum hérna í nordrinu lengst frá henni.

Prestur. Skiátlast þér nockud í því; jordin er skopud eins og hnottur edur hnoda, sem veltist í kring, og er midik hennar ætíd undir edur skamt frá sólar-línunni. Þar af kémur ad heitast er á midri jordunni, hvar sólar-geislarnir falla beinast nidur, en kaldast til beggia endanna, þad er ad skilia, nordast og sunnast; samt er miklu kaldara á sudurendanum enn til nordurs, því þegar hálfri jardar-lengdinni frá midiunni til sudurs, er skipt í 90 jafna parta, sem kallast Grádur, og hinum helmingnum frá somu midiu til nordurs í adra jafn stóra 90 parta, þá hafa skip ecki gétad komist fyrir ísum lengra til sud-

urs,

urs, enn freka 60 slíka parta, en til nordurs lángt yfir 80, og því nær 90 grádur. Ein 3 skip hafa komist sudur fyrir sextugustu, og lengst burtu rak eitt þeirra í ísa til 64 grádu, sem er til sudurs jafnt vid það, sem Island er til nordurs. Á Nýársdag 1739, sem er um há-sumar tímann í sudur álfu heimsins, fanst Umskurnar-Oddi, sem er undir 54 gr., gódum mun nær midjardar línunni, enn Kaupmannahøfn, eins og sest á hvoriu prentudu Almanaki. Þó var hvergi ad sjá nema hafís yfir 100 álna háann, skipid var í 12 daga ad leita lags, ad koma báti í land, en gat ei vegna ísa og óvedurs, sigldi það 200 víkur sjáfar med ísnum til austurs, en fann hvergi hlid, svo það dag 25 Janúarí vard ad snúa aptur. Bouvet fann líka um há-sumars túnann hafís gr. 47, sem svarar vid-líka lángt frá midjardar-línunni til sudurs, eins og Paris í Frackiandi er til nordurs; Sud-ur-Georgien og Sandwichland eru nær mid-jardar-línunni enn svari 60 gr., og eru þó þau sydstu lond, sem menn vita til ad bygd sé. En þar var sumar-hitinn vid 54 gr., 5 hita gr. og opt minna, verdur það eins og hjá oss um há-vetur í hráslaga vedri, jafnadar-lega fell þar um há-sumarid snjór og hagl, og þess á milli fraus vatnid á næturnar á skips þilfarinu, en fiollin þar á sumrum vóru snjóþakin ofan ad sjóar-flædarmáli, og allar hafnir fullar af haf-ís. Þar á mót er sídvana-

legt, ad á sumar-málum vorum er úr nord-ur-hafinu allur ís burtu nordur fyrir Island edur til 67 gr. Norduſtu londin hafa mikinn sólar-hita, af því sólin skín þar nótt og dag margar vikur og mánudi í sífellu; þaraf, en einna mest af innvortis jardar-hita, má það koma, ad sá Enski Hudson fann vel heitt gr. 80½; tiaran brádnadi á Engelskra skipum 21 Junii 1608 vid gr. 75, og Martens enn Hollendski segir það sama beri opt vid hiá Spitsbergen gr. 71, hvad þó ei hefir ann-arstadar heyrst, og ecki ad skéd hafi undir sialfri midjardar-línunni. Sé nú það líka adgiætt, ad nordan til á Grænlandi er meiri hiti, fleiri dýr og betri hagar enn sunnan til, því það er móts vid America; ad í Spitsberg-en og Islandi eru brunnar og uppsprettur, sem aldrei botnfriósa, þar sem þó í Siber-ialandi hiá Jakusk 62 gr. klaki aldrei fer úr jordu, og Skipherra nockur Hollendskur hefir sagst fundid hafa íslaust haf vid 89 gr. til nordurs, líka eins heitt vid 85 gr. þar, eins og í Hollandi á sumardag, þá er audrádid, ad ecki er það nóg, Sigurdur minn, til ad dæma um hvort land nockurt sé heitt edur kaldt, hvad lángt það liggur til sudurs eda nordurs á jardarhnettinum. Þetta er medal annars vel skilianlegt af því, ad veturinn hiá þeim sunnan til á jordunni er sumar hiá oss, sem búum nordanverdt á henni, og ockar vetur er þeirra sumar, en vér erum nærst sólunni á ock-

ar

ar vetri, þeir aptur á mót fiærst henni á sínum, er þá líka ockar sumar viku lengra enn veturinn, þar á mót er á sudur-parti jardarinnar veturinn viku lengri enn þeirra sumar. Hér vid bætist ad í Nordur-álfunni er þess mildara vedurlag, sem vestar er, af þeim londum, sem jafn-nordarlega liggia; nú erum vér Islendíngar allra vestast í Nordur-álfunni, og þar til er land vort eitt af eylondum í hvorium vant er ad vera miklu frosta-minna enn á fasta landi, svo hér eru margar rokseindir til, ad á Islandi er mildara vedurattufar enn vída annarstadar á jordunni; þar med kénnir reynslan þetta sama; því til dæmis: svo eg sleppi þeim yfrid köldu sudurlondum, sem eg ádur nefndi, þá er nordast í America, edur vestur-álfu heimsins, hvor þó er sumar enn vér, stundum svo kaldt, ad hvorsu miog sem kindtur er ofninn, verdur ei hrím þýdt á gluggum, allir veggir eru samt héladir, og hrímid ofaná rúmunum verdur fingurs þyckt; gott brennuvín botnfrýs, og villudýr edur fuglar gagnfriósa strax og þeir eru skotnir, geymast svo frednir óskémdir í heilt misseri. Þegar druckid er af glerstaupi, verda menn þar ad brúka mestu varúd, ad láta ei varirnar eda túngurna koma vid þad, annars fylgir skinnid staupinu. Samt tekur yfir sá náttúrlegi kuldi, sem 12 Jan. 1785 fannst hiá Hudsons-Bay, sem liggur sunnar enn Island, hann var 42 gr. nedan o, þad er 12 gr. meir enn þegar qvikasilf-

silfur fyrst verdur ad jaka. Í Grænlandi hefir það skéd, ad þá menn hafa sett theeholla med slíkanda vatni á bordid, hefir hann verid ad vermu spori lagdur med ís; gler- og trés-ílát hafa af eintómu frosti sprúngid, og tunnur hafa menn ordid ad slá utan af soltudu kiøti, sem í þeim var frosid saman í klump. Þetta eru saint bygd lond í nordurparti heimsins; í óbygdum londum, til dæmis: Spitsbergen, er þó miklu kaldara, þar súna ei manneskiur né rotna, svo ad eptir 20 ár eru líkamarnir med klædnadi, mynd og yfirlit, eins og þeir vóru fyrsta daginn eptir ad manneskian andadist. Gætum þar ad auki ad þeim londum, sem liggia sunnar í nordurparti heimsins enn Island, og þá ætti þar ad vera eptir líkindum heitara enn hiá oss; samt er, þó í fyrstu ótrúlegt sýnist, í Astracan í Austur-álfunni nockrum og 40 gr. og í Pensylvanien í America einum 40 gr. frá Midjardar-línunni lángtum hardari kuldi enn í Islandi; í Siberia-landi hlióta innbyggiararnir ad taka úr húsum gler-gluggana á haustin, svo þeir springi ecki af frosti, en setia þar í aptur ís-stycki, sem þéna þeim fyrir glugga, og ecki brádna allann veturinn, þar verdur þrettán fadma (í Noregi hefir fundist átta fadma) diúpur klaki, og þegar heitu húsi er þar upplokid, þá er kuldinn svo binur, ad suddinn, sem jafnan er í hverju húsi nockurr, verdur ad snio allt í einu, og

fellur

fellur nidur inní húsinu. Í Yakuſk gr. 62, sem eg ádur hefi nefnt, þidnar ei um há-sumarid lengra enn 1 alin ofan ad klaka. Þar var 1685 og 1686 reynt til ad grafa brunn; bædi þau sumur var med mestu fyrirhofn verid ad grafa gégnum klakann, en forgéfins, því eptir ad búid var ad grafa 45½ al. eda 15 fadma, var samt ecki klakalaust ordid. 1772 var þar svo ógnarlegur kuldi, ad qvikasilfur vard ad frost-hellu, hvad annars var dæmalaust, og enginn hélt mogulegt ad skéd gæti, fyrr enn árid 1760, þegar menn fyrsta sinni komust uppá, ad gióra slíkt med konst. Fleiri dæmi hirdi eg ei um ad upptelia, en vanvitska edur óþacklæti edur hvort-tveggia, væri, ef vér segdum, ad meiri vetrar-harka væri hiá oss, enn ollum ódrum þiódum, þar vér þvert á mót hofum haft milda vetur, sem í temprudu londunum vóru hinir hordustu, t. d. 1709, 1740, 1766 og fl.

Sigurdur. Eg skal þá hédan af muna til þess ad nordast, þó enn meir sydst á jordunni, er kaldast, heitast á midiunni, en vestarlega í Nordur-álfunni mest temprad vedráttufar. En hvad hiálpar mér þad þó adrir séu verr farnir enn eg? er hér samt ecki mikill kuldi á Islandi, snióar og stormar? eg skil ecki ad neitt gott standi af þeim, en þad þykist eg vita, ad þó mikill hiti sé kannské eins skadlegur og kuldinn, ad makinda vedráttu med blídvidri væri samt best.

Prestur. Eg verd fyrst ad svara því, sem þú fyrst spurdir, nefnilega: hvort ei séu hér á Islandi miklir kuldar, sniór og stormar, gét eg því ei svarad nema med ad bera þad saman vid annara nálægra landa vedráttu-far, verd eg þá líka ádur ad upplýsa spurninguna nockud. Þegar eg tala um vedráttu-far Islands ad þessu sinni, þá meina eg Sudurland, sem vid bádir þekkium, en hinna fiórdúnganna vedurlag þecki eg ecki, þó eg hafi stór líkindi til, og nockra sögu-sögn um, ad vída í Austfirdínga Fiórdúngi sé vedur-sælt. Þar ad auki eru einstoku pláts víss slags óvedráttu, vegna sérlegrar afstodu, undirorpin, t. d. ad sterkvidri koma stundum á Kialarnesi, Hvalfiardar-strönd edur í Leirár-sveit, sumir dalir og afdrep eru eins og fann-kista, og fl. en hér verd eg ad skilia spurninguna um þad, sem almennast er hér um pláts, og þá segi eg hér sé ei illvidrasamt, hvad eg gét samad med uppskriftum á vedráttu, sem hér í Islandi hefir verid samanborin vid onnur Nordur-álfunnar lond. En þad þú sagdist ei skilia, ad neitt gott standi af kulda, sniói edur stormi, lái eg þér egi, því einatt veitir bágt ad siá hvada gagn þad giorir, sem í fyrstu er skadvænlegt, og á lángann tíma í ad sýna hvad gott þad eptirá verkar. Eg skal þá á morgun ad eins nefna eitt edur annad gagn, sem hvort af þessu fyrrnefndu færir med sér, því eg vil ecki giora þér leidindi med, ad

vera

vera of-lángordur í einu. En til ad fá yckur ollum nockud umpenkingar efni pángad til, ber. eg upp. pessar

II. Gátur:

1.) Eg dreg yfir mig skýlu, svo ad sem færstir pecki mig; ef pú peckir mig ecki, pá pykir pér midur, en pecktir pú mig strax, pá pækti pér eckert til min koma.

2.) Hvorsu lítils, sem pú virdir mig, svo vernda eg pó pann besta part af pér; samt lætur pú fyrir hofdingiunum eins og eg sé pér til einkis gagns, og kastar mér stundum út í horn.

3.) Frá módurlifi kom eg hofudlaus og fótavani, fell eg pannin morgum vel. Med hofdi og fótum er eg líka gódur maga pínum, en pá verdur pú ad bída og hafa meira fyrir.

Laugardaginn 25 Octobr.

III. Af misjofnu þrifast börnin best.

Eg hætti par vid í giærqvoldi, sem pér, Sigurdur minn, syndist, ad sifeld makinda vedrátta mundi vera best, en kuldi sniór og stormar væru til eintómis bols og mædu. Eitt af pví, sem Gud hefir af mildi sinni og speki gef-

id manneſkiunni er, ad hennar yndi eru umſkipti og tilbreyting á hlutunum; án þeirra væru ſifeld leidindi og dofi hiá henni. Þeſſum tilbreytingum hefir Gud þar ad auk ſvo dáſamlega hagad, ad þær ſialdan koma allt í einu og undirbúningslauſt, heldur ſvo ad tala fiara ſmámſaman út, og falla ad, hvaraf umbreytingin verdur hvorttveggia þægileg og óſkadnæm. Skáldin, ſem diktad hafa um Gyllini-alduinn og ſagt, ad þá hafi verid ſifeldur hlýr veſtan-blær, ſtodugt vor og ævarandi blómſtur, hafa ecki rétt þeckt manneſkiunnar edli. Enginn veit hvad hiti eda hlýindi eru, nema hann géti ſamanborid þau vid kulda, og þad er eigi lítil ánægia, ad fá ſtundum linun og hreſſingu med náttúrlegum hita eptir nockuru kulda. Sifeldt blídvidri giorir hvern einn limpiulegann, dofinn til alls og tilfinningarlítinn, en þær manneſkiur ſem ſvo eru, géta hvorki ánægdar verid né nockurt fior haft, eda fellt ſig vid annara ſamqvæmi, þær þurfa eitthvad ſkarpt til ad vakna og rakna vid af, og þar á vetrar-kuldinn beſt vid. Allteins og vetrar-tídin er hentuguſt til lærdóms og eptirþánka, ſem allir játa, ſvo er hún þad líka til innan-húſs-vinnu. Þad þarf eg ecki þér ad ſegia, Sigurdur minn, því þú ert ſiálfur ſmidur, ſem hefir reynt þad, en ef þú efadiſt um þad, mundi eg vísa þér til qvennfólkſins, ad ſpyria þad, nær á árinu því gengur beſt á vinnu þeſs í ſeſſi. Eg hefi ſvo drepid á, ad ſifeldt

blíd-

blídvidri mundi spilla ánægiu, tilfinningarsemi, fiori, eptirþánka og idni manna, en þad tæki yfir, ad enginn gæti med því nád kroptum, haft heilsu eda lifad helming edlislegrar æfi sinnar. Ad kraptarnir vaxi vid kulda, er almenn meining. Eins og kaldara er til fialla enn til siáfar, svo eru og margir þeir, sem á hálendi uppalast sterkari enn hinir, sem ega heima á láglendi. Norskir hofdu í Kaupmannahofn í minni tíd almennt ord fyrir ad vera sterkari enn Danskir, og Islendskir vóru þar álitnir eins og Norskir, svo sem Syfslumadurinn í Dala fyfslu Sigurdur Vigfússon var, medan hann þar dvaldi, almennt kalladur hinn sterki Islendingur, og einkum naut þeirra burda ad hiá Professore Doct. Hans Bartholin. Sveitzerskir eru í Fracklandi og Vallandi vegna hraustleika nafntogadir, enda ega þeir heima á koldu hálendi. Fiallaskottar, edur hálendismenn í Skotlandi eru ný bevísing uppá þetta, ef hennar vidþirfti. Í sifeldu blídvidri yrdi loptid fyllt af fúa dompum, því gras, jurtir, dýra-andi, kiot, fiskar og vatn rotnar vid hita, en damparnir af því blandast vid loptid, sem manneskjan á ad lifa í, og draga med andardrættinum í sig. Til ad sýna mismun á ils og frosts verkunum í þessu, þarf ei annad enn á vetrardag leggia kiotstycki í badstofu eda fiós, en annad eins í hiall; ad þriggia daga fresti er þad, sem vid ilinn var, ordid áldid og rotid med

slæmri

slæmri lykt og óhollum dompum, en hitt skémmist aldrei, medan þad náir í kulda ad vera. Nú olla fúadampar í loptinu brióstveiki, þeir blandast saman vid blódid, skémma þad, og valda margskyns næmum sóttum. Þaraf kémur líka, ad þeir, sem koldu hreinu lopti veniast, eru bragdbetri enn adrir. Í kulda smackar matur og meltist betur enn í molluvedri, sá er medfram orsokin, ad fólk þarf meira til vidurværis í koldum londum enn heitum. Og loksins vil eg þess géta, ad kuldi hreinsar loptid, svo aldrei hefir drepsótt uppkomid í koldu landi, en þar á mót er þess vís von í heitu londunum, ad drepsóttin hættir þar, þegar kuldi innfellur, og almenn reynsla kénnir, ad í hreinni kulda vedráttu ganga minstar og færstar sóttir. Lángliffi er almennast í koldum londum, einkum fiallbygdum þeirra. Í heitum, jafnvel ei nema temprudum londum, eldist fólk miog snemma, svo þar er útlit margra, sem ei eru fertugir eins ellilegt, og almennt hiá oss er um sextugs aldur og þar yfir. Eg veit varla neitt, sem sannar betur hvad eg nú hefi sagt, enn þad, sem Dr. Ackermann skrifar um Jokla-menn í Sveits: „Allir," segir hann, „sem ferdast hafa yfir „fiöllin þar, hafa fullkomna orsok til ad dást „ad þeirra, sem þar búa, stærd, þreki, rétta „vaxtarlagi, gladsinni, stóru sálar-kroptum, „giæfalyndi og óskémda hiarta-þeli, hvad ed „ætíd fylgist med heilbrigdi líkamans, en því

„nedar,

„nedar, sem menn koma nidur úr hlídunum,
„Því meir minka bædi sálar og líkamans krapt-
„ar, svo Hra. Sausſure heldur, ad þegar
„útlit og skapnadur einhvors í þeim plátsum
„siáist, sé hægt ad segia, hvad hátt eda lágt
„hann egi heima í sonu fiall-bygd. Allir,
„sem búa þar í diúpustu dolunum, eru aud-
„þecktir af einhvorium líkamans vanskapnadi,
„ófridleika andlitisins, skélfilegum dofinleika og
„þyngslum í líkamanum, med sliósustu sálar-
„kroptum. Þar ad auki eru nockrir undar-
„lega vanskapadir og ófridir, med skéckin í
„líkamanum, adrir med umsnúnum augnalok-
„um, stórum œxlum á hálsinum og þesshátt-
„ar; samt eru engir svo illa vaxnir og aum-
„lega farnir, eins og þeir er þar kallast Kre-
„tínar, og eru þannig í hátt: andlits farsinn
„er vidbiódslegur, svo grátt, blátt og eyr-lit-
„ur hiálpast allt ad til ad gióra andlitid, sem
„allra liótast. Undir augunum eru stórir og
„þúngir pokar, sem hánga nidur, og draga
„nedra augna-lokid svo frá auganu, ad allt
„þad rauda innant er bert. Þessir vesælingar
„eru svo vanfærir, ad þeir naumast géta dreg-
„id sig, sitia þess vegna heilum dogum sam-
„an, eins og líflausir drumbar, fyrir utan
„bœar-dyrnar sínar, og hugsa ecki eptir ad
„hræra sig þadan á qvoldin, ef náúngar
„þeirra minntu þá ei á þad, og drægu þá
„inn. Allir adrir, sem ega heima nedst í jokla-
„dolunum í Sveits, eru ad sonnu dofnir og

„sliós-

„sliófir, en hiá þessum Kretinum finnst ecki „spor til, ad þeir þenki neitt, þad sýnist ecki „eins og minni eda greind forlíst þeim, held„ur ad þad sé ordid ad engu. Skélfilegt „æxli á hálsinum, sem nær ofan á midia „bringu, tekur þar ad auk allt manneskiu „útlit frá þeim. Tilfinníngar-leysid er svo „mikid, ad þá einn þeirra var eptir andlátid „krufinn, hafdi enda-gornin fundist skélfilega „vid og út-þanin af saurindunum, því þad „hafdi ordid hans dauda-mein, ad hann hafdi „setid lengi, án þess ad leita sér hægda. „Náttúrlegur hiti er hiá þessum vesælingum „lítill, og blóds-hræríngin sein, er kémur af „sifeldum hita, sem þeir eru í, og þola meir „enn adrir. Nedst í dolunum, hvar þessir „vesælingar eru, er ógnarlegur hiti, med mikl„um vatns-dömpum, sem ecki hreinsast burt „af stormum, þar fiell halda ad á allar síd„ur, sitia svo Kretínarnir heilann daginn á „steini fyrir utan bæar-dyrnar sínar í brenn„andi sólskininu, góna og gapa skackir upp í „sólina. Eckert túngumál kunna þeir, því „þeir þenkia svo lítid, ad þeir þurfa þess ecki „med, en í stadinn orda brúka þeir sin á milli „holgóma dymma rodd, sem þeir tala ofaní „sig. Þessir eru nedst í dolunum, þar sem „loptid er af hita og vindleysu óhreinast, en „eptir því, sem lengra og lengra kémur upp í „hlídirnar og hálendid, verdur loptid smám„saman svalara og hreinna, en manneskiurnar

„frid-

„frídari og skarpari. Orsokin er, ad í fialla-
„hlídum er loptid kaldara, léttara, og þar er
„stormasamt, en í diúpum dolum er það heitt,
„þétt, þúngt og dampafullt.“ Þegar eg nú
þannig tileinka kuldanum heilsusamlegar verk-
anir, þá bid eg þig svo ad skilia það, ad hann
kann ei einnsaman heldur ad vera þess orsok
enn hreint lopt, mátuleg vinna, og holl fæda
hvort fyrir sig einsomul eru það, því eckert af
þessu útaf fyrir sig gétur heilsunni vidhaldid, þó
það sé med odru samverkandi og gott. Líka
er í þessu, sem ollu odru, ad hvorki van né
of fær gott lof. Svo sem sífeldt blídvidri ed-
ur stillt lopt er skadlegt, svo ecki sidur sífeldur
hiti edur óaflátanlegur kuldi. Þetta, sem nú
hefi eg talad, er manneskiunni sialfri vidvikiandi,
en sama er á bladinu, þegar adrar sképnur
ega í hlut, ad þeim þénar ei heldur œvarandi
blídvidri. Dœmisagan er alkunnug um bónd-
ann, sem hiá Himna-gudinum Jupiter féck
ad ráda vedrinu á sinni landareign, en ad ári
lidnu hafdi miklu minna úr bítum borid enn
nágrannar hans, sem reynt hofdu súrt og sætt,
vetrar hardindi og annad, svo bóndinn vard
ad bidia Jupiter, ad taka aptur vid stiórn-
inni á vedurlaginu, ef bóndinn ætti ei aldeilis
ad flosna upp. Jordin þarf hvíldar vid, allt
eins og lifandi sképnurnar svefn. Í Valencia
á Spáni er ecki nafntogadur megn hiti, en
jafn-vidri er þar mikid og litid vetrar-ríki.
Þar má sumstadar slá hey áttasinnum á ári,

og

og optar, svo er þar fliót-sprottid, en aptur er allt kraptalítid, sem þar vex, hvar af komid hefir máltækid: „Í Valencia er kiotid „gras, og grasid vatn; karlmennirnir qvenn„fólk, en qvennfólkid eckert.“ (*) Og hvad þarf svo lángt ad fara? vid vitum sialfir, ad eptir frostleysu vetur, og þá sniór hefir skamma stund á jordu legid, vex nærsta sumar kiarnlítid gras, sem hvorki gefur mikinn kost edur sniór um sumarid, né kraptagott fódur um veturinn. Þar á mót eru opt vetrar-ríkis jardir, helst fialla-hlídir, sem vita til nordurs, bestu landskosta og sumar-hag-gaungu pláts. Fleira ad tala um nytsemi af kulda og stormum, verdur ad bída þángad til einhvorn-tíma seinna.

IV. Fyrri Gáturnar þýda:

1.) Gátu. 2.) Húfu. 3.) Egg.

Adrar Gátur.

4.) Vid erum dæmdir til ad standa dag og nótt til þénustu, en aldrei ad mega sitia eda leggiast fyrir, og ef vid egum ad fara úr

(*) Þetta hefir skáld eitt þanniq sett í hendingar:

Kiøt í Valentz greiniſt gras,
graſid líkt sem vatnid eitt;
karlar hafa konu fas,
qvennfólkid er ecki neitt.

úr stad, þá þarf tvo fætur, fyrir utan ockar fióra til þess vid gétum gengid.

5.) Vid systkinin erum mikid ólík, eg er biartleitur, en hún systir mín er dock á brún og brá. Hún er ætíd kaldari, en eg heitari. Hvort ockar flýr fyrir ödru, svo eg fylgi henni, en hún elltir mig, þess vegna erum vid aldrei bædi undir eins undir sama þaki.

6.) Jafnvel Kóngarnir liá mér sín eyru, en undarlegast er, ad enginn öfundar mig samt.

Sunnudaginn 26 Octobr.

V. En sem Jesus sá þeirra trú, &c.
Matth. 9, 2.

Þegar eg í qvöld kom inn í bad-stofuna, heyrdi eg ad Magnús minn og hann Sigurdur vóru mikid ad tala saman, sá eg líka ad hin börnin og fleira af fólkinu hlýddu á med athygli; eg gaf mig ei strax í liós, en eptir ad eg hafdi komist ad, hvort umtalsefnid var, og ad bádir töludu rádsettlega sínu máli, spurdi eg: hvad þeir nú væru ad semja med sér?

Sigurdur svaradi: Það er nú framkomid, Prestur minn gódur, sem fordum var haft í frétta-nafni: Mælt er ad, møgl sé

um Trúna; vid Magnús litli vórum hérna ad skoda í nýja Testamentinu ritníngar-greinina, sem þér komud med á stólnum í dag, og eg hefi lært sídruvísi. Ef eg man rétt, þá sogdud þér: „Allt hvad ecki frambémur af „því, ad madur eptir samvitsku sinni meinar „ad hann giori rétt, honum er þad synd."

Prestur. Rétt hefir þú eptir-tekid, en hvad var þá þad, sem þid Magnús vórud sinn á hvorri meiníngu um?

Sigurdur. Eg sagdi, ad Trúin væri ecki innifalin í því, ad giora eptir samvitsku sinni, og þess vegna mundud þér hafa litid til einhvorrar annarar ritníngar-greinar enn þeirrar, sem vid erum ad lesa hérna, Rom. 14, 23. Hvad ei er útaf trúnni, þad er synd. En hann segir, ad þar ed trúin sé daud án verkanna, þá hafid þér meint, ad sú sanna trú færi med sér, ad giora eptir samvitsku sinni, og þess vegna sleppt ordinu Trú út úr ritníngar-greininni, en alleina nefnt hennar kénnireikn; þad segist hann muna, ad þér hafid vísad inn í seinustu ord, Rom. 14, en eptir því tók eg ecki.

Prestur. Mér skilst þá, ad yckur farid hafi í þessari kapprædu, eins og optast er vant ad vera, ad bádir hafi haft nockud til síns máls, en hvorigur fullkomlega rétt ad mæla.

Sigurdur. Hefi eg þá ecki rétt í því, ad sitt er hvad, Trúin, og ad giora eptir sam-

samvitsku sinni, því það seinna getur hvorr heidingi giort?

Prestur. Satt er það. En ef eg ætti ad leggia þetta nidur fyrir yckur, þá bædi yrdi það oflángt, og líka of þúngskilid fyrir yckur, því ordid Trú, trúadur og þau, sem þeim eru samkynia, hafa svo margar merkingar í Ritníngunni, ad það er full von þó yckur og morgum odrum skiátli í þeim.

Sigurdur. Þér hafid svo opt sagt ockur nockud um þau ord, sem hafa margar en þó adskildar merkingar, sem kannské minna ridur á ad vita, enn hvornin ordid Trú tekst; en ef það tæki miog lángann tíma ad útleggia þetta ord, þá gætud þér giort svo vel, ad skipta því ydar tali til nockurra qvolda; því, ydur satt ad segia, eg hefi opt ecki vitad hvad meint hefir verid med tédu ordi, þar ed eg hefi jafnan hugsad til sáluhiálplegu trúarinnar, og þó stundum fundid, ad það sem eg hefi í það sinn heyrt eda lesid, hefir ecki gétad átt heima hiá henni; þess vegna bid eg ydur ad fræda mig á þessum ymislegu merkingum.

Prestur. Það er þá fyrst til ad ordid *Pistis*, sem í nyia Testamentinu svo opt brúkast og er útlagt Trú, má ecki skiliast eptir heidinna manna skrifum, heldur eptir því, sem Gydingar tóku ordid á Jesú Krists og hans Postula hérvistar-dogum; en Gydingar tóku þá merkingu, sem þeir brúkudu úr grísku

útleggingunni gamla Testamentisins. Þar er hid gríska *Pistis* tekid fyrir Hebreskra emeneth, hvort ord dregst af aman, sem þýdir: ad ala, giora stálpadann, styrkia, sanna, stadfesta; svo og ad vera trúr, stodugur, tryggur og dyggur; og líka svo ad trúa, treysta. Af þessu dregst þá fyrrsögd emeneth, (edur emunah, sem er sama) og þýdir þad ord: 1.) Stodugleika, Exod. 17, 12. 2.) Sannleika, sannsögli, Psalm. 119, 30. Prov. 12, 22. 3.) Trúfesti, Prov. 28, 20. Devt. 32, 4. 4.) Haldinyrdi, Jerem. 5, 2. 5.) Traust, allt hvad óhult er, Psalm. 37, 3. 78, 22. Esaj. 33, 6. 6.) Dánumensku, dygdasemi, Psalm. 119, 137. Dóm. b. 9, 16. 19. 7.) Dygd í þiónustu, 2. Kóng. b. 12, 15. Þegar vid nú tökum allt þetta saman í eitt, þá verdur sú eginlega merking ordsins: Stadfesti. En þar ed, eins og eg ádur sagdi, gríska ordid *Pistis* í Nýia Testamentinu er ad álíta svo sem útleggingu yfir Hebreskra emunah, og *Pistis* útlegst optast í ockar íslendska nýia Testamenti Trú, svo er grundvallar merking ordsins Trú, Stadfesti. Ad því leiti þá, sem stadfestin sýnir sig í ýmislegu, eptir því verda líka merkingar ordsins Trú adskiliulegar. Stadfestin sýnir sig nefnil: annadhvort *I.*) í því, sem menn vita, edur *II.*) giora. Hvort-tveggia þad útheimtist til *III.*) sáluhiálplegrar trúar.

I.) Sá

I. Sá, sem er stadfastur í því er hann veit, fær

A.) Annadhvort ad vita það af ödrum, og heldur það þess vegna fyrir satt, ellegar hann hefir komist ad því med reynslunni, edur med einhverium ödrum máta.

B.) Menn vita þetta annadhvort svo, ad þeir ad eins hafa eckert á móti því, og halda það sé satt, ellegar og þeir hafa mikla fullvissu um það. En þar ed trúarbrogdin eru þau, sem hvorr einn á ad vita og stöduglega halda fyrir sinn, svo

C.) Kallast þau líka, en einkum kristileg trúar-brogd, Trú.

A.) 1.) Ad halda eitthvad sé satt vegna þess einhvörr skilríkur madur hefir sagt það er almennasta merking ordsins ad trúa; því er líka tídt sagt: trúdú mér, eda, þú mátt trúa mér til þess, vidlíkt og Jesus sagdi vid samversku konuna, Joh. 4, 21. Aptur í sama kapítula v. 39. heitir það: „Margir „Samverskir trúdu á hann fyrir konunnar „ord, er svo vitnadi: hann sagdi mér allt „hvad eg hafdi giört." Læriseinarnir trúdu hvorki Maríu Magdalenu né þeim tveimur, sem fóru til Emaus, og sögdu ad Jesus væri uppristinn, Marc. 16, 11. 12. 14. „Ef „þér trýdud Mosi," segir Kristur, Joh. 5, 46. „þá trýdud þér mér, en ef þér trúid ei „því, sem hann hefir skrifad, hvernin er þá

„von til þér trúid mér?" Það sem finst, Post. G. b. 23, 21. trú þeim eigi, á að útleggiast: „Lát það ei eptir þeim," edur „láttú „ecki telia þig á það." Þetta sama ord, sem eg strax umgat, trúdú, finst líka Post. G. b. 17, 4. hvar það útlegst: þeir féllu til hans, en gæti hentugar heitid: létu sér segiast.

2.) Að halda fyrir satt vegna bevísínga edur af reynslunni. „Joh. 4, 41. miklu „fleiri trúdu vegna Jesú orda, og sögdu vid „konuna: ei trúum vér nú lengur vegna þinna „orda, þvíað vér siálfir heyrdum og vitum, „að þessi er sannarlega Kristur lausnari heimsins. Af því þú sást mig Thoma, trúdir þú," sagdi Jesus, Joh. 20, 29. „Þegar „þér sjáid ecki tákn og stórmerki, þá trúid „þér ecki" sagdi hann vid Konúngs-manninn Joh. 4, 48. samanborid vid Joh. 5, 36. 6, 30. 69, og vid Gydíngana sagdi hann Joh. 10, 38. „Fyrst eg gióri míns fodurs verk, „þá trúid þeim, þó þér vilied ei trúa mér." Og sídan kémur strax á eptir: „svo ad þér „þeckid og trúid."

3.) Skír og grundvøllud þecking á trúarbrøgdunum. 1 Joh. 5, 4 er verid ad tala um fals-kennendur, þess vegna verda ordin „vor trúa er yfirvinningin" ad skiliast fyrir: med þeirri grundvølludu þeckingu, sem vér hofum, gétum vér stadist móti þeim, sem fara med rángann lærdóm. 2 Cor. 8, 7. „En

„líka

„líka sem þér erud ríkir í ollum hlutum í „trúnni, í ordinu, í skilníginum" það er: en eins og þér hafid mikid til af allsslags, af þeckingu á trúarbrogdunum, af kénníngum, af greind. 2 Cor. 10, 15 „ydar trú vex í „ydur" það er: ydur fer fram í þeckingu trúarbragdanna. 1 Cor. 2, 5 „svo ad ydar „trú skyldi fast standa" (segir Postulinn Páll, það er ad skilia: svo ydar saunfæring um trúarbrogdin skyldi vera grundvollud) „ecki á mannlegri speki, heldur á Guds krapti." Til þessarar merkingar heimfæri eg Post. G. b. 17, 31. sem eptir ockar Bibliu útleggingu hljódar þannig: „Gud vill dæma alla jardar-kringl„una med réttvísi fyrir einn mann, fyrir hvorn „hann hefir það og ályktad trú ad veita oll„um, eptir ad hann uppvakti hann af dauda." Í þeim ordum þýdir talshátturinn, trú ad veita hiá morgum Grískum mælsku-monnum og hiá sialfum Gydingnum Josepho, sama og ad færa sønnur á, koma med bevísingar til, og þarfyrir meina eg sú ritníngargrein verdi þannig réttar útlogd: „Gud ætlar ad „láta þann mann dæma réttilega alla, sem á „jordunni ern, hvorn hann hefir þar til sett, „og þarmn (ad svo sé) saunfærir hann alla „med því, ad hann uppvakti þann sama af „dauda."

B.) Eptir því, sem þessi trú er sterk edur ecki, þá er hún:

1.) Ad eins svo, ad manneskian veit það, og hefir eckert móti því. Svo mun Judasar Ischarioth trú hafa verid Joh. 6, 64. og Agrippas Kóngs, vid hvorn Postulinn Páll sagdi: Post. G. b. 26, 27. „trúir „þú Agrippa Kóngur spámönnunum? eg veit „ad þú trúir þeim," og þar nálæg er optast hin dauda trú Jac. 2, 26. hvoria Jacob setur móti verkunum í sama kapitula 14 versi, það er: einber trúarbragdanna þecking, eins og allur sá kapituli og 1 Cor. 13, 13. shua. Sama ordsins þýding á ad nockru leiti heima Post. G. b. 2, 44 en einkum sonu bókar 8, 13. ad Simon Galdramadur trúdi, það er, tók kristni, en strax eptir v. 21 lét innra mann sinn í liósi. Þarfyrir kallast þvílik trú í Gudfrædis bókum útvortis trú, sú sama er Jesus lýsir Matth. 7, 21. Um líka merkingu ordsins trú, þó ei aldeilis somu, mun eg sídar tala I. C.

2) Med fullvissu um sannleika þess, sem trúad er; svo hofdu hinir Samverskú engann efa um ad Jesus væri Messias Joh. 4, 42. eins og eg strax umgat. Af slíkri fullvissu kalladi Thómas Postuli uppyfir sig Joh. 20, 28 „Drottinn minn og Gud minn; Eg „em þess fullvissuggur" segir Postulinn Páll, Rom. 8, 38. 39 „ad hvorki daudi né líf, „hvorki englar né hofdingiar né maktar-menn, „hvorki hid nálæga né hid ókomna, hvorki

„upp-

„upphefd né nidurlæging, eda nockurr annar „hlutur gétur skilid oss vid þá elsku, sem Gud „hefir til vor vegna Drottins vors Jesú „Krists" 1 Thess. 1, 5 segir hann: „vor „kénning var hiá ydur í mikilli fullvissu," og í sama bréfi 3, 6. 7. 10 og 5. 8 kallast grundvollud þecking á trúarbrogdunum trú. Opt finst þad, sameinad hvad med odru ad trúa og þeckia, og þýdir þá þad, sem vér almennilega kollum ad vita fyrir víst, Joh. 10, 25 26. 37. 38. Joh. 11, 26. 27. 42. Joh. 17 8. og allvída. Hér verd eg ad minnast ritníngar-greinarinnar 2 Tim. 3, 14. „vertú „stadfastur í því, sem þú hefir lært og þér er „tiltrúad," sem útleggiast á: vertú stadfastur í því, sem þú hefir lært, og þú ert kominn ad fullri vissu um. Hingad heimfæri eg þá merkíngu ordsins trú, sem fyrirkémur Rom. 14, og þýdir þar þá meiníngu edur fullvissu, sem einhvorr hefir eda heldur réttast vera um eina edur adra grein lærdómsins. Í þeim stad er umtals efnid hvort rétt sé, ad éta kiot edur ecki. Slíka meiníngu kollum vér almennilega, ad gióra sér ecki samvirsku af hlutnum, svo þegar þid, piltar mínir! hugfestid yckur þessa merkíngu ordsins, og lesid kapítulann, þá bædi mun yckur verda lióst, ad þar er ecki talad um trúna á Jesú Krist, og líka, ad mín útlegging yfir seinustu ord kapitulans, sem eg kom med í prédikuninni í dag, mun ei vera fiærri sonnu; berid þid saman vid hana 2 og 5 versin í sama kap.

C.) Kristileg trúar-brøgd kallast opt-sinnis í Nya Testamentinu Trú, og þaraf segium vér trúar-greinirnar, trúar-níðingur, ad gánga af trúnni, og fl. Í Júdas Sendi-bréfs v. 3 segir bréfskrifarinn sér hafi virdst naudsynlegt, ad áminna þá, sem bréfid er tilskrifad, „það þér yfir þeirri trú stríðid, sem „hinum heilogu er eitt sinn géfin," það er: „ad þér haldid fast, þeim trúarbrogdum, sem „í fyrstu vóru kristnum monnum kénnd." Somu trúarbrøgd kallast seinna v. 20 „sú all-„rahelgasta trú" Gal. 3, 23. og allvída í sama bréfi þýdir ordid trú ed sama. Eins Rom. 1, 5. 16. 26. Post. G. b. 6, 7. 14, 22 „Gud hreinsadi Heidíngianna hiortu fyrir „trúna" sagdi Postulinn Pétur í somu bók-ar 15, 9. það er: „Gud hreinsadi þá med „Kristindómsins lærdómi," svo þeir eptir það ei vóru vanhellagir (*Koinoi*) eins og Gyðíng-ar kölludu alla heidna menn (Post. G. b. 10, 15. 28.) Hér má líka skiliast, ad Gud hafi hreinsad Heidíngianna hiortu edur hugarfar frá villu, vantrú og hiátrú, med kristnum trúar-brøgdum Post. G. b. 15, 8. En ad þar sé meintur Kristindómsins lærdómur, er auð-séd af v. 7, hvar það sama kallast Gudspialls-Ord, sem v. 9 heitir trú. Þaraf kémur líka ad ordid ad trúa stundum þýdir sama og verda Kristinn, t. d. Marc. 16, 17. Joh. 7, 31. 48. 69. Post. G. b. 9, 42. 19, 2. 4, 32., 1 Cor. 15, 2. þar á skyldt vid það, sem eg

ádur

ádur I *B* 1. drap á um útvortis trúna, eptir hvorri meiníngu lagfæra má útleggínguna Rom. 13, 11 „þá vér trúdum," það er: „þegar „vér fyrst urdum Kristnir" Epheſ. 1, 13. 1 Cor. 3, 5 „fyrir hvoria, þér eruð trúadir ordn„ir, réttara: þeir, sem ydur hafa kennt kristi„leg trúarbrogd," ellegar: af hvorra tilverknadi þér eruð ordnir Kristnir, 14, 22. 15, 2. Ad vera í trúnni merkir líka sama og vera Kristinn 2 Cor. 13, 5. 3 Joh. 5. „þú gior„ir trúlega" það er: þú breytir í því eins og kristnum manni vel sómir. Hér verd eg ad minnast á tvær sérlegar merkíngar ordsins trú, sú fyrri er, þeir, sem hafa kristileg trúarbrogd Rom. 1, 17 „það réttlæti, sem kem„ur af trúnni til trúarinnar," það er: „sem „kristnir menn fá af trúnni." Hin sídari merkíngin er Rom. 12, 3. 6. hvar ordid trú þýdir þær gáfur, sem hvorr einn fékk meiri eda minni med Kristindóminum, samanborid vid Marc. 16, 17. 1 Cor. 12, 4-11. 31. 14, 1. Eph. 4, 16. Strapnefut ord trú gæti líka, Rom. 12, 3. 6. átt skyldt vid það, sem einhverium er til-trúad, (sjá *II. B.* c.) meiníngin verdur allt fyrir það óspillt. Af þessu sjest einnig, hverier þeir séu, sem Postulinn Páll kallar vantrúada, 2 Cor. 4, 4. og líka hvernin skilianleg meiníng fæst úr því, þar eptirfylgiandi merkilega óliósa 6. v. „Sá „Gud, sem liósinu baud úr myrkrinu ad skína, „hann gaf oss eitt klárt skin, í vor hiortu,

„svo

„svo ad fyrir oss framkæmi upplýsingin út af „þeckingu Guds biartleika í andliti Jesú Kri„sti.“ Skilianlegra yrdi þetta, ef þad væri svo útlagt: „Sá Gud, sem í ondverpu skip„adi ad liós skyldi skína eptir ad myrkur hafdi „verid, hefir (eins) qveikt upp liós í voru „hugskoti, svo vér gætum uppfrædt adra til „þess þeir þecki þá Guds dýrd, sem siest á „Jesú Kristi.“ Sama er líka merking ordsins, þegar sami Postuli skrifar: Rom. 3, 31. „Giorum vér þá Logmálid ad engu fyrir „trúna?“ Þad er: „Giorum vér þá gamla „Testamentisins lærdóm ónýtann med Jesú „Krists trúar-brogdum?“ Adur enn eg skilst vid þessa ordsins þýdingu, vil eg því vidbæta hvor meining eg hygg sé í sama Postula ordum, Phil. 3, 9. því þau géta lagst út uppá adskilianlegann máta. „Þad eg hefi, ecki mitt „réttlæti, sem kémur af Logmálinu, heldur „þad, sem fyrir trúna á Kristum kémur, „sem er þad réttlæti, er af Gudi trúnni til„reiknad verdur.“ Þad er: „Því ad eg hirdi „ecki um þad réttlæti, sem er einasta eptir „Mosis Logmáli, heldur hitt, sem er eptir „Krists trúar-brogdum, hvort ed er þad rétt„læti, sem Gud (álítur gott ad vera) med því „móti, ad manneskian hafi trúna.“

Þetta var einasta um trúna, þegar ordid tekst fyrir ad vita og samsinna, eg lofadi í dag í prédikuninni ad tala meira fyrir sofnud-

inum

inum um trúna ad viku-fresti, vid skulum líka þá á voskunni, ef Gud lofar, tala um fleiri merkingar þessa ords. Látum oss nú ad endingu oll sameginlega syngia: (seinasta versid af Psálminum, Upp upp mín sál, er þér nú ꝛc.) O! minn Jesú! mér inngef þú, o. s. fr.

Mánudaginn 27 Octobr.

VI. Allt verdur þeim til góda, sem Gud elska.

Fordum var kona nockur, sem átti 2 dætur, hét sú eldri Rósa, dáfríd og sæmilega lundernis gód, en hin yngri Astridur, sem var allteins frid og systir hennar, en illskufull, svo hún brúkadi skarpleikann til einkis annars, enn ad koma fram vondsku sinni. Módirin hafdi verid fridleiks qvennmadur, en þá var hún farin nockud ad eldast, þegar hér var komid sogunni, hvad henni fell mikid illa. Rósa var þá 16 vetra en Astridur 12 ára gomul, hvors vegna módirin var hrædd um, ad hún sialf mundi verda haldin gomul, fór þessvegna burt úr því landi, hvar hún vissi ad hvort mannsbarnid þeckti sig, en sendi eldri dóttur sína sí fiarska frá sér, svo ad enginn skyldi vita, ad hún ætti svo gamla dóttur. Ynari dóttur sinni hélt hún ad sonnu hiá sér, en sagdi hún væri ei eldri enn 10 vetra, og sagdist hafa átt hana

ádur

ádur hún hefdi verid fullra 15 ára. Svo ad þessi ósannindi aldrei skyldu uppkomast, hafdi hún eins og fyrr var gétid sendt hana Rósu í fiarlægt land, og lagt svo undir vid Fylgdar-mann hennar, ad hann skyldi skilia hana eptir í miog stórum skógi, medan hún svæfi, og væri þar ad hvíla sig. Þegar Rósa vaknadi, og vard vör vid, ad hún var alein í skóginum, fór hún ad gráta, var þá miog lidid af degi, hún fór samt af stad, og ætladi ad bera sig ad komast útúr skóginum, en þad var henni ei til annars, enn ad hún viltist því lengra inní hann. Seinast sá hún lios, og géck eptir því, þar til fyrir henni vard lítid húskorn; Rósa bardi ad dyrum, kom þar út bónda-kona nockur, sem spurdi hana, hvada erenda hún færi. Heillin mín gód! svaradi Rósa henni, eg bid ydur í Guds nafni, ad lofa mér ad vera hér í nótt, því ef eg ætti ad vera úti í skóginum, þá eta villudýrin mig upp. Þér er velkomid ad vera dóttir sæl, svaradi bónda-konan, en segdú mér hvernin þú ert svo seint á ferd í þessum skógi. Rósa sagdi henni þá alla soguna svo sem hún var, og sagdi: er eg ecki illa farin, sem á svo hard-hiartada módur? og væri ei betra eg hefdi dáid strax og eg kom í heiminn, heldur enn ad lifa til þess, ad láta fara svo illa med mig? hvad hefi eg barnúnginn minn, til þess unnid af gódum Gudi, ad hann lætur mig rata í svo stóra ólucku? mitt elskubarn! svaradi

adi bónda-konan: aldrei má mögla móti Gudi, hann er almáttugur, hann er alvís, hann elskar þig, og þú átt ad fulltreysta því, ad hann því ad eins hefir leyft, ad þú skyldir verda fyrir þessu óláni, ad hann veit ad þér er það fyrir bestu; treystú honum og haf það sífeldlega þér í þánka, ad Gud verndar þá ena gódu, svo hvad helst mótdrægt, sem þeim tilfellur, er engin ólucka; vertú hérna hiá mér; eg skal vera þér í módurstad, og elska þig eins og þú værir dóttir mín. Rósa tók þessu med þockum, og daginn eptir sagdi bónda-konan vid hana: eg er hrædd um þér muni leidast dóttir gód! taktú snældu og fardú ad spinna, til ad hafa af fyrir þér. Módir mín! svaradi Rósa, eg er ríkra manna og af háum ættum, þessvegna kann eg ecki ad vinna. Taktú þá bók elskan mín, svaradi bónda-konan, eg er ecki mikid fyrir ad lesa svaradi Rósa, og rodnadi vid, en það kom af því, ad hún skammadist sín ad játa, ad hún var ecki vel læs. Samt vard hún ad gánga til sannleikans vidurkénningar, og sagdi bónda-konunni, ad hún aldrei hefdi viliad læra neitt gott, medan hún var úng, en hefdi aldrei haft tíma til þess eptir það hún eldtist. Þú hefir þá haft mikid ad gjora? sagdi bónda-konan. Ójá! módir mín, svaradi Rósa. Framan af deginum fór eg ad finna vinur mínar, eptir máltíd var eg ad búa mig, en á qvoldin og næturnar var eg hiá gledi-leikum, hliódfæra-slætti eda

var

var í dansi. Nú, satt er það, svaradi bónda-konan, mikið hefir þú haft að gjora og það er eg viss um, að ecki hefir þér leidst. Þar verð eg að segja nei til, módir mín gód! svaradi Rósa, því ef eg var einsomul svo lengi, sem hálfann matmáls-tíma, sem endur og sinnum kunni til bera, svo vissi eg ei hvað eg átti af mér að gjora af leidindum, en þá eg var úti á lands-bygdinni, var samt enn verra, eg gat þá ei verið annað að gjora enn búa mig, og taka af mér aptur, til að hafa af fyrir mér. Mér skilst þá þú hafir ecki verið luckuleg eda ánægd á lands-bygdinni? svaradi bónda-konan; eg var ei betur farin í kaupstadnum, svaradi Rósa; þegar eg spiladi, þá tapadi eg peningum mínum; þegar eg var í samqvæmum, þá var ein eður önnur af stall-systrum mínum betur búin enn eg, og það sveid mér sárra enn frá megi segja; þegar eg fór til dans-leika, var eg að bera mig að finna að einhverju á þeim, sem dansudu betur enn eg; í einu ordi: sá dagur kom aldrei yfir mig, að eitthvað væri mér ecki mótfallid. Mögl-adú þá ecki, sagdi bónda-konan, yfir Guds forsión, sem hefir leidt þig í þetta einslega pláts. Hún hefir ei þar med gjört annað enn leyst þig frá mædu, og gefid þér aptur ánægiu. Þó er ei þar med búid: þegar stundir hefdu lidid fram, hefdir þú ordid enn vesælli, því æskan tekur líka einhvern tíma enda. Þeir, sem eldast, en vilia þó sífeldlega vera í sam-

samqvæmum og trana sér fram, verda ad spotti hiá enum úngu, géta þá ei lengur dansad, þora ecki ad halda sér til í státsi, géta þess vegna ei á sér tekid fyrir leidindum, eira engu og eru miog vesælir. En, mín góda módir! svaradi Rósa: enginn gétur þó verid al-einn; manni mætti sýnast hvorr dagur eins og heilt ár, þegar hann hefdi engann hiá sér. Ecki er því svo varid, elskan mín! svaradi bónda-konan. Eg er hér al-ein, og mér sýnist hvort ár eins stutt, eins og þad væri einn dagur. Ef þú vilt, þá skal eg kénna þér þá 'ment, ad þér aldrei leidist. Þad vil eg fegin, sagdi Rósa, þér megid stiórna mér, sem þér vilied, eg skal hlýda ydur. Bónda-konan nýtti sér þessa viljasemi Rósu, og skrifadi upp á blad allt þad, sem hún átti ad gióra. Öllum deginum var skipt í vissa parta, til bæna, lesturs, vinnu og hvíldar. Þar var eckert figur-verk í kotinu, svo Rósa vissi ei hvad tímanum leid, en bóndakonan vissi af sólunni hvad framordid var. Hún kalladi á Rósu ad fara ad borda. Þér bordid snemma, módir mín! svaradi hún. Þad er þó gód stund af mid-munda, sagdi bóndakonan, og brosti vid, og vid fórum á fætur fyrir midiann-morgun; en, dóttir mín gód! tíminn lídur fliótt þegar eitthvad er verid þarft ad vinna, og þá leidist manni aldrei. Rósu þókti nú vænt um, ad hún fann eckert til leidindanna, og lagdi sig alla eptir ad lesa og vinna, hvar af hún vard þúsundfinnum luckulegri,

legri, enn hún hafdi verid í kaupstadnum. Nú sie eg, sagdi hún vid bónda-konuna, ad Gud giørir allt oss til besta. Hefdi hún módir mín ecki verid hord og vond vid mig, þá hefdi eg alid allann minn aldur í kunnáttuleysi; stollt, ydiuleysi og eptirsókn ad sýnast gód, þó ecki væri eg þad, hefdu giort mig vonda, og steypt mér í ólucku. Rósa hafdi verid eitt ár hiá bónda-konunni, þegar bródir Kóngsins í því landi var ad dýra-veidum nálægt kotinu, sem hún var í; hann hét Asmundur, og var einn hinn besti Kóngsson, sem verda kunni, en Kóngurinn bródir hans, sem hét Rádúlfur, var honum nærsta ólíkur, því hann giordi sér ad skémtan ad svíkia nágrannana en kúga þegna sína. Asmundur kom þar ad, sem Rósa var, sá ad hún var hin frídasta sýnum, og hóf bónord sitt til hennar. Rósu fél hann vel í géd, en hún vissi ad hvor ein skynsom og sidug stúlka á ecki ad géfa gaum ad þeim karlmonnum, sem byria svoddan tal. Minn Herra! sagdi hún til Asmundar: ef þad er alhuga-mál ydar, sem þér talid, þá farid til hennar módur minnar, sem á heima þarna í kotinu; ef hún vill ad þér verdid madurinn minn, þá skal þad ecki vera mér á móti, hún er svo skynsom og greind, ad eg ætíd skal hlýda henni. Mín fallega stúlka! svaradi Asmundur, eg skal feginn fara til hennar, og bidia hana ad gifta ydur mér, en eg vil ecki ega ydur móti ydar vilia. Ef hún samþyckir,

ad

ad þér verdid konan mín, þá kannské ad ydur þækti þad illa fara, en eg vil heldur deyia enn giøra ydur mædu. Sá karlmadur, sem þenkir svo, sagdi Rósa, er dygdugur, en engin stúlka er óluckuleg med dygdugum ektamanni. Asmundur skildi þá vid hana og fór til bónda-konunnar, sem þeckti hans dygdagéd, gaf því gladlega sitt samþycki til hióna-bandsins. Hann lofadi ad koma aptur ad þriggia daga fresti, og finna þær bádar, fór svo burt vel ánægdur, eptir ad hann hafdi géfid Rósu sinni fingur-gull til trygda-pants. Medan á þessu stód, lángadi Rósu til ad komast sem fyrst heim aptur til kotsins; henni hafdi sýnst Asmundur elskuverdugur, og var hrædd um ad sú, sem hún nú kalladi módur sína, mundi kannské hafa vikid honum á bug. En bónda-konan svaradi henni: Þad er ecki af því ad hann Asmundur er Kóngs son ad eg samþyckti hióna-band þitt med honum, heldur af því hann er í sialfum sér mesta gódmenni. Rósa beid med nockurskonar óþolinmædi eptir aptur-komu elskhuga sins Kóngssonarins; en daginn eptir, þá hún var skamt eitt frá kotinu á ferd heim, datt hún fram á þyrni-runna, svo ad allt andlit hennar krassadist í sundur; hún hlióp strax ad lækiar-polli, sem var þar nærri, og vard hrædd þá hún sá, ad blódid lagadi allstadar úr andlitinu. Er eg ecki óláns sképna, sagdi hún vid bónda-konuna, í því hún géck inní kotid? Hann Asmund-

mundur minn kémur hingad á morgun, og þá elskar hann mig ecki lengur, þegar hann sier hvad afskræmisleg eg er ordin. Bónda-konan brosti vid, og sagdi: þar ed gódur Gud hefir leyst, ad þú skyldir detta svo skadsamlega, þá hefir hann sied, ad þad mundi verda þér til besta, því þú veitst ad hann elskar þig, og hann veit betur enn þú hvad þér best hentar. Rósa þeckti þá sina á-virdingu ad mogla móti Guds forsión; og ef hann Asmundur minn vill ecki ega mig, sagdi hún, vegna þess eg er ordin ófridari enn eg var, þá er audsied ad eg ecki hefdi ordid luckuleg med honum. Bónda-konan þvodi upp andlit hennar, og dró út marga þyrni-brodda, sem hofdu stúngist inní þad. Morguninn eptir var Rósa hyllileg ordin áfyndar, því allt andlitid var stock-bólgid, svo ecki sást nema í augun.

Þridiudaginn 28 Octobr.

Jafn nærri bádum hádegi og dagmálum heyrdu menn ad ekid var vagni ad kot-dyrunum, en í stadin fyrir Asmund Kóngs son, sté úr vagninum sialfur Rádúlfur Kóngur. Einn af hirdmonnum hans, sem verid hafdi ad dýra-veidum med Kóngs-syninum hafdi sagt Kónginum frá ad bródir hans hefdi þar fundid þá dæilegustu stúlku, sem verda mætti, og ætladi ad ekta hana. Þú hefir verid furdu

diarfur

diarfur ad ætla þér ad giptast án míns leyfis, sagdi Ráðúlfur Kóngur vid bródur sinn, en þér til straffs vil eg sjálfur ekta þessa stúlku, ef hún er eins fríd og af henni er sagt. Þegar Ráðúlfur Kóngur kom í kotid spurdi hann bónda-konuna hvar dóttir hennar væri? þarna er hún, sagdi bónda-konan, og bendti til hennar Rósu. Hvad? afskræmid þetta? svaradi Kóngurinn. Eda áttú ei adra dóttur, sem hann bródir minn gaf fingur-gullid? hérna er þad á fingri mínum svaradi Rósa. Þegar Kóngurinn heyrdi þad, skélldi hann uppyfir sig af hlátri, og sagdi: aldrei hugsadi eg, ad hann bródir minn mundi vera soddan hiáræna, en þad fer vel, ad eg nú gét straffad hann. Strax skipadi hann bónda-konunni, ad breida skýlu yfir andlit hennar Rósu, lét undir eins sækia Ásmund bródur sinn, og sagdi til hans: bródir minn! þared þú elskar þá dáfridu Rósu, svo er minn vilie, ad þú ektir hana strax uppá stundina. Eg vil engva manneskiu svíkia sagdi hún Rósa, og í því sama reif af sér skýluna. Skodadú andlitid á mér Ásmundur minn; eg er ordin afskræmisleg sídan í fyrradag, villtú enn nú ega mig? þú ert fyrir mínum augum enn þá elskuverdari enn nockurntíma ádur, svaradi Kóngs-sonurinn, því nú þeckti eg: ad þú ert miklu dygdaudugri enn eg gat eptirvænt, og í því sama rétti hann ad henni hendina, en Ráðúlfur Kóngur hló, sem mest hann gat ad þessu. Hann skipadi þá ad gefa

þau saman í hiónaband á sama augabragdi, þar eptir sagdi hann vid Asmund bródur sinn: vegna þess nær er ecki mikid um skrimsli, svo vertú hérna kyrr í kotinu hiá konu þinni, eg fyrirbýd þér, ad láta hana nockurntíma koma til hirdar minnar, og í því sama vetfángi stẽ hann í vagn sinn, en skildi Asmund eptir yfrid gladann yfir sínum kosti. Hana nú! sagdi bónda-konan vid hana Rósu: þykist þú nú ólucksuleg af því þú dattst? hefdi ecki þetta tilfelli skéd, þá hefdi Kóngurinn fengid elsku til þín, og ef þú hefdir ei viliad ekta hann, þá hefdi hann látid aflífa hann Asmund þinn. Þér hafid rétt í því, svaradi hún Rósa, en samt er eg nú ordin svo liót, ad ollum má ofbióda ad horfa á mig, og eg er hrædd um ad madurinn minn muni ydrast eptir ad hann átti mig. Nei þar er lángt frá, svaradi Asmundur henni, hægt er ad veniast til ad siá ófrída ásiónu, en aldrei gétur neirn vanid sig til, ad búa vid vondt lunderni. Mér þykir vænt um soddan ydar sinnislag, svaradi bónda-konan, en hún Rósa gétur fengid fridleikann sinn aptur, eg á þau smyrsli, sem ad fullu lækna andlit hennar, þad vard líka ord og ad sonnu, því innan þriggia daga vard andlit hennar eins og þad hafdi ádur verid. Eptir þetta beiddi Asmundur Kóngs son hana samt ad brúka skýluna, því hann var annars hræddur um, ad sinn vondskufulli bródir kynni ad nema hana burt, ef hann

hann sæi hana huldulausa. Á meðan þessu fór fram, sendi Ráðúlfur Kóngur í allar áttir, að leita upp handa sér einhverja ena fríðustu mey til konfángs, varð fyrir því Astríður systir hennar Rósu, svo hún varð Kóngsdrottníng. Rósa varð miog qvíðandi þá hún frétti það, því hún vissi hvað vond systir hennar var, og það að hún hataði sig af öllu hiarta. Að ári liðnu átti Rósa son, sem kallaður var Dagbiartur, hverium hún unni mikið. Strax og hann fékk málið, var hann skír og efnilegur, svo Foreldrar hans elskuðu hann umfram allt. Einusinni þá hann var með móður sinni úti hiá bæar-veggnum, sofnaði hún, en þegar hún vaknaði, fann hún hvergi son sinn. Hún hliódadi og fór um allann skóginn að leita að honum, en fann hann hvergi. Hvað sem bónda-konan sagði til, að minna hana á, að allt hvað skéður sé oss til besta, tiádi eckert, hún gat með engu móti huggað hana. En daginn eptir neyddist hún að vidurkénna að bónda-konan hefði sagt satt. Ráðúlfur Kóngur og kona hans þoldu ei við af illmennsku, að þeim sialfum varð ei barna audið, sendu því stridsmenn út að myrða þenna bródur son sinn, en þá þessir sáu að barnið fanst hvergi, tóku þeir Asmund, konu hans og bónda-konuna, létu þau öll úta áralausann bát, og hrundu honum sídan úta sió, svo að enginn skyldi nockurntíma fá að vita, hvað af þeim hefði orðið.

Í þetta sinn meinti Rósa, ad nú mætti hún óhikad kalla sig og álíta ad vera óluckulega, en bónda-konan var sifeldlega ad minna hana á, ad allt hvad Gud gjørir sé hid besta. Vegna þess ad þá innfellu góduidri, rak bátinn hægt og hægt í þriá daga, þar til hann bar ad borg, sem lá nálægt sió. Kóngurinn í því landi átti í miklu stridi vid útlendann her, sem umsat borgina. Asmundur var kappi hraustur, og bad Kóng fá sér lid í hendur; það séck hann, giordi med því margt áhlaup óvinunum, og gat loksins ad velli lagt Foringia þeirra. Þegar þessi her var ordinn forustulaus, flúdi hann, en Kóngur borgarinnar, sem var barnlaus, launadi Asmundi hans trúa þiónustu, med því ad taka hann sér í sonar stad. Fiórum árum þareptir frettist ad Rádúlfur var dáinn af hugar-ángri yfir því, ad hafa átt svo vonda konu, sem Astridur var, en lídurinn, sem hatadi hana vegna hennar illmennsku, rak hana med sínán úr landi, og giordi sendimenn á fund Asmundar til ad bióda honum ríkid. Hann sté á skip med konu sinni og bóndakonunni, en í stormi og óvedri hraktist skipid afvega, og braut í spón vid eydihólma nockurn. Rósa var nú ordin reynd og greind af ollu því, sem vid hana hafdi framkomid, henni mætti þá eckert mótlæti, sem á hana beit, því hugsadi hún: ad Gud mundi hafa leyst skipbrot þetta sér og manni sínum til besta. Þau settu upp háfa staung á

einn

einn hól, og þar uppá traf bónda-konunnar, til ad gefa þarmed vísbendingu þeim skipum, sem framhiá sigldu, ad koma þeim til hiálpar. Mót aptni kom til þeirra kona, sem bar barn, en strax sem Rósa sá þad, þeckti hún þar Dagbiart, son sinn. Hún spurdi konuna: hvernin hún hefdi komist ad þessu barni? hún svaradi, ad madur sinn hefdi verid hervíkingur, og fengid barnid ad herfángi, en nú hefdi hann nýlega drucknad af skipbroti hér vid eyuna, hvar enginn hefdi lífs af komist, nema hún og barn þetta, sem hún hefdi haft í fáuginu. Tveimur dögum seinna komu ad eyunni skip þau, sem send vóru ad leita eptir líkum þeirra Ásmundar og Rósu, því allir vissu víst, ad þau hefdu drucknad í storminum; þeir sáu staungina med hvítu lérepti á, logdu því til eyarinnar, ad vita hvorju þad gegndi, þar fundu þeir Kóng sinn med Drottníngu hans og Syni, og fluttu þau öll med mesta fagnadi heim í ríki þeirra. — Hvad sem Rósu sídan bar til handa mogladi hún aldrei, því hún vissi af reynslunni, ad þad, sem sýnist ad vera ólucka, er opt og tídum orsök til vorrar lucku. —

VII. Sundurlausir þánkar.

I.

Þeir gomlu, sem ætíd eru ad hrósa fyrri tímunum, bera sig ad sonnu, ad telia ockur

trú um, enginn hafi verid heimskur í þeirra tíd, en til allrar ógæfu, lifa þeir somu enn til ad sýna þad, sem er þvert á móti.

II.

Þeir ega síst skilid ad fá bón sína, sem bidia jarganlegast, og um mest.

III.

Skarpleiki er þad nafn, er margir brædur ega, hvorier þó ólíkir ern ad lunderni og háttalagi. Greindar-kraptur og hugarímindan giftust saman, og áttu fiolda barna, sem líktust ýmist meir fodur eda módur, og þó bádum nockud; þaraf urdu systkinin svo ólík sín á milli.

IV.

Heimskum verdur ad halda til góda, þó þeir tali nockra heimsku; því þad væri hardt, ad lofa þeim aldrei ad tala eitt ord.

V.

Þad er ætíd órádlegt, ad láta mikid yfir sér. Sá, sem er lítill á lopti, lifir rólega; en grobbarinn þar á mót verdur sífeldlega ad þvínga sig til ad sýnast ad vera odruvísi og annar, enn hann raunar er. Séum vér fródir, lærdir, ferdugir, þá siá adrir þad best, ef vér látum lítid yfir sjálfum oss; allteins dylst þad þannig best, ef vér hofum skort á skarpleika og lærdómi, því eins og blygdan gétur stundum komid því til leidar, ad hóra sé álit-

ill

in fyrir skírlifa stúlku, eins gétur lítilæti á stundum sett þann lit á tossa, eins og væri hann velgáfadur madur.

VI.

Steinar í vatnsföllum slétast og verda hnottóttir, eins verda menn vel-sidadir af umgengni vid adra.

VII.

Margir ega hægra med ad áfella vin, enn áfsaka óvin.

VIII.

Ecki tiáir ad spyria manneskiurnar hvad þær hugsi um sitt egid ástand, því vér þorum ei ad skoda vort egid hiarta; vér egum ei von á fallegri sión í því, og þar fyrir fordunst vér ad skoda þad. Alla eptirgrenslan brúkum vér til ad gæta ad annara högum, og finna þeirra bresti; þar fyrir er bak-mælgi og frétta-burdur svo algeng.

IX.

Göd bók og göd kona lagfæra margann brest; slæm bók og slæm kona skémma margt gott hiartalag. Margir gæta ecki ad odru á bádum þeim, enn hvornin þær eru utan. Fer þeim þá ad gvarta yfir hvornin hid innvortis seinna reynist?

Midvikudaginn 29 Octobr.

VIII. Dæmi-søgur.

1.) Farsælt er Frómlyndid.

Fátæklingur nockurr var ad fella tré í skógi á árbacka, þegar øxin hraut úr hendi honum af vanvara úti ána. Hann sá ad velferd sín var þar burtu, fór því sárlega ad gráta og vola. Mercurius, sem þar var staddur í sendiferdum Gudanna, heyrdi þetta, aumkadist yfir hann, tók upp úr ánni gull-øxi, og spurdi hvort hann ætti hana? madurinn svaradi frómlega, nei. Sídan tók Mercurius uppúr ánni silfur-øxi, og spurdi hvort þessi væri sú, sem hefdi dottid fyrir honum? hinn svaradi eins frómlega, ecki væri hún þad. Loksins kom Mercurius med tre-sképta járn-øxi, vid hvoria madurinn, sem var Timburmádur kannadist, ad hún væri sín. Mercurius lét hann nióta frómleikans, og gaf honum allar 3 øxirnar. Timburmadurinn sagdi lagsmonnum sínum frá, hvernin allt hefdi tilgengid, hugsadi einn þeirra sér þá ad reyna lucku sína uppá sama máta, fór því daginn eptir ad fella tré í sama stad, lét øxina med vilia detta í ána, grét sídan og æpti med há-hljódum. Mercurius kom, spurdi hvad ad honum gengi, og þá hann hafdi fengid svar,

kafadi

kafadi ofant ána, tók þar upp gull-öxi, og spurdi hvort þessi væri sú, sem dottid hefdi fyrir honum? hinn svaradi já! og vard mikid gladur. Af þessari hans óskammfeilni reiddist Mercurius, og sagdi, hann skyldi hvorki fá gull-öxina né hina, sem hann hefdi mist.—

2.) Svo eru Løg, sem hafa tog.

Hundurinn Strútur vildi fá nockud undir sig til ad liggia á, mætti saud, slóst strax uppá hann med illyrdum og sagdi: „eg á hiá þér „tvær merkur ullar, svikarinn þinn! gialdtú mér þær strax uppá tímann!" „minn vin!" svaradi saudurinn, „eg kannast eckert vid þá „skuld. Eg á hana hiá þér, þú skallt út med „hana!" sagdi hinn, og í því sama bar þar ad melracka, sem vanur er ad vilia koma sér inn hiá þeim megtugu, hefir ætíd beig af hundunum, og legst jafnan á þá, sem eru minni máttar. Hundurinn sagdi vid hann: „vid „hofum mál saman, saudurinn þarna og eg; „eg tek ecki til giordar annann enn þig, bródir „minn! dæmdú á milli ockar." Hvorr einn annar, heldur enn saudur, hefdi strax mótmælt þeim dómara, en hann var ecki logleysinn, og lét tóu dæma, vard þar ecki af stefnufresti, því saud-skepnan var ecki heyrd, en strax rúin. „Þér er synd ofmikil vorkunsemi, „brióturinn þinn," sagdi Tóa, „ad ecki eru „heimtadar af þér meir enn tvær merkur.

„Þér

„Þér munid kannske ecki núna til þess, Hra. „Strútur, en eg er vitni til, og var vid, „þegar kaup yckar giordust; þér egid hiá hon„um átta merkur. Eg dæmi, ad saudurinn „skuli láta þær strax til, og svara þeim upp „í topp."

3.) Svo eru hyggindi, sem í hag koma.

Ulfur og Tóa tóku sig einusinni saman, ad útvega sér brád, og lofudu hvort odru ádur trúrri fylgd, adstod og jafnadar-skiptum þegar til þess kiæmi. Fyrst hittu þau fallegann fola, sem var ad bíta í haganum. Þeim þókti vænt um svo gott bús-ílag, sem duga mundi í marga daga, en vóru þó hrædd um þau nædu egi hestinum, nema brogd væru vidhofd, fóru því ad leita lags. Tóa stód fyrir svorunum, heilsadi fola hæverslega, og fór ad hæla honum. „Hvad heitir þessi tíguglega „hetia," sagdi hún? „Þad er audsied, ad þér „erud stór-ættadur; svipurinn segir til þess og „útlitid, sem í allann máta er veglegt! hvorr„ar ættar erud þér?" Þegar hesturinn heyrdi þetta hól, fór hann ad vara sig, og svaradi: „Því er verr og midur, ad eg gét ecki frædt „þig á því. Eg var úngur þegar eg misti „hana módur mína, var ecki heldur kominn „til vits eda ára, þegar eg vard ad skilia vid „náúnga mína. En þó hefir mér verid sagt, „ad hann fadir minn heitinn hafi látid skrifa

„und-

„undir höfinn á hægra aptur-fætinum á mér „nafn mitt, og hvorier mínir foreldrar hafi „verid, svo ef þér er umhugad ad vita þad, „þá þarftu ecki annad enn lesa þad þar" „Eg er aldeilis ólæs," sagdi tóa. En úlfurinn, sem hugsadi ad þar med fengi hann gott tækifæri til ad komast ad hestinum þar, sem hann sæi minst til sín, gall strax vid og sagdist géta lesid þad, med hvada letri, sem þad væri. En í því hesturinn tók upp fótinn til ad sýna honum letrid, sló hann hann svo hardt, ad úlfurinn lá lángann tíma í roti, en folinn tók undir sig stock og hlióp burtu. Tóa stumradi yfir lagsmanni sínum, og spottadi hann, hvorsu vel lærdómurinn kiæmi honum ad gagni, en úlfurinn gat med naumheitum, vegna eymsla dregid sig til baka í skóginn, og lofadi, ad hann aldrei optar skyldi þykiast kunna þad, sem hann skildi eckert í.

4.) Fár veit hvoriu fagna skal.

Þegar Himnagudinn Júpiter skapadi dýr og manneskiur á jordunni, sem skyldu á henni lifa, tilsetti hann handa hvoriu þeirra stand, lífsmáta, tíd, kior, vinnu og mædu.

Vid Asnann sagdi hann: „eg legg þér „uppá byrdi og hardann þrældóm, þistla „skaltú hafa til fædis, þú skalt þrælka og „lifa eins morg ár og dagar eru í mánudin„um; þad er þitt hlutskipti." Asninn hrein og skrækti

skrækti uppyfir sig: „Þú leggur of mikid á mig! „hvad? þriátigi ár! æ! Júpiter! taktú tutt„ugu ár burt af þeim, annars qvelst eg of„lengi; eg er nú þegar ordinn grár af hær„um. (*)" Sá stóri Júpiter bœnheyrdi hans hrinandi óst.

Vid Hundinn sagdi hann: „vak þú trú„lega, og passadú vel uppá hús og tún! þú „fœrd af mér dirsku, trygd, ferdugleika, og „þar med tíd til ad lifa í þriátýgi og fimm „ár." Hundurinn taladi framm: æ! vaktara „embættid er þúngt! eg bid þig, Herra! ad „hafa medaumkan med mér, og látá þessa „mœdu ecki vara svo lengi, en gefa mér upp „tuttugu og fimm ár." Júpiter veitti honum þá bœn.

Sídan saadi hann vid Apann: „þú hálf„manneskia! (**) svipurinn þinn og allt útlit „gétur ecki þénad til annars enn gamans. „Vertú nakinn, bundinn, fátœkur, bornun„um ad spé, og hiúnum ad spotti, í þriátýgi „ár." „Þriátýgi!" sagdi apinn. „Æ! af „nád þinni, láttú þad ecki vera meir enn tutt„ugu!

(*) Asninn er alltíd grár á lit.

(**) Apinn, edur, sem hann stundum kallast, Apaköttur, er þad dýr, sem manneskiunni er líkast ad öllum skapnadi, almennilega sestur vid band, og þar hann hermir allt eptir, er hann hafdur ad athlátri.

„ugu! þau eru nóg, því ecki þarf lángann „tíma til ad vera ad athlátri.“ Júpíter lét honum eptir þá tíd.

Manneskian kom nær. Júpíter sagdi: „Þú mín gledi! þú ert mesta prídin í minni „nýju veraldar byggingu, þú ert mitt meist„ara-stycki! jordin skal vera þín! þér til góda „skal hún vera falleg, ávaxtarsom og rík af „fiársiódum, forsómadú ecki ad nýta þér þetta, „og gledia þig, því þitt líf skal ecki vara lengur „enn þriátýgi ár.“ Manneskiunni vard svo illt vid, eins og þegar hún fyrst sá eldingu, en heyrdi þá fyrstu reidar-þrumu, og sagdi: „Æ Júpíter! á þessum mínum skopunar-degi „hefir þú gefid mér þær bestu gáfur, sem til „eru; en — á eg ad nióta þeirra svo stutt„ann tíma? það er qvøl til þess ad hugsa! „megi eg óska mér nockurs, svo bid eg í vid„bót vid líf mitt um allann þann tíma, sem „Asninn, Hundurinn og Apinn fengu upp á gefinn „af þeirra lífs-tíd.“ „Hana! sé svo!“ sagdi Júpíter, „en það skal fylgja því, ad sá ald„ur, sem þú fær fram yfir þriátýgi ár, skal „hafa þess dýrs kiør, sem eg gaf tídina upp, „og hvoria þú nú fær í vidbót.“

Þetta hefir sídan rætst; alleina vort úng-dæmi er gledi-aldur. Í þriátýgi ár hefum vér gaman og yndi án sorgar edur leidinda, þeckium ecki hvad þúngt lífid verdur eptirleid„is, svo þá er sann-kallad ad vér niótum þess.

Júpiter vildi ecki gefa ockur hærri aldur. Æ! ad vér hefdum ecki fengid þá bæn, og manneskian hefdi ecki hugsad til lengra lífs! varla er manneskianna Vor, gaman-tídin, á enda, fyrr enn vér legjum á oss þúngar byrdir, svo sem húsbónda- og hiúskapar-stand, útréttingar, skyldu, embætti, þángad til dýranna Herra er ordinn líkur því lataста vinnu-dýri. Fimtugi madurinn er búinn ad eignast góts og audæfi, tímir ecki ad brúka þau, dregur af sjálfum sér, en hledur þeim upp, reiknar, telur, lokar nidur, er hræddur vid þiófnad og svik, er eins svefnlaus og vaktar eins vel og hundurinn. Bæklada, karlæga gamalmennid, sem ecki gétur lengur dregid sig á hækinnum, situr eins og hleckia-bundinn api, og væri luckulegur, ef hann hefdi ecki líka apans kiór, ad börn og hiú henda gaman ad honum.

IX. Gátur.

Þær fyrri rádast þannig: 4.) Stólar. 5.) Dagur og Nótt. 6.) Eyrna-skefill.

7.) Þú finnur mig nótt og dag á alfara-vegi; stundum er eg á undan þér, stundum á eptir, og vísa þér til vegar, samt fer eg aldrei heiman frá mér.

8.) Vid erum tuttugu alls, jafnaldra systur, vöxum eins og eik, en erum ecki jafnstórar. Þegar vid verdum lángar, erum vid kall-

kalladar liótar, og strax farid ad stytta ockur, en séum vid giordar ossturtar, þá svídur rótinni.

9.) Sífeldlega er eg stúnginn, því það á svo fyrir mér ad liggia, en til allrar minnar lucku eru sárin mér ecki hættuleg, hversu diúp, sem þau eru, og eckert er verdur eptir þau.

10.) Hann þeckir mig, og þeckir mig ecki, heldur mér ætíd fast, en nýtir mig ecki.

Fimtudaginn 30 Octobr.

X. Sá hefir nóg sér nægia lætur.

Skamt frá Túnsbergi í Noregi bió Einsetumadur nockurr Sigvardur ad nafni á fialli einu, hvadan sía mátti til borgarinnar. Einusinni á qvoldtíma sann hann skamt frá hreysi sínu mann aleinann er sat í diúpum þaunkum. Sigvardur gætti nágvæmlega ad honum, og sá ad augna tillit hans var hvikult, orvæntingar-fullt og rádleysislegt, en líkaminn magur af sorg og uppdrætti. Hann blindi líka á Einsetu-manninn, var þó svo órólegur í þaunkunum, ad hann tók eckert eptir því, sem fyrir augun bar, en strax sem hann sansadi sig, og sá Einsetu-manninn, stock hann upp, eins og hann vaknadi af draumi, velti

sér um á jordunni, og grúfdi nidur af blygdan. Seg mér hvorr þú ert, madur enn sorgbitni, sagdi Sigvardur, og hvad ad þér gengur? nafn mitt er Hákon, svaradi kompmadur, eg á heima og er borinn og barnfæddur hérna í borginni: eg er eymdum hladinn, og þó þú hafir medaumkan med mér, þá gétur þú samt ecki hiálpad mér. Pad er einkis annars ad hiálpa þér svaradi Sigvardur, enn þess, sem sendir blídt eda strídt, og af hvors gædsku vér med audmýkt egum ad taka því, sem hann lætur ad hondum berast; en láttú mig samt vita, hvornin ástatt er fyrir þér, því þó ei géti eg létt birdi þinni af þér, þá má samt vera eg géti kénnt þér ad bera hana. Hákon stardi nidur á jordina, stundi þúngann, og eptir ad hann hafdi þagad litla stund, leit hann uppá Einsetu-manninn, og tók svo til orda:

Pad eru nú sex ár sídan, ad Magnús Kóngur enn Gódi, var staddur hér í borginni. Hann hafdi í kufli sínum ytstum klæda hlýdt messu og bedist fyrir í kirkiunni, þá hann géck út þadan hét hann fyrir sér, ad þar hann nú hefdi bedid Gud um blessan siálfum sér til handa, og um marga og stóra velgiørninga, skyldi hann líka giøra aumum og ángrádum gott, en stirkia lítilmagnann til réttar síns; þad var líka satt ad segia, ad eckiurnar nutu hans verndar, en gámal-menni og fátæk

born

born orlætis hans.' Í þessum erindum var Magnús Kóngur eitt sinn á ferd í dular-klædum, þegar hann kom inn til mín í hús mitt, en eg var ad syngia vid vinnu mína, og hvorki qveid fyrir neinn, nema sóttum, né festi von mína á nockru odru happi, enn ad fá verk mitt borgad. Kóngurinn leit augum yfir allt sem inni var, og vard hér vid, því honum líkadi ad allt var innanstocks hiá mér hreint og þrifalegt, þó fátæklegt væri. Eg þeckti hann ei í kuflinum, en hugsadi þessi væri einhvorr Ferdamadur, og giordi honum greida eptir efnum mínum, kiæti mín óx líka, en minkadi ecki vid það, ad gestur var kominn í hús mitt. Eptir ad hann hafdi smackad lítid af öli, spurdi hann mig ad morgu, og þó eg í svörum mínum reyndi til ad slá uppá gaman, sá eg samt ad honum bió eitt hvad þyngra fyrir briósti, og hann horfdi alvarlega en undir eins blídlega á mig. Eg hugsadi, þaraf ad hann mundi þeckia eitthvad til mín, spurdi hann því ad heiti, og hvadan hann væri? Hákon sagdi hann, eg sie ad eg er búinn ad vekia upp forvitni þína, eg skal þá líka sedia hana; eg er Magnús Kóngur Olafsson. Mig rak í ramma stans, svo eg kom ecki einn ordi út, efadist þó ei um, ad það væri satt, sem hann sagdi, en Kóngurinn sló frá sér kuflinum, svo eg sá kirtil hans og kreyu og hann dró Kóngs fingur-gullid á hond sér. Eg stock upp til ad lúta honum,

en hann hindradi mig frá því og sagdi: láttu þetta vera! þú ert sælli enn eg em; því síðan eg kom hingad inn til þín hefi eg lært bædi audmiykt og sanna speki. Eg svaradi: spottid mig ecki Herra minn, ef ockur ætti saman ad jafna, þá er eg ei annad enn ormur og aumingi, þar sem þér erud tveggia þióda Kóngur, og alvaldur bædi Danmerkur og Noregs ríkia. Lucka og ólucka allra þegna ydar stendur í ydar valdi. Hákon! svaradi hann, eg ræd ei fyrir neins manns lucku, nema eg gét haldid mér frá, ad taka hana ecki burtu, þú ert í því standi, ad þú þarft ei minna gódgiorda vid, og ert svo luckulegur, ad eg hvorki gét sialfur ordid eins, né meddeilt ódrum ad vera þad. Það vald, sem eg hefi yfir ódrum, uppfyllir hiarta mitt med sífeldri áhyggiu og sorg, samt nær það ei lengra enn til lastanna og misgiörninga, því med oxi minni gét eg þvingad ofbeldi og pretti, líka gét eg med því ad géfa lendum monnum embætti, flutt stollt og ágirnd frá einum þeirra til annars. En yfir dygdinni hefi eg lítid vald, gæti eg launad hana, þá skyldi eg láta þig verda fyrir því. Þú ert ánægdur, og hefir þess vegna hvorki stollt né ágyrni. Ef eg setti þig hærra, þá væri þín líferuis einfeldni á enda, þín lucka minkud, en ad auka hana edur vidhalda henni, stendur ei í minu valdi. Sídan stód hann upp, bannadi mér ad segia frá fundi ockar eda samtali, og géck á burt. Eg var

eins

eins og domm og ringladur, medan Kóngurinn var ad tala vid mig, en strax eptirá fór eg ad ydrast þess, ad eg hefdi setid sialfum mér í liósi, ad hafa ecki haft nein not af hans nád og orlæti. Eg hugsadi ad kiæti mín hefdi verid flónsháttur, sem þó raunar kom af ydni minni og biarglegum efnum ad eins. Eg var nú ecki í hirri há, af því eg ecki væri ædra stands, né gæti hærra komist, þar eg hefdi verid svo dofinn, ad sleppa þessu góda tækifæri. Eg fór þá ad forsóma vinnu mína, því mér þókti eckert til þess koma, sem eg féck fyrir hana. Eg fór ad sitia mestann part af deginum ydiulaus, og var ad hugsa mig um, hvernin eg ætti ad ná þeirri lucku, er eg hafdi farid á mis, og í stadinn fyrir ad detta, eptir mátulega þreytu, í sætann endurnærandi svefn, af hvorium eg var vanur ad standa upp med nýrri heilbrygdi, gledi og kreptum, var mig ad dreyma á næturnar um borda-lagda klædnadi, stórar tialdadar hallir, sifeldar kræsingar, stór-dryckiur, skutul-sveina, sem mér þiónudu, og lendra manna dætur í fadmi mér; en eg vaknadi til ad vita, ad allt þetta var ei nema draumur. Af þessari sinnis óró-semi og ydiuleysi vard eg heilsulaus, og seldi allt, sem innan-stocks var mér til lífs-biargar, svo eg átti ecki feinast eptir nema eina dýnu, sem eg stundum lúrdi á morgum dægrunum saman. Ad ári lidnu kom Magnús Kóngur aptur til borgarinnar í dular-klædum, því hann

æiladi ad koma á óvart og vita hvad borgarlidurinn adhafdist; undir eins var honum forvitni á, ad siá þann mann ad nýiu, sem eptir Kóngsins þánka útvegadi sér lucku og ánægiu af sialfs sins dádum. En þá fann hann mig, ecki syngiandi vid vinnu mína, ecki bragdlegann af heilbrygdi, ecki hirann af ánægiu, heldur fölann og stúrinn, sitiandi á gólfinu réttum beinum, hángandi med hendur og hofud ofan milli kniánna, og hugsandi úti þá tign og sælu, sem eg óskadi mér ad fá, en ecki nádi. Þegar Kóngurinn kom inn, var audsied á andlits-fari hans, ad hann med gledi vænti sér ad finna ánægiu, en í því hann sá mig, umbreyttist sá svipur til forundrunar og medaumkunar. Eg hafdi opt óskad mér, ad géta enn einusinni fengid Kónginn í tal, en þegar eg rétt í einu sá hann hiá mér, kastadi eg mér fram fyrir fætur hans, lagdi hendina á munn mér, og gat engu ordi uppkomid. Hákon! sagdi hann, hvad gétur þú hafa mist, því vinna þín var þér nóg audlegd, og hvada sorg gétur þú hafa fengid, þared gledinnar uppspretta var í sialfs þíns briósti? hvad illt hefir hendt þig? seg fram! og géti eg hiálpad þér, þá skaltú verda luckulegur. Af þessu gladdist eg, leit upp og sagdi: fyrirgef þióni þínum, Herra! dirfskuna, en heldur skyldi eg setia lás fyrir munn minn enn tala ósannindi. Eg er ordinn óluckulegur af því eg misti þad, sem eg átta aldrei. Þér vokt-

voktud upp hiá mér eptirlaungun eptir því, sem eg aldrei var verdugur til ad fá af ydur. En það var samt náttúrlegt ad hugsa, sá mundi verda enn luckulegri í tign og audlegd, sem í lágu standi og fátækt var ádur farsæll. Eptir ad eg hafdi talad þetta, stód Magnús Kóngur litla stund í þaunkum, en svaradi síd-an: Hákon! eg sie, ecki med reidi, en samt fellur mér það illa, ad eg hefi ecki rétt þeckt þitt hugar-far. Nú sie eg, ad stollt og ágirnd búa í hiarta þínu, en þau láu ádur í dái, af því þeir hlutir, sem þú girntist, vóru þá of-fiærri, svo þeir gátu ei vakid þau upp. Eg má ei setia þig til valda, því eg vil ei láta undiroka þegna mína, og vil ei heldur neydast til ad straffa þig fyrir þær misgiordir, sem eg hefdi gefid þér magt til ad drýgia. En þareð eg hefi tekid frá þér það, sem eg gét ecki gef-id þér aptur, svo vil eg ad minsta kosti upp-fylla þá eptirlaungun, sem eg uppvakti hiá þér, svo þú gétir ei skuldad mig fyrir órétt-visi, og líka til þess ad þú gétir lært ad þeck-ia siálfann þig. Stattú þá upp, og fylgdú mér! Eg stock upp af gólfinu, eins og eg hefdi haft arnar-vængi, hneigdi mig af gledi og þacklæti ofan ad jordu, og þá eg geck út úr húsi mínu, hoppadi hiartad af feginsemd í mér, eins og eg hefdi sloppid út úr ljóns-bæli. Magnús Kóngur tók mig heim til sín, lét kértis-sveina sína þióna mér, sendi mér rétti og vín af sínum egin diski og bordi, en gaf

mér á hvorri viku meira skot-silfur enn eg kunni eptir ad vænta. Eg vard þá innan skamms þess áskynia, ad engir réttir edur dyrindis dryckir eru eins vel-smackandi og sú fæda, sem vinnan kryddar; enginn svefn svo sætur, sem sá, er þreytan kallar oss til; og enginn tími lídur burt med svoddan ánægiu, sem sá, á hvorium ydnin er ad vinna til kaups. Eg mundi til þeirra fyrri tímanna, þegar svo hafdi verid ástatt fyrir mér, og saknadi þeirra sárlega, en medan eg var ánægiulaus í alls nægtum, gat eg allt fyrir það ei skilid mig frá þeim, þó þær væru mér til leidinda; eg vard samt ad missa þær naudugur, þegar mig vardi sem minst.

Föstudaginn 31 Octobr.

Ad Magnúsi Kónai lidnum vard Haraldur hinn Hardrádi Kóngur yfir ollu Noregs ríki. Þeir sem bædi sáu ofsiónum yfir mér, og forsmádu mig, komu inn hatri hiá Kónginum til mín, svo hann bannadi Féhirdir sínum, ad láta mig fá nockra peninga þadan í frá, en lét reka mig strax frá hirdinni. Þeirri skipan hlýddu líka óvinir mínir dyggilega, svo eg ad tveimur dags eiktum lidnum átti eckert hæli, var villuráfandi, hiálpar- og vonar-laus, forsmádur, svángur, og þó ordinn vanur ad lifa í allslags sælgæti og virdingu.

ingu. Svo var eg þá, því miður! búinn að reyna hvað sárt er að missa það, sem í sjálfu sér er enginn lucka að ega. Eg hafði reynt medlæti og mótlæti, lifað í hinsu og misg ólíku standi, og nú gvelst eg af að hugsa til þess hvorutveggia, því eg er vonlaus um að géta nockurntíma fengið aptur það góða, sem var við bædi þau. Æ! mikið vildi eg, það hefði aldrei átt fyrir mér að liggia, að læra þetta af egin reynslu! Þá Hákon hafði þetta talað, fórnadi hann höndunum upp, leit til himins, og tára-flód rann nidur af kinnum hans.

Einsetu-madurinn beid á meðan þánkarnir vóru sem brádast að briótast um hiá honum Hákoni, en þegar þeir fóru að deyfast, tók hann í hönd honum og sagdi: enn þá stendur meira, sonur sæll! í þínu valdi, enn bædi Magnús Kóngur hinn Gódi gat gefið þér, eda Haraldur hinn Harðrádi tekið frá þér; Taktú eptir því, sem eg ætla að segia þér, kannské mér takist það, sem eg strax í fyrstu drap á, að eg géti sýnt þér hvörnin þú átt að bera mótlæti þitt, þó ecki géti eg hiálpad þér til, að létta því af þér. Sú var tídin fyrir þér, að þú varst ánægdur med vinnusemi, og að ega lítid, einasta af því þú varst vanur við það, og vegna þess þú þá varst lángt frá, að géta vænt þér að lifa í ydjuleysi og alls nægtum. Því þegar þú gatst farid að hafa von um þær, þá fórstú að hafa and-

andstygd á vinnu og fátækt; þú ödladist þá ecki það, sem þú fórst að festa von þína á, en það fellur öllum sárt, að fara þess á mis, sem þeir gjöra sér vissa von um. Hefdir þú fest von þína á því að vinna svo, og lifa í þessum heimi, að þú síðan ættir víst að komast í himnaríki, þá hefdir þú aldrei gétad vænt neins betra, og þér hefdi ecki þótt lítið tilkoma að öðlast það, því þá hefdir þú ecki gétad qvalið hugskot þitt med þeim þánka: „eg hugsadi þetta væri svo gott, en nú finn „eg að mér leidist það, því ecki er nærri svo „mikið í það varið, sem eg átti von á.“ Sú ánægia, sem þú við vinnu þína hafdir í fyrstu, var ei annad enn sálarinnar mók, og sú gledi, sem þú af sælgætisins nýa-brumi fékkst hiá Magnúsi Kóngi, var eins og áfengs-dryckiar rugl, hvorugt þetta gétur nú huggad þig í andstreymi þínu, heldur giorir þér það þúngbærra, og æsir upp sára tilfinníngu hiá þér. Mitt ráð er þess vegna þetta: elskadú Gud yfir alla hluti, og vonadú á hann! þackadú honum fyrir hvad, sem hann lætur fram við þig koma, og vendú þig til að vera ornugur í þeim þánka, að allt verdi þeim að góðu, sem Gud elska! treystú honum, að hann géti uppfyllt allar þínar óskir, sem skynsamlegar eru, og mettad sálu þína med sannarlegum gædum! stundadú hid allrabesta, og halltú stefnunni á það, sem er svo mikilsverdt að öll veroldin er ei meiri hiá því enn einu dropi í haf-

í hafinu, eda eitt duptkorn í metaskálinni. Fardú nú, sonur sæll! aptur til vinnu þinnar; þá mun. fæda þín smacka þér vel, og svefninn verda sætur; þá mun ánægia þín verda stodug, því hún er þá ecki undir því komin, sem þú átt á jordunni, heldur því, sem þú væntir þér ad fá á himnum!

Hákon hugfesti sér þessi heilrædi, þackadi Gudi fyrir þá huggun, sem hann hafdi sendt honum, vard rólegur í gédsmunalunum, snéri aptur til vinnu sinnar, og fann í henni sifelda ánægiu; gudhrædsla hans var alvarleg og stadfost, og hans efstu æfidagar urdu miklu sælli, enn hinir fyrstu. —

XI. Ol er innri madur.

Tyrkia-keisarinn, edur eins og þá var kallad Califen, Mahadi var einn af þeim stiórnendum, sem vóru sofandi á Kóngs-háfætinu, og fengu ágiornum Ráðherrum taumhaldid í hendur. Einusinni þá hann á dýraveiduni var ad elta stein-geit, viltist hann frá Fylgiurum sínum, og néttin yfirfell hann. Þegar hann var þreyttur ordinn, kom hann í ríódur, hvar hann sá tiald eitt, úr hvoriu Arabiskur madur kom út, og beiddi gést sinn ad vera velkominn. Califen lét ecki á bera, hvorr hann væri, annadhvort til þess ad siá seinna hvornin bónda yrdi vid, þegar hann fengi ad vita, hvorr kom-

kominn væri, ellegar og hann ætladi einusinni á lífstíd sinni móta þess yndis, ad umgángast vid safnúngia sinn. Medan þessi ærlegi madur giordi allt hvad hann gat til ad taka vel á móti komu-manni, spurdi Califen hann ad, hvar fyrir hann byggi í svoddan eydi-plátzi? Það, sem þér med svo miklum rétti kallid eydi-plats, svaradi hinn Arabiski, var fyrrum fiolbyggt af Arabiskum og Tyrkia-mönnum, sem hofdu nóg vidurværi af kaup-hondlun og akur-yrkiu, og med ánægiu guldu þolanlegann skatt Califanum Almansor. Sá gódi Herra lagdi alúd á ad stiórna sínum londum, og giora þegna sína luckusæla; en hans eptirkomara og núverandi stiórnara leti og hirduleysi hefir fengid hirdstiórunum í hendur þegna hans, svo ad vegna þeirra ágirni eru hinir tvístradir vída vegar, sem hér binggu ádur. Califen, sem nú í fyrsta sinni heyrdi sannleikann, firtist ecki af því, heldur ásetti sér ad verda ádgætnari í embættis-skyldu sinni framvegis, en lét ecki húsbóndann á sér merkia, med hvada þaunkum hans sinni var uppfyllt. Sá Arabiski vildi giora komu-manni til góda allt hvad hann gat, og þó undir eins var hræddur um, ad hann kynni hneixla hann, dró lengi timann, ádur enn hann taladi til þess, ad hann ætti eina vín-flosku, sem hann giarnan skyldi gefa honum ad drecka úr, ef gestur þyrdi ad taka það uppá sína samvitsku, því eptir Tyrkia-trú er ecki leyfilegt ad drecka vín, edur neitt,

neitt, sem áfengt er. Califen, sem var óvanur þessum dryck, vildi nýta sér tækifærid til ad njóta þeirrar ánægiu, sem honum var því yndislegri, af því hún var fyrirbodin, og hann vissi ad sitt misbrot mundi hér ei komast upp. Eptir ad hann var búinn ad drecka hid fyrsta staup, sagdi hann med hirn bragdi vid þann Arabiska: minn vin! eg er einn af hirdsveinum Califans, og þú skalt ei þursa ad ydrast eptir þann greida, sem þú hefir giort mér. Sá Arabiski lét aptur á móti í té gledi og þacklæti fyrir þessa alúd, og syndi konu-manni þess meiri virdingu. Þessi sem sagdist vera Califans embættismadur, tók fliótt til sloskunnar aptur, en vid hvort eitt staup óx hans ánægia og vidfeldni. Eg vil ecki leyna þig neinu, sagdi hann vid húsbóndann, eg er Califans einka vin, sem hann hefir mestar mætur á. Sá vinskapur, sem hann virdist ad hafa til mín skal innan skamms géfa mér tækifæri ad útvega þér velgiordir af hans hendi. Þegar enn Arabiski heyrdi þetta, þóktist hann ecki nógsamlega géta veitt gesti sínum lotníngu, en kysti hans klædafall, og beiddi hann fyrir alla muni ad spara ecki þetta vín, sem giordi hann svo lystugann. Mahadi kom sér betur og betur í giæti hiá vininum, svo hann þurfti ecki ad taka nærri sér ad drecka það fyrir húsbóndans bón. Eg sie sagdi hann, ad øl segir allann vilia. Eg er hvorki hirdmadur né einka vinur Califans, heldur er eg Califen

sen sjálfur, og nú stadfesti eg og ítreka allt það loforð, sem eg ádur hefi giort þér. Arabiski madurinn tók strax í kyrdum frá honum flöskuna, og ætladi ad bera hana burt. Hvad ertú ad giora? spurdi Califen, sem hugsadi ad sá Arabiski mundi nú sýna sér lángtum meiri lotningu enn ádur. Þér megid vera hvorr helst, sem þér vilied, svaradi húsbóndinn, þá læt eg ydur samt ecki drecka meir. Vid fyrsta staupid sogdust þér vera Stór-herra, og því gat eg vel trúad; vid það annad vórud þér ordinn mesta uppáhald Califans, og þá hafdi eg stóra virdingu fyrir ydur; vid hid þridia sogdust þér vera Califen sjálfur, og það gétur skéd, ad það sé satt; en hætt er vid, ad þér vid fiórda staupid segist vera ockar stóri spámadur Mahometh, og kannske vid fimta staupid almáttugur Gud; en því á eg bágt med ad trúa. Mahadi hló ad þessu einfaldlega, en þó ecki heimskulega svari; og þar vinid var farid ad stiga uppí hofudid, lagdi hann sig nidur á ábreiduna, sem húsbóndinn hafdi ætlad honum til sængur um nóttina. Daginn eptir reid hann af stad, tók med sér þann Arabiska, svo sem leidsogu-mann, og gaf honum stór-giafir, þegar þeir komu til Bagdad.

XII. Gátur.

7.) Varda. 8.) Nøglur. 9.) Prjóna-kodd. 10.) Peningar ens ágiarna.

11.) Tvis-

11.) Tvisvar 5 eru 10, og þá læt eg alla sjá. Tvisvar 5 eru 10, þar af læt eg sjá 2, en ecki 10.

12.) Fiórir Kóngar stiórna hér undir eins, og þá má nærri géta hvada órói sé í því ríki. Ad sönnu eru þeir latir, en í hvort sinn, sem þeir hræra sig, þá er það til ad heia bardaga.

13.) Eg er ecki utan dupt. Eitt lítid fliúgandi dýr giorir sér buxur og briósta-dúk úr mér, og það, sem meira er, hentugann bæ handa sér. En þá kémur manneskian, brýtst inn med járni og reyk, og þvíngar mig til ad lýsa sér.

Laugardaginn 1 Novembr.

XIII. Um Bí-flugur

Hunángs-flugur eru tvennslags, Uti-flugur og Heima-flugur. Uti-flugur hafa bú sitt ofan á edur í jordu, í vængium þeirra sýngur mikid, þá þær fliúga, og þær safna nockud svo litlu hunángi; þær finnast hér á Islandi. En Heima-flugur eru þær, sem almennilega og med réttu heita Hunángs-flugur eda Bí-flugur. Allt þángad til fyrir misg fáum árum hafa menn meint, ad þær væru þrennslags

slags, qvennkyns, karlkyns og hvorugs kyns. Í hverju hunángs-flugna-búi eður stock, er ei nema ein qvennkyns fluga, er kallast Drottníng, miklu lengri og gildari enn nockur hinna flugnanna, en hefir þó styttri vængi, brodd hefir hún eins og vinnu-flugur; friósemi hennar er svo stór, að þó hún frá sér stýi hópum tvisvar á sumri 12 eda 15000 í hverium, er samt stockurinn fullur að haust-nóttum. Hvatar eður karlkyns eru adrar flugur, sem eru lengri og stærri enn vinnu-flugur, dockari á lit, hafa engann brodd, hofud þeirra er hnöttóttara og hardara, og raninn styttri enn á vinnu-flugunum, eru sífeldlega heima og safna ecki hunángi. Í hverju búi eru 1 til 700 af slíkum, eptir sem búid er stórt til; þeir gióra eggiu friósömu med því ad stockva yfir þau hvítleitri glætu, eptir ad Drottníngin er búin ad verpa þeim í kamersin. Þeir fá gott viðurværi allt sumarid. En þegar hún er búin ad verpa eggium sínum, fer ad lída undir haustid, og flugurnar sía, ad ecki er nógur hiti til ad útklekia nýum úngum, þá eru hvötu flugurnar útreknar, og illa medhondladar, því þær eru þá ei álitnar ad vera annad enn ómagar og búinu til þyngsla, þar þær gióra ei annad enn eta. Vinnu-flugurnar vilia þá ei lída þær lengur í stocknum, nema fá-einar, sem eru settar á vetur til nærsta árs. Hvörnin sem hvötu flugurnar þá vilia þriótskast, og sitia kyrrar í þrái, þá hiálpar þad ei, hinar

setiast

setiast að þeim, taka í vængina á þeim, bóga og út-limi, hrekia þær burt eður stínga í hel, hrista og snara þeim burt úr stocknum án meðaumkunar, ráfa þær svo húfsnædislausar, viltar og hiálparlausar, þángað til regn eða fuglar eða húngur tekur af þeim lífið. Vinnu-flugurnar eru minstar, léttar á sér og fliót-ar. Munnur þeirra er konstuglega samsettur rani, láugur og hvass, miúkur og lidugur til allra snúninga, svo að flugan géti komið hon-um niður í botn á blómstrunum, hvernin sem blóð og blómstur-staungalar hindra það; en væri sá rani stífur, og stædi alltaf út, þá yrði hann óhentugur; hann er samsettur af tveimur þortum eins og siálfskeiðingur, svo flugunni er hægt að lengia hann og stytta, eins og á þarf að halda. Þar að auki er hann styrkt-ur með fiórum sterkum skél-skeiðum, af hver-ium tvær ern utan um siálfann ranann, en aðrar tvær víðari og hol-stærri ná utan yfir alltsaman. Með þessu verkfæri safnar ein hun-angs-fluga meiru hunángi á dag enn 100 Apothekarar géta giort í 100 ár. Þessu hun-angi safna þær í gagnsærann sarp, og bera það heim, hvar þær hella því út í hunángs-búrin. Á epturstu fótunum hafa þær nockra hvylft á hverium, sem eru eins og karfir; í þessar láta þær vaxið, sem þær safna, og sé það meira enn þar í liggur, líma þær það við mið-fæturnar og brióstið á sér, og flytia það þannig heim. Brodd hafa þær aptur úr

sér til ad veria sig med; hann er samsettur af þremur þortum, nefnilega, hulstri og tveimur spiótum. Hulstrid er hvasst í oddinn, med rifu skamt fyrir ofan hann, út um hvoria eitr-id gétur farid. Bædi spiótin fara út um adra rifu; þau eru tennt med smá-hokum eins og agnúar væru, er standa uppávid á spióta-egg-iunum, og giora stínginn sárari; hindra líka humángs-fluguna í ad draga aptur til sín spiót-in, sem hún á bágt med. Hún gétur aldrei losad sig aptur, þegar limurinn, sem stúnginn var er hristur, eda flugan hindrud í því, en hafi sá stúngni þolinmædi, og sé kirr, þá beygir hún sig til baka, legst á ská nidur á spiótin, svo agnúarnir leggiast nidur med egg-inni, og þannig gétur hún hæglega dregid þau inn aptur, stúngurium verdur þá ecki heldur svo sár. Hulstrid sialft er miog hvasst, og giorir fyrsta sárid, þar fylgia strax á eptir spióta-stíngirnir og rétt í sama úthellist eitrid í sárid. Þetta ollir bólgu, sem varir nockra daga, en hvoria minka má med ad draga broddinn strax úr sárinu og vidka þad, svo eitrid géti runnid út úr því; á sumrin hafa þær meira eitur enn á veturnar. Þessar vinnu-flugur eru láng-flestar, því þær eru stundum 40 til 50000 í einu búi. Þær vinna allt, sem giorast þarf. Þær hafa lengst af verid haldnar ad vera hvorugs kyns, en nú vita menn ad þær eru allar blaudar, og eng-inn munur þeirra er í fyrstu og Drottningar-

innar,

innar, nema einasta í uppeldinu, ad hún fær sérlegann rýmri bústad og betri næríngu, hvar af hún verdur friósfsom og miklu stærri.

Í hvorium einum bíflugna-stocki edur korfu eru þriár byggíngar hvor hiá annari, í einni þeirra er fioldi smá-kámersa, sem úngar bíflugur eru uppaldar í, í annari er geymt vax, þángad til á því þarf ad halda, en sú þridia er ætlud til ad geyma í hunáng; milli byggíngánna er ætíd svo mikid gángrúm, ad tvær bíflugur géta á vixl géngid þar um. Uppeldis kamersin eru þrennslags, þau smædstu handa vinnu-bíflugunum, þau stærri handa hvotu flugunum, og þad stædsta, sem er ad álíta eins og slot, handa Drottníngunni. Öll eru þau sexkontud, því þá regluleg bygging á ad gioraft, er best ad brúka þríkantad, eda ferkantad form, en þad sexkantada er þó hér hentaft. Því: 1.) þarf minst efni í þad; 2.) má byggia há og stór kamers í því formi; 3.) er þad hentugaft fyrir flugurnar ad skrida út og innum; 4.) tekur meira af hunángi enn hin formin; 5.) þarf eckert audt rúm ad vera neinstadar á milli; 6.) er sterkara; og lokfins 7.) er hvorr veggur ætíd undir tveimur kamersum, svo ad vid hvorr sex kamers sem bygd eru, mega reiknaft 10 fullbygd, hafa jafnvel þeir ferduguftu Mælifrædis-meistarar, ecki gétad upphugsad annad hentugra form, enn þetta er. Drottníngin gengur í kring, og skodar

oll þessi kamers. Hún finnur á sér hvada eggi hún verpa skuli í hvort þeirra, því aldrei verdur henni á, ad leggia hvatrar flugu egg í vinnu-flugu kamers, edur vinnu-flugu egg í stærri kamersin, med henni gánga 10 eda 12 hvatar flugur, sem eru til taks, ad giora eggin friófsom. Þegar Bí-flugurnar hafa nýsett bú, og ecki eru nóg kamers til, þá leggur hún tvo eda þriú egg í sama kamers. En þar slikt kamers yrdi ofþraungt handa tveimur eda þremur úngum, sem skridnir væru úr eggiunum, þá sækir hún aptur hin, sem ofmorg eru, strax sem kamersin, eru búin handa þeim, því hún þeckir fullvel þau, sem ofmorg egg eru í. Vinnu-flugurnar, sem strax búa til lok yfir kamersin, sem eggin eru í, láta alltíd med vilia þau vera opin, sem fleiri enn eitt er í. En í Drottníngar slotid er aldrei lagt nema eitt egg, sýnist þad ad vera þess vegna, ad ecki sé svo há-vigtugrar persónu líf sett í hættu med ad flytia eggid, sem hún á ad qvikna úr. Menn hafa sied, ad 5696 flugur bygdu 3392 kamers á sex dogum, og eitt nýbýli var frá Jardogum til Michaelismessu búid ad byggia 22574 kamers, líka ad í einu búi hafa bygd verid 4000 kamers á einum degi. Drottníngin er svo forsiál, ad hún leggur ei eggin á gólfid í kamersunum, vegna þess ad madkurinn, sem úr eggiunum kémur, ætti þá hægt med ad skrída uppúr, heldur límir hún eggid fast vid efri barminn,

klekst það síðan út innan tveggja eður þriggja daga, af þeim hita, sem svo morg þúsund innbyggiarar í stocknum af sér gefa. Vinnu-flugurnar vita strax af, nær madkurinn fer útúr egginu, gefa honum þá fyrst einslags smecklaust hlaup, og að nockra daga fresti þegar hann er ordinn eldri og stálpadri, eina annarslags fædu, sem er miog lík hunángi. Þegar þær svoleidis hafa náqvæmlega fódrad og uppápassad þessa madka í 10 eður 12 daga, og komid er undir að þeir verdi að púpum, fá þeir ecki lengur mat, en það shnist eins og þeir stirdni upp og detti í dauda-svefn. Þá loka vinnu-flugurnar kamersunum aptur med vaxi, og þegar púpurnar hafa þannig legid 15 daga í dái, briótast þær útúr púpu-hýdinu, og fliúga út, því þá eru þær ordnar full-komnar Bí-flugur. Verdi ofmargar úngar flugur í einu búi, sem skédur nálægt sumar sólstodum eda fyrr, svo skilur sig einn eda fleiri hópar frá þeim, leita sér upp annann bústad og fiolga þar afqvæmi sitt. Soddann nýbýlinga hópur heitir svermur, í honum eru nockur þúsund flugna, en flocks foríngi er alltíd ein Drottníng, sem er dóttir þeirrar gomlu, úr hvorrar búi svermurinn hefir farid. Þessi svérmur flýgur út med miklum ys og hvin, sem shnist að vera gledilæti, á hvorium egandinn tekur vel mark, til að láta þetta nýbýli ecki fara sér úr hendi. Þegar únga Drottníngin þreytist á þessu flugi, setur hún sig á

eik, stein, eda hvad sem fyrir verdur, en allur svermurinn stadnæmist þar, sem hún hefst fyrir, þángad kémur egaudinn, sem fyrst hann gétur, med korfu edur stock, og lætur sverminn þar í. Sídan þegar allar þessar flugur eru komnar til rólegheita, og Drottníngin í sæti sitt, fara allar strax ad vinna, og innan 4 eda 5 daga er hún búin, ad verpa nockrum þúsundum eggia. Hafi hunángs-flugurnar fengid góda korfu edur stock, sem þó kynni ad leka, edur súgur væri í gégnum, þá bera þær í rifuna límagtuga saft, og undir eins hindra þarmed illyrmi ad komast til sín og giora skada. Kynni svo til ad bera, ad adkomandi ormur eda fluga kiæmi inní stockinn, þá er allt á tiá og tundri. Soddan upphlaup vard einusinni þá snígill hafdi skridid inní Bí-flugna-stock, og flugurnar vissu ecki hvornin þær ættu ad koma honum út aptur; loksins komu þær sér saman um, ad steypa útanum hann þycku vaxi, svo enginn ólykt eda óholllusta skyldi af honum verda, og þad settu þær í verk án tafar.

Strax, sem nýbýli er biriad, skipta vinnu-flugurnar sér til vinnu í fióra hópa. Einn flýgur út til ad sækia efni í byggínguna, annar leggur grundvollinn, þridie setur byggíng-ar efnid saman eins og vera á, og fiórdi hóp-urinn safnar mat handa þeim, sem eru ad vinna heima; þó fá þær ei mat, sem leggia grund-vollinn, jafnvel þó þær standi í hardri vinnu,

þared

þaved þær þurfa ad hnoda, breida út, þrycka saman, og skéra í sundur vaxid med kiálkunum, þar á mót mega þær fara frá þeirra vinnu, þegar þær vilia, og fliúga sér til brádar, þá adrar eru settar í þeirra stad. Það er yndi ad sjá þessar smá-flugur ad vinnu þeirra, þegar sumar eru ad byggia kamers úr vaxi, adrar ad slétta og jafna allt á eptir, sumar ad smída kamers til ad geyma í hunángid, adrar ad gióra lok ofanyfir þau, sem ega ad geymast til vetrar-forda, en adrar ad géfa medkunum mat, og sumar hreinsa stockinn, og bera út líkami þeirra, sem deya, svo engin forrotnan eda ólykt verdi í bænum, og sýnist eins og þær gési hver annari teikn, svo reglulega géngur öll vinnan hiá þeim. Á milli hunángs-kakanna edur hverrar byggíngar eru dyr og stræti, sem flugurnar géta farid ígégnum, án þess ad fara nidr kríkótt. Drottníngin upporfar þær alvarlega til vinnu, og allir sýna henni virdíngu, en þegar Drottníngin deyr, fellur þeim allur kétill í eld, þær hætta öllum tokum, og allt búid er í einu tapad, ef því er ecki strax útvegad aptur nýtt yfirvald — allt þetta er rétt forundrunarlegt og dásamlegt. —

Bí-flugurnar þeckia blómstur og vedur mikid vel fyrifram; þegar þær vita á sig slæmt vedur um daginn, eru þær kirrar heima, en verdi gott vedur og heidrikia, sem best á vid

þær, fliúga þær út til ad safna ollu, sem búid þarf á ad halda, gamlar og úngar, og jafnvel þær, sem einasta fyrir fáum klucku-stundum vóru komnar í fullkomid stand. Þær þeckia hvorn sér heutugann stad og hvort blómstur, eins og þeim væri vísad á þad. Á sum blómstur setiast þær aldrei fyrr enn viku eptir þad þau eru útsprúngin, vid onnur skilia þær laungu ádur enn þau folna, og á enn ódrum hafa þær lyst í heilann mánud. Sum vel-luktandi blómstur hræra þær aldrei. Vind géta þær ecki lidid, en þegar hvessir, fara þær í skógana, til ad vinna þar í hlé. Á morgnana safna þær saman gul-leita dupt-inu, sem finst á blómstur-kólfunum, fyrr enn þad þornar upp af sólar-hitanum; úr því dupti hnoda hunángs-flugurnar saman smá-klumpa, svo hægra sé ad flytia þad, festa þá svo vid aptur-fæturnar á sér, hvar til hárin, sem á fótunum eru, mikid hiálpa, fliúga sídan med feingin heim, hvar adrar flugur taka vid því af þeim, og láta þad í vax-búrid. Hunánginu safna þær þegar heitast er dagsins.

Þegar Veturinn er hardur, skrída þær allar svo nærri hvorr annari, sem mogulegt er, til ad hafa hita, en falla þá þó í láng-ann svefn og dofa, svo þær vita ecki af sér. En sé kuldinn tempradur, svo eru þær sífeld-lega á kreiki, og lifa á sumar-safni sínu til annars sumars. Egandinn er þess vegna van-úr

ur á hausstin ad drepa med reykiar-svælu þær hunángs-flugur, sem hann vill ecki setia á, en tekur eptir þær allt hunángid og vaxid, sem til er, ellegar og svo hann skér burtu og tekur frá þeim svo mikid af hunángi og vaxi, sem hann heldur þær géti mist, skédur það á stundum, þegar veturinn verdur linur, ad þeim er of-lítid eptirskilid, hvors vegna egandinn verdur þá ad halda lífinu í þeim med hunángi edur sikur-vatni. Margur húss-fadir utanlands kann ad hafa 20, 50 eda fleiri Bí-flugna-stocka, hvar af ábatinn af hverium einum reiknast fyrir nockra ríkisdali, og þá vel fellur, vid eina kú. Allt vax, sem til er í veroldinni, er giört af Bí-flugum; það er brúkad í liós, lack, plástra og til ótal annara gagnsemda.

XIV. Gátur.

11.) Fingra-vetlingar og sockar. 12.) Spila-Kóngar. 13.) Vax.

Sunnudaginn, 2 Novembr.

XV. Sælir eru hrein-hiartadir, &c.

Matth. 5, 8.

Píltar mínir minntu mig á það loford, sem eg á Sunnudaginn var hafdi gefid þeim; eg

var

var líka fyrifram undirbúinn til ad efna þad, og tók þar til, sem eg ádur hafdi hætt vid.

II. Þær merkingar ordsins: Trú, sem hafa í sér meira innibundid enn ad vita, og géfa medfram til kynna þad, sem giort verdur, eru engu færri enn hinar fyrr-toldu. Svo tekst Trúin.

A.) Fyrir allar edur vissar dygdir.

B.) Fyrir stoduga von.

C.) Fyrir audsveipni vid sinn lærimeistara.

A.) Þegar ordid Trú brúkast fyrir einhvors-slags dygd, þá er þad:

1.) Fyrir **Dánumensku**, edur ad mannesktan er dygdaudug, vondud og vill eckert vamm sitt vita, svo tekst þetta ord, 1 Tim. 4, 12. 6, 11. þar sem Postulinn **Páll** áminnir hann **Timotheum** sinn, ad vera kristinna manna fyrirmind í umgengni, í elskusemi, í andlegu sinnislagi, í **Trúnni**. Allteins þegar Frelsarinn vor, **Matth.** 23, 23. ber Pharisæum á brýn, ad þeir gángi fram hjá því, sem mest áridi í logmálinu, þad er **Trúnni**, edur dánumenskunni; og sama er merkingin, 1 **Timoth.** 1, 5. í ómengadri **trú**, þad er: af hreinskilinni dygdasemi.

2.) **Hreinlyndi**, **Einlægni**, og setst þá móti ótrúmensku, undirferli og falsi; svo varar Postulinn **Páll** þá **Thessalonisku**, 2 **Thess.**

3,

3, 2. vid óráðvendum og vondum mönnum, því „Trúin er ecki allra, (segir hann) en Gud er „trúr." Það er: allir eru ecki svo hreinskilnir ad þeim megi trúa, en Gudi er óhætt ad treysta. Vegna þess Drottinn Jesús þeckti Gyðinganna undirferli, þá trúdi hann þeim eigi fyrir sér Joh. 2, 24. og í þessari merkinau tekst Trú og Sannleiki, 1 Tim. 2, 7. hvared það er, sem lærdir menn kalla *Hendiadys*, og á ad útleggiast fyrir sanna Hreinskilni.

3.) Ein grein af þessari Hreinskilni er Dygd og Frómleikur Hiúa, sem kallast Trú Tit. 2, 10. og í því tilliti kallast trúlyndur þión Luc. 12, 42. 19, 17. 1 Cor. 4, 2. Um þessa Trú eda Dyggleika talar Postulinn Páll, 2 Tim. 3, 10. og fyrir þá dygd edur kostgiæfni og trúfasta idni er Barnaba hrósad, Post. G. b. 11, 24. Timotheo 1 Cor. 4, 17. Tychico Ephes. 6, 21. og Col. 4, 6. Epaphra Col. 1, 8. og Onesimo, Col. 4, 8.

4.) Haldinyrdi, Trúmennska 2 Cor. 1, 18 Svo sem Gud er sannsögull. 2 Tim. 2, 13. Ebr. 11, 11. Opinb. b. 19, 11. Rom. 3, 3. „skyldi „þeirra vantrú giora Guds Trú ad engu, það „er: skyldi þeirra Trúarleysi giora Guds ordheldni ad engu? allteins Post. G. b. 13, 34. tilfærir Postulinn Páll fyrir Borgar-mönnum í Antiokiu ord Esaias Spámanns Es. 55, 3. „trúlega skal eg halda vid ydur þá nád, er „David var lofud." Þessi yfrid góda útlegg-

ing

íng úr ockar Bibliu er eptirtekta-verd, hvad lángt hún gengur frá ordunum. Þau eru þessi: „því ad eg skal gefa ydur það heilaga Da-„vids, það trúa.“ Þannig tekst líka ordid trúanlegur fyrir hvad helst, sem óhætt er ad trúa edur reida sig uppá, 1 Tim. 1, 15. 3, 1. 2 Tim. 2, 11. Opinb. b. 21, 5. Ad þeck hértiedri Trúfesti er sú sérlega merking, sem finst 1 Tim. 5, 12. ad Trúin tekst fyrir Loford, edur það, sem einhvorr hefir lofad ad halda. „Þær „Eckiur“ segir Postulinn Páll, „hafa hina „fyrstu Trú brotid,“ það er: þær hafa gengid á sitt fyrra heit.

5.) Ordid trúr, tekst stundum fyrir þann, sem er sannsøgull, svo óhætt er ad trúa honum. Þannig tekst það optlega um Gud. Af þeim greinum vil eg í þetta sinn nefna, 2 Cor. 1, 18. því heldur, sem af verri Bibliu útleggíngu einnisaman, er bágt ad skilia meiníngunа. Postulinn hafdi skrifad Corinthuborgar mønnum, ad hann ætladi ad koma til þeirra, en hindradist sídan frá ad binda enda á það loford, þaraf tóku ofundar-menn hans tilefni ad segia: hann meinti ei neitt med því, sem hann segdi, hann hugsadi eitt, taladi annad, og þá mætti nærri géta, hvada mark mætti taka á hans kénníngum; þær færu eptir sama hvikyndi og ósannsøgli hans. Móti þessum skadlega áburdi afsakar Postulinn sig med því: a) ad hann hafi komist í stærstu ossóknir, sem hind-

rad

rad hafi hann frá, ad géta eptir lofordi sínu komist til Þeirra, v. 8. *b*) hann hafi ætíd verid í öllu sínu framferdi hreinn og einlægur, frábitinn prettvísi, v. 12. *c*) Þar fyrir muni Þeir komast ad sönnu um, ad Það sé allt statt og stodugt sem hann skrifi, og Það hafi Þeir líka ádur ordid ad reyna v. 13, 14. *d*) Sinn áfetníngur ad koma til Þeirra hafi verid svo fastur, ad hann hafi jafnvel verid búinn ad ásetia sér ad fá hiá Þeim fararbeina og fylgd til Jerúsalem. Þegar Postulinn Þannig er búinn ad leggia nidur fyrir Þeim, ad sviksemi hafi ecki gengid sér til, ad hann gat ei eptir fyrirætlan sinni komid, bætir hann vid v. 17, 18. „En hefi eg „óstoduglyndi framid, Þá er eg hugleiddi slíkt, „eda er minn áfetníngur holdlegur? egi svo „heldur hiá mér er já, já, og nei, nei. En „trúlyndur er Gud, ad vor ord til ydar eru „ei já og nei." Þetta meina eg verdi Þannig skilianlegra: „Brúkadi eg Þá bryggdmælgi, Þegar eg hafdi Þann áfetníng, eda var mín „fyrirætlan af ríngulrádi? svo ad eitt og hid „sama sé hiá mér, hvort eg segi já, já, eda „nei, nei? svo vissulega, sem Gud er sannordur, „svo var Það, sem eg ydur sagdi, ecki hvad „á móti odru." Í somu meiníngu tekst trúr fyrir sannordann Opinb. bók 1, 5. hvar Jesús Kristur kallast trúr, Það er, sannsögull vottur. Hér á heima hvad Postulinn Páll svo opt ítrekar í bréfum sínum til Timotheum og Titum: „Þetta er vissulega satt," edur, Því er Þvætt ad trúa.

6.) Þýd-

6.) Þýdir þetta ord stadfast Sinnislag Opinb. b. 2, 13. þar sem Antipas kallast Jesú trúr vottur, og v. 18. hvar Jesús segist þeckia Engilsins í Thyatira Trú. Svo beiddi og Frelsarinn fyrir Pétri Luc. 22, 32. „ad hans „Trú skyldi eigi linna," það er ad hans trygd og stadfasta velvild eigi skyldi þrotna. og 1 Petr. 1, 5 „þér, sem af Guds magt fyrir Trúna „vardveittir verdid," það er ad skilia, med því ad vera stodugir í kristilegum lærdómi. Sumstadar þar, sem talad er um þá sáluhiálplegu Trú, er líka einkum og sérílagi litid til þessa stodugleika í Trúnni. t. d. Joh. 3, 15. 18. 6, 64. stundum er það sérlega tiltekid med ordinu ad standa í trúnni 2 Cor. 2, 2. Ad Gud kallast trúlyndur skapari 1. Petr. 4, 19. er bædi ad skilia um Trúfesti hans, sem er stodugur í ad halda því góda áfram, sem hann hefir biriad, og líka einkum rækt hans vid sitt egid verk.

B.) Viss von um það, sem ecki er framkomid, eda fyrir augunum, og svo útmálar Postulinn Páll Trúna Ebr. 11, 1. „vér gaung„um í Trúnni og ecki Skodaninni," segir hann, 2. Cor. 5, 7. það er: vér vœntum ad fá en siáum ecki med augunum þau giædi, sem vér odlast munum í eilífu lífi. Postulinn Pétur sagdi Post. G. b. 15, 11. „vér trúum „ad verda sáluhólpnir," það er ad skilia vér hofum stadfasta von um ad vér munum sanna sælu

sælu odlast, og allteins samtengir sami Postuli, 1 Pét. 1, 21. trú og von, hvad skiliast á um stoduga von. Vílíka von hafdi Postulinn Páll í siáfar-háskanum, Post. G. b. 27, 25. segiandi: „Eg trúi Gudi ad þad muni svo ské, „sem mér er sagt" Svo sem vildi hann sagt hafa: Eg hefi óbrigdula von um ad þad muni framkoma, sem Gud hefir mér opinbera látid, og Hebr. 6, 12. samtengir hann trú, þad er traust og bidlund. Opinb. b. 2, 19. 13, 10. er líka samtengt trú og stoduglyndi. Þessi vissa von kallast med einu ordi Traust, en þegar vér treystum einhverium, edur reidum oss uppá hann, þá er þad annadhvort vegna hans gædsku og máttar, edur vegna hans gædsku og loforda, ad vér treystum honum, þó er í hvorugu hiá Gudi mátturinn eda fyrirheitid útilokad. Hvorttveggia þad Traust kallast þráfaldlega í nýia Testamentinu Trú. Þeim er líka trúad fyrir miklu, sem von er á fari vel med þad.

a.) Þad Traust, sem einhverr hefir á Guds gædsku og almætti, er annadhvort almennilegt edur sérdeilislegt. Þad almennilega er, sem reidir sig uppá ad Gud, svosem gódur Fadir, muni ala onn fyrir, verndа og bleſſa sína trúada. Uppá þad vil eg einasta nefna, Matth. 6, 30. Postulans Páls ord: 2 Cor. 4, 13. „En med því vér hofum þann „sama trúarinnar anda, eptir því, sem skrifad

„er, eg trúdi, og fyrir þad tala eg; og vér „trúum, fyrir því tölum vér og einnin," sem vildi Postulinn sagt hafa: því vér höfum þad sama hugarfar ad treysta (Gudi), eins og sá, (Psalm. 116, 10.) um hvorn skrifad er: eg treysta (Gudi), þess vegna gét eg vidurkennt þad, (lofad hann fyrir hans hiálp), allteins treysti eg Gudi, og vidurkenni þad. Luc. 8, 25. þá Lærisveinarnir urdu hræddir á sjónum, sagdi Jesús til peirra: „Hvar er ydar „Trú?" Luc. 12, 5-7. 22-32. Hitt sérdeilislega traust er, ad Gud vegna sinnar eigin dýrdar, fyrir bæn hans vina muni jafnvel breyta náttúrunnar sídvanalegu adferd, þad er: gióra kraptaverk, hvort sérlega traust kallast af sumum kraptaverka trú, er finnst bædi hiá þeim, sem þiggur og líka hinum, sem veitir kraptaverksins velgiord. Uppá allt þetta eru yfrid morg dæmi í nýia Testamentinu, af hvorium eg einasta vil nefna um trúna hiá þeim er þiggur, Marc. 5, 33. „Jes„ús sagdi vid þá blódfalls-sjúku konu: þín „Trú hefir giort þig heila," samanborid vid v. 35. og vid fodur þess óda og málausa, sagdi hann: „trú þú ad eins, trúudum er allt „mögulegt." Post. G. b. 14, 9. „Hann trúdi „þad honum mætti hiálpa," edur: hann treysti því sér mundi batna. Jac. 1, 7. 8. „Hann „bidie í trúnni og efist ecki; því efablandinn „madur þenki ecki, ad hann muni nockud af „Gudi odlast." Hvor seinast nefnda ritningar-

grein

grein líka á heima hiá þeim er kraptaverkid giorir, Jac. 5, 15. Marc. 11, 22. Þessum vidkémur þad sér í lagi, sem Postulinn Páll kénnir, 1 Cor. 13, 2. „Þó ad eg hefdi alla „trú, svo eg gæti hrært fiollin úr stad;" og þá Lærisveinarnir beiddu Lausnarann ad auka hiá sér trúna, Luc. 17, 5. 6. 19.

b.) Ad treysta uppá Guds loford, vegna hans gædsku og sannsøglis. Joh. 14, 1. „Treystid Gudi, og treystid mér líka." Þetta traust var hid sérlegasta í Abrahams trú, Rom. 4, 16-21. „Hann trúdi uppá von," segir Postulinn Páll, "þar sem einkis var ad „vænta, samt vard hann egi veikur í trúnni, „— því hann efadi ei Guds fyrirheit." Vid þessa Abrahams Trú er Postulanum Páli tamt ad samlikia þeirri sáluhiálplegu Trú á Jesúm Krist, er stoduglega reidi sig uppá og láti sér nægia Guds loford um nád Jesú Krists vegna, Rom. 3, 24-28. Gal. 3, 6. 18. Í gamla Testamentinu eru morg dæmi uppá þessa merkingu, ad trúa Guds sannsogli, t. d. Psalm. 106, 12. „Þá trúdu þeir því, sem „hann hafdi heitid, og súngu honum lof." 2 Chron. 20, 20. Jósaphat sagdi til Jerúsalems innbyggiara og Gydínganna: „Trúid „Drottni Gudi ydrum, og efist ei! trúid hans „Spámonnum, þá mun ydur allt vel vegna."

c.) Ein grein af von til nockurs er, ad ætla hann fari vel med dirmætann hlut,

eda leysi magt á liggiandi erindi vel af hendi, og þá kallast honum sé vel trúandi fyrir því. „Hvorr mun trúa ydur fyrir því, sem mik„id er í varid?" segir Jesús Kristur, Luc. 16, 11. „Mér er þó fyrir embættinu trúad," segir Postulinn Páll, 1 Cor. 9, 17. edur eins og þad er rétt í vorri Biblíu útleggingu þýdt: „mér er þó þad embætti á hendur falid," og vidlíkt segir hann, Gal. 2, 7. um sig, og Rom. 3, 2. „ad Gydingum sé trúad fyrir „Guds ordi." 1 Cor. 7, 25. „Sá ed hefir „miskunsemd odlast af Gudi til ad vera trúr," meina eg þýdi: „sá sem af Guds miskun er „verdugur álitinn, ad mér sé trúad fyrir em„bættinu." sjá líka 1 Thess. 2, 4. 1 Tim. 1, 12.

C.) Sumstadar merkir ordid trú auk samsinningarinnar andsveipni vid Lærimeistarann. Þegar Jesús Kristur spurdi Pharisæana: hvort skírn Johannis hefdi verid af himni, edur af mönnum, Matth. 21, 25. vóru þeir hræddir um, ef þeir svorudu af himni, ad hann mundi spyria aptur: því trúdud þér honum þá ecki? þad er: því gierdud þér ei eptir því, sem hann sagdi ydur. Þetta sannast enn liósara af v. 32. „Johannes kom og „taldi ydur rétta trú, og þér trúdud (þad er: „hlýddud) honum ecki, en Tollheimtu-menn „og pútur trúdu (létu ad hans ordum) honum. „Og þó þér sæud þetta vel, (samsinntud því) „þá tókud þér samt ei sinnaskipti, svo þér

„epts

„eptirá hefdud honum trúad (giort eptir því, „sem hann kénndi.)“ Peir, sem spottudu Jesúm medan hann var píndur, Matth. 27, 42. monudu hann til ad stíga nidur af krossinum, og sögdust þá skyldu trúa honum ef hann giordi þad, þad er ad skilia, bædi trúa ad hann segdi satt, og líka taka hann yfir sig, sem Kóng, því ádur sögdu þeir: „Ef hann „er Kóngur Israels,“ Matth. 24, 23. 26. „bannar hann ad trúa, ad Messias sé hér „edur þar á eydimörku, edur í einhverju sér„legu herbergi,“ þad er: hann bannar ad hlýda því og fara þángad. Héraf skilst þad hvernin Luc. 8, 5. 12. þýdir sama, ad fræid spratt egi, og mennirnir trúdu egi; aptur v. 6 og 13. þad fræ, sem spratt merkir þá, sem trúdu, þad er: um stundarsakir ad eins hlýddu því, sem þeim var kénnt. Þaraf kémur líka, ad kristilegur lærdómur kallast hlýdni trúarinnar, Rom 1, 5. Post. G. b. 6, 7. og vídar; sem inniheldur í sér ad fallast á, láta sér segiast, vidurkénna ad satt, rétt og gott sé, meta mikils, vera fús til, og breyta eptir, hvad allt Ritníngin innifelur í því eina ordi: ad medtaka lærdóminn, Jac. 1. 21. 22. edur medtaka Krist, Joh. 1, 12. og vídar.

Á Sunnudaginn, sem kémur, hefi eg ásett mér, ad segia yckur meira um þá hofud merkíngu ordsins Trú, sem fyrirkémur í nýia Testamentisins bókum; en þetta tal vilium vid

enda med seinasta versinu af Utgaungu-psálmiinum, sem Hátídinni í dag tilheyrir:

Avsxt trúar, ydran sanna, ꝛc.

Mánudaginn, 3 Novembr.

XVI. Gódmenska og gott uppeldi eru af-fara-gód.

Kóngur nockur ríkti fordum í ríki sínu miog ágiarn, er hét Hiorvardur. Þá hann vildi leita sér konfángs, gaf hann ei um, ad fá neina frída Kóngsdóttur, heldur sókti hann eptir, ad ega einhvoria, sem væri vellaudug, og væri enn ágiarnari enn siálfur hann. Hann fann líka þá, sem var honum rétt ad óskum. Hún átti fyrst son er kalladur var Trausti, og ad ári lídnu fæddi hún annann son er nefndist Audun. Trausti var miklu frídari enn bródir hans, en Kóngur og Drottníng unnu honum ecki, því hann vildi útbíta hvoriu, sem honum var gefid milli annara barna, sem vóru ad leik med honum. Audun þar á móti vildi heldur láta sæta-braud sitt skémmast, heldur enn gefa nockrum neitt af því; hann lægsti nidur gull sín, sem honum vóru fengin til ad leika sér ad, svo þau skyldu ei slitna, og þegar hann hafdi eitthvad í hendinni, héllt hann því svo fast, ad enginn gat nád því, og ecki

þó

þó hann svæfi. Kóngur og Drottníng sáu ecki sólina fyrir þessu barni, svo vænt þókti þeim um það, þared það líktist þeim svo miog. Kóngs synirnir uxu upp med hird fodur síns; en Trausta var aldrei fenginn nockurr peníngur til umráda, því foreldrar hans vóru hræddir um hann mundi sóa hverju, sem hann undir höndum hefdi. Einusinni þá Trausti var ad dýra-veidum, reid einn Skialdsveinn hans svo nærri kérlíngu nockri, ad hún fell í saurinn, hlióðadi; og sagdi: lærbeinid væri brotid í sér, en skialdsveinninn giordi ei annad enn hló ad því. Trausti, sem var hiarta-gódur, ávítadi skialdsveininn, en ásamt med smásveini sínum er hann unni mest og hét Vakur, fór til kérlíngarinnar og hiálpadi henni ad standa upp, sídan tóku þeir sinn undir hvoria hönd hennar, og leiddu hana til kofans, sem þar var nærri og hún átti heima í. Kóngs syninum sveid mikid, ad hann átti eckert ad gefa kérlínguni. Til hvers er mér, sagdi hann: ad vera Kóngs son, þar eg gét eckert gott giort af mér? bágt er ad vera stór-hofdíngi, en hafa ei efni til ad hiálpa þeim, sem naudstaddir eru. Þá Vakur heyrdi ad Kóngs sonurinn talaði þannig, sagdi hann: eg hefi á mér einn slétt-ann dal, og er hann ydur vel-kominn! hafdú þock fyrir, sagdi Trausti, eg skal borga þér hann, þegar eg verd Kóngur, gaf svo kérlíngunni peníginn. Þá Trausti kom heim til hirdarinnar, ávítadi módir hans hann hard-

lega, ad hann hefdi verid ad reisa upp foru-kérlingu. Stór ólucka hefdi fréd, þó ein kerling hefdi stockid af! sagdi hún vid son sinn, (því ágiarnir ern líka optast miskunarlausir.) Það er dáfallegt ad sjá Kóngs soninn giora svo lítid úr sér, ad stumra yfir betlara-kérlingu! módir min gód! sagdi Trausti, eg hugsadi ad hofdingiarnir væru þá mestir menn-irnir, þegar þeir giora gott af sér. Snáfadu burt! sagdi Drottningin. Þú ert heimskingi, hvorsu sem þér synist adferd þín sæmileg! Daginn eptir fór Trausti aptur til dýraveida, en raunar var það einúngis til ad vitia um kérlinguna, og sjá hvornin henni lidi. Hún var þá ordin albeil, og þackadi honum fyrir þá velgiord er hann audsyndi henni, en lofadi ad vera honum innan-handar, og til gódra ráda ef hann seinna vidþirfti; en nú, sagdi hún, vil eg segia ydur ad ætt ockar kénnur saman. Þeir vóru þrír synir Heidreks Kóngs, Angantýr, Alrekur og Hiorvardur. Angantýr var þeirra eldstur, en Hiorvardur fadir ydar varr þeirra lángyngstur, og ecki samnædra vid hina báda eldri brædur sína, Angantýr fadir minn tók riki ad fodur sínum lidnum, gvongadist og átti mig eina barna, og er nafn mitt Borghildur. En er Alreki bródur hans fór ad vaxa fiskur um hrigg, giordist hann vikingur mikill, heriadi á riki bródur sins, og hefdu þá hnifir í fyrstu sigur; en svo fór ad lykrum ad þeir Alrekur og Sigurgeir Jarl

er

er Hiorvardur Kóngs son var ad fóstri hiá, drógu saman óvigan her og fóru þar med á hendur fodur mínum, þóttist hann ei hafa magn vid soddan ofureffli ad strída, fèck mig þess vegna í hendur fulltrúa sínum einum, er Asgautur hét og med þeim sama gróf hann á nærurþeli nidur í jord alla fiársiódu sína, sem hann bædi hafdi ad erfdum tekid eptir fodur sinn, og líka á æsku-árum sínum í hernadi aflad. Ad þessu giordu slóst í bardaga med þeim brædrum, þarf þar ei frá vopnaskiptum ad segia, nema sá var endir orustunnar ad þeir féllu bádir Anganthyr og Alrekur, en Sigurgeir Jarl lét allsstadar ad mér leita, hvad þó var forgéfins, því fóstri minn hafdi strax fyrir bardagann farid úr landi í dularklædum, og eins skipt um búnad minn og nafn, svo engin fregn gat af ockur gengid. Nockud af fé því, sem fadir minn hafdi nidurgrafid fókti Asgautur fóstri minn, hélt mig af því ríkmannlega og sagdi fadir minn hefdi verid Jarl nockurr, sem fallid hefdi í hernadi, urdu því margir ríkir hofdingiar til ad bidia mín, en þar eg siálf vissi ad eg var Kóngs dóttir, þó ei þyrdi eg ad giora þad opinskátt vegna ofsókna Sigurgeirs Jarls og Hiorvardar Kóngs fodurbródur míns, sem hræddir vóru um ad landslýdurinn mundi kalla mig til ríkis, af því þeir siálfir vegna hardýdgis síns og ágirndar vóru af ollum hatadir, neitadi eg ollum rádahag, sem mér baudst, en nam speki

og allsslags frædi, svo eg í því landi var ecki minna metin en þó eg Kóngs dóttir væri. Nú fyrir skommu er fóstri minn andadur, sagdi hann mér ádur allt med merkium hvar fiársiódir fodur míns væru faldir, og þad ad svo vondir, sem fodurbrædur mínir hefdu verid, svo gódur væri eldri sonur Hiørvardar Kóngs, og skildi eg í fodurland mitt aptur hverfa, þá hann væri ad ríkium setstur. Fór eg nú í dularklædum hingad, ad niósnast um hvornin ástadt væri, og undireins sækia nockud af niðurgrofnu gripum mínum. Hefir eg heyrt allt hid sanna um ástsæld ydar hiá ollum, og reynt medaumkan ydar vid sialfa mig þegar eg slasadist, hvad þó var eigi nærri svo mikid, sem eg giørdi ord á, því eg ætladi sialf ad komast ad raun hvort gédgædska ydar væri svo stór, sem ord hafdi af farid. Nú skal eg þá ad nockru launa ydur gód atlot, og er hér kistill med dirgripi og gimsteina, sem eg hefi uppgrafid, og nú gef ydur. Skal þetta vera upphaf vináttu ockar, sem vara skal medan þér fylgid dygdanna vegi, en slitid skal henni, ef þér látid ydur af illmensku og rángsleitni til ills tæla. Trausti fór nú heim aptur med giafir þessar, býtti hann strax út nockru af þeim til þeirra er hann þeckti sér holla og velviliada, hvar af fliótt barst til Drottníngar, ad Trausti Kóngs son hefdi eignast stórar gersimar og gimsteina, hljóp hún strax til herbergia hans og vard svo glod af ad sia gimsteinana,

ana, ad hún fadmadi hann ad sér, og í fyrsta sinni á hennar lífstíd kalladi hann sinn elsku-son. Viltú gefa mér dýrgripina þá arna? sagdi hún vid son sinn. Allt hvad eg á, er ydur velkomid, svaradi hann. Alltíd ertú gott barn, sagdi Drottníngin, eg skal borga þér þá. Hún fór svo burt med allann þennann fésiód, en sendi syni sínum aptur fióra ríkis-dali, sem vóru nett vafdir inní pappírs-blad. Þeir, sem sáu þennann skeink fóru ad spottast ad Drottníngunni, og sogdu hvad hún skammadist sín ecki ad senda fióra ríkisdali fyrir þá dýrgripi, sem væru meira verdir enn morg þúsund ríkisdala, en kóngs sonurinn rak þá útaf dyrunum frá sér, og sagdi þeir væru furdudiarfir, ad tala óvirduglega um hana módur sína. Drottníngin sagdi þá vid Hiór-vard Kóng: kérling þessi, sem hann Trausti hiálpadi á fætur, má endilega vera stóraudug, það er best vid forum á morgun ad finna hana, en vid skulum ecki láta hann Trausta fara med ockur, heldur hann bródur hans, því eg vil ecki ad hún komist ofmikid í vinskap vid hérvilluna hina, sem ecki hafdi vit á ad halda gerseminúm sínum. Sídan skipadi hún ad fága vagnana og fá hesta til láns, því hún hafdi látid selia alla Kóngsins hesta, þar henni þókti kosta ofmikid ad ala þá. Tveir vagnar vóru teknir til ferdarinnar, annar var fylltur med Lækna og sára-medol, en í hinum vóru Kóngur, Drottníng og Audun sonur þeirra.

Þegar

Þegar þau komu ad hreisinu, sem kérlingin var í, sagdi Drottníngin henni, ad hún væri komin til ad bidia hana forláts á gapaskapnum skiald-sveinsins hans Trausta. Það kémur allt af því, sagdi hún vid konukindina, ad hann sonur minn hefir ecki vit á ad velia sér góda sveina, en eg skal reka hann til ad láta burt úr vistinni fólid það, sem ydur giordi mein. Drottníng sagdist líka vera komin med þá bestu Læknara, sem til væru í ollu Kóngsríkinu, til ad græda fótinn á henni. En konan svaradi, ad sér lidi vel í fætinum, og bæri sér andmiúklegast ad þacka það miskunar-verk, sem Drottníng giordi ad líta til svo fátækrar konu-sképnu, sem hún væri. Ecki svo fátæk kona! svaradi Drottníngin, því vid vitum mikid vel, ad þér erud sú, sem hafid gefid homum Trausta syni mínum fiolda af gimsteinum og dýrgripum. Í samleika ad segia, svaradi kérlingin, eg hefi ecki gefid Kóngssyninum nema fallegar gler-tolur og nockrar smídar af gylltu látúni, og eg á enn eptir nockrar af þeim, ef Ydar Hátign mættu þóknast þær. Það vil eg hiartans fegin, svaradi Drottníngin, og hoppadi í henni hiartad af feginleika hvorsu kérlingin væri heimsk og af því ad fá gimsteinana. Hún tók á móti þessari gáfu, slá kérlingunni gull-hamrana, og beiddi hana ad heimsækia sig, líka hrósadi Hof-fólkid þessari gódu konu, hvorr í kapp vid annann eptir dæmum Kóngs og Drottníngar.

Drott-

Drottníngin spurdi hana, hvad aldurs-há hún væri? Eg er sextug, svaradi kérlíng. Ecki er á ydur ad siá, ad þér séud yfir fertugt svaradi Drottníngin, og ad vísu megid þér enn nú hugsa uppá ad gipta ydur, því þér erud ecki farnar ad gángast mikid fyrir enn þá. Audun Kóngs-son, sem hafdi verid illa uppalinn og vanaun, hló uppí opin augun á kérlíngunni, þá hann heyrdi þetta, og sagdi sér skyldi vera gledi ad mega dansa í brúdkaupi hennar, en sú góda kona lét eins og hún skildi ecki ad hann hafdi hana ad hádi. Strax og Drottníng kom heim, lét hún kalla til sín smidi og rádfæra sig hiá þeim um þessa gimsteina og dirgripi, sem hún hafdi fengid hiá kérlíngunni, en er þeir reyndu þá med konst sínni, fundu þeir ad þetta var ei annad enn fagrar gler-tolur og látún. Strax gat Drottníngin ecki rádid sér fyrir ofsa-brædi. Kérlíng þessi má vera galdra-norn, sagdi hún, hún hefir ætlad ad gabba mig, en eg skal láta drepa hana. Hún lét kalla saman dómendur til ad dæma kérlíngu líflausa; en hann Vakur, sem heyrdi allt þetta, hlióp til kots kérlíngar, til ad segia henni ad forda sér. Sæll vertú Kérlíngar-sveinn! sagdi hún vid hann, því ofundar-menn hans vóru búnir ad setia þad spottnafn uppá hann, eptir ad hann hafdi hiálpad kérlíngunni úr saurnum. Æ sképnan mín! sagdi Vakur vid hana, flýttú þér og fel þig í húsi fodur míns, hann er gódur madur, sem

med

med glodu gédi mun skióta yfir þig skióls-húsi; en ef þú ert kyrr heima í kotinu, þá er í ráda-giord ad senda hingad stridsmenn, sem egu ad grípa þig og draga til líflats. Haf þú góda þock fyrir þitt tilvik, svaradi kérlingin, en eg hrædist eckert Drottníngarinnar vondsku, og mun géta svo farid ad rádi minu, ad enginn þecki mig eda nái mér. En, eg á ad borga þér skuld fyrir hann Trausta. Eda hefir hann ecki tekid 4 ríkisdali til láns hiá honum Fodur þínum? Hann er búinn ad gialda þá, svaradi Vakur, því hann veit ad þad er hofdingiunum skomm, ad borga egi skuldir sínar; hann fécк honum þá sömu 4 ríkis-dali, sem Drottníngin gaf honum. Vel veit eg þad, sagdi Borghildur, en eg veit líka hvad sárt Kóngs-syninum fél, ad hann gat ecki látid þad vera meira, því hann veit ad kóngbornir hofdingiar ega ad borga mannlega, og þad er sú skuld, sem eg ætla þér ad gialda. Tak vid þyngiu þessari, sem er full af gull-peníngum og færdú hana fodur þínum, því eg veit hann muni ei bruka þad nema til ad gióra gott med. Strax bió kérlingin sig ódruvísi og fór burt, en Vakur færdi þyngiuna fodur sínum, og beiddi hann þessu ad leyna.

Þridiudaginn, 4 Novembr.

Medan á þessu stód þóktust Dómararnir, sem Drottníngin hafdi samankallad til ad for-dæma

dæma kérlinguna, í miklum vanda staddir, þeir svorudu Drottníngunni: hvornin getid þér ætlast til af ockur, ad vid fordæmum þessa konukind, hún hefir ecki svikid Ydar Hátign. Hún hefir sagt ad hún væri fátæk kona, sem enga dirgripi hefdi ad veita. Drottníngin vard æfareid, og sagdi þeim: ef þid fordæmid ecki þessa ólucku kérlingu, sem hefir gabbad mig, og komid mér til ad kosta miklum peníngum til einkis uppá ad fá hesta til láns, og borga læknurum ómak þeirra, þá skulud þid fá þess ad ydrast, þó seinna sé. Dómendurnir hugsudu med sialfum sér: Drottníngin er vondskufull kona, ef vid hlýdum henni ecki, þá finnur hún uppá eitthvort bragd ad fyrirkoma ockur, þad er betra ad kérlingin deyi enn vid. Allir Dómararnir dæmdu þess vegna, ad kérlingin hefdi farid med svik og galdra, og ætti fyrir þá sök ad brennast lifandi á biortu báli. Ecki var nema einn, sem sagdist heldur vilia láta brenna sialfann sig, enn fordæma saklausa manneskiu. Fáum dögum þareptir setti Drottníngin til falsvotta, sem báru: ad þessi Dómari hefdi talad illa um hana, hann var því dæmdur af embættinu, og hefdi med konu og bornum neydst ad fara á vergáng, ef Vakur hefdi ei fengid mikid fé úr þyngiunni hiá fodur sínum, og gefid þessum Dómara, hann rédi honum líka, ad fara burt úr landi, svo Drottníngin nædi ei til ad giora honum meira illt. Vakur var enn, sem

fyrr

fyrr húsbónda hollur, hann komst ad morgum leyndarmálum, en þar hann var skickanlegur pilltur, sagdi hann aldrei eptir neinum þad, sem nockrum gat ordid ad meini, og lét á engu bera, nema því, sem kunni ad vera húsbónda hans til gagns. Einusinni vard hann vís um ad Drottningin sagdi vid mann sinn. Mikil qvol er þad fyrir ockur ad hann Trausti skuli vera eldri sonur ockar; vid græddum nockurnvegin fé, en hann eydir því öllu strax og hann verdur Kóngur. Hann Audun litli er samheldinn, eg er vís um, ad hann bætti vid, ef hann ætti fyrir arfi ockar ad ráda. Er ecki vegur til ad giora hann Trausta arflausann? vid skulum sjá til, svaradi Kóngurinn, en ef vid gétum þad ecki, þá skulum vid grafa nidur audæfi ockar, svo hann sólundi þeim ecki. Vakur heyrdi líka til hoffólksins, sem taladi illa um Trausta, en hrósudu honum Audunni framan í Kónginn og Drottninguna, til ad koma sér vel vid þau, en þegar þad géck út frá þeim, og kom til hans Trausta, sagdi þad honum, ad þad hefdi tekid hann í forsvar hjá Kónginum og Drottningunni. En Vakur hafdi sagt Kóngs-syninum allann sannleikann, svo hann hló í huganum ad þessu fólki og foraktadi þad. Í hirdinni vóru fiórir Herrar mikid skickanlegir menn, þeir tóku Trausta Kóngs-sonar málstad, þegar hann var ecki vid, en þeir grobbudu aldrei af því, þvert á móti ámintu þeir hann sífeldlega til

ad

ad elska Kónginn og Drottninguna, og vera þeim hlýdinn. Þar var Kóngur í nágrenninu, sem vegna makt-áliggjandi erindis-gjørda, þurfti ad gjora sendiboda á fund Hjørvardar Kóngs. Drottningin eptir sinni vísu vildi ecki ad sendi-bodarnir sæu Trausta Kóngs son. Hún skipadi honum því, ad fara á eitt stór-bú, sem Kóngur átti, svo ad, sagdi hún, þú gétir verid þar í húsbónda-stad, þegar sendi-bodarnir fara ad skoda bú þetta, eins og eg er viss um þeir munu vilja. Þegar Trausti var burtfarinn, fór Drottning ad búa allt til, sem þurfti til ad taka vealega móti sendibodunum, þó svo, ad þad skyldi kosta sem minst. Hún tók ganiallt flojels-pills, sem hún átti, og lét gjora úr því bak-kurl í kjóla handa Hjørvardi Kóngi og Audunni syni sínum, en fyrirbodúngana lét hún gjora úr nýju flojeli, því hún hugsadi þeir fedgar mundu sitja í hásætum sínum, og þá sæi enginn bak-bodúngana. Til ad gjora klædnad þennann þess glæsilegri, tók hún gler-tolurnar, sem kérlíngin hafdi gefid henni, og brúkadi þær í stadinn fyrir knappa á kjól Kóngsins og Audunar sonar síns, því, sagdi hún, þær-eru fagrar og sallegar tillits eins og gimsteinar, og þared eg blecktist á þeim, þá sjá ecki sendibodarnir, sem snoggvast koma ad Kóngs-hásætinu annad, enn þad séu mestu gérsemar og gimsteinar, líka gjordi hún úr nockrum tolunum handa sjálfri sér háls-festi,

og brúkadi sumar fyrir erma-knappa og sumar í lausaprións-knappa, því hún tíndi ecki ad brúka rétta gimsteina, sem af smidanna óvarlegri medferd hefdu kunnad ad gallast. Þau glóudu oll í þessu skarti. Kóngur og Drottníng settust bædi í háseti, en Audun Kóngs-son sat skor lægra. En sem sendibodarnir komu nær hásætinu og skyldu kyssa hond Kóngs og Drottníngar, sáu þeir ad þau vóru alsett med gler-tolum, og hugsudu ad Hiørvardur Kóngur hefdi búid sig svo hædilega, til ad sneipa og vanvirda þar med Kóng þeirra og Herra, fóru því strax út aptur í brædi, og sogdu ad Kóngur þeirra skyldi syna, ad hann væri enginn gler-talna Kóngur. Hvornin sem þeir vóru bednir ad koma aptur til vidtals, tiádi það ecki, heldur snéru þeir strax heim aptur í þeirra land. Hiørvardur Kóngur og Drottníng hans sátu eptir verr enn sneipt og full af brædi. Það er hann Trausti, sem svona hefir leikid á ockur, sagdi hún vid Kónginni, þegar þau vóru ein saman, hann komst fyrst í kunníngskap vid norn þessa. Vid verdum ad giora hann arflausann, en gefa honum Auduni ríkid eptir ockur. Það samþycki eg gladur og fullkomlega, svaradi Kóngurinn. Þau létu allstadar leita ad kérlíngunni, til ad láta brenna hana eptir dóminum, en hún fanst hvorgi, hvad þeim stórlega sveid. Rádríkur Kóngur, sem sendt hafdi sendibodana til Hiørvardar Kóngs, áleit ad

þessi

Þessi hefdi viliad giora sér hádúng med talnabúníngnum, ásetti sér því ad hefna þess, og baud honum út til stríds. Hiorvardi datt í fyrstu allur kétill í eld, því hann var hugglaus, og hræddur hann mundi missa lífid, en Drottníngin sagdi, hann skyldi ei setia þetta á sig; vid skulum, sagdi hún, senda hann Trausta, og setia hann yfir stríds-herinn, en láta eins og vid giorum honum þad til æru; hann er gapi, sem hleypur út í opinn dauddann, og þá gétur hann Audum sídan fengid Kóngs-ríkid og eignir ockar eptir ockur. Kóngi þótti þetta óska-rád, kalladi Trausta heim aptur, giordi hann ad ædsta hers-hofdíngia yfir allu herlidinu, og til þess ad géfa honum enn meira tækifæri til ad voga lífi sínu, séck hann honum í hendur fullkomid vald, ad heia stríd edur semia frid. Þegar Trausti var kominn á landamerki Kóngs-ríkis sodur síns, ásetti hann sér ad bída þar óvinanna, en tók sér á medan fyrir hendur ad byggia þar kastala hiá þreyngslum nockrum, sem lán á vegi óvinanna. Einusinni, þá hann sá uppá erfidi stridsmanna sinna, sókti hann þorsti, og þar hann sá hús eitt standa á hæd nockurri þar skamt frá, fór hann þángad til ad fá sér ad drecka. Húsbóndinn í húsinu, ad nafni Asmundur, gaf honum ad drecka, en í því Kóngs-sonur fór út úr húsinu aptur, géck þar inn stúlka svo frid, ad hann þóktist aldrei þvílíka sied hafa; hún hét Asdís dóttir þessa

Asmundar, og vard Kongs-sonurinn svo inntekinn af henni, ad hann kom opt sidan í þetta hús, og giordi sér sitt til erindis í hvort sinn. Hann taladi opt vid hana Asdísi, og þar hann fann, ad hún var skickanleg og slúgskorp, sagdi hann med sialfum sér: ef eg mætti ráda, skyldi eg ega hana Asdísi; ad sonnu er hún ecki kongborin, en hún er svo dygdaudug, ad hún forþénar ad verda Drottníng. Dag frá degi óx elska hans til þessarar stúlku, og seinast réd hann af, ad skrifa henni til. Asdís, sem vissi vel, ad skickanlegar stúlkur ega aldrei ad taka móti bréfum frá karlmonnum, bar bréfid, sem hún fengid hafdi frá Kongs-syni óupprifid til fodur sins. Asmundur, sem af bréfinu sá, ad Transti elskadi Asdísi dóttur sina, spurdi hana, hvort hún hefdi elsku til Kongs-sonarins? Asdís, sem aldrei hafdi skrokvad alla sina lifs-tíd, sagdi vid fodur sinn, ad henni syndist Kongssonurinn vera skickanlegur madur, og hún hefdi ecki gétad ad því giort, ad sér væri vel í þocka vid hann. En, sagdi hún enn framar, eg veit vel, ad hann gétur ecki átt mig, þar eg ei er Kongs-dóttir; þar fyrir bid eg ydur ad senda mig til hennar módur-systur minnar, sem á heima langt hér frá í odru landi. Fadir hennar lét hana fara burt strax sama daginn, og Kongs-syni þókti svo mikid um þad ad missa hana, ad hann lagdist veikur. Asmundur sagdi honum: Herra minn! mér geng-

gengur nærri ad gisra ydur á móti, en þared þér elskid dóttur mína, svo mundud þér ei vilia hennar ólucku. Þér vitid, ad allir foraekta eins og skarnid, sem þeir gánga á, þá stúlku, sem lídur þeim karlmanni ad koma til sín, er elskar hana, en ætlar sér þó ei ad giptast henni. Heyrdú, Asmundur! svaradi Kóngs-sonurinn: eg vil heldur deyia enn bryóta móti þeirri hlýdni og virdingu er eg á fodur mínum ad sýna, í því ad gipta mig ecki án hans leyfis, en lofadú mér því, ad geyma dóttur þína, eg lofa því aptur á mót ad ega hana þegar eg verd Kóngur, og eg skal láta mér lynda, ad siá hana aldrei þángad til. Undir eins og þeir vóru þetta ad tala, kom þar ad kona í silki-kirtli, hladbúnum í skaut nidur, og var þad Borghildur kerling, ecki svo ellileg enn. Kóngs-sonur undradist miog svo, því hann hafdi aldrei sied hana í þeim búnadi. Eg er kerlingin, sem þér hiálpudud, sagdi hún vid Kóngs-soninn, þér erud bædi svo skickanlegur madur, og Asdís svo vondud stúlka, ad eg tek yckur bædi undir mína vernd og varatekt. Þid munud egast ad tveggia ára fresti, en þángad til liggur margt fyrir yckur, sem þid verdid ad reyna. Asmundur er bródir Kóngs þess í hvors ríki eg hefi dvalid. Rógberendur spilltu frændsemi þeirra og vináttu, svo Asmundur vard ad stycka úr landi, skal eg launa þar med Kóngi landsvist mína, ad koma upp ollum sannleikanum.

og sætta þá bræður, en koma því til leidar, ad Kóngur, sem er barnlaus og nú miog til ára sinna, gefi Asmundi ríkid eptir sinn dag, en eg skal taka Asdísi til mín, og ala hana svo upp, ad hún verdi bædi sér og ydur til sóma. Kóngs son gladdist miog af þessu lofordi, og ásetti sér ad vinna mikla frægd, til ad þóknast henni Asdísi þar med. Rádríkur Kóngur kom sidan og baud Trausta til bardaga, en Trausti hafdi eigi einasta sigur, heldur tók einnig Rádrík Kóng til fánga. Margir rédu Trausta þá, ad taka Kóngs-ríkid frá honum, en hann svaradi: ecki vil eg giora þad; Undirsátarnir í hverju einu Kóngsríki vilia heldur sinn eginn Kóng enn annann útlendann, þeir mundu giora upphlaup, og setia Kóng sinn aptur til ríkis. Rádríkur mundi heldur aldrei gleyma fángelsi sínu, og svo yrdi sífeldt strid, sem giordi bádar þióðirnar óluckulegar. Þar þvert á móti, vil eg gefa Rádríki frelsi, og heimta eckert fyrir þad; eg veit ad hann er hofdinglega lyndur, og verdur vinur vor. Hans vinátta verdur ockur til meira gagns enn ríki þad, sem vér eguum eckert í, og þar med kém eg í veg fyrir þad strid, er kosta mundi ótal manneskna líf. Þad, sem Trausti hafdi fyrirsied kom líka fram. Rádríkur Kóngur vard svo gladur af hofdings-striki þessu, ad hann sór, ad halda eilífa vináttu vid Hiorvard Kóng og son hans.

Mid-

Midvikudaginn, 5 Novembr.

Hiørvardur Kóngur vard afar-reidur á hann frétti, ad sonur sinn hefdi gefid Rádríki Kóngi frelsi, en ecki tekid þar fyrir ærna peninga, og hvornin, sem Kóngs-sonur afsakadi sig med, ad Kóngur hefdi skipad sér ad ráda hvort hann vildi fridi eda stridi, vildi Kóngur þó ei fyrirgefa honum þad. Trausti elskadi bædi og virdti fodur sinn, fór þess vegna í einn sinn lystigard, hvar hann lagdist í sott af því hann hafdi misþócknast fodur sínum. Þángad kom til hans fodur-systir hans Borghildur, og sagdi honum ad Drottníng væri búin ad tala svo um fyrir Kónginum fodur hans, ad Hiørvardur Kóngur ætladi ad láta dæma hann hálfvita, sem ei hefdi haft skinbragd á ad nýta sér sigurinn yfir Rádríki Kóngi, ellegar svikara ad odrum kosti, sem af ótrúmensku vid fodur sinn hefdi kauplaust sleppt stríds fánga sínum; en hvort, sem raunar væri, sagdist Drottníng ecki hafa eina stund ró, fyrr enn búid væri ad giora Tráusta arflausann, svo yngri bródir hans fengi kóngsríkid. Kóngurinn hefdi samþyckt þetta allt og lofad, ad daginn eptir skyldi hann láta taka Trausta í bond og fiotra, og láta gánga dóm yfir hann. Af þessum tídindum vard Trausti svo hræddur, ad hann kendi sér á engrar sóttar, en bió sig til ad flýa burt, en ádur hann skyldi

stiga á bak hesti sínum, sagdi Borghildur kerling: eg er ordin preytt á vondsku hennar módur ydar, og gúnguskap hans fodur ydar. Mér er í sialfrar valdi ad fá ydur í hendur mikinn stridsher; takid þau nú strax til fánga á Kóngs-slotinu, og kastid þeim í diblissu, ásamt med Audunni syni þeirra, sidan skulud þér setiast ad ríkinum og ega hana Asdísi. Fodur-systir mín gód! svaradi hann Traustí: þér vitid ad eg elska hana Asdísi meir enn lífid í mér; en hvorsu, sem eg óska mér ad ega hana, skal eg þó aldrei gleyma skyldu minni vid fodur og módur, og eg vil heldur láta lífid hér strax uppá stundina enn grípa til vopna móti þeim. Mælid manna heilastur! svaradi Borghildur, eg ætladi ad reyna dygd ydar, en ef þér hefdud tekid móti tilbodi minu, þá hefdi eg eckert viliad vita af ydur ad segia; en þar þér hofdud hugprydi til ad standa móti þeirri freistni, svo skal eg aldrei slíta vináttu vid ydur, og eg skal sýna ydur merki til þess: takid nú á ydur gamalls manns gérfi, og verid viss um, ad enginn skal þeckia ydur í þeim búnadi; ferdist þannig gégnum allt ydar Kóngs-ríki, og siáid svo med ydar egin augum alla þá rángsleitni, sem í frammi er hofd vid ydar undirsáta, svo þér gétid þess betur rádid þar á bót þegar þér sialfir verdid Kóngur. Vakur skal verda eptir hiá Kóngshirdinni og láta ydur vita allt hvad vidber, medan þér erud burtu. Kóngs-sonurinn giordi

eins

eins og kerling hafdi fyrir hann lagt, og sá marga þá hluti, sem hárin reistust upp vid á hofdi honum. Hann sá ad réttlætid var þeim falt, er best baud vid, hirdstiórarnir rupludu almúgann, hofdingiarnir hondludu illa vid lítilmagnann, og allt þetta var giort í Kóngsins nafni. Ad tveimur árum lidnum skrifadi Vakur honum til, ad nú væri Kóngurinn fadir hans daudur, Drottníngin hefdi viliad láta krýna yngri son sinn, en þeir fiórir hofdingiar, sem vóru gódir menn, hefdu sett sig þar á móti, af því þeir hefdu heyrt ad Trausti væri enn nú á lífi; Drottníngin hefdi þess vegna flúid med syni sínum í annad lands-hérad, og komid því til ad grípa til vopna. Trausti kastadi þá skéggi og hækium, fór í hofudborg ríkisins, og var þar tekinn til Kóngs. Sídan skrifadi hann Drottníngunni módur sinni til virdíngarfullt bréf, og beiddi hana, ad koma ei tvídrægni á stad í ríkinu, en baud henni stórar árlegar inntektir bædi handa henni og Auduni bródur sínum. Drottníngin, sem búin var ad safna miklum stríds-her, skrifadi honum, ad Kóngs-ríkid og kórónuna skyldi hún hafa, og henni ætladi hún ad svipta af hofdi hans. Þetta bréf kom þó Trausta ecki til, ad giora neitt á móti þeirri virdíngu, sem hann var módur sinni skyldugur um, en þegar þessi vonda kona heyrdi, ad Kádrikur Kóngur kom vin sínum Trausta til hiálpar, med mikinn her, neyddist hún til ad

gánga ad þeim bodum, sem þessi sonur hennar hafdi giort henni. Trausti Kóngur settist þá ad lendum med fridi og farsæld, og eignadist Asdísi sína, öllum hans þegnum til gledi, sem þókti vænt um ad hafa svo frída og góda Drottníngu. Strax eptir ad Trausti var Kóngur ordinn, fór hann ad lagfæra þad, sem ábóta var vant í ríki sínu, en til ad koma því í stand, skipadi hann, ad allir þeir, sem nockurn órétt hefdu ad kiæra, skyldu vera velkomnir til sín, hann bannadi hirdsveinum sínum ad bægia nockri manneskiu frá, sem vid hann vildi tala, og jafnvel þó forumadur væri; því, sagdi Kóngurinn, eg er fadir allra minna þegna, sátækra svo vel sem ríkra. Í fyrstu hræddist hof-fólkid ecki þetta fyrirtæki, þad sagdi: Kóngurinn er úngur. þetta varir ecki lengi; hann fær innan skamms smeck á sælliſi, og þá yfirlætur hann hverium, sem hann ann vel, ad hafa stiórnina. En þeim vard ecki ad því. Trausti kom tíd sinni svo vel fyrir, ad hann hafdi tíma til alls. Þar ad auki lét hann sér ant um vera, ad straffa þá fyrstu, sem fundnir vóru í, ad hafa giort rángt, svo enginn þordi sídan ad yfirtroda skyldu sína. Hann hafdi giort út sendiboda til Rádríks Kóngs, til ad þacka honum fyrir þá hiálp, er þessi hafdi sendt honum. Kóngur sá lét skila til hans, ad sér skyldi vænt um þykia ef þeir fyndust enn aptur, og skyldu þeir mætast á landamerkium beggia ríkianna. Þar allt var

Þá í fridi og spektum innanríkis hiá Trausta, lét hann sér þad vel lynda, allrahelst þar þad átti vel vid áform hans, er hann hafdi ásett sér ad prýda, sem best hann gæti, hús þad, í hvoriu hann hafdi í fyrsta sinn sied Ásdísi sína. Hann sendi þess vegna tvo af embættis-mönnum sínum á undan sér, til ad kaupa öll þau kot, sem þar vóru í kring, en hann bannadi þeim ad neyda nockra manneskiu til ad selia, þvíad, sagdi hann, eg er ecki Kóngur til ad kúga þegna mína, og þar ad auki á hvorr ad ráda sínu, þó lítid sé. Þegar Rádríkur Kóngur kom til landamerkianna, mættust þar hirdir beggia Kónganna, og vóru hvorutveggiu veglega búnar. Med Rádríki Kóngi hafdi komid einka dóttir hans Sigurleif, sem var sú fridasta stúlka í heiminum, eptir ad Ásdís var gipt ordin, hún var líka mesta gód-qvendi. Trausti Kóngur hafdi med sér konu sína og systkynabarn sitt, dóttur Alreks Kóngs, er hét Dagbiørr, sem bædi var frid og dygdaudug, en þar til slug-skorp. Þar ed nú svo margt vina-fólk var samankomid, sogdu bádir Kóngarnir, ad best væri ad brúka hispurslausa og frialslega umgengni, en lofa morgum hofdingium med qvennfólki þeirra ad sitia ad veitslu med bádum Kóngunum og Kónga-dætrunum; en til ad burtrýma ollu því, sem kynni ad hindra alúd þessa, skyldi enginn nefna Kóngana Ydar Hátign, heldur skyldi hvorr, sem þad giordi gialda, einn rík-

ríkisdal, í fé-víti. Þegar menn höfdu setid til bords drycklángann tíma, kom þar inn gomul kérling noturlega til fara. Trausti og Vakur þecktu hana strax, og risu upp á móti henni, en þar hún bendti þeim med augunum, héldu þeir hún mundi ei vilia láta þeckia sig. Þeir sogdu þá vid Rádrík Kóng og Kóngs-dæturnar, ad þeir beiddu leyfis ad leida þar inn eina góda vinu sína, sem ætladi ad sitia til bords med. Kérlingin giordi sig heimakomna, og sletti sér nidur í léna-stól, er stód vid hlidina á Rádríki Kóngi, en enginn hafdi ádur þorad ad setiast í þann stól, af virdingu fyrir Kónginum. Hún sagdi til Kóngsins: „Þared vinir vina vorra, eru líka vorir vin„ir, svo ætla eg ad bidia Ydur ad taka ecki illa „upp, þó eg viki kunnuglega ad Ydur.“ Rádríkur var af lundernini nockud stór uppá þad, og þókti fyrir, ad kérlingin skyldi færa sig svo uppá skaptid vid sig, lét þó ei á því bera. Konu-kindinni hafdi verid sagt frá, hvada víti gialda átti í hvort sinn, sem sagt væri, Ydar Hátign, samt var hún naumast setst til bords, fyrr enn hún sagdi vid Rádrík Kóng: „Ydar Hátign undrast yfir því, „ad eg giori mig svo heimakomna, en þad er „inngróinn vani fyrir mér og eg er ordin svo „gomul, ad eg gét ecki hédan af farid ad „breyta háttalagi minu, og þar fyrir bid eg „Ydar Hátign ad halda mér til góda.“ „Fé-vítid!“ kallaði Kóngurinn, „þér egid ad

„gialda

„gialda 2 rdli.!" „Láti Ydar Hátign sér „ecki þykia fyrir," svaradi kérlingin; „eg „hafdi gleymt, ad hér átti ecki ad nefna Yd„ar Hátign, en Ydar Hátign adgætir ecki, „ad í því Þér bannid ad nefna Ydar Há„tign, svo minnid Þér alla á, ad brúka samt „þá sömu virdingu, er Þér látist til sídu setia. „Þad er eins og þeir, sem látast ætla ad „vera alúdlegir, og segia vid þá er þeir bióda „til bords, þó þeir séu lægra stands enn „húsrádandinn: dreckid mér til. Eckert „er óvidurqvæmilegra enn svoddan alúd, því „þad er eins og þeir segdu vid gést sinn: „mundú til þess, ad þú ert ecki svoddan „einn, sem mátt drecka mér til, ef eg gæfi „Þér ecki leyfi til þess. En þad, sem eg „tala um þetta, kémur ecki af því eg ætli ad „skióta mér undan fé-vítinu. Eg á ad gialda „7 rdli. hana! þar eru þeir." Undir eins tók hún upp úr vasa sínum gull-ofna silki-pyngiu, og lagdi 7 rdli. fram á bordid. Rádríkur Kóngur vissi ei hvort hann átti ad hlæa ad því, sem kérlingin sagdi, eda firtast. Hann var vanur ad vera snoggur uppá lagid, hvorsu lítid, sem honum þókti fyrir, og hér var honum farid ad hitna um hiarta-ræturnar; samt ásetti hann sér ad halda sér í stilli, vegna vináttu vid Trausta Kóng, snéri ollu upp í spaug, og sagdi vid kérlinguna: „Taladú „eins og þú villt, fuglinn minn! hvort sem „þú segir Ydar Hátign eda ecki, þá skal eg

„þá

„Þó ætíd vera einn af vinum þínum." „Eg „vona það," svaradi kérlingin, „og þess „vegna hefi eg sagt Ydur hreina meiníngu mína, „svo sem eg skal ætíd giora, þegar eg sie færi „til þess, því enginn gétur giort vin sínum „betra til, enn vara hann vid því, sem hon„um þykir áfátt í fari hans." „En þú skyld„ir samt giora það varlega," sagdi Rádrík„ur Kóngur, „því stundum liggur svo á mér, „ad eg er ei húfur á ad taka móti svoddan „vidvorunum." „Játid Þér, Kóngur góð„ur!" svaradi kérlingin, „ad núna er ecki „lángt frá því ad svo liggi á Ydur, og Þér „vildud mikid tilgéfa, ad Þér gætud vísad „mér burt hvort á land, sem Þér vildud. „Svona eru þær hetiurnar ockar! þeir vildu „ecki fyrir kost og mun þola ad uppá þá „væri sagt, ad þeir hefdu flúid fyrir nockrum „þeirra óvin, og géfid honum sigurinn í hend„urnar, fyrr enn þeir hefdu reynt til ad beriast „og verja hendur sínar, en þeim þykir eckert fyr„ir ad játa dugleysi sitt í ad mótstanda reidinni, „eins og það sé ecki enn svívirdilegra, ad láta „sinnis tilhneígingarnar sigra sig, heldur enn „þann óvin, sem sækir á med sverdi, og sem ecki „stendur ætíd í voru valdi ad sigra."

Fimtudaginn, 6 Novembr.

„En forum nú ad tala um eitthvad ann„ad þar Ydur er þetta ei gedfellt. Leyfid „mér,

„mér, ad smá-sveinar mínir megi koma inn, „peir hafa hiá sér lítilræði, sem eg ætladi ad „skenkia gestunum.“ Undir eins komu par inn 4. dá-fridir pilltar, kerta-sveinar hennar, sem hvorr fyrir sig bar korf fulla af dirmætum gripum. Í pvi sama leit Rádríkur Kóngur til kerlingarinnar, og undradist miog, pá hann sá hún hafdi kastad totrunum utanaf sér og var pá tigugleg bædi í sión og búnadi. „Æ náduga Frú!“ sagdi hann vid Borghildi Kóngs-dóttur, „nú pecki eg, pér munud vera sú, sem gler-tolurnar vórn frá, er eg „vard svo brádur vid; forlátid mér ad eg „shndi ydur oflitla virdingu, eg hafdi ei pá „ærn ad peckia ydur.“ „Pad á ad kénna „Ydur, ad Pér aldrei egid ad syna neinni „manneskiu virdingarleysi,“ svaradi Borghildur honum, „èn, Kóngur minn! til ad syna, „ad eg erfi pad ecki vid Ydur, vil eg gefa „Ydur tvo hluti. Sá fyrri er bikar pessi, hann „er giordur úr einum einasta kristall, en pad „er pó ei pad, sem mest mælir fram med honum. Í hvort sinn, sem Pér finnid á ydur „ad Pér ætlid ad reidast, pá hellid á hann „vatni, og dreckid svo út í premur teigum, og „pá skulud Pér finna ad brædin rénar, en „skynsemin fær yfir-rád; ef Pér brúkid vel penna „fyrri skeink, pá giorid Pér ydur verdugann „pess seinni. Eg veit ad Pér elskid Kóngs-„dótturina Dagbiortu, Pér fallid henni líka „vel í gód, en hún er hrædd vid reidigirni

„ydar

„Ydar, og vill ecki ega Ydur, nema Þér brúkid „vel þennann bikar.“ Rádríkur Kóngur undradist, ad Borghildur þeckti svo vel lunderni hans og þánka; játadi ad hann vildi álita fyrir sína lucku, ad eignast hana Dagbiartu, en mér stendur eitt í vegi, sagdi hann, þó eg bæri lucku til ad hún Dagbiört Kóngs-dóttir vildi játast mér. Eg á bágt med ad fá af mér ad gipta mig í annad sinn, því eg vil ei sitia henni dóttur minni í liósi svo hún missi Kóngsríkid. Pad er vel talad, sagdi Borghildur, og þeir fedur eru fáir, sem neita sér siálfum um, ad fullnægia sínum tilhneigingum vegna velferdar barna sinna, en látid þetta ecki hindra Ydur. Kóngurinn af Járnberga-landi, sem var einn af vinum mínum, er nýdaudur barnlaus, hann hefir eptir mínum rádum gefid Kóngs-ríki sitt eptir sinn dag honum Vakri. Ad sonnu er þessi ecki Kóngborinn, en hann er samt verdugur ad vera Kóngur. Hann elskar dóttur Ydar Sigurleifu, og hún er verdug þess ad verda laun fyrir hollustu og tryggd hans. Ef fadir hennar samþyckir þetta, svo er eg viss um, ad hún mun hlýda honum í því, og láta sér ecki fyrir þykia. Sigurleif rodnadi vid þá hún heyrdi þetta, og satt var það, ad henni hafdi sýnst Vakur elskuverdur, og henni hafdi verid yndi, ad heyra sagt frá hvad hollur hann hefdi verid húsbónda sínum. Náduga Frú! svaradi Rádríkur Kóngur, vid erum farin ad segia hvort odru hvad í briósti býr. Mér

þykir

þykir mikid til hans Vakurs koma, og ef vaninn bindi ecki hendurnar á mér, þá þirfti eg ecki fyrst ad siá Kórónu á hofdi honum, til ad géfa honum dóttur mína, en manneskiurnar og allrahelst Kóngarnir verda ad gánga eptir morgum vidtekinum vana; nú væri þad þvert á móti einum vananum, ef eg gæfi dóttur mína sléttum og réttum Adalmanni, þar hún er komin af þeim stærstu ættum, sem til eru í heiminum, því þér vitid, ad vid forfedur mínir hofum setid ad londum í 300 ár. Kóngur minn! svaradi Borghildur, Þér vitid ecki af því, ad ættin hans Vakurs er fullkomlega eins gomul og Ydar, því þid erud frændur, af sinum bródurnum kominn hvorr, og þó ætti Vakur undan ad gánga, því hann er kominn af eldra bródurnum, en Þér af þeim yngra. Ef þér gétid sannad þad, sagdi Rádrikur Kóngur, þá sver eg ydur, ad eg skal gipta honum Vakri dóttur mína, og líka svo þótt undirsátar Kóngsins sæla á Járnberalandi aldrei undirkasti sig hans stiórnum. Þad er hægast ad gióra ad sanna hvad gomul ættin hans Vakurs er, svaradi kérling. Hann er kominn af honum Élísa eldra syni hans Japhets Nóasonar, en Þér erud komnir af þeim yngra syni hins sama Japhets. Enginn gat haldid sér frá ad hlæa, þegar þeir sáu med hvada alvoru-svip Borghildur spaugadi ad honum Rádriki. Hann var líka farinn ad bólgna upp af reidi, þegar Kóngs-

dóttirin Dagbiört, sem sat vid adra hlid honum, rétti ad honum kristalls-bikarinn. Hann dræck hann út í þremur teigum eins og kerling hafdi fyrirskilid, og medan á því stód, hugsadi hann med sjálfum sér, ad sannarlega væru allar manneskiur jafnar ad fædingunni, þar allir væru af Nóa komnir, og enginn réttilegur mismunur væri á þeim, nema sá, sem uppeldid og dygdirnar giordu. Þegar hann var búinn ad drecka út bikarinn, sagdi hann vid Borghildi Kóngs-dóttur: eg er yður vissulega skuldbundinn, náduga Frú! ad þér hafid giort ad tveimur feilum hiá mér í einu, bædi ad eg hefi verid stolltur af ætt minni, og líka ad eg hefi verid uppstockur. Mikla krapta hefir bikarinn, sem þér gáfud mér; eptir því, sem eg dræck, fann eg ad reidin rénadi jafnódt, og þánkarnir, sem eg hafdi á milli teiganna, komu mér aptur til skynseminnar. Eg vil ecki svíkia Yður, svaradi Borghildur, í bikarnum, sem eg gaf Yður, er enginn kraptur, en eg vil segia bædi Yður og ollum gestunum, sem hér eru samankomnir, hvada náttúru vatnid hafdi, þá Þér druckud þad í þremur teigum; enginn skynsamur madur yrdi nockurntíma reidur, ef brædin gæfi honum tíma til ad hugsa sig um, og ecki allt í einu yfirfélli hann, en medan hann er ad hella á bikarinn og drecka í þremur teigum fær hann tíd, hann sansar sig, þánkarnir koma, og þegar oll þessi umsvif eru á enda,

enda, hefir skynsemin haft rádrúm til ad sigra tilhneginguna. Í samleika, svaradi Rádríkur henni, eg hefi lært meira í dag, enn alla mína lífstíd. Luckulegur erud Þér Trausti, Þér verdid sá mesti Kóngur í veraldinni med svo gódri varatekt; en eg beidi Ydur ad láta mig nióta vináttu Ydar vid frændkonu Ydar, svo hún muni til, ad hún hefir heitid mér sinni vináttu. Eg man Þad mikid vel, og skal ecki gleyma því, svaradi Borghildur, eg er líka búin ad gefa Ydur merki til Þess og skal halda áfram med Þad, medan Þér vilied minum rádum fraunfara, sem eg vona verdi alla Ydar lífstíd; en nú skulum vid ei hugsa um annad ad sinni enn halda brúdkaup Ydar og dóttur Ydar Sigurleifar. Í Þessu var Trausta Kóngi sagt, ad Þeir embættismenn vildu tala vid hann, er hann hafdi á hendur falid ad kaupa jardirnar og húsin, sem láu kringum hús Þad, er Asdís Drottning hafdi alist upp í. Hann lét Þá koma fram fyrir sig, og syndu Þeir honum Þá mál-verk yfir prýdi Þá, er Þeir ætludu ad gióra kringum húsid. Þeir hofdu ætlast til Þar skyldi vera stór rósa- og triá-gardur med prýdilegum gáng-rúmum, hvad allt hefdi fullkomlega tekist, ef Þeir hefdu mátt brióta nidur einn kofa, sem stód í einu gáng-rúminu midiu, og skemdi alla samlikingu gáng-rúmanna innbyrdis. En hvar fyrir tókud Þid ecki burt andstygdar kumbalda Þenna, sagdi Rádríkur Kóngur,

vid byggingar-meistarana og embættis-menn-
ina? „Herra!" svorudu þeir: „Kóngur vor
„hafdi bannad ockur ad fara hardt ad nock-
„rum manni, en þar var einn madur, sem
„ecki vildi selia ockur hús sitt, jafnvel þó vid
„bydum honum ferfaldt vid þad, sem húsid
„var verdt." Hefdi sá fantur verid minn
undirsáti, svaradi Rádrikur Kóngur, skyldi
eg hafa látid hengia hann. Þér hefdud druck-
id úr bikarnum Ydar fyrst, sagdi Borghild-
ur. Eg held bikarinn hefdi aldrei gétad frels-
ad hans líf, svaradi Rádrikur, því, er þad
ecki hrædilegt, ad Kóngur skuli ei mega ráda
neinu í ríki sialfs sins, og hann verdi ad hætta
vid þad verk, sem hann vill hafa fram, af
því einhvorr furturinn er svo þrályndur, sem
mætti kalla sig sælann, ad hann gæti ordid
Herra sínum til þóknunar, en nú verdur ann-
adhvort ad þvínga hann til ad giora skyldu
sína, eda Herra hans verdur ad hætta sínum
áfetningi. Eg ætla hvorugt ad giora, svar-
adi Trausti Kóngur brosandi, og þó skal eg
giora kofa þenna ad stærstu prýdi í minum
triá-gardi. Þad vil eg vedia um ad ei gét-
ur skéd, svaradi Rádrikur, því kofa-skarnid
liggur svo meinlega, ad þad gétur ei annad
enn verid þar til baga. Skodid Þér, hvorn-
in eg ætla ad ad fara, svaradi Trausti Kóng-
ur: eg ætla ad láta byggia múr kringum
hús þetta, sem sé nógu hár, til þess ad húss-
búinn ecki fari upp yfir hann, og inní gard-
inn

inn minn, en ecki svo háann, ad hann géti ei sied inní gardinn, því ad ad er ei rétt ad innibyrgia hann eins og í fángelsi. Þessi múr skal ná út úr gardinum til beggia hlida, og þar skuln þessi ord vera málud á med gylltum bókstofum: Sá Kóngur, sem lét byggia gard penna, vildi heldur láta petta lýti vera á honum, enn vera óréttvís móti einum þegna sinna, í því ad taka frá honum hans fødurleifd, til hvørrar Kóngur sá hafdi engann rétt, nema ad hann var voldugri. Allt hvad eg sie er mér til blygdunar, svaradi Rádrikur, og eg má játa, ad eg ecki hefi svo mikid giort, sem ímindad mér Þær hugprydis dygdir, sem menn verda mikir af. Já, Trausti Kóngur! þessi múr verdur prýdi á gardi Ydar, og ad sóma-verk, sem Þér giorid í ad uppbyggia hann, verdur prýdi í lífssogu Ydar! En náduga Frú! hvar af kémur ad, ad Trausta Kóngi bregdur svo hægt og náttúrlega til þessara stór-dygda, sem eg hefi ecki svo mikid, sem ímindad mér, eins og eg strax sagdi? Stóri Kóngur! svaradi Borghildur honum: Trausti Kóngur er uppalinn af þeim foreldrum, sem hofdu ýmugiust á honum, og hann hefir lidid mótmæli sídan hann fæddist í veroldina, hann hefir þess vegna vanid sig til ad undirkasta sig annara vilia í ollu því, sem ecki hefir ofmikid áridid. Vegna þess hann var einkis rádandi í Kóngs-ríkinu, medan fadir hans var á lífi,

svo gat hann ecki audsýnt nockrum neina nád, og þar allir vissu, ad Kóngurinn hafdi í sinni ad giora hann arflausann, svo virdtu sniadrararnir hann ecki svo mikils, ad vilia sýnna hann, því þeir héldu þeir hefdu eckert ad óttast, eda neins ad vænta af honum; þeir slepptu honum þess vegna vid skickanlega menn, sem af eintómis skyldu héldu sér til hans, og af umgengni med þeim hefir hann lært, ad sá Kóngur, sem rædur einn ollu til ad giora gott, hefir hendurnar bundnar þegar illt á ad giora; ad hann stiórnar friálsum monnum en ei þrælum; ad þiódirnar hafa ei undirkastad sig sínum líkum, med því ad gefa þeim Kórónu og Kóngs-riki, nema til ad útvelia sér þar med fedur, verndar-menn laganna og hæli handa fátækum og undirþryckt-um. Þér hafid aldrei heyrt talad um þessar stór-dygdir; Þér urdud Kóngur tólf vetra gamall, Ydar Lærimeistarar, hverium trúad var til ad uppala Ydur, hugsudu ecki um annad, enn undirbúa sína lucku med ad komast í nád hiá Ydur; Ydar stollt kolludu þeir Höfdíngs-lunderni, og Ydar funa-brædi, ad skiptagédi sínu, í einu ordi: þeir hafa allt hingad til ollad ólucku bædi Ydar og Ydar vesælu þegna, hverja Þér hafid álitid og medhendlad eins og þræla, vegna þess Þér hugsudud ad þeir væru ei til annars í heiminum, enn ad þrælka undir Ydar vilia, í stadinn fyrir ad Þér erud sannarlega ecki þar til annars,

enn

ein ad þióna þeim, vernda þá og vardveita. Rádrikur Kóngur vidurkendi, ad þetta væri satt, sem Borghildur Kóngs-dóttir hafdi sagt; hann lærdi skyldu sína, kappkostadi ad uppfylla hana, med því ad yfirvinna sialfann sig, og styrktist vel í þessum ásetníngi af dæmum þeirra Trausta og Vakurs Kónga, hvorier, medan þeir sátu ad ríkinu sínum, héldu þeim sömu dygdum, er þeir hofdu frá upphafi haft.

Föstudaginn, 7 Novembr.

XVII. Ecki er allt sem sýnist.

Eg kom fyrr inn í badstofuna í qvold enn eg var vanur, rétt fyrir dagsetrid, ádur enn farid var ad qveikia, kom þá Lídur litli skömmu þar eptir med mesta hlaupi, og ondina í hálsinum, eins og hann hefdi verid elltur. Eg hafdi bannad bornunum ad hlaupa, eda ellta hvort annad í mirkri, spurdi hann því, hvar fyrir hann hlypi svo ákaft? hann kom naumast upp ordi fyrir einhverju, sem nidri í honum bió, en þá hann hafdi fengid gott andrúm, kom upp hid sanna, því born mín vita fyrir víst, ad þau fá fyrir enga yfirsión visssara straff, enn ef þau segia ósatt, eda leyna sannleikanum, þegar eg krefst hans; þetta reyndist þá, ad hann hafdi sied eitthvad óhreint

í gaungunum. Eg lét hann lýsa því nágvæmlega fyrir mér, og var það, að í eldhúsgaungunum hefði hann sied stórt manns-höfuð, andlitið náblekt og lodið, sem hefði horft inn í badstofu-gaungin og tindrad úr því öllu. Eg spurdi hann, hvort hann hefði ei munad til þess, sem eg hafði útþryckilega og opt skipad honum og systkinum hans, að nær, sem þau þættust sjá eitthvad, skyldu þau strax hægt og stillt ganga til þess og þreifa á því, en Lídur minn mátti játa, að þó hann hefði munad til þess, þá hefði hrædslan í þetta sinn svo umspennt sig, að hann hefði strax gripid til fótanna. Eg ítrekadi þá enn aptur, sem eg opt ádur hafdi sagt, að menn ættu ætíd að hugsa, að hvad, sem þeir sæu, skyldu þeir láta vera fyrsta þánka sinn, að það kynni vera náttúrlegt, gieta því að öllum atvikum, til að komast að hvernin ástatt sé. Eg hefi, Lídur minn, sagdi eg, sied marga drauga og ófreskiur á æfi minni, en ætíd reynt, þegar eg hefi farid að athuga þá, að þeir hafa verid einasta mis-sýningar, og svo vænti eg náblekta lodna hofudid þitt sé. Nú skulud þid öll sjá þetta, hvad það er, og ganga med mér hægt og stillt; fari eckert yckar fram fyrir mig. Þegar vid komum fram í gaungin, fundum vid eins og Lídur hafdi sagt, og þar að auk var andlitid miog bláleitt, en annad augad sást ei, hitt lá útnad út á kinnina. Eg géck síðan hægt og hægt, en skipadi nú Líd, að þreifa

á þessu

á þessu andliti, og þá hann þordi ecki, vard Gudmundur litli til, sem þó var hugri, og þá reyndist, ad á baki ockar var gluggi, sem úr hafdi verid tekinn skiárinn, túnglskin var biart úti, frost og heidríkia, túnglid skein gégnum gluggann á vegginn, sem var móts vid, hann var tirióttur af elli, hafdi verid rakur af hláku og slagnúgi í því hörku frost kom, sem héladi hann og tiriurnar, hvad þegar upplýstist af túnglskininu, leit út eins og stórt náhleikt, lodid andlit, med bláleitum blæ, þar, sem ís-kristallarnir vórn, en lítill torfu-snepill allteins héladur stód út úr veggnum, þar sem líklegt er verid hefdi augans stadur á minninni, og svo var þessi óttalegi draugur þá af ockur nidur-súnginn, en börn mín hlóu ad ollu saman á eptir. Þar eptir þegar vid vórum komin aptur inn í badstofuna, sagdi eg þeim, ad svo hægt, sem verid hefdi ad komast hér ad sannleikanum, þá væri þad opt torveldt, þó einhver náttúrleg orsök kynni ad vera mis-sýningunum ollandi, skyldu þau því ætíd bruka mestu varkárni og athygli þar, sem svo stædi á; og til ad innprenta þeim þad því betur, las eg fyrir þeim nockud um drauga úr því ypparlega riti um Lopt-sjónir, sem finst í Islendska Lærdóms-Lista Félags ritum 3 bandi, og sídan sagdi þeim eptirfylgiandi dranga-sögu:

Nockur börn höfdu lært vel lectíurnar sínar, svo fadir þeirra lofadi, ad giora þeim það aptur í vil, ad sýna þeim draug, og skyldi það ské daginn eptir. Varla vóru börnin komin á fætur fyrr enn þau fóru ad minna fodur sinn á það loford. Þau bidu allann daginn framundir dagsetur, en aldrei kom fadirinn. Loksins, rétt eptir dagsetrid, kom hann, géck hægt og alvarlegar enn hann var vanur, og med þýngra svip. Nú! börn litlu, sagdi hann, komid þid med mér, í loptid mitt, en verid þid kyrr og stillt, engin manneskia má tala nockurt ord, og hvort eitt yckar á ad standa í sömu sporum, og eg segi því. Þid egid ollsomun ad horfa fram á nidt gólfid. Sídan géck hann hægt og stillt upp stigann, leiddi svo eitt og eitt af börnunum inn í loptid, þar var nida-mirkur, hann setti hvort af þeim á þann stad, hvar það átti ad standa. Verdid þid ecki hrædd, sagdi hann, því nú kémur draugurinn! í sama augnabliki kom reikur upp úr midju loptinu, og í honum sýndi sig hryllileg og óttaleg sképna. Fyrst kom hrædilega stórt hofud med óskapa stóru parruki, sídan hinn parturinn af likamanum, med miklum hnúd á bakinu, handleggirnir vóru eins og á risa, fæturnar eins og á dvergi, en í hægri hendinni hélt hann á mannshofdi, sem blæddi úr striúpanum. Þessi ófreskia stód þar nockra stund fyrir augunum á þeim, og hvarf sídan smámsaman burtu. Fadirinn

irinn spurdi, hvort öll hefdu sied þetta? en eckert barnanna þordi ad svara, nema hann Nicolaus, þó sáu öllsaman drauginn. Fadirinn skipadi þá öllum, ad hvort skyldi standa þar sem þad væri, en fór sialfur og sókti liós.

Fadirinn. Nú! sáud þid drauginn?

Lisebeth. Hvornin gieck þad til?

Fadirinn. Þú skilur kannske ecki hvornin á þessum draugi stendur.

Lisebeth. Ecki, en hvornin fórud þér ad því?

Fadirinn. Heldur þú, eg hafi smídad drauginn? hefdi eg ecki svo opt sagt þér, ad í öllum þess slags siónum er annad enn þad, sem sýnist, og ef eg hefdi verid þér aldeilis ókunnugur, en sagt þér, ad eg skyldi láta þig sia draug, þá hefdir þú hugsad og trúad því fast, ad eg hefdi verid galdra-madur, sem hefdi vakid upp anda.

Lisebeth. (starir fram fyrir sig) Hvornin gat þad gengid til?

Fadirinn. Eg verd ad sýna yckur þad, til þess þid ecki látid narra yckur seinna med þess slags brogdum. Skodid þid hérna í stocknum, (hann lýkur honum upp) er sión-hverfinga skridbitta —

Sinrik. Á! þad er sjónhverfinga skridbittan mín, sem hann afi minn gaf mér í sumargiof í vor.

Fad-

Fadirinn: Hún er það, sem hér hefir giort allann leikinn. Hér siáid þid allt, sem eg hefi brúkad til þess: siónhverfinga skridbittuna, spegil, litid gler, hvar á sú mind er máluð, sem þid sáud, en yckur syndist miklu stærri enn hún er, og glódar-kér. Hérna ofan á stockuum er lok, sem má taka af, og láta aptur eins og hvorr vill. Eg setti siónhverfinga skridbittuna, med liós-thrunni hennar ofan í stockinn, og ofanyfir stocknum lét eg vera spegil, sem liggur á ská; málada glerid setta eg á sinn stad í skridbittunni, og lét þar eptir lokid ofanyfir stockinn. Sídan eptir ad þid vórud komin hvort á sinn stad, tók eg lokid af, setta glódar-kérid á lokid rétt yfir skridbittu-liósinu, þá sást í speglinum sú mind af málada glerinu, sem annars hefdi ordid á stocks flatveginum, spegillinn kastadi mindinni frá sér, svo hún syndist flokta í reiknum, og þid gátud sied hana. Til þess nú ad sannfæra yckur um, ad eckert meira þarf hér til, og ad allt hafi svona tilgengid, þá skal eg ad nýiu, syna yckur alla siónina. Lisibeth! sæktu mér nockrar glædur! Lisibeth kom strax med þær: Fadirinn setti spegilinn eins og hann átti ad vera, málada glerid inn í skridbittuna, og allt eins og hann hafdi í fyrstunni radad því nidur, þá sást draugurinn strax aptur skélfilega stór, flaktandi í reyknum. Siáid þid nú oll, sagdi Fadirinn?

Oll

Øll børnin. Já, já, rétt eins og í fyrra sinni.

Fadirinn. Eg skal líka láta thad hræra sig (draugurinn syndist stundum heill, stundum hálfur) og thad giori eg med bandi, sem eg hefi á glerinu, svo eg gét hvorist dregid thad upp eda nidur. Í stadinn fyrir thetta skrýmsli, sem nú er málad á glerid, má mála á thad einhvoria manneskiu, sem vid theckium, eda einhvorn, sem daudur er, og mála andlit hans og klædnad eins og var í hans lifanda lífi, ellegar hvoria adra mind, sem vill, og fara eins med thad, eins og eg fór med thetta gler. Hægt er líka ad tempra hvad stór eda lítil myndin á ad synast, eptir thvi, sem skridbittan er stór eda lítil. Uppá thann máta er eins hægt ad brenna rósir eda onnur blómstur, og láta thau svo rísa upp úr theirra egin øsku. Thar til tharf ecki annad enn mála thess slags blómstur, sem madur ætlar ad brúka, á gler, brenna upp thad sammarlega blómstur og sídan brúka hid málada, eins og eg ádan syndi yckur. Af thessu siáid thid hvad hægt er ad giora siónhverfingar, og láta augun svíkia thá, sem ecki skilia thesshättar konstir.

XVIII. Engu ad trúa ecki er gott, en øllu hálfu verra.

Eptir ad eg, born mín og fólk, hefdum meira talad um einar og adrar drauga-siónir, sner-

ist

ist talid til annara kinlegra hluta, er menn kalla forynjur og fyrirburdi; medal annars um sióinn, sem altalad var í fyrra, ad ordid hefdi ad blódi í Austfiórdum. Kom líka til tals, hvort slíkar frèttir gætu verid sannar, og ef sannar væru, hvort þær gætu haft nockrar náttúrlegar orsakir, edur væru furduverk, sem bodudu eitthvad sérlegt, hellst ólucku tilfelli. Eg sagdi þeim mína meiníngu, ad ei væri ad fortaka ad eitt og annad þesshátter væri satt, og líklegra ad fátt af því væri aldeilis uppdiktad, en optast væri þad ýkt. Þad besta rád væri sama og eg hefdi nefnt um draugana, ad gæta náqvæmlega ad ollum atvikum, einkum vara sig vid hræddslu, sem blindar hugskotid en ríglar allri athygli, og alltíd láta þann þánka vera hiá sér fyrstann, ad hvad, sem vidber, sé náttúrlegt, því hvorsu fátt er þad í náttúrunni, sem vér þeckium og skílium? En ad þessi blódlitur á vatninu géti náttúrlega til verid, uppá þad skal eg segia yckur fáein dæmi: Þad hefir skéd, ad kaupfar hefir fyrir nordan Melracka-Slettu hitt stóra bletti og fláka, sem hafa verid raudir, sem blód, og ei ólíkleg tilgáta verid hafi af raudum þara. Ad vatn skyníst blódraudt, þá raudt aptan-skin á vissann máta gliáir á þad, er marareynt, en ókunnugir og óvarir géta samt bleckst á því. Í Dornburg setti kona nockur pott á eld, med ollu því, er til grautargérdar þarf, en þá hún tók hlemminn af, var grauturinn blód-

raud-

raudur. Ecki er óliklegt orsokin til þess hafi verid Járn-saffran, (crocus Martis) því ad visu var þad orsokin til blódvatnsins hiá Kónigsberg 1712, sem miklar sogur gengu af. Árid 1684 þann 6ta Decembr. vard votnunartiornin í þorpinu Teumpaiten í Preussen full af blód-dropum, sem vóru innanum ísinn, því í dogun um morguninn hafdi tiornina lagt. Hvad allir urdu hræddir, verdur ei frásagt; nærsti Prestur var sóktur, hann lét brióta vök á ísinn, en undir honum lá blódid hálf-storknad og lifrad; því var ausid upp med ausu í kétil, hann hengdur yfir eld, en þad var blód eins og ádur, og flaut eins og blódlifrar ofaná vatninu, þó hafdi þad þá blandadann lit af grænu, svortu og raudu, og sterka lykt líka Fiólum. Annar Prestur, var þángad sóktur, frásaga um þessi undur var send til Amtmannsins í Tilsit, til Kiorfurstans siálfs í Berlín og vída, svo eptir ad allt var vel ransakad, vigtad og yfirvegad, vard úrskurdurinn sami og vídast fell um blódid í Austfiordum í fyrra, ad þad bodadi Guds hrædilegann reididóm, og ógnarlega eptirkomandi blóds-úthellingu í landinu. En hvorr þorir nú eptir meir enn hundrad ár, ad dæma um, hvad þad var? samt má giska á, ad þad hafi verid Byssus jolithus, sem er eitt hid minnsta slags vaxandi dupt raudt, eins smátt og fint, sem misl, og náske þar med Byssus botryoides, sem einnig er eins og misl, en dockgrænt og finst þar,

sem

sem vatn hefir stadid á um veturinn. Hvortveggia ßad finst medal grasa ßeirra, sem hinir miklu urta-ßeckiarar König og Mohr reikna ad hafa vaxi hér í landi. Riddarinn Linnée var einusinni á ferd hiá Eyrabrú í Sviaríki, sá ßar vatnid undir brúnni blódraudt, og ad ßoddurnar í vatninu vóru eins og blódugar á hofdinu. Hann skodadi ßetta med gódu stækkunargleri, sem hann hafdi hiá sér, og fann ad sá raudi litur var fyrirnefndur Byssus, en lyktin af honum, var eins og af Fiólum. Arid 1668 ßann 7da Júnii vard vatnid í grafunum kringum Marienburg í Preussen blódraudt, og hvad sem í ßad var dýft, vard raudt eins og blód. Allir háir og lágir urdu óttaslegnir, og meintu ßetta bodadi annadhvort skelfilegt stríd edur eydileggiandi drepsótt. Vidlíkt skédi í Leyden í Hollandi, ad allir brunnar kringum stadinn urdu ad blódi, og hrædslan vard eins mikil. Til lucku var Náttúru-spekingurinn Swammerdam ßar staddur, hann sá og syndi ollum, ad einasta orsokin var Vatns-flóin (monoculus pulex), sem er miog smá, dockraud á lit, og hvoria sá fródi og velßenkiandi Mohr kallar algenga hér á Islandi. I Nedri Lausitz er stodu-vatnid Straus, sem optar enn onnur fær blód-lit. 1737 vard ßad al-raudt, en 1752 al-grænt; var ßá til Visinda-Félagsins í Berlín send flaska af ßví, en vard ei samt í ßad sinn uppgotvad hvar af liturinn kæmi. Má ßar af

marka,

marka, ad eigi er þad allt kraptaverk eda yfirnáttúrlegt, þó lærdir menn géti ei sagt orsökina til þess, því sídur má ætlast til ad líttlærdir géti vitad hana. Í Sýrlandi er á sú er fordum hét Adonis, en nú á dögum kallast Ibrim. Hún verdur á stundum blódraud, sem í fyrndinni var haldid væri blód úr ædum þess Adonis, hverium áin var helgud, en nú er alkunnugt ordid ad sá raudi litur kémur af Meniu, sem er nálægt árbockunum, og samanblandast vid vatn hennar þegar þad í regn-tídinni flóir út yfir backana. Í jardskiálftanum, sem 1755 eydilagdi stadinn Lissabon vard sú umbreyting á hvernum hiá Töplitz í Böhmen, ad hann hætti ad renna í 6 eda 7 mínútur, en ad þeim tíma lidnum vall upp úr honum á hálfum klucku-tíma svo mikid af blódraudu vatni, ad sigla mátti á bátum á strætunum. Þætti mér líklegt ad landskiálftinn hafi þar hrist upp hvera-leirinn saman vid vatnid, álíkt og hiá oss skédi í jardskiálftanum 1784, þá vatn í brunnum af sömu orsök vard hvítt.

Auk þessara dæma, sem nú hefi eg talid um vatn, er af hendingu eda stuttann tíma kann raudlitad verda, eru líka vötn til, sem jafnadarlega sýnast svo, hvad ed optast kémur af raudleitum botni, er vatnid rennur á. Rauda Hafid á hér ecki heima, því bædi er vatnid í því eitt hid tærasta, og þar til er ei

botninn í því raudur, því þó í einstoku stad finnist þar raudur sandur, og raud Marmenn-ils-smídi, þá eru þessi sídar-nefndu þar til líka eins morg hvít, og sandurinn vídast odruvísi litur enn raudur, er því líklegust sú meining lærdra manna, ad Hafid hafi fengid nafn sitt af Raud (*Erythra*) Kóngi, er tiáist vera skamt þar frá heygdur, eda þó enn heldur af auknafni Esau Jsaacsonar, Raudur (Edom), 1 Mos. 25, 25. 30. því afkomendur hans Edomítar hofdu bústadi sína austan med Rauda Hafinu, svo þad med ollum rétti gat kallast Jdumæiska, þad er, Edomítiska Hafid eda Raudz-Haf. Raudi brunnurinn í Blálandi, sem Plinius talar um, meina menn hafi haft lit sinn af Meniu, sem þar finst í jordinni. Ain de Valbuena í Chaco, sem er skamt frá Paraguai í Sudur-America, er sogd blódraud á lit í midiumni 40 sió-mílur á lengd, hvad ed kémur af raudum botni hennar, og sumur qvíslin af Mayn í Þydskalandi kallast Rauda Mayn, því þar rennur hún á raudum leirbotni, og líka fær ad nockru leiti randann lit af honum; er Randilækur í Holtamanna-Hrepp ad visu ecki þeim ólíkur, af því ad raud-gulur járn-leir og mýra-raudi (ochra ferri), er á botni hans, einnig í miklum regna-gángi giorir hann gruggugann med nockurskonar raudalit. Og svo eg enn nú tilfæri eina orsok til raudlitads vatns, þá kémur hin stóra nafn-

frægd

fræga elfa Misisippi úr stodu-vatni er Engelskir kalla *Redlake* edur Rauda-vatn, hared í botni þess er raudur brennusteins-leir, sem líka setur raudann lit á sjálft vatnid.

Um Blód-regn, sem er sjaldgæft, en náttúrlegt tilfelli, hirdi eg ecki ad tala, þar þid í Islendska Lærdóms-Lista Félags Ritunum 2 B. 247-8 S. og 3 B. 149 S. hafid upplýsingu um þad. Vanþecking og hiátrú meina ad allt bodi eitthvad, sem þær annadhvort aldrei hafa ádur sied, eda sjaldan vitad til. Svo sem t. d. misg breytileg nordurljós, halastiornur, víga-hnettir, stiornu-hrap og margt fleira. Þid þecktud hann Gitsur heitinn, sem fyrir skommu er daudur, hvar sem hann kom, hafdi hann optastnær einhverja vitrun og speki, en ógæfan var, ad táku hans og fyrirburdir sögdu honum svo sjaldan, sem aldrei, satt. Eg gierdi ad gamni mínu, og kastadi upp á blad fylgiandi Grafskrift eptir hann:

XIX. Grafskrift, 1794.

Hér er grafinn hann Gitsur, sem þeckti allt hvad hvorr hlutur bodadi. Hann sá í hverju einu nordur-ljósi sverd, sópa, riddara-lid, Kónga sitiandi á dóm-stólum, og stundum disflana í reyk og svælu, og jafnvel kettir miámadi sjaldan svo, ad Gitsur meinti ei þad hefdi eitthvad sérlegt ad þýda. Fyrir bólunni

dreymdi hann ecki, þvi sidur meir, fyrr enn eptir ad hún var vída gengin; tveir Keisarar dóu hvorr á fætur odrum, Kóngurinn og Drottningin í Frackandi vóru hálshoggvin, en hvorki sást á undan hala-stiarna, edur neitt sérlegt himinteikn. Pad sveid Gitsuri sárast, ad eckert skyldi boda slík mikilvæg tilfelli. Kona hans lagdist í sótt, og þá sá hann stiornuhrap. „Æ!" sagdi hann, „þad bodar ad „konan mín á ecki lángt eptir, ellegar hér kem„ur nytt mannfall." Konunni batnadi, og af mannfallinu vard eckert. „Nú veit eg," sagdi hann, "hvad stiarnan hefir átt ad þýda. „Hún var Luckustiarna: annadhvort verdur „fiskurinn ad ári dýrari, ellegar mér fellur „arfur eptir annannhvorn fodurbrædra minna." Danskir gáfu ecki helming fyrir fiskinn vid þad, sem ádur var, og fodurbrædurnir lifa enn. Þar á mót dóu þeir bádir, hann Gitsur og Rótturinn hans.

Laugardaginn, 8 Novembr.

XX. Dæmi-søgur.

5.) Liónid og Asninn.

Asninn loddadist einusinni úr forar-bóli sínu, kom auga á Liónid, géck til þess og sagdi: sæll vertú bródur-heill! Liónsinu vard flennt vid, hvad

hyldi sig, en undir eins og það sá framan í þennann bródur, sagdi: það er ecki verdt ad leggia dugnad sinn á svoddan óhræsi, því um Ásna er ecki verdt ad kiæra sig.

6.) Sátt er svo aumt ad ecki egi sér vesælla.

Hérarnir urdu einusinni daudhræddir af þyti, sem vard í skóginum af vindgolu, hlióduðu því hátt uppyfir sig, ad betra væri ad missa lífið hreint enn vera í slíkum sífeldum ótta. Þeir rédu þá af ad hlaupa út í tiorn, og dreckia sér þar. En þegar þeir komu ad backanum, urdu Vatns-poddurnar svo hræddar, ad þær stucku þadan yfir háls og hofud, og foldu sig í sefinu. Þá tók einn Hérinn til orda: vid erum ecki þeir einustu, sem hræddir eru, það mun best, brædur gódir! ad halda lífinu, og þola sumu mædu, sem adrir hafa ad bera.

7.) Þagmælskan.

Abbadís í klaustri nockru var í svo miklum metum hjá Johannes Pápa hinum tuttugasta og þridja med því nafni, ad hann, svo ad segia, lét allt eptir hennar bænum. Nú er manneskiunni svo varid, ad mikid vill ætíd meira, og lokkins færdi hún og Nunnur hennar sig svo uppá skaptid, ad þær beiddu um leyfi, ad mega skriftast fyrir qvenn-persónum. „Æ

„heilagi Fadir!" sagdi Abbadísin; „láttú ock„ur ecki lengur þurfa ad skriftast fyrir Prest„unum! vid feilum ockur vid ad játa ockur í „ollu fyrir karl-mönnunum, því í voku og „svefni, kann margt til ad bera, sem þeim er „ecki trúandi fyrir. Leyfid þér ockur héreptir, „ad skriftast, hvor fyrir annari, því vid qvenn„fólkid hafum betur vit á, ad leggia út af „ockar syndum innbyrdis, enn þeir." Páfinn átti sídst von á þessari bæn. „Hvad? „vilied þid sitia í skrifta-stólnum? þid, elsku„dætur! gétid verid heilagri kirkiu til upp„byggingar í odru! Því vita skulud þid, ad „þetta Sacramenti útheimtir mikla þagmælsku, „sem yckur qvennfólkinu var aldrei lént. En „máské Nunnurnar í þessu klaustri taki ollum „odrum qvenn-persónum fram, og Abbadísina „þecki eg, ad henni eru fáir karl-menn fremri; „eg ætla þá til reynslu, ad senda yckur eski„ur í dag, sem þid megid ecki liúka upp, „og ef þid sáid mér þær aptur, þegar eg „heimti þær, svo eckert sé um þær haggad, „þá veit eg ad yckur má trúa fyrir launúng„ar-málum, og þá skulud þid fá yckar bæn." Eskiurnar komu. Straz flaug sú fregn um allt klaustrid, og Nunnurnar hlupu til ad skoda þær, preifa á þeim, velta þeim fyrir sér, og hvor hrifsadi þær af annari, til ad forvitnast hvad í þeim væri; þær fundu líka ad eitthvad var, sem hrærdi sig, en til lucku kom Abbadísin ad, og í því gall náttsaungs-kluckan vid,

svo

svo í það sinn var eskiunum ecki upplokid. Forvitnin qvelur opt meir enn! sorg og sút! Nunnurnar urdu andvaka, og á Abbadísinnar auga kom ecki dúr alla lidi-lánga nóttina. Í morgun-saungnum heyrdist ecki ein skiær rödd, hofudin héngu, augun vóru dopur, margar systurnar tóku ecki undir, eckert lag var á saungnum, en bænirnar muldrudu þær í hálfum hlióðum, og vóru ad píkra þess á milli, og spyria hvor adra hvad til gæti komid, ad þær mættu ecki liúka upp eskiunum? Eptir morgun-tídir vóru þær á riátli og ringul-reit, en loksins fóru allarsaman til Abbadísinnar, og bádu hana audmiúklegast lofa sér ad eins ad lítá einusinni ofan í eskiurnar, „því," sögdu þær, „það þarf ecki ad fara annara á milli, „vid gétum allar þagad, og engin manneskia „skal géta rádid í það, ad hrært hafi verid „vid lokinu, allt er óforsiglad, og vid skulum „setia þel á ockur, hvornin allt stendst á og „lokid er núna látid ofanyfir." Abbadísin var eins forvitin og þær, lauk upp eskiunum, og í því flaug titlingur upp úr þeim. Ad vorrnu spori var barid ad dyrum — það var Páfinn sialfur, sem kom og heimtadi strax eskiurnar, því í þeim, sagdi hann, er leyfis-bréfid, sem þid hafid bedid mig svo mikilega um. „En — engin yckar fer ad sækia þær? „hvar eru þær? fáid þid mér þær! — hvad sie „eg? er leyfis-bréfid flogid burtu? qvenn-fólkid „er ad sönnu nógu skarpt og klókt, en eg sie

„ad launúngar-mál eru ecki í gódri geymslu „hiá þvi! skrifti Prestarnir yckur, eins hér „eptir og verid hefir.“ Engin þeirra kom upp einu ordi fyrir sneipu, nema ein úng Nunna, sem sagdi: „ecki er eg fyrir þær nýúngarnar „þær arna! vel kémur mér saman vid hann „Skrifta-fodur minn.“

8.) Sitt er hvad, gæfa edur giörfugleiki.

Hiortur nockurr stód vid tiorn, og sá sig í henni; honum þótti hornin med þeirra qvíslum vera sín mesta prydi, en qvaldist af ad sjá hvorsu miódir og pervisalegir fæturnir vóru. Medan hann var ad skoda sig, og hugsa um þetta, heyrdi hann hunda-gey, og lúdur-þyt veidi-mannanna. Hann tók þá til fótanna, og vard alltíd lángt á undan hundunum, en loks-ins, sem hann ætladi ad fela sig í skóginum, vard hann þar fastur á hornunum, og rifinn á hol; þá sá hann heimsku sína, og ad það, sem hann mest hafdi foraktad, biargadi lífi hans, en hitt, sem hann hafdi haft mestar mætur á, vard honum ad bana.

9.) Svo skal leidann forsmá, ad ansa honum engu.

Þóa vard einusinni á vegi fyrir Lhyrdyri, gaf sig á tal vid það, fór ad hrósa því, og slá því gull-hamrana. „Hvornin erud þér „núna

„núna einn á ferd, hinn fridasti og elskuverd-
„asti allra ferfætlinga? látid ydur ecki mis-
„þócknast, ad eg gefi mér þá æru, ad fylgia
„ydur til ydar góda heimilis, ellegar ef þad
„mitt ringa tilbod nyti ecki þeirrar lucku, ad
„á-vinna sér ydar samþycki, þá virdid mig
„þess, ad koma heim til mín. Þér gætud
„aldrei giort mér stærri þénustu, eg aptur á
„mót á mína sidu skal giora allt hvad mér
„er mogulegt til ad taka á móti ydur, eins
„og slíkum hofdingia sómir.“ Med þessum
ordum lét Tóa sylgia blídasta tón, hrasta
vidmót, vina-svip, og diúpt bukt. En þegar
hún sá, ad Lyngdyrid foraktadi hana, og lét
eins og þad heyrdi ecki, stock hún uppá nef
sér, og sagdi med grófu stollti: „ecki tek eg
„þad aptur, ad eg kalladi þig fallegann, því
„þad ertú, en skomm er ad því hvad grófur
„þú ert. Ertú heyrnar-laus, furturinn þinn?
„ellegar ertú svo naut-heimskur, ad þú kunnir
„ecki ad svara einu þægdar ordi vid mig, sem
„er ad bera á þig hólid?“ Lyngdyrid sá,
ad þad gat ecki undankomist ad tala, svaradi
henni því í sama tón: „þú ert enn heimskari
„med sladrid þitt, sem þú ert ad bera í hvors
„eins eyru, en þad er þó ecki annad enn
„einber vani, því hugur fylgir aldrei máli
„hiá þér. Ef þú hefdir vit á, þá sæir þú,
„ad þú gætir ecki endt þad, sem þú lofar,
„og oll þín fogru ord eru ecki annad enn

„hreckir. Eg forakta allt hvad þú talar, því „eg trúi engu af því.“

10. Miklu veldur hvata-madur.

Lúdur-sveinn nockurr, sem hafdi blásid til bardaga, og margvíslega þeytti lúdur sinn, til ad hvetia upp stridsmennina, vard af óvinunum tekinn til fánga. Hann grátbændi þá, ad drepa sig ecki, því þid siáid, sagdi hann, ad ecki hefi eg tekid lífid af uockrum yckar manna, eg hefi ecki vopn til þess, hér er ecki nema lúdurinn minn. Hans vegna skalltú deya, svorudu þeir, því þó þú hafir ecki gétad drepid ockur, hefir þú samt verid ad hvetia adra til þess.

11.) Illt er ad ega þræl fyrir einka vin.

Hafur og Tóa vóru á ferd í miklum hita, sókti þau mikill þorsti, og fóru ofan í brunn ad drecka. Þegar þau vóru búin ad svala sér, fóru þau ad leitast vid, ad komast upp úr aptur. Tóa sagdist vita rádid, til þess ad þau kiæmist bædi upp úr. „Þú þarft ecki „annad, sagdi hún, enn standa upp á aptur-„fótunum, og stydia þig med fram-fótunum „og hornunum vid veggina, þá gét eg klyfr-„ast upp eptir bakinu á þér, og hiálpad þér „svo, þegar eg er komin uppúr.“ Hafurinn hélt þetta væri óska-rád, og giordi, sem fyrir hann

hann var lagt. En þegar Tóa var komin uppúr og Hafurinn beiddi hana ad hiálpa sér, svaradi hún: „Ecki hefi eg núna tíma til „þess; hefdir þú verid eins skynsamur og þú „hefir mikid skéggid til, þá hefdir þú aldrei „farid ofaní svo diúpann brunn, án þess ad „hugsa þig um ádur, hvornin þú mundir géta „komist upp úr honum, en — heimskur er „aldrei hygginn."

XXI. Gátur.

14) Hvorki liós né vindur er fliótari enn eg. Eg ferdast í þá heima, sem eckert daudlegt auga hefir sied, og gét sitt augnabragd verid í hvorium stad.

15.) Vilier þú ferdast háska í stormi og mirkri, þá passadu uppá hús-kornid mitt; það skal vera þér til þénustu, og jafnvel fara med þér ef þú villt.

16.) Eg er módurlaus, en hann fadir minn er madurinn minn.

17.) Svo eg verdi til, géfur stundum eitthvort dýr skinnid af sér, stundum skiólid sitt, stundum ormurinn spunann sinn, og stundum tréd ávoxtinn sinn. Eg er svo diúpur, sem brunnur, þó stundum stór, stundum lítill. Sá, sem hefir vitid, brúkar mig aldrei einann, en sá, sem aldrei brúkar mig, má vera sár-sátækur.

18.)

18.) Vatnid slockur eldinn, en mig setur vatnid í brand og bál.

Sunnudaginn, 9 Novembr.

XXII. Hann trúdi, og allt hans heima-fólk, Joh. 4, 53.

Þegar eg nú er búinn ad sýna ymislegar merkingar ordsins Trú í nýia Testamentinu, og hefi þar fært til margar ritníngar-greinir, þá fylgir þar af, ad eg skil ecki nærri svo stóran fiolda af þeim um sáluhiálplega Trú, eins og margir adrir hafa giort. En þess skírari og skorinordari eru þá þær, sem uppá þad efni hlýda, svo sialfur lærdómurinn um ádurtéda sáluhiálplega Trú vinnur þar vid, en tapar engu, því þessi máttar-stólpi kristilegra trúarbragda er svo vel grundvalladur og skordadur, ad enginn heilvita madur, sem med athygli les Ritníngunа, og heldur hana fyrir sanna, getur um hann efast. Af þeim merkíngum ordsins Trú, sem eg fyrr nefndi, ega hellst skyldt vid:

III. Þá sáluhiálplegu Trú.

1.) Þeckingin. (*I. A.*)
2.) Hlýdin samsinníng. (*I. B. II. C.*)
3.) Viss von um ad Gud haldi sín loford. (*II. B.* b.)

1.) Ad

1.) Ad Þeckingin sé naudsynleg til sálu-hiálplegrar Trúar er audrádid af því, ad enginn kann ad breyta eptir þeirri reglu, sem hann þeckir ecki, hlýda þeim Lærimeistara hvers skipanir, kénníngar, lærdóm hann aldrei hefur fengid ad vita, treysta því, sem hann ecki veit rok til, girnast það, sem hann veit ei hvort er til eda ecki, huggast af eintómri innbirlíngu, og Postulinn Páll fortekur, ad Trúin géti verid án nægilegrar þeckíngar Rom. 10, 17. „Hvernin géta þeir trúad á þann, „sem þeir hafa eckert heyrt um?" Væri þeckingin ei naudsynleg til sálu-hiálpar, þá hefdi hverki Jesús Kristur þurft ad skipa Postulunum ad prédika, né Postularnir svo ort áminnt þeirra tilheyrendur, ad láta sér framfara í þeckingunni.

2.) Hlýdin Samsinníng, sem ritníngin kallar, ad medtaka ordid Luc. 8, 13. Marc. 4, 16. 17. Joh. 17, 8. 1. Thess. 2, 13. Post. G.b. 11, 1. 17, 11. Ad trúa á Krist, edur trúa Kristi 1. Joh. 3, 23. 5, 9. 10. Þessi samsinníng er án hlýdninnar engin, því Jacob segir ad diofflarnir haldi Guds ord fyrir satt Jac. 2, 19. en ei samsinna þeir því meir enn sansaleg manneskia 1. Cor. 2, 14. um hvoria Postulinn segir, hún fallist ecki á (eptir ordinu medtaki) það, sem kærdómurinn um Jesú Krist inniheldur. Adurtéd hlýdin samsinníng finst útþryckilega í Jesú ordum Joh. 12, 35. 36. „lióss-

„id

„id (eg ydar Lærimeistari) er enn litla stund hiá „ydur, gángid (það er breytid, brúkid ydar „útréttingar) á meðan þér hafid það, svo að „mirkrid yfirfalli ydur ecki — á meðan þér haf„id liósid, þá trúid á það, svo þér verdid „liósins born (verdugir lærisveinar ydar Kénni„fodurs);" því í þessum Jesú ordum merkir bædi að gánga og trúa á hid sama, og þessu er aldeilis samqvæmt það, í hvada meiningu sjálfur Jesús tók ordid að trúa, þá hann talaði við Gydínga Matth. 21, 32. um hvad við tóludum á næstunni. Allteins kallar Postulinn Pétur 2. Pét. 2, 20. 21. að þeckia réttlætisins gøtu, það er: að fallast á sannann lærdóm, hid sama, sem rétt á undan heitir hiá honum, að hafa skilid sig við svívirdingar Heidninnar, með því að þeckia Jesúm Krist sinn Lausnara; því hvada þecking væri það, hvada samsinning að vita Lærimeistarinn segdi satt, en hafa ei neina tilsinningu, vilia eda rænu til að fallast á það? lærdómurinn um Jesú Krist inniheldur bædi Guds nádar fyrirheit, og líka þann sáttmála, með hvorium fyrirheitid er lofad; væri það samsinning að trúa á, eda medtaka fyrirheitid, en sleppa skilmálanum, edur jafnvel að forkasta honum? Það væri að minni meiningu sama, og seria upp kaupbréf um skip, hús, eda smídisgrip, gánga að kaupi sínu, en borga eckert eda hirda eckert um með hvada skilmála hluturinn í bréfinu væri af þeim fyrra eganda affaladur,

elleg-

ellegar og taka testamenterad góts, en gánga framhiá þess rádstofun, sem eptirlét þad. Sé mér svarad, ad oll hlýdni heyri logmálinu til, þá vildi eg þad yrdi sannad; en ei læt eg mér nægia, ad vísad sé til þeirra ritníngar greina, sem adskilia logmálsverkin frá trúnni, því þar tek eg ordid verk fyrir þad, sem Mosis logmál skipar. „Kristur er oss gefinn af Gudi „til vísdóms, réttlætis, helgunar og endurlausn„ar 1. Cor. 1, 30.“ Hvoriu af þessu vilium vér sleppa frá Trúnni? máské helgunimni? þá kalla eg ad vér skiptum Kristi, og medtokum hann ei allann edur allann hans lærdóm. Eg vil ei fara lengra enn til þess, sem hann sialfur segir: „Matth. 28, 20. kennid þeim (sem „verda mínir Lærisveinar og skírast) ad halda „allt þad, sem eg hefi skipad ydur. Luc. 6, 46. „Til hvors kallid þér mig, Herra! Herra! „en gierid þó eigi hvad eg segi“ og Joh. 15, 14. „Þér erud mínir vinir, ef þér gierid þad, „sem eg skipa ydur.“ Ecki heldur vil eg nú fá mér til orda Jacobs sannfæringu um þetta efni Jac. 2. Hvad gétur verid skírara enn v. 14. f. s. „gétur Trúin biargad þér án verk„anna? vidlíkt og ef þú mættir fátækum, „nøktum þurfamanni, en segdir: verndú þig, „og bordadú þig saddann, gæfir honum þó „eckert; hvad mundi þad hiálpa honum? „eins er Trúin einber án verkanna krapta„laus.“ Þar eptir v. 20. 22. sýnir hann ad Abraham hafi af verkunum réttlátur ordid,

þeg-

þegar hann offradi syni sínum Jsaac á altarinu. „Þar sier þú," segir Pistils-skrifarinn, „ad Trúin og verkin vóru samtaka hiá „honum, og Trúin vard fullkomin (edur heil) „af verkunum." Þessi Jacobs ord eru svo skír, ad eg veit ei hvad móti þeim verdur hast, og aldeilis samqvæm því, sem Postulinn Páll ad ordi kémst, Gal. 5, 6. ad „Trúin „verki fyrir kiærleikann," það er: sé af kiærleikanum lifandi, hvar af líka má ráda hún sé án hans daud, gagnlaus, eda eins og Jacob ad ordi kémst ecki heil. Eph. 4, 20. 21. er svo lángt frá, ad Páll Postuli vilie slíta evangeliska hlýdni frá Trúnni, ad hann samtengir þar hvorttveggia segiandi: „Ydur hafa „ecki verid svo kend kristin trúarbrogd, ef þér „hafid annars rétt numid og lært þau, hvad „rétt kristilegt athæfi sé, sem er, ad þér egid „ad afleggia þá gomlu breytni eptir ydar forna „hugarfari." og svo fr.

Máské þid, pilltar mínir! steitid yckur á því, ad eg kalla þessa samsinningu hlýdna, en jafnvel þó það ord sé í því samanhengi fáheyrt, þá er það af því þid erud vanari vid ad kalla það lifandi samsinning, hvar ordid lifandi er sama og verkandi, sem kénlur trúandi manneskiu til ad hnegiast til þess samleika, sem hún er sannfærd um, svo sem það líka er ómogulegt ad vita hvad gott og ábatasamt er, vera sannfærdur um það, og því sam-

samsinnandi, en hneigiast þó eckert med innvortis ósk edur vilia til þess. Þessi kraptur til vilians hneigingar kallast almennilega lifandi, verkandi, og jafnvel verkafull samsinning (assensus vivus, actuosus) en eg álít ordid hlýdin samsinning skilianlegra enn hid beginlega (terminum metaphoricum) lifandi. Þid megid eigi heldur hardt á því taka, ad eg segi verkin séu Trúnni samfara, það er, ad vilienn hnegist til góds, strax, sem Guds ord hefir sannfært manneskiuna, og þar med qveikt í henni Trúna, því eg finn hvorgi í Ritníngunni ad þessi hlýdni edur vilians hneging þurfi ad bída, til þess eptir ad Trúin er birtud, þvert á mót segia vorir Gudfrædiskennendur, ad Trúin frá fyrsta augnabragdi sé lifandi og verkafull; vid megum ei úminda oss Trúna og gódverkin í allann máta eins og það tré, sem ber ávoxt; það á nockra stund í ad festa rætur, enn þá lengur ádur það er svo upp úr jordunni vaxid, ad það þeckist ad vera tré, og sídan er það morg ár ad þróast, ádur enn það ber nockurn eginlega kalladann ávoxt. En vilie menn samlikia Trúnni í þessu vid vaxandi tré, þá er Trúin strax lifandi og verkafull, eins og gott trésfræ fer strax ad spretta, þegar það hindrunarlaust finnur hentugann il, mold og vokva.

Þegar adgætt er, ad bádir þeir sáluhiálplegrar Trúar partar, sem eg nú upptaldi eru

sama og upplýsingin, þá siest enn betur, ad eg raunar eigi mótsegi vorrar kirkiu Gudfrædis kénnendum, heldur einasta geng beinni veg enn flestir þeir. Þeir segia, upplýsingin sé tvennslags, sú, sem er einasta í heilanum, það er, einber þekkingin, og hin, sem líka umbreytir hugarfarinu, það er ad skilia hlýdin samsinning, þó láta þeir upplýsinguna ei koma eptir Trúna edur vera hennar ávoxt. Eginlega ad tala, eru ecki heldur þekking og samsinning sú sialfa rétta sáluhiálplega Trú, edur hennar undirstodulegir partar ad odru enn því, ad hún medtekur Jesú lærdóm, heldur tvent það, sem naudsynlega átheimtist til hennar, vidtaka, sem ydranin og góð hegdun, hvoriar þó enginn hefir nockurn-tíma kallad parta Trúarinnar, en án hvorra hún samt ei væri sannarleg og sáluhiálpleg Trú.

3.) En sú eginlegast og réttkallada sáluhiálplega Trú, er manneskiunnar einlægleg von og ósk um það, ad Gud muni halda sitt loford, í því ad gióra hana vegna Jesú Krists, en einkum vegna hans dauda, sáluhólpna, þegar hún medtekur hans lærdóm, edur med enn færri ordum: traust til Guds um sáluhiálp vegna Jesú Krists dauda, (sem þeim einum kémur til nota, er medtaka hans lærdóm.) Hér er þá:

a.) Ein-

a.) Einlæglig von. Pessi von getur verid sterk eda veik. Í fyrra tilfellinu kallast hún Trúnadar-traust, í því sídara getur hún ordid ad eins, einlæg ósk. Henni er mótstædileg forakt Guds fyrirheita, forsómun á því, sem manneskian veit ad Gud hefir tilsett henni til frelsis, kaldt tilfinningar-leysi, óstodugleiki í því ad fallast á sitt í hvort sinn, og orvænting, sem utilokar sjálfa sig frá þessari von. Epheſ. 3, 11. 12. „Vegna Jesú Krists vors Drott„ins höfum vér einurd og adgáng (til Guds) „af því vér trúum á hann (Jesúm)" Ebr. 3, 6. „Vér erum Krists hjú, ef vér höldum fast„lega Trúnadar-traustinu, og enni hrósverdu „von allt til enda."

b.) Guds loford. Postulinn Páll kallar ţad enga Trú, nema treyst sé uppá ţad, sem ecki er fyrir augunum og höndunum Ebr. 11, 1. „Trúin er stadfesti í því, sem vænt er eptir „og sannfæring um ţad, sem ecki sjest." Pau þrjú sérleguſtu dæmi, sem í nýja Testamentinu eru tekin úr enu Gamla uppá Trúna, sanna ţau líka. Ormurinn úr eyri Joh. 3, 14. Abraham Rom. 4, 20. Gal. 3, 8. 16. 18, og stodugur búſtadur í Kanaans-landi Ebr. 4, 1-4.

c.) Um sáluhjálpina, svo heitir ţad um Abraham Jac. 2, 23 ad hann af Trúnni hafi verid „Guds vinur." Marc. 16, 16. „Hver„sem trúir og verdur skírdur sá skal hólpinn „verda." Svo svorudu líka Páll og Silas

Fángelsis-vaktaranum í Philippis, sem spurdi þá ad, hvad hann giora ætti til ad verda sáluhólpinn? Post. G.b. 16, 30. 31. „trú þú á „Drottinn Jesúm Krist, þá verdur þú hólpinn."

d.) Vegna Jesú Krists og einkum hans dauda. 1 Pét. 1, 19-21. „Þér erud „endurleystir med Krists dýrmæta dauda, þér „treystid nú Gudi hans vegna, og gétid haft „von og traust til Guds." Rom. 3, 22. 24-26. „Eg tala um þá gædsku, sem Gud „veitir, og allir trúadir fá af traustinu á Jes- „úm Krist — verda svo, án þess þeir sjálf- „ir vinni til þess, af Guds miskun, freisadir „frá straffi, og góds hlut-takendur, vegna „þeirrar endurlausnar, sem Jesús Kristur „afrekadi; þennann tilsetti Gud, ad hann skyldi „vera forlíkunar-offur þeim, sem treysta á „hans dauda."

e.) Þeim sem medtaka Jesú lærdóm; hvad það þýdi, sagda eg yckur á Sunnu-dags-qvøldid sem var, *II. C.* En hér má ei gleyma því, sem eg ádan sagdi um ad med-taka allann Jesú lærdóm, og þeir einir medtaka, sem líka brúka hann, og heimfæra uppá sín egin efni, 1. Joh. 1, 7. „Ef vér hegd- „um oss eptir enni réttu þeckingu, eins og „Gud giorir það, sem hann þeckir réttast, „þá kémur Gudi og oss innbyrdis vel sam- „an, og vegna Jesú Krists hans sonar dauda „verda syndirnar oss fyrirgéfnar." Joh. 3, 16.

„Svo

„Svo elskadi Gud manneskiurnar í heimin„um, ad hann gaf sinn eingetinn son í dauda, „til þess, ad allir þeir, sem á hann trúa, fyr„irfarist eigi heldur fái eilífa sælu," og v. 36 „hvorr, sem trúir á soninn, mun fá eilífa sælu, „en sá, sem ecki vill trúa (það er líka hlýda) „syninum, fær eigi þá sælu, heldur verdur „af Gudi til lángframa straffadur." Það orda tiltæki, sem hér og svo vída finst í nýia Testamentinu ad trúa á Jesúm, þýdir optast eda jafnvel ætíd, ad sá trúandi vænti sér alls góds Jesú vegna, en medtaki hann og hans lærdóm, svo honum sé undir eins hlýdt. Ebr. 5, 9. Rom. 1, 12. þýdir ordid Trú sama og ad hlýda því, edur giora það, sem kristin Trúarbrogd innihalda, í því tilliti kallast líka þau somu hlýdni trúarinnar allvída í nýia Testamentinu, svo sem eg ádur hefi ádrepid. Ritníngar-greinir uppá þetta eru ótal, sem tíminn leyfir ei ad fletta upp í þetta sinn. Já, það finst líka, ad í fyrstu medan ei var klárlega búid ad kénna fólkinu um Jesú Krists persónu, vóru þeir reiknadir ad trúa á hann, sem medtóku hans lærdóm, þó þeir einasta hafi álitid hann fyrir spámann, hvors kénníngum þeir ættu ad hlýda, en samt ei ad hann endilega Messias væri. Joh. 7, 31. „Margir af fólkinu trúdu á hann, og sögdu: „mun Kristur, þegar hann kémur, giora „fleiri tákn enn þessi giorir?" Joh. 4, 53. 2, 23.

Til ad upporfa ockar trúnadar traust um Jesú fullnægin-giord vor vegna, sem skédi med hans dauda og pínu, skulum vid enda petta tal med tveimur seinustu versum af Psálmunum: Kom loks med' krossins birdi:

Eg mun æ medan hiari, &c.
Jesú Christi qvøl eina, &c.

Mánudaginn, 10 Novembr.

XXIII. Drottinn! hvørr mun búa í þinni tialdbúd? hvørr mun hvílast á þínu heilaga fialli! — Sá, sem heldur þad, sem hann lofar sínum náúnga — Hvørr ed þetta giørir, honum mun vel vegna æfinlega. Psálm. 15, 1. 4. 5.

Eckert er, sem hvørr einn vildi heldur kiósa sér af ødrum, enn Trygd, Ordheldni og Hreinlyndi, og þó verdur hiá morgum allt of stór mis-brestur á því, þegar þessi dygd á ødrum ad audsýnast. Margur, sem ecki er bráðskarpur í sér, finnur undan-brøgd þegar hann vill sleppa frá ad efna ord sín, login hafa þess vegna fundid uppá eitt og annad band til ad festa lofordin med, og áretta þau, en ef satt skal segia, þá ber sá ad sér bøndin, sem med slíkum brøgdum verst, ad hann af edli sínu

og

og siálfs dádum sé skálkur, sem ecki stendur vid ord sín, nema þau séu med laga-bandi samanreird. Þetta fyrrtéd band er ymislegt, svo sem, ad lofordid sé handsalad, vottanlegt, skriflegt, innsiglad, þinglýst, eidfast, eda pantur fyrir því; um allt þetta má segia ad logmálid sé ei útgéfid, (þad er þurfi ad vera) vegna skickanlegra manna, heldur ó-rádvandra (1. Tim. 1, 9.) og sá, sem ecki hreint neitar, eda ecki veit sig fríann fyrir lofordi, sem annar ber á hann, en segir: „niótttú vitna þinna!" eda „fyndu mér hond mína fyrir því," játar þar med, ad hann sé skálkur, sem login nái ei til, einasta af því hann géti skroppid inn í holu undan þeim, vidlíkt og sá þiófur eda mordingi, sem sleppur undan bodulshendinni, af því hann strauk fyrr enn hann nádist. Óvirding giora Tyrkiar slíkum til, því svo eru þeir tryggavir og ordheldnir, ad enginn þeirra tekur handskrift af odrum, eda kallar til votta, þegar þeir sín á millum skiptast vid, lána edur koma einhvoriu í geymslu. Í forntídinni hefir hér á Nordur-londum vidlíkt verid, því í ollum Trolla-sogum er trygd og ordheldni sifeldlega ad finna, hvorsu stórann skada, sem sá leid, er lofad hafdi, hvar af enn þá er eptir hiá oss í almennu tali ordid Trygda-tröll; en þad sýnist eins og tíminn hafi smámsaman eydt þeirri dygd, því í Grágásar tíd fyrir meir enn 700 árum, og jafnvel Jónsbókar fyrir 500 árum þurfti ei ad vera skriflegt

skial, nema þegar keypt var jord, hús eda hafskip, en nú kynnu þeir finnast, sem í naud sinni fá nockra skildinga, edur fárra álna virdi sér til biargar, og seinna gânga á móti því, nema það sé skriflegt eda vottanlegt. Þó er annar hreinskilnis-brestur enn almennari ordinn, því hann er af morgum álitinn logmætari, sem er, ad brúka yfirskot í lofordum, hafa háng í ordum sínum, neita ecki, veita ádrátt, og þar med gabba einfalda, en ala tortryggni manna á medal, sem þá hún er almenn ordin í einhverju landi, gefur grun um ad ordheldni sé þar í minna akti enn skyldi. En þegar hvorr einn vildi gæta ad samvitsku sinni, þá mun hún, úrskurda, ad þá einhverr er lockadur med tví-rædum eda hálf-sogdum ordum til ad reida sig uppá eitthvad, og hinn, eg vil ei segia, ecki varar hann vid því, heldur jafnvel af ásettu brúkar slíkann prett, og nýtir sér einfeldni hins honum til skada, þá er sá fyrir allra heidvirdra manna og einkum Guds dómi, ad fullu sakbitinn, því meiningin, en ei ordin án meiningar, er hér það, sem gierir þann, er taladi, sekann edur saklausann. Heldur og miklu heldur, vil eg vera hiá stiga-monnum og ræningium, eda á eydimorku, enn í því landi, hvar trygd, dánumenska og ordheldni væru úr brúki. Þar væri hvorr annars fiandmadur, ektamakar, systkin, born, vinir og vandamenn, væru þar vísaftir til ad svíkia hvorr annann, og enginn

inn gæti þar eina stund óttalaust lifad. Þeir fyrstu kristnu vóru svo vel í ordheldni, sem odrum dygdum skiært og skínandi liós, svo þad er gledilegt ad lesa hvada vitnisburd hinn heidni Plinius gefur þeim í hans alkenda bréfi til Trajans Keisara. „Þeirra liferni," segir hann, „er ágætt, því hvorr þeirra held„ur trúlega allt hvad hann lofar, og svíkur „enga manneskiu um neitt, sem þeim er trú„ad fyrir." Heidvirdir menn medal heidingia hafa líka verid vandadir í því, ad halda sín loford. Enn rómverski Regulus, sem lét heldur pína sig og qvalarlega drepa, enn ganga á ord sín, er alkunnugur. Súlpitius var dæmdur fodurlandsins fiandmadur, og stór peninga summa bodin hvorium, sem til hans segdi. Hans egin þénari vard til ad koma því upp hvar hann var, Rádid taldi líka þessum út alla peningana, sem lofadir vóru, en þar hér átti húsbóndi hans í hlut, svo launadi þad þénaranum á eptir drottins-svikin, med ad hrinda honum ofan af háum kletti, hvar af hvort bein í honum brotnadi, og hann lét lífid, sem ollum þótti vel maklegt. Í spønskum sogubókum finst eptirtekta-verd frásogn um ordheldni Tyrkia nockurs: Spanskur madur hafdi í hel-slegid úngling af háu standi. Mordinginn gat strokid frá þeim, sem eltu hann, og komst inn í urtagard hvar eigandinn var staddur. Sá Spanski kastadi sér fyrir fætur hans, sagdi honum hvad sig hefdi

hendt, og beiddi hann ad fela sig. „Borð„adú," sagdi Tyrkinn, „það arna," og fèck honum hálfa síkin, en bordadi siálfur hinn helmingínn, „eg skal ecki svíkia þig," hann læsti hann þar eptir í jardhús í gardinum, og lofadi ad koma honum burt, svo ecki á bæri, um nóttina. Sídan fór Tyrkinn inn í bæ sinn; naumast var hann þar setstur, fyrr enn fiøldi fólks kom med hliódum og ólátum, og færdi honum lík sonar hans, sem nýdrepinn var af einhverium Spønskum; þeir sogdu honum hvernin mordínginn hefdi verid í hátt, og lýstu honum svo grant, ad hann sá banamadurinn væri hinn sami, sem nú var í hans valdi. En hann taladi ecki eitt ord, og þegar dymt var ordid, fór hann í gardinn sinn, eins og hann færi þángad einforum, ad hafa af fyrir sér, gèck til hins Spanska og sagdi: „Þú hinn kristni! sá sem þú hefir í hel sleg„id er sonur minn, líkaminn er hérna í hús„inu. Þú ættir ad straffast fyrir það, en „þú hefir bordad med mér, og eg er búinn „ad gèfa þér loford, sem eg má ecki bríóta." Sídan leiddi hann þann Spanska, sem var rétt milli heims og heiu, í hesthúsid sitt, gaf honum besta reid-hestinn, sem hann átti, og sagdi: „Striúktú svo fliótt og lángt burtu, „sem þú gètur; nýttú þér nóttina, á morg„un verdur þú kominn svo lángt, ad enginn „nær þér. Þú hefir giort þig sekann í míns „sonar dauda, en Gud er réttvís og gódur,

„og

„og eg þacka honum, ad eg þarf ecki ad set„ia fyrir mig, ad eg hafi drepid þig, eda „gengid á ord mín.“

Mér væri qvøl ad verda ad segia yckur dæmi af kristnum monnum, sem væri þvert á móti dánumensku þessa ærlega Tyrkia; eg ætla því heldur ad láta Grafn, Tóu og Ulf ega þátt í svikum og prettum, og óska alleina, ad eckert líkt eptirfylgiandi dæmisogu mætti finnast í neinu kristnu landi!

* * * * * * * *

Einusinni var illgiarn Krummi, limsk Tóa, og blódsólginn Ulfur oll í vist hiá Lióni, er hafdi hird sína skamt frá alfaravegi. Kaupmadur nockurr fór um þann veg, og vard skamt frá Liónsbælinu, ad skilia eptir Ulfalda sinn, sem var ordinn uppgéfinn af þreytu. Nockrum dögum seinna hresstist Ulfaldinn, fór ad bíta, og ráfadi um skóg þann, sem Liónid var í. Hann baud því sína þenustu, hvorja Liónid þádi, eptir ad Ulfaldinn var búinn ad segia því allt frá sínum högum, og lofa ad hlýda Liónimi í ollu. Ef þu villt vera hér hiá mér svaradi Liónid, svo skaltú vera aldeilis óhultur. Ulfaldamm þótti vænt um þetta, giordi eckert annad enn vera á beit, svo hann vard fullur og feitur. Einnsinni þá Liónid var ad dýraveidum, mætti þad Fil, slóst í bardaga vid hann, en komst naumast inn í skóginn aptur,

ur, þó med hættulegum sárum og glorsvángt. Krummi, Ulfur og Tóa, sem ecki lifdu á odru enn leifum Ljónsins þegar það veiddi nockud, sáu nú ad eckert var til matar, og lá þess vegna illa á þeim. Ljónid tók eptir því, og sagdi: „mér er meira qvol, ad sjá yckar sorg, „enn sá, sem eg hefi af sárunum mínum. Reyn„id þid til hvort þid finnid ecki neina bráð „hér í kring um skóginn, og látid þid mig „sídan vita, svo skal eg bera mig ad ná henni „handa yckur.“ Þau fóru þá öll þrjú frá Ljóninu, og rádgudust um sín á milli: „til „hvors gagns er ockur Ulfaldinn hérna? sagdi „Ulfurinn, hann hússbóndi ockar hefir engin „not af honum, og ecki blandar hann heldur „gédi sínu vid ockur. Það er best ad drepa „hann, vid gétum lifad á honum í tvo edur „þrjá daga, en ad þeim tíma lidnum verdur „Kónginum batnad.“ Þetta rád líkadi Tóu vel, en hún vildi ecki ad neinn gæti haft það uppá sig ad hún hefdi verid í þeim rádum, þess vegna létst hún uppástanda ad það, væri óréttvíst, ad taka lífid af Ulfaldanum, eptir ad honum hefdi verid lofad, ad vera óhultum, og búa í skóginum. „Slíkt verk gæti „líka,“ sagdi hún, „komid illu ordi á Kóng„inn, og giort hann hatadann í ollu ríkinu, „svo sem væri hann sá svikari ad lofa adkom„endum ad búa í sínu landi, en drepa þá „sídan orsakalaust, og nýta sér dauda þeirra.“ Krummi var skarpur og illgiarn, hann kom bád-

bádum þessum meiníngum saman, sagdi: „ad „hægt væri ad finna eitthvort álitlegt yfirskin „til ad drepa Ulfaldann, og eg veit, sagdi „hann, medal til þess ad Ljónid gángi á ord „sín, án þess það skuli sýnast óréttvíst. Bíd„id þid mín hérna þángad til eg kém aptur.“ Fyrst flaug hann til Ljónsins, og sagdi: „Herra! „vid erum svo yfirkomin af sullti, ad vid hef„um ecki krapta til ad fara þángad, sem Þér „skipudud ockur, en vid hofum samt fundid „gott medal, svo ef Ydar Hátign vill leysa „ockur, þá gétum vid fengid góda veitslu.“ Ljónid spurdi, hvada medal það væri? Krummi svaradi: „Herra! Ulfaldinn lifir eins og ein„setumadur hér í Ydar Kóngs-ríki; hann býd„ist ockur aldrei, og er til einkis gagns, nema „ad sedia húngur ockar; en þar eg veit ad „Ydar Hátign muni vera matlystug, svo kémur „Ulfaldinn nú vel í þarfir.“ Af þessu reidd„ist Ljónid grimmilega. „Eru nú tídirnar ordn„ar svona! saadi það, og vildi ecki heyra til Krumma. „O! þær vondu tídir! hvorium „er nú ad trúa? engin trygd finst lengur hjá „sjálfum vinunum, þeir eru svikarar, sem hirda „eckert um log, saungirni eda rétt! segdú mér, „ólucku limurinn þinn! í hvada ríki það er „leyfilegt, ad standa ecki vid ord sín? í hvada „landi er það tídkad, ad drepa þann útlend„ing, sem tekinn hefir verid í Kóngsins vernd „og forsvar? eg vil ecki mér verdi brýdlad um „það, ad eg hafi sjálfur nidurbrotid mitt egid „verk.“

„verk.“ Krummi svaradi: „eckert er sann„giarnlegra edur réttara enn það, sem Ydar „Hátign segir; en eg er líka viss um, að „Ydar Hátign veit vel, að góðir Ríkis-stiórn„endur láta heldur einn einstakann líða, held„ur enn að heila folkið tapi sinni velferd. Þegar „einhverr Kóngur er í hættu, þá verdur fyrir „alla hluti fram að frelsa hans allrahærstu „persónu, því hans líf er heila landinu naud„synlegt. Hverr einn á að halda ord sín, og „satt er það, en þá á það ecki að vera þeim „til skada, sem hefir lofad því. Annars er „líka hægt að brúka bragd til að fría Ydur „Ydar lofordi.“ Lióníd lagdi sig útaf þegar það heyrdi þetta og taladi ecki meir. Krummi tók það fyrir sauðhycki, fór aptur til lags„manna sinna, og sagdi þeim frá samtali sínu við Lióníd. „Nú verdum við, sagdi hann, „að finna Ulfaldann, segia honum frá þessu til„felli, láta hann vita hvað sár-hungradur „Kóngurinn sé, og síðan leggia nidur fyrir „honum, að þared við í hvíld og nádum „hefum notid vors uppheldis hiá hans Há„tign, svo sé það aptur á mót réttvíst, að „við lengium hans lífdaga med ockar líf. „Þegar við erum þannig búin að fá Ulfaldann „til að fylgia ockur til Kóngsins, skulum við „öll þrjú bióða ockur hvert í kapp við annað „Kónginum til matar. Kannske að Ulfald„inn eptir ockar dæmi bióði sig med, og þá „skulum við strax grípa hann uppá fyrsta ord„

„og

„og svo tekst ockar ásetníngur vel.“ Þegar þetta var þannig undirlagt, fóru þau til Ulfaldans, sem ecki grunadi um nein svik, en fylgdist með þeim til Kóngsins. Krummi tók fyrstur til orda: „Herra! „Þar ed Ydar heilbrigdi er ockur lángtum dýrmæt„ari enn ockar líf, svo leyfid, ad eg gefi mitt út „til ad sedia Ydar húngur!“ „Það er dágód veit„sla, sem þú býdur hans Hátign, sagdi Tóa! þú „ert ecki nema bein og fidur, og Kóngurinn er of„matlystugur til þess, ad svo lítid metti hann. „Kiotid af mér er miklu betra.“ Ulfurinn taladi framm í, og sagdi: „hans Hátign þarf eitthvad, „sem stendur betur undir enn tóu-kiet, eg er betri „til þess.“ Ulfaldinn vildi ecki verda eptir, svosem ad hann elskadi Liónid minna enn hin dýrin, og svaradi: „Þid oll þriú gétid ecki sadt Kóngsins hún„ger, en þó hann hafi ecki mat smackad í heila viku, „þá er eg nægilegur til ad sedia hann.“ „Það er „satt, sem hann segir, sögdu oll hin, hans kiot er „hollt, ypparlegt og verdugt handa Kóngsins Há„tign. Æ! mikid er hann luckulegur, ad eptir„láta afkomendunum svo dásamlegt dæmi uppá „hans velvild og gédþrýdi!“ Í því þau sögdu þetta, flugu þau á hann, og rifu í sundur, án þess hann brytist neitt um.

Ordheldni og trúmenska er í sjálfri sér svo falleg, naudsynleg og ollum bædi gódum og vondum þægileg dygd, hiá þeim, sem hvorutveggia ega eitthvad vid ad skipta, ad eg þykist ecki óþarft skrafa, þó eg enn einusinni færi hana í tal vid yckur, og þess vegna ætla ad lesa yckur á morgun litla Gledi um vidlíkt efni.

Þridia-

Þridiudaginn = Føstudaginn,
11 ♃ 14 Novembr.

XXIV. Sumargiafirnar.

Gledi handa Børnum.

Einn Flockur.

Persónurnar, sem Gledina leika, eru:

Hra. Sveinn, ríkur Embættis-madur.
Magnús, sonur hans 10 vetra gamall pilltur.
Biarni, 11 vetra, sonur fátækrar eckiu, sem er í húsmensku í sama húsi.
Hinrik, á sama aldri, ríks Kaupmanns sonur.
Hildur, dóttir hans Hra. Sveins, 12 ára gomul.

Plátsid er í fremri stofu hans Hra. Sveins.
Tídin er: Føstudags morguninn fyrsta í Sumri.

1. Atridi.

Hinrik. Biarni.

Biarni. Sneimma ertú kominn hingad Hinrik minn!

Hin-

Hinrik. Á! eg var ad leita ad þér, Biarni minn.

Biarni. Ad mér? hvad getur þú viliad mér, Hinrik minn?

Hinrik. Eg ætladi ad fara ad tala um sumargiafirnar, sem vid hofum fengid. Fékstu miklar sumargiafir í giær?

Biarni. Þú mátt þó nærri géta. Þegar mín góda módir hefir nóg ad géfa mér, og henni systur minni ad borda, þá erum vid ánægd.

Hinrik. Fékstú þá ecki svo mikid, sem braud-bita?

Biarni. Ojú! einn og annar gódur madur géfur ockur stundum, og eg var í giær mikid luckulegur. Skoda þú klædis-mussuna, sem eg er í, hún er af honum Magnúsi hérna. Hann fadir hans lét giora hana um handa mér úr varla hálfslitnum kiól hans Magnúsa, og gaf hana sídan henni módur minni til ad géfa mér í sumargiof, og eins hefir hann géfid henni eitt og annad af henni Hildi dóttur sinni, handa henni systur minni; svo í giærqvoldi var mikil gledi hjá ockur.

Hinrik. En samt varla svo mikil, sem hans Magnúsa hérna? sá hefir fengid sumargiafirnar vænti eg? eda er ecki svo?

Biarni. Pad er sem von er á, þó fadir hans er ríkur. En hvort hann hefir haft meiri gledi enn eg, pad veit eg ecki; honum er eckert nýnæmi þó hann eignist eitthvad fallegt, en pad giorir ei svo mikla gledi, sem madur fær

svo ad segia á hverium degi, eins og hitt, sem sialdan kémur ad.

Hinrik. Satt er það. Nú — getur þú þá sagt mér hvad honum var gefid? Þú hefir kannské verid vid þegar hann fékk sumargiafirnar.

Biarni. O já! eg gat varla talid það allt. Hann fadir hans gaf honum fallegar bækur, kiól og vesti. —

Hinrik. Nei, nei. Eg hirdi ecki um ad vita það, heldur hvad ætt, og af barnagullum, eda þesshättar hann fékk.

Biarni. Hann fadir hans gaf honum ecki mikid af þess slags, því eptir sem eg hefi heyrt, heldur hann ecki mikid uppá það, hann segir ad bornin skémmi heilsu sína med því, og ad hann Magnús sé ordin ofstór til ad leika sér ad barna-glingri hédan af. En þess meir fékk hann hiá henni fodur-systur sinni af því.

Hinrik. Svo sem hvad þá?

Biarni. Bædi svedskiur, fikiur, rúsinur, tertur, og allrahanda sætindi, svo og líka heilann hóp af stríds-mönnum, veidi-mönnum, og dýrum úr blýi, fallega, nýia reiknings-peninga, heilmikid af leir-mindum. En fardú heldur til sjálfs hans, og spurdú hann, ef þér er forvitni á ad vita það; því spyr þú mig ad því?

Hinrik. Það var vissra orsaka vegna, sem eg vildi vita það.

Biarni. Hvorra þá?

Hinrik. Nei, kannské þú segir frá því — samt ef þú villt lofa mér —

Biarni.

Biarni. Eg ber aldrei sogur.

Hinrik. Hana þá! (og rettir fram hendina)

Biarni. Hér er hendin mín! (þeir takast í hendur)

Hinrik. Nú, svo skal eg þá segia þér í trúnadi, ad hann Magnús verdur vel narradur.

Biarni. Hvad? hann Magnús! þad skal eg aldrei lída.

Hinrik. Olluvel! þú veitst eckert enn, eg gét þagad.

Biarni. En þar ed þad er gódum vin mínum til skada?

Hinrik. Ohó! þad skal hvorki verda honum til skada á heilsu hans eda sóma, eda neinu, og loksins — loksins verdur hann Magnús þó ad fá ad vita þad sialfur.

Biarni. Ef einhvorr narrar hann eins og þú sagdir, þá verdur honum þad til skada, og hvorr, sem giorir þad, er svikari. Kannske hann Magnús géti líka komid í veg fyrir þad ef eg vara hann vid.

Hinrik. Eg ætla ad bidia þig ad hætta því arna; ecki er eg svikari. Hann Magnús er sialfur skuld í því, og verdi hann svikinn, þá er enginn annar, sem svíkur hann, enn hann sialfur.

Biarni. Þad skil eg ecki.

Hinrik. Taktú nú eptir, Biarni minn; vid Magnús hofum astalad milli ockar, ad vid skyldum skipta ollum ockar sumargiofum til jafns

milli ockar, hvort sem vid fengium mikid eda litid; pad er ad skilia því, sem skipt verdur.

Biarni. En hvornin gétur hann þá haft skada, því hann fadir þinn er ríkari enn hann fadir hans, og eg er viss uppá ad sumargiafirnar, sem þú hefir fengid mega vera meiri enn þær, sem honum Magnúsi hafa géfist.

Hinrik. Rángt! rángt! þú gatst rángt til Biarni minn gódur! eg hefi ad sonnu fengid miklar sumargiafir, en annadhvort af fatnadi eda dirgripi, sem eg hvorki gét skipt í sundur, ellegar má fá í burtu, svo sem t. d. figurverkid ad þarna. (hann sýnir honum vasa-úr)

Biarni. Og þú fékst eckert af neinu smáveais.

Hinrik. Slétt eckert, nema eina bakada koku, og dálitid af hveiti-braudi, því hann fadir minn segir, eins og hann fadir hans Magnúsa, ad pad sé skadlegt. En svo lengi, sem hún módir mín sæla var á lífi, þá géck þad odruvísi til, því hefdi hún lifad, þá hefdi henni ordid illt af ad vita til þess mér væri svo qvikindislega géfid; og þetta var nú þad, sem kom honum Magnúsi til ad giora aftalid, sem eg nefndi ádan, þegar hann sá sumargiafirnar minar í fyrra og hittid fyrra, en hann endurnyiadi og itrekadi þetta aftal aptur, bædi í fyrra-morgun og í giær-morgun. Nú sier þú þá —

Biarni. Já, já; nú sie eg ad hann Magnús minn hefir skada, því um braudkokurnar

þær

Þær arna hirdir hann ecki, hann hefir nóg af Þeim. Ef allt ad Þarna væri líka satt, en eg gét ecki svo áldeilis trúad —

Hinrik. Þá vildi eg svo sannarlega —

Biarni. Hvad ætladir Þú ad segia Hinrik minn?

Hinrik. Eg skal strax sveria svo díraun eid, sem Þú villt, ad eg ecki hefi fengid meira.

Biarni. Sveria? Þad er líótt, Þad giorir enginn, sem skickanlegur er. En hvad hinu vidvíkur, Þá, Þú unt Þad! og ef Þú brúkar hrecki vid hann Magnús, Þá áttú sialfur ad forsvara Þad, en ecki eg.

Hinrik. Hvornin gétur Þú ætlad mér svoddan? og eg ætti ecki ad Þola Þér slík ord — en hvornin sem nú er komid, Þá verdur hann Magnús ad hafa Þad Þar. Hefdi hann eckert fengid, en eg mikid, Þá hefdi eg líka mátt Þacka mér sialfum fyrir, og eg hefdi mátt standa vid ord mín.

Biarni. Þad er satt. En úr Því Þú hefir fengid lítid eda eckert, svo er ecki falleat af Þér ad ná med Þessu móti af honum Magnúsi miklu af Því, sem honum gafst.

Hinrik. Hvad á eg Þá ad giora?

Biarni. Ad taka ecki vid Því, slá upp ollu aftalinu, og segia honum alliteins og nú er komid.

Hinrik. Hann veit hvornin á ollu stendur. Fyrr enn eg fór hingad sendi eg vinnu-

manninn hans fodur míns hingad med sedil og hálfa kokuna, og helming af braud-kokunum.

Biarni. Eg veit af því ad hann lætur þig fá þinn part af þessu óskérkann, og þá stendur til þín ad —

Hinrik. Eg þacka þér hiartanlega fyrir svoddan óska-rád. Nei, þegar menn fara í hópa-kaup, eda vediast um eitthvad, þá ætlast þeir alltíd til ad ábatast á því. Siái hann sig betur fyrir í annad sinn, eda gisti eckert aftal! og láti hann mig ecki fá allann helming af því, sem honum gafst af spesírinu og strids-monnunum, og veidi-monnunum, og tertu, og leir-mindum og ollu, svo skal eg kalla hann skélmir og svikara í kaupstadnum, vid kirkiu og hvar, sem eg hitti hann. Já, segdú honum þad, Biarni minn! segdú honum, ad svoddann menn, sem vid erum, egum ad standa vid þad, sem vid hofum lofad og svarid hvorr odrum.

Biarni. Aptur kémur ad sveria? mikid liótt er þad, Hinrik minn! ad sveria svo stfeldlega. Eg er svo fátækur, sem allir vita, og samt vildi eg ecki sveria til óþarfa, þó þú vildir gefa mér til þess allar sumargiafirnar þínar.

Hinrik. Eg vil ecki heyra slabbid þitt. Þú ert eins og barn. Hvornin gétur nockurr annars verid bundinn vid sitt loford?

Biarni. Allteins vel eins og þó hann sveríe: þegar eg tala eitt ord, þá á þad ad

standa

ſtanda ſtodugt. Og ef þú eda einhvorr annar vildi ei trúa mér til þeſs, ſem eg ſegi, þá hefdi eg einga góda þánka um þann hinn ſama.

Hinrik. Svo? heldur þú þá ad hann Magnús muni halda ſitt loford vid mig?

Biarni. Já; þad held eg, og ef hann giordi þad ecki, þá ſkyldi eg líka álíta hann fyrir varmenni, enda væri hann þeſs háttar, þá mundi hann eigi heldur fara ad því hvort hann hefdi ſvarid eda ecki.

Hinrik. Þad ſkal eg fá ad vita. En ſegdú honum allt, ſem eg hefi talad, ſvo hann viti hvors hann á von, og géti þar eptir hegdad ſér.

Biarni. Med réttu gæti eg vísad þér til hans ſiálfs, því ecki var eg í rádunum med yckur þegar þid giordud þetta aftal. En ſamt — hann er vinur minn, eg gét ſagt honum þad.

Hinrik. Segdú honum líka ad eg hiartanlega hlæi hann út og hlacki yfir honum, hvorſu hann hafi ſvikid ſiálfann ſig.

Biarni. Er þad fallegt?

Hinrik. Nú, nú! Þad er mér betra ad eg géti hlegid ad honum, heldur en hann ad mér. Í annad ſinn kannſké vsdin komi ad honum ad géta hlegid; þetta er hvort heldur er, ecki nema gaman, þá er ei verdt annad enn giora gaman úr. Því — vertú ſæll!

Biarni. Vel og gott! eg vona þad verdi fyrſta og ſeinaſta gamanid, ſem hann Magnús muni vilia hafa ſaman vid þig ad ſælda.

Hinrik. (í því hann gengur burt) Eg mun verda ad hafa það þar.

2. Atridi.

Biarni. Einsamall.

Aldrei hefdi eg hugsad, ad hann Hinrik væri svo vondur. En samt, væri það satt ad hann hefdi ecki fengid meira hiá honum fodur sínum? — það stædi þó til hans, hvort hann vildi taka á móti skiptunum eda ecki, úr því hann Magnús hefir svo mikinn skada á þeim. En það eru ecki allir pilltar, sem eru svo vel þenkiandi. Hana þá! hann Magnús er siálfur skuld í því, og óluckan er ecki miog stór — á! þarna kémur hann siálfur.

3. Atridi.

Biarni. Magnús. (heldur á bréfi í hendinni)

Magnús. Æ! Biarni minn! eg gét ecki fá mér tekid! skodadú (hann fær honum bréfsedilinn)

Biarni. Eg veit það alltsaman, Magnús minn gódur! en hvorr skipadi þér ad hafa þessi mok vid hann Hinrik? eg held það sé ecki rétt ad lofa þesshättar, án þess ad hann fadir þinn bissi það ádur, og ecki þyrdi eg ad giora slikt án leyfis hennar módur minnar; því það, sem foreldrar ockar géfa ockur, egum vid ecki svo fullkomlega, ad vid megum géfa það aptur hverium, sem vid vilium.

Mag-

Magnús. Veitstú þá, hvort eg hefi ecki bedid hann fodur minn leyfis?

Biarni. Já, ef svo er, þá hefi eg eckert á móti því. En hafir þú lofad þessu, svo verdur þú ad halda þad; því lofadir þú því?

Magnús. Vegna þess hann Hinrik séck í fyrra og hittid-fyrra lángtum meira enn eg; og þess vegna hugsadi eg —

Biarni. Þú hugsadir ad ábatast mikid á því? þá hefir þú fengid mátúlegt straff fyrir ágirndina. Mér hefir þú aldrei bodid ad skipta til helminga vid mig.

Magnús. Satt er þad, Biarni minn gódur! ólucku ágirndin! eg hefdi átt ad halda því, sem mér var ætlad.

Biarni. Og sama ágirndin er sú, sem núna giorir þig svo misfornægdann; en þó þú haldir þitt loford, þá áttú nóg eptir samt.

Magnús. Heldur þú þá ad eg egi ad halda þad?

Biarni. Spyr þú ad því? ertú ad spyria ad því, Magnús minn gódur og blessadur! hvort þú egir ad halda þad, sem þú hefir lofad?

Magnús. Heldur þú þá ecki ad hann hafi svikid mig?

Biarni. Ecki held eg þad; því hann stód fast á því vid mig, ad hann sviki þig ecki, en svo lengi, sem eg hefi ecki orsok til ad tortryggia —

Magnús. Hvad? ad hann fadir hans, sem er svo ríkur, hafi gefid honum núna svo aumlega, þar ed sumargiafirnar, sem hann hefir fengid hin árin, hafa verid svo miklar, ad hann hefdi getad fyllt med þeim heilann kaupmanns-búdar pall?

Biarni. Ecki svo aumlega! hann hefir fengid bædi sigurverk uppá vasann og einn og annann fatnad, en eckert barna-glingur; hann segir, ad medan módir sín sáluga hafi lifad, hafi hún sorgad fyrir því, en nú sé fadir sinn eins sinnadur og hann fadir þinn.

Magnús. Já, og hann dregur þad undan, sem hann ætti ad láta koma til skipta milli ockar, svo eg fái ecki þad, sem mér ber med réttu.

Biarni. Giori hann þad, og segi ecki satt til, þá er hann svikari.

Magnús. Og hvorr, sem svikur mig, vid þann er eg ecki skyldugur ad standa vid mín ord.

Biarni. Æ! þetta er liótt Magnús minn! hvorr hefir sagt þér þetta? þad er ad skilia, ad ef hann væri svikari, þá vilier þú vera þad líka.

Magnús. Hann veit lítid af því hvad eg hefi fengid, ef eg segi honum þad ecki.

Biarni. Gætur þú þá dulid þad fyrir sjálfum þér? og þó enginn vissi þad nema þú, ætlar þú, ad þú mundir samt ecki verda ad skammast þín fyrir sjálfum þér?

Mag-

Magnús. Eg fèck ecki heldur meira hiá honum fodur minum smávegis, enn hann hiá fodur sínum, því þú veitst siálfur ad hitt gaf hún fodur-systir mín mér.

Biarni. Tókst þú það undan þegar þid somduð med yckur aftalid?

Magnús. Nei, nei! ad sonnu giordi eg það ecki.

Biarni. Það var þá um allt það, sem þú kynnir ad fá.

Magnús. A já! (hann stampar í gólfid med fætinum) eg gæti —

Biarni. Svo verdur þú ad standa vid ord þín, eg segi þér það enn aptur.

Magnús. Já ef eg verd! en hvorr ætlar þú þvingi mig?

Biarni. Lofordid þitt, Magnús minn. Og ef þú værir svo illa þenkiandi, ad ganga frá því, þá hefir hann Hinrik allann rétt til ad kalla þig allstadar svikara, en þú gétur ecki fært neinar sonnur á, ad hann sé allteins sá hinn sami.

Magnús. Hann ecki heldur ad eg sé það; eg ætla ecki ad vera svo heimskur ad segia honum það.

Biarni. Svo skalltú þá vita, ad eg er búinn ad segia honum allt, sem þér var gefid.

Magnús. Þú? hefir þú sagt honum allt? vid hofum verid vinir.

Biarni. Mér skyldi falla það sárt Magnús minn gódur! ad hafa giort þér á móti.

Eg

Eg gæti ad sonnu afsakad mig med því, ad hann Hinrik lockadi það útúr mér, ádur enn eg vissi neitt um yckar aftal, svo eg taladi það í grandleysi. En samt ef hann hefdi spurt mig uppá mína samvirsku, þá hefdi eg annadhvort sagt honum það, eda vísad honum til þín.

Magnús. En ef eg hefdi þá ecki sagt honum það?

Biarni. Þá hefdi eg þó sagt honum það, sem satt var, úr því eg vissi það; því Magnús minn, sá sem vill vera æru-madur, má hvorki liúga, né prettast um það, sem hann lofar.

Magnús. En veitstú ad þá er oll ockar vinátta á enda? og ad eg þá hætti ad skipta mér nockurn hlut af þér?

Biarni. Það máttú Magnús minn gódur! og veit eg samt hvad mikid eg missi vid það, því þína vináttu met eg miklu meira, enn allar þær velgiordir, sem eg, módir mín, og systir, fá hérna í húsinu; en þó gét eg ecki rádid þér til annars enn eg hefi giort, ef eg væri þinn sannarlegur vinur.

Magnús. Já dáfallegur vinur, sem vill láta mig missa það, sem eg á.

Biarni. Hvorr lætur þig missa það, nema þú sialfur? lofadú eingu héreptir, sem þú hefir skada af.

Magnús. Eg hefdi líka kannské gétad ábatast á því.

Biarni.

Biarni. Þú hefdir — en þar ed eckert vard úr því, þá legg þú þetta straff á ágirni þína, ef þú annars vilt reikna þad fyrir straff, ad vera ærlegur med svo litlu tilkostudu.

Magnús. Særdú mig ecki svona! med svo litlu tilkostudu?

Biarni. Ójá! þú heldur eptir helmingnum af þessum óþarfa. Hugsadú med þér, ad þér hafi ecki verid gésid meira, enn þú heldur eptir. Hugsadú eptir hvada sómi þad er fyrir þig hiá ockur ollum bornunum, þegar vid siáum, ad þú hefir ecki fest glingrid ad þarna vid hiarta þitt, og líka gétur foraktad þad, med því ad gésa mikid á móti litlu, til þess ad standa vid ord þín; allir, sem heyra þad verda ad elska þig og virda, og — eg þori ad setia undir vid þig, ad ef hann Heinrik svíkur þig, þá þorir hann ecki ad líta uppá þig med augunum, því gód samvitska — ad minsta kosti eg, ef mér verdur eitthvad á, svo er eg ecki í'ró, fyrr enn eg er búinn ad segia henni módur minni frá því. Vid skulum giora þad, sem sómi er í og ærlegt, Magnús minn gódur og blessadur! skodadú! væri eg ríkur, hefdi eg fengid miklar sumargiafir, uppá timann skyldi eg bæta þér skada þinn; allann, allann skyldir þú —

Magnús. (fellur honum um háls, og fadmar hann) O! hvorsu þúsundsinnum ertú miklu betri enn eg! já, Biarni minn gódur! þú hefir rétt — rétt í ollu! eg er ágiorn, illa

þenk-

þenkiandi manneſkia! Þad er ſkadi, hitt heldur, med hann veſældóminn hann arna! hánn ſkal fá hann! Þú ſkalt ſiálfur ſkipta! gefdú hvorium hvad þú vilt! en fádú samt ecki ſlæma þánka um mig, ad eg var ſvo illa þenkiandi. Eg ſkal verda þinnar elſku og vinátttu verdugur.

Biarni. Þad ertú! eg viſſi fyrir laungu, ad þad var ecki alvara þín, þó þú værir ad hafa á móti þeſſu, þitt hugarfar er allt of gott til þeſs, og ſá figur, ſem þú barſt nú úr bítum yfir ſiálfum þér, mun verda þér til miklu meiri ánægiu enn þó þú hefdir heilann bagga meir af ſikur-braudum ad bíta í, eda fleira brothætt glingur á hillunni hiá þér. Innan-ſkamms hefdir þú eckert hirdt um þad, og gefid þad ödrum bornum.

Magnús. Þad er ſatt! alltſaman ſatt! allt, hvad, ſem eg gét, ſkal eg giora þér til þægdar, af því þú hiálpadir mér til ad vera ærlegur. Fliótt! fliótt! eg ætla ad fara og ſækia allt ſaman, annars kannſké, eg ydriſt eptir, og ſiái mig um hond. (Hann fer burt.)

Biarni. Nei, nei! ecki ydraſt þú eptir þad, en fardú samt.

4. Atridi.

Biarni. (fullur af gledi.)

Æ! vænt! vel fer núna! og þó hann Magnús hefdi gefid mér allar ſumargiafirnar ſínar, þá hefdu þær ecki gladt mig ſvo mikid, ſem

sem það, að hann hefir hug og dug til að standa við orð sín, þó honum sé það stór skaði, já, já, svona er hann; hann þarf ekki meir enn að einhverr minni hann á, svo er hann strax góður.

5. Atriði.

Biarni. Magnús (kemur og ber stóra körfu, sem margskags er í).

Magnús. Kom þú og hiálpa þú mér, Biarni minn góður! svo ecki detti hiá mér. (Biarni hiálpar honum, og þeir setia bádir körfuna á stól hiá bordinu) Þarna í stóru máludu eskiunni er speisirtid. Þarna! skiptú nú! — láttú strax í eskiuna það, sem hann á að fá.

Biarni. Nei, nei, þá er ecki svo hægt að yfirlíta það alltsaman, hvort við hofum skipt rétt eda ecki. Bádar terturnar — adra þér, hina honum (hann setur hvoria þeirra anspænis annari á bordid), speisirtid gétum við talid.

Magnús. (fer að telia) 1, 2, 3, 4, 5, 6. — eins margt hann Hinrik. aptur: 1, 2, 3, 4, 5, 6.

Biarni. Af þeim tveim hunángs-lengiu bóggum fær hann annann. Reikníngs-peníngarnir munu vera tíutíu í hvorium bagga? hann fær þá annann af þeim? Þarna!

Magnús. Sárt er það arna! (Biarni lítur uppá hann.) Nú hana þá! 4. litlar eskiur med stríðsmenn úr blýi. Biarni! sárnar þér ecki?

Biarni.

Biarni. Mér sárnadi ef þú heldir þeim. Burt med greyid ad þarna! — nú ein aſkia med veidimenn og þeirra dýr!

Magnús. Æ! nú 13 mindir úr fállegúm leir? þad eru allar 4. árſins tídir, og 9. lærdóms-gydiurnar! þeim verdur ecki ſkipt.

Biarni. Hana þá! fádú honum allar 4. árs-tídirnar. Þad er náttúrlegt þú hafir ſtærri helmínginn, en 9. lærdóms-gydiurnar má ecki ſkilia ad, þar ad auki komaſt ecki 13. mindir vel fyrir á þilfiolinni hiá þér. Er nú allt komid?

Magnús. Nei, nidri er ein fugl-ſtaung, tveir fuglar útſkornir, og einn fallegur bogi.

Biarni. Af því gétur hann ecki fengid nema annann fuglinn. Skodadú nú Magnús minn gódur! hann Hinrik fær þá helmínginn — en því lítur þú ſvo raunalega til mín Magnús minn?

Magnús. Hana þá! þú villt hvort ſem er ad hann fái hann?

Biarni. Nei, Magnús minn! ecki vil eg þad, en þú vildir þad fyrſt, og vilt þad enn nú! ſegi eg ecki ſatt? þú vilt þad enn nú?

Magnús. Hana! já! en flýt þú þér ſvo eg haſi þad ecki lengur fyrir augunum ... láttú mig loſaſt vid þad!

Biarni. Ójá! eg ſkal ſtrax ſækia hann Hinrik, eg er viſs um ad hann ſkammaſt ſín í ſál og ſamvitſku, ef hann er ſvikari, og líka ... þó hann ſé þad ecki; eg ſkal vera eins fliótur til baka eins og ſending. (hann fer burt)

6. At-

6. Atridi.

Magnús. (einsamall í þaunkum)

Já, þad vænt'eg hann skammist sín — nei hann hlær mig út og spottast ad mér! ef hann hefdi skammast sín, þá hefdi hann ecki sendt hingad til mín dáindis-væna helminginn af því, sem hann fékk. (hann fer ad bordinu ad skoda þad, sem á því er) og allt ad þarna á eg ad láta burt fyrir eckert? þad er eins og mér þyki allt þad betra, sem hann Biarni er búinn ad skipta honum Hinrik, og ad speiríid þarna sé sætara enn mitt — ad reiknings-peningarnir, ad stridsmennirnir, ad veidimindirnar, í einu ordi: ad allt — allt sé lángtum nettara, sem hann hefir fengid — og allt ad þarna átti eg ádur! — eg hefdi getad átt þad? — fyrir eckert, fyrir alls eckert gef eg þad burt? — (hann þegir og er í þaunkum) nei, nei; satt er þad, sem hann Biarni sagdi: eru þá mín ærlegheit, mitt góda nafn og rikti, mitt loford, mín samvitska eckert? — æ! hvorr kémur? þad er hún Hildur!

7. Atridi.

Magnús. **Hildur** (sem sier allt á bordinu)

Hildur. Hvad er hér á ferdum? eg trúi þá sért ad gefa þér sialfum sumargiafir? eda — máské eg egi ad fá annann helminginn af því, sem hérna er á bordinu?

Magnús. Já, satt er það, eg er að láta gefa sumargiafir, en hvorki mér né þér?

Hildur. Hvorium þá? nú vænti eg hann Biarni hafi enn aptur narrað eitthvað út úr þér, því hann er sífeldlega að betla handa ödrum, en ef vel væri öllu á botninn hvolft, þá kannské eitthvað lendi í vasanum sjálfs hans.

Magnús. Æ! nei! taladú ecki svona um hann Biarna minn! eg vildi óska, að við bædi þú og eg, værum eins göd og hann er!

Hildur. Hana þá! hérna vænti eg samt hann sé eitthvað vidridinn, því hann hljóp núna svo fliótt hiá mér, eins og hann hefdi verid elltur med logandi járni; eda hvað á það að þýda, að allt er svona breidt hérna út á bordid.

Magnús. Af því eg hefi verid svoddan einfeldnings-garmur, að gefa honum Hinrik helminginn af öllu því, sem hún fodur-systir mín gaf mér í sumargiof.

Hildur. Honum Hinrik? fyrir hvað þá?

Magnús. Vegna þess við höfdum giort aftal milli ockar að skipta sumargiofum ockar til jafnadar. En til allrar ólucku fékk hann eckert, en eg mikid.

Hildur. Þá skyldi eg ecki heldur hafa látid hann fá neitt.— Ertú med vitinu, pilltur? eg skyldi láta hann —

Magnús. Eg hafdi lofad honum því, og hann mér aptur. Hann hélt sitt loforð, svo verd eg að halda mitt; því hvorr, sem ecki

ecki stendur vid ord sín, er ecki ærlegur madur.

Hildur. Pad vænti'eg hann Biarni segi? er ecki svo? því hann er sífeldlega ad prédika um sómann og sidgædid. Nei, mér svídur pad, ad pú skulir láta svo mikid ad ordum hans, drengsins pess, sem ockur á ad packa, ad hann gérir tórad.

Magnús. En er pad ecki satt, sem hann segir?

Hildur. Nei, pad er ósatt, og eg pori ad setia undir, ad hann hefir samtekid ad parna med honum Hinrik, og ætla peir svo á eptir ad skipta á milli sín því, sem peir narra út úr pér.

Magnús. Pad væri ólucku — en samt — nei! pvert nei! hann Biarni er ofvel penkiandi til pess.

Hildur. Láttú pá ecki hafa pig svona ad spotti! eg segi pér satt, ad hann Biarni stædi heldur med pér enn honum Hinrik, ef hann sæi ecki uppá eitthvad, ad vera svona á móti pér.

Magnús. Já víst sier hann uppá æru mína og gott mannord — ad eg skuli ecki vera svikari.

Hildur. Hahahaha, hahahaha! já nú er rétt! til pess ad verda ecki svikari, lætur pú svikia pig.

Magnús. Er pad pá ecki betra?

Hildur. Svo einfeldnislega? mikid mega peir hlæa ad pér! ætl' peir hlæi pó? hahaha!

Magnús. Hvad? ad hann Biarni minn muni hlæa ad mér?

Hildur. Ur því hann er ad hiálpa til ad svíkia þig?

Magnús. En hvad á eg til ad giora? eg er búinn ad lofa því, vid erum búnir ad skipta. Hann Biarni er ad sækia hann Hinrik.

Hildur. Láttú hann fara eins tómhendtann eins og hann kémur. Pad væri mikid gaman ef þú gætir narrad þá báda, úr því þeir, svo sannarlega, sem eg heiti Hildur, ætla sér ad narra þig; og eg veit gott rád —

Magnús. Pad rád, ad láta eckert til, og verda svikari?

Hildur. Nei, svo engin skuldin sé hiá þér, þú frelsir sóma þinn, og haldir þó þínu.

Magnús. Hvernin þá?

Hildur. Ad þú segir honum fodur ockar frá því, og bidier hann ad banna þér pad, ellegar hana fodur-systir ockar, því hana væri hægt ad fá til ad segia þér, pad henni þætti hrædilega fyrir vid þig, ef þú færir ad láta burt pad, sem hún hefdi gefid þér.

Magnús. Honum fodur ockar? já, gott og vel. En aldeilis ecki henni fodur-systir ockar, því hún tekur sér allt svo nærri —

Hildur. Láttú mig ráda —

Magnús. Nei, ef þú vilt nockud ad mínum ordum láta.

Hildur. Minna vegna máttú láta narra og spotta þig ef þú vilt svo hafa pad sialfur.

Ecki

Ecki missi eg neitt fyrir það, Þvert á mót giorir þú mér þá ánægiu, að eg gét hlegid að þér, og fæ siálf í annað sinn tvofaldt meiri sumargiafir enn þú, þegar þú kant ecki að fara betur med þær enn svona. En að minsta kosti skal hann fadir ockar samt sá að vita það, og ef hann bannar þér að halda áfram í heimskunni þinni, þá skaltú eiga mér það að þacka. (hún gengur burt)

8. Atridi.

Magnús. (einsamall.)

Það er satt! svona færi það ef annadhvort hann fadir minn eda hún fodur-systir mín bannadu mér það, þá héldi eg minu, og skuldin væri þó ecki hiá mér — en því sá eg ecki að þarna fyrri? — að sönnu — ecki líkar mér það samt — ecki er það svo aldeilis rétt! innvortis hiá mér — segir — já, eg veit ecki siálfur — það hefdi eg átt allt að hugsa ádur, fyrr enn eg lofadi því. Æ! eg vildi hann Biarni kiæmi! og kiæmi einsamall. —

9. Atridi.

Magnús. Biarni.

Biarni. Hann Hinrik kémur strax, hann ætladi ecki annad enn sá leyfi hiá Lærimeistara sínum, að nyega fara hingad. Nú Magnús minn gódur! gior þú það nú fyrir mig,

og láttú ecki merkiast á þér, ad þér þyki mikid fyrir því arna. Eg géck á hann — þad er eitthvad óhreint í því, ea er nærri kominn á þá meiníngu ad undir þessu séu hiá honum prettir. Eitthvad géck honum nærri.

Magnús. Og þá á eg ad látast vera ánægdur af því?

Biarni. Já Magnús minn gódur! og þú gétur med ollum rétti verid ánægdur, því þú giorir þína skyldu, þú gétur med glodu gédi litid uppá hann, en hann ecki uppá þig, ef hann svíkur þig.

Magnús. Eg skal bera mig ad því svo sem eg gét. En eg skal segia þér hvad hún systir mín rædur mér, hún segir: ad eg þurfi ecki annad enn bidia hann fodur minn eda fodur-systur ad banna mér ad láta nockurn hlut burt af því, sem þau hafi géfid mér, og þá væri bædi mitt góda mannord frelsad, og eg héldi ollu mínu.

Biarni. Og samvitskunni þá med? sagdir þú ecki, ad þú hefdir spurt hann fodur þinn um leyfi fyrirfram?

Magnús. Þad er rétt, sem þú segir; mér syndist eins og þad væri ecki aldeilis rétt, sem hvarfladi í hugann á mér ad giora.

Biarni. Þad hefdi ecki heldur verid rétt, minn elskulegi Magnús. Slepptú ecki þínum góda ásetníngi, þú munt komast ad raun um, hvada ánægia þad er, þegar þú gétur sagt, ad þú hafir stadid vid ord þín. Innan fárra daga

daga hefdir þú verid búinn ad borda upp speſi-ríid og ſætabraudin, og ordinn leidur á ad fara med barna-gullin þín... þú veitſt þar ad auki, ad vid þurfum ecki hédan af á þeim ad halda til ad ſtytta ockur ſtundir med, og mér ſkal þykia miklu vænna um þig, ef þú villt fylgia þeſſu minu rádi.

Magnús. Pad vil eg minn hiartans Biarni! já, eg vil fylgia því, hvad ſem hún ſyſtir mín ſegir; eg hefi aldrei enn ydraſt þeſs ad fara ad þínum rádum. Pad er ſkadi, hitt heldur, í óþarfanum þeim arna! og til ad ſýna þér, ad eg ſkeyti eckert um hann, ætla eg ad bæta nockru vid partinn hans Hinriks af ſpeſiriinu minu.

Biarni. Svo! rétt ſvo! nú ertú rétt eins og ſigrari, ſem unnid hefir í einvígi... komi hann nú!

Magnús. Legdú í ord, og taladú þar, ſem mig breſtur. St! hann kémur þarna!

10. Atridi.

Hinir fyrri, Hinrik. (ſneiptur og óróleguR)

Hinrik. Sæll Magnús minn!... hann Biarni ſagdi mér fyrir ſkommu ad eg ſkyldi koma... en mér þykir illa fara....

Magnús. Hvad þykir þér illa fara?

Hinrik. Ad... ad... ad ſumargiafirnar ſem eg fékk, vóru ſvo litlar, ad... ad eg...

Biarni. Þess meir gledst hann Magnús ockar af því, ad hann getur bætt þér þad, sem ábrestur. O! þú trúir því naumast, hvad vænt honum hefir þókt um, ad hann gat þad. Segi eg ecki satt Magnús minn?

Magnús. Ojú, og kom þú ad bordinu Hinrik minn (þeir ganga ad bordinu.) Hérna er eg búinn ad skipta sumargiofunum mínum í tvo parta. Hérna eru tertur og spesirí, og hérna=== allt er hérna, skodadú! alltsaman!

Hinrik. Mér þykir illa=== fara===

Magnús. Lángtfrá. Mér þykir þad verst, ad sumu verdur ecki skipt í jafna parta, svo sem t. d. þeim 13. mindum af leiri, sem eru 9 lærdómsgydiurnar, og 4. árs-tídirnar, sem eg gat ómogulega skilid ad, nema láta 9. í annann og 4 í hinn hópinn; en samt ef þú vilt mælast til þess med einu ordi, þá skal eg taka árs-tídirnar, en fá þér 9 gydiurnar.

Biarni. Þad veit eg hann Hinrik þiggur ecki.

Hinrik. Nei, nei! þetta arna er skop! aldeilis ecki þigg eg þad.

Magnús. En nú man eg ad eg á fallegar dósir med spegli í lokinu, þeim skal eg bæta vid og gefa þér þær. Eg feck líka tvo stóra fugla af tré til ad skióta til; annar af þeim heyrir þér til. Eg skal strax sækia hann. (hann hleypur burt)

Hinrik. (kallar á eptir honum) Láttu svona vera!

Biarni.

Biarni. Hvornin lítst þér núna á Hinrik minn! þar sier þú hvad velþenkiandi pilltur hann Magnús er, hann vill heldur stauda vid ord sín, enn hafa nockurn rángann ábata, og í stadinn fyrir ad vera stúrandi af skada sínum, gledst hann miklu heldur, og er ad bera sig ad gledia þig.

Hinrik. Það er satt ... eg skammast mín aldeilis ... ad taka á móti því, og veit ecki ... en samt, eg veit ... eg veit ecki ...

Biarni. Hvad? skammast þín? eg hefi tekid eptir því, sem þú sagdir mér ádan; er það þér ad kénna þó hann fadir þinn hafi ecki géfid þér meira? hann Magnús var einusinni búinn ad lofa þér ...

Hinrik. Já, vesælingurinn hann Magnús!

Biarni. Hann tekur sér það ecki nærri. Honum hefdi verid lángtum sárari svívirdingin, ad dylia nockurn hlut, eda draga undan frá þér, eda ad svíkia þig, þú sier það sialfur.

Hinrik. Já, víst sie eg það, enn þess meir ...

Magnús. (kemur aptur med stórann, rendann og út-skorinn fugl) Þarna, þarna! Hinrik minn! ef þú villt tortryggia mig í nockru, ad eg hafi dregid nockud undan, þá er hann Biarni ockar þarna, hann veit ...

Biarni. Eg gét vitnad med honum ... (Hinrik fer ad vatna músum, og þurka á sér augun) eg trúi þú sért farinn ad gráta, gengur nockud ad þér?

Hinrik. Onei! eckert ✻✻✻ eckert ✻✻✻ nema ✻✻✻ ad eg ✻✻✻ ad eg er ✻✻✻ vond manneskia, ad eg ✻✻✻ ad eg ✻✻✻ hefi prettad þig.

Magnús. Prettad nig? ónei! lángtfrá! vid erum ofgódir vinir til þess, og hofum lengi verid þad ✻✻✻ vid erum vinir og nábúa born. Slíkt hefir þú aldrei gétad fengid af þér ad gióra.

Hinrik. Þess verr! þú ætlar mér svo gott og ærlegt, og eg (hann bleypur á háls honum, og fadmar hann ad sér) ✻✻✻ en eg skal þó sýna þér, ad eg er ecki þinnar vináttu aldeilis óverdugur. Eg sagdi satt, ad eg fék eckert hiá honum fodur minum af glingri eda sleikiu-sætindum, en ✻✻✻ en ✻✻✻ (því grípur hann í vasa sinn) hérna gaf hann mér 6 rikisdali. „Þarna," sagdi hann, „er fyrir þad, kauptú „þér siálfur, eptir sem þú vilt, fyrir þad sæt„indi, eda glingur, eda bækur; eg ætla ad „siá þar af hvad þér fellur best í géd." Og nú ✻✻✻ nú ✻✻✻ nú sier þú, ad eg er svikari, en þér fer svo vel og æruſamlega vid mig. Hér eru 3 rdlr. af þeim! þeir heyra þér til; en hvad, sem um annad er, þá fyrirgéfdú mér, og vertú framvegis vinur minn!

Magnús. (fellur honum um háls) Æ! æ! minn elskulegi Hinrik! mér þykir vænt um þig, ecki vegna þriggia rikisdalanna, vid þeim gét eg ecki tekid. ✻✻✻

11. Atridi.

Peir fyrrnefndu. Hildur.

Hildur. Biarni! þú átt strax ad koma til hans fodur míns! fliótt!

Biarni. Æ! Hildur mín gód! má þad ecki bída eitt augnablik. Þér rífid mig hér frá þeirri mestu ánægiu. ***

Hildur. Af því ad ginna og ganta hann bródur minn. Kom þú! hann fadir minn mun ecki ega ad bída eptir þér, vænti eg. (Hún tekur í hendina á honum, og dregur hann med sér.)

Magnús. (kallar eptir henni) Systir! lofadú honum ad vera! láttú hann vera!

Hildur. (snýr sér vid til baka) Þad gétur ecki*** má ecki ské.

12. Atridi.

Magnús. Hinrik.

Magnús. Já! Hinrik minn gódur! mér gengur frómleiki þinn svo til hiarta*** þú breytir kannské betur vid mig enn eg á skilid?

Hinrik. Hvad? þared þú hefir fríviliuglega géfid mér helminginn af sumargiafunum, sem þú féckst? og svo sem eg hafdi þá breytt vid þig.

Magnús. Fríviliuglega? fríviliuglega? nei! segdú þad aldrei! eg stód, svo streittur á móti því, ad fá þér helming af minu, þegar eg sá ad eckert var hiá þér ad vinna, og eg var stadrádinn í ad svíkia þig um þad, sem eg hafdi

hafdi lofad, ef hann Biarni hefdi eigi giort þad ad.

Hinrik. Og hann er líka orsök til, ad eg vard ecki fullkomlega ad svikara o! hann géck á mig! já! hann géck alvarlega á mig! og þegar eg lokſins kom hingad, og ſá hvad frómlega þú hafdir ſkipt, þá gat eg ecki lengur þraukad.

Magnús. Hann ſkipti ſiálfur, lagdi nidur fyrir mér, hvad ſvívirdilegt þad ſé, ad ſtanda ecki vid ord ſín; og ſvo mikid, ſem ágirndin qvaldi mig, ſvo gladur er eg nú::: o! eg gét ecki ſagt frá því hvad ánægdur eg er.

Hinrik. Eg allteins. Eg held eg hefdi aldrei þorad ad ſiá þig med augunum. Eg hefdi aldrei gétad trúad því, ad þad koſtar ſvo mikla mædu, ad breyta óærlega. Nú þykir mér ſvo vænt um mig:::

Magnús. Já, og mér um mig! þad eigum vid ad þeim ærlega Biarna. Hann drengurinn er ſvo fátækur, og þó ſvo gódur! heyrdú! ſegdú mér nú ſannleikann! beiddi hann þig ecki um neitt af minum helmingi, ſvo ſem í kaupid fyrir þad, ad hann ſagdi þér hvad eg hefdi fengid?

Hinrik. Nei! þad var lángt frá því! hann taladi ordugglega máli þínu, og ef eg ecki med ſlóttugheitum hefdi lockad þad út úr honum hvad þér hefdi verid géfid í ſumargiof, þá hefdi eg aldrei komiſt ad því. En hvorsvegna ſpyr þú mig ad þeſſu? hefir þú nockrar líkur:::?

Magn-

Magnús. Hún systir mín var ad vekia upp hiá mér tortryggni.

Hinrik. Nei, Magnús minn! hann er búinn ad ávinna sér mína vinátttu svo, ad það er rétt ad mér komid, ad gésa honum hina þriá ríkisdalina mína.

Magnús. Á! viltú það? en samt; nei! ecki skaltú það! eg skal gésa honum þá þriá ríkisdali, sem eg fékk hiá þér, og samt skaltú halda mínum helmingi, sem þú fékst.

Hinrik. Hana! gésdú honum þá það, sem þú fékst hiá mér, og eg skal gésa honum það, sem þú létst mig fá.

Magnús. Það fer vel! en þarna kémur hann.

13. Atridi.

Magnús. Hinrik. Biarni.

Hinrik. Vid erum hér ad tala um þig á bak, Biarni minn! vid Magnús erum búnir ad taka ockur saman, ad þar ed þú hefir kéunt, og hiálpad ockur til, ad vera ærlegir ...

Magnús. Já, þá ætlum vid ad gésa þér sumargiof. Þarna, Biarni minn gódur! eigdú þriá ríkisdalina þá arna ...

Hinrik. Og þarna helming af því, sem eg fékk núna hiá honum Magnúsi.

Biarni. Nei, nei, mínir elsku-vinir! það skédur aldrei, ad eg taki vid því.

Magnús. Þú verdur ad giora það.

Hin-

Hinrik. Eg tek ecki á móti því aptur. En eg bid þig ad vera eins vinur minn, eins og þú hefir verid vinur hans Magnúsa.

Biarni. O! Hinrik minn gódur (hann fadmar hann ad sér.) Magnús minn blessadur! (hann kyssir hann) eg gét ecki haldid mér frá ad gráta. Yckar góda hiartalpel kémur yckur til ad vera of orlátir. Nei, Magnús minn! eg hvorki gét né má. Hann fadir þinn gæti hugsad ===

Magnús. Eg veit hvad þú meinar. En hann mun líka trúa mér ===

Hinrik. Taktú samt vid ad minnsta kosti af mér Biarni minn gódur!

Magnús. Og af mér líka=== vilt þú gisra mér á móti===?

14. Atridi.

Þeir fyrri. Hra. Sveinn (hefir komid inn á baki þeirra, svo þeir sáu hann ecki, og hefir sied og heyrt hvernin pilltarnir hafa verid ad gánga eptir honum Biarna, ad hann tæki vid sumargisfinni.)

Sveinn. A! eg finn yckur hérna, ad þid erud ad metast um eitthvad? hvad er á ferdum? hvad er þad, sem hann Biarni litli vill ecki gisra fyrir yckur?

Magnús. Fadir minn gódur! hann hefir fært mér heim sanninn um þad, ad eg egi ad meta ærlegheit meir enn peninga, og standa vid

vid ord mín, þó eg hafi skada af því, og núna ⁂ núna vill hann ecki eg sé þacklátur vid sig fyrir það.

Hinrik. Hann hefir giort úr mér ærlegann dreng, þar sem eg ádur var svikari. Hann hefir (hann þurkar sér um augun) med því ad hann Magnús minn gódur var svo frómlundgadur og orlátur, látid mig skammast mín svo mikid, ad eg þeckti mína yfirsión, og skal aldrei láta mér verda hana á aptur. Og nú ætladi eg og hann Magnús sonur ydar hvorr fyrir sig ad gefa honum helminginn ⁂

Biarni. Æ! Hra. Sveinn! hiálpid þér mér frá þeim! eg var rétt núna ad forsvara mig fyrir þeirri grunsemi, sem hún Jómfrú Hildur dóttir ydar hafdi uppvakid hiá ydur, og tæki eg núna vid því arna, sem eg hefi giort mér svo mikid ómak fyrir ad ná frá þeim, svo mætti eg hafa grunsemi um siálfann mig, ad eg hafi giort það til ad ábataſt á; æ! látid þér þá ecki skémma mig!

Sveinn. Gódu, velþenkiandi pilltar! mikid vænt þykir mér um yckur! og helst þig, (hann lítur til Biarna) sem ert afbragds-barn! (hann kyssir hann) þú átt lángtum meira skilid, enn þeir géta gefid þér. Eg skal skacka á milli, og skéra úr þessari lofsverdu þrætu. Haldi hvorr yckar því, sem hann á, en eg skal taka uppá mig ad launa ⁂ (Magnús og Biarni fara ad gráta)

Magn-

Magnús. Fadir minn gódur! (hann kyssir á hønd hans) æ! vilied þér ecki lofa ockur ad hafa þá ánægiu?

Hinrik. Þér straffid mig, Herra Sveinn, eins og eg hefi tilunnid. En einúngis í þetta eina sinni... (vid hann Biarna) æ! Biarni minn gódur! ef þú tekur ecki vid því...

Biarni. Nei! nei! eg þacka ydur minn gódi Herra Sveinn!

Sveinn. Þú verdur ad taka vid því Biarni litli. Þad væri hardt af þér, ef þú vildir ecki láta þá nióta þeirrar gledi, sem þeir hafa af ad vera gódgiordasamir, og sem þeir kannské aldrei hafa fundid til svo stórrar ádur eins og nú. Þad upphvetur þá líka kannské til ad giora gott eptirleidis. Fádú henni módur þinni þessa þriá ríkisdali, hún er sóma kona, sem hefir innprentad þér þetta góda hugarfar.

Biarni. Eg verd þá! og... eg þacka yckur ástsamlegast mínir gódu élskurikir vinir! mikil gledi verdur henni módur minni aódri af því arna!... en eg skeyti eckert um sleikiu-sætindin... um glingrid ad þarna!

Sveinn. Tertuna getur þú gefid módur þinni, og hin sætindin henni litlu systur þinni. Hitt glingrid skal eg kaupa af þér fyrir þad, sem þad átti ad kosta hann Hinrik, fyrir... þriá ríkisdali.

Biarni. Æ! æ! gódi, elskuriki Herra Sveinn! hættid þér! eg gét ecki... fyrir gledi ... af þacklæti... lofid þér mér ad flyta mér til

til hennar módur minnar! svo rík hefir hún aldrei ordid sídan hann fadir minn sæli andadist. Yckur minir elskulegustu vinir ... (hann getur ecki, svo mikid verdur honum um, komid ordunum út, en fellur þeim Magnúsi og Hinriki um háls,) yckur ... þacka eg ...

Sveinn. Eg verd líka ad sýna þér þægd Magnús litli, fyrir þad þú létst ad einlægri vidvorun hans Biarna!

Magnús Hvad gétid þér giort mér meira til vilia, enn þér erud búnir ad giora?

Sveinn. Hvad sýnist þér um þad, ef eg nú strax frá þessari stundu léti hann Biarna verda lagsmann þinn, og léti Lærimeistara þinn kenna honum ásamt med þér?

Magnús Þá þættist eg verda sú luckulegasta manneskia, sem til er! hans eptirdæmi —

Biarni. Æ! Magnús minn! æ! Herra Sveinn! yckar gædska er meiri enn eg géti fullþackad hana — hvornin á eg ad giora mig hennar verdugann!

Hinrik. Lofid þid mér ad ega þátt med í yckar vinskap; aldrei hefi eg haft meiri gledi enn þenna stutta tíma. Eg hefi reynt þad, sem eg aldrei hefdi gétad trúad, ad yndislégra er ad géfa enn ábatast.

Sveinn. Svona eru eptirdæmin sterk! hvor ein gód manneskia giorir adra gódg af sér. Haldid þid allir sifeldlega saman, og þá verdid þid eins gódir únglíngar og menn, eins og þid nú erud gódir pilltar.

XXV. Gátur.

14.) Þánki. 15.) Skrid-bitta. 16.) Eva.
17.) Sockur. (*) 18.) Kalk. (líka vott hey).

19.) Enginn hiálmur er svo hald-gódur í strídi, sem eg, á mér er ecki minsta rifa edur gat, sem miórsti spióts-oddur géti hitt. Það hofud er óhult, sem eg verda.

20.) Hvad er það, sem ecki verdur á morgun það sama, og það er í dag; missir bord, rúm, hús og nafnid med, en grætur samt ecki missirinn?

21.) Eg er ecki utan hofud og hali, augna-eyrna- og nef-laus; heilinn í mér rírnar opt af eldi. Best á eg, þegar eg má vera í einhverju horninu, því fyrir hvorsu litlu hardhnaski, sem eg verd, tortínist bædi hofud og hali.

22.) Hvad giorir hvorr einn hlutur, sem lifir á jordunni, syndir í vatninu, edur sveimar í loptinu, alltaf þángad til hann deyr?

23.) Vid erum limir eins líkama, urdum húdflettar, og sídan naudbeygdar til ad giora þér þá þénustu, sem þú vilt. Hvad ætl' vid fáum lokfins til launa, annad enn eldinn?

Laug-

(*) Fidrildis-madkur spinnur silkid, og Kotún ver á tre; úr hvorutveggiu eru sockar stundum giordir.

Laugardaginn, 15 Novembr.

XXVI. Loford á skeid, útgiald í hapti.

færi betur:

Loford í hapti, útgiald á skeid.

Þegar eg kom inn í badstofuna, var fyrir stundar-korni búid ad qveikia, og heyrdi eg ad eitthvad var í tali, sem allir tóku sér nærri, sinn uppá hvorn máta; en eg var ecki búinn lengi þar ad vera, fyrr enn farid var ad bera undir mig hvad eg tilsegdi, og var þá umtals efnid Gledin sú í giærqvoldi, þótti sumum vænt um Biarna, og hrósudu hans adferd í öllu; adrir sogdu: ad Magnús hefdi átt um sárt ad binda, og þeir vóru til, sem vildu, ef ecki affaka, þá samt ecki kasta þúngum steini á hann Hinrik. Eg fór ad, eins og í fiolmennu dómumum er vant, ad tekinni er medal-vegurinn til ad giora ad grundvelli atqvædisins, og spurdi Erlend, sem mest aumkadist yfir hann Magnús, hvort honum sýndist ecki, ad Magnús hefdi rétt giort?

Erlendur. Ecki gét eg ad sönnu neitad því; en —

Prestur. Hefdir þú kannské viliad taka þitt loford aptur eins og hann Magnús, þegar þú hefdir sied, ad þú nádir ei þínum ásetníngi.

Erlendur. Hræddur er eg um ad runnid hefdu á mig tvær grímur; því hardt var það —

Prestur. Þess hrósverdara var það fyrir hann, ad láta samvitskuna ráda meira en ágirndina. Ef hvorr einn vildi eptir hugþótta sínum finna undanbrogd ad halda loford sín, eptir því, sem hann hefir ábata af þeim eda ecki, þá væri ecki lifandi í veroldinni, því þá mætti engum trúa, eins og eg sagdi yckur á Mánudaginn var.

Erlendur. En hér var skadinn þolanlegur, Prestur minn! hvort sem hann Hinrik féck fætindin og glíngrid eda ecki, og það, sem hann tapadi í þessu, hefdi hann Magnús unnid, svo stadist hefdi landid fyrir því.

Prestur. Svo er líka í fleirum svikum og prettum. Hérna var ad sönnu ei von á strídi Kónga og landa á milli, hvort sem Magnús stód vid ord sín eda ecki, en nógur gat skadinn samt ordid; ad fóta troda dygd og réttvísi, ad giora á móti samvitsku sinni, hvorttveggia er óbætanlegur skadi, med hvorsu miklum peníngum eda penínga virdi, sem vera kynni, því frómlyndi og sannleiks elska eru sá besti dirgripur, sem nockur manneskia gétur átt, undir þeim er hennar farsæld komin, því enginn gétur haft góda samvitsku eda sómamadur verid né heitid, nema hann sannarlega hafi til ad bera, og sé kendur ad haldinyrd-

um,

um, trygd og frómlyndi. Eins og það er einn af Guds óendanlegu eginlegleikum, að hann í Ritningunni kallast sá Sannsøguli, og að hann haldi trygd æfinlega, svo er það líka ypparlegt hrós fyrir hvorja eina manneskju, hvorri allir bera það, að sérhvorju hennar ordi megi óhætt trúa. Aptur á mót vita allir strax að sú manneskja er afskúm, og enginn spyr lengur að, hvað við hana sé, þegar með sanni má um hana segja: að henni sé ecki trúandi til eins ords. Þú sagdir, Erlendur! að landið hefdi gétad stadist fyrir því, hvort hann Magnús hélt ord sín eda ecki. En sagdir þú það sama í fyrra, þegar Formadurinn, hvorn eg þarf ei að nefna, speik þig um skiprúmid? Þú hafdir ecki vitni til þess, sem þid hefdud talad saman, þú fórkst að sonnu inni annarstadar, en eptir að þú hafdir setid mikid af þér, og á ónýtum bát, sem aldrei komst út nema í besta blídviðri, hjá óduglegum formanni; ætli þú trúir hinum formanninum nærsta daginn, og veitstú ecki hvaða ord er allstadar á hann komid? sá, sem einusinni svikst um loford sitt, honum er sídan aldrei eins vel trúað á eptir, hvað þá ef hann gjörir vana af því? Eg veit til eins dæmis, að aldrei trúdi einn sonur fodur sínum, eptir að fadirinn hafdi einusinni prettad hann, og kannské líka sonurinn hafi optar rekid sig á sama, en af því eina skipti vissi eg, því eg var kunnugur Lærimeistara pilltsins, og hann

sagdi mér frá hvornin það tilgéck: Pilturinn var mirkfælinn, svo aldrei féckst af honum að fara neitt einsomlum í mirkri, og varð ætíð að fá sér einhvorn til fylgdar, þó ei væri að fara nema fram í gaungin. Fadir hans, sem var fastur á peningum, lofadi að gefa honum máladann skrif-stock, med blek-bittu og sand-bittu í af gleri, ef hann færi einsamann í mirkri út í kirkiu, og sækti þángad skrid-bittuna, sem stód í kórnum hiá alltarinu. Pilturinn vildi allt til vinna, og þó hann varla nædi endinni af hrædslu, giordi það, og síðan framepdir vetrinum mátti hann opt uppá somu von fara einn út, fram í eldhús eda út fyrir bæardyr, og uppá þann máta minkadi mirkfælni hans; en þegar farid var um sumarid í kaupstadinn, og sonurinn minnti fodur sinn á skrif-stockinn, var þar ecki nærri að koma, nema fadirinn slé ollu uppí spang, og sagdi, að drengurinn væri barn, svo eckert væri að marka hvoriu hann lofadi, og ecki heldur mætti hann heimta að það væri gildt, sem fullordnir lofudu honum. Hvornin lítst þér á það Erlendur?

Erlendur. Sá pilltur má hafa verid mikid náttúru-gódur, ef hann hefir ecki bædi ordid svikull og tortryggínn, í það minnsta giordi fadirinn sitt til, ad innpreenta það hiá honum med þessu. En stundum kunna lofordin ad vera þau, sem ecki má halda.

Prest-

Prestur. Víst finnast þau loforð, sem eru óheimskuleg, ómöguleg, og jafnvel syndsamleg, eða og öðrum til stór skada. Ef hún Kristrún litla vildi lofa mér, að bera mig fram í bæardyr, þá gæti hún það ecki. Ef eg vildi lofa honum Guðmundi litla að ríða með honum á stafnum hans á Sunnudaginn kémur kringum alla kirkiuna, eptir að eg er búinn að skrifta fólkinu þá væri það heimskulegt, og ef eg vildi lofa einhverium að hiálpa honum til að stela, þá væri það syndsamlegt. Líka ef eitt 6 vetra gamalt pilltbarn, lofaði stúlkubarni, á aldur við sig, að ega það, en þá þau kiæmu til vits og ára, reyndist, að þau ættu ei géð saman, eða það væri móti vilia annars-hvors náúnga þeirra, þá væri slíkt loforð ómark, því það stóð ei í barnanna valdi að trúlofast. Þess vegna hafði hún Hildur rétt fyrir sér í Gleðinni, að hann Magnús hefði átt að hafa samþycki hans foður síns í því, sem nockuð reið á, og Magnús ecki var ráðandi um, enda hafði Biarni líka rétt fyrir sér, að í smá-munum, um brauðföku, lítinn mann af blóði, og þvílíku, sem sóddann höfðingi, sem hann Herra Sveinn var, hefði leyft 10. vetra gömlum syni sínum að ráða, átti Magnús, að standa við orð sín, bæði fodur sinn að lofa sér, að halda þau, en einkum átti hann, eins og hann Biarni sagði, að hugsa sig vel um fyrir fram hverju hann lofaði. „Hugsa þig," sagði einn vitur

madur, „heila stund um, fyrr enn þú lætur „ord útúr munni þínum fara, svo þú talir „eckert þér eda odrum til skada, hugsadú þig „heilann dag um, fyrr enn þú lofar nockru, „svo þú ei þurfir ad ganga á heit þitt.“ Þetta, ad hugsa sig vel um ádur enn nockru er lofad, er hofud-regla í þessari grein, og þad egid þid, bornin min! ad venia yckur á. Hugsid þid strax med yckur, og þenkid eptir því, hvort þad, sem þid erud bedin um, eda þid ætlid ad lofa, sé skynsamlegt, hvort þid gétid þad, hvort þid megid þad, og hvort þad strídi ecki móti neinni þeirri skyldu, sem annars á yckur liggur. En ef yckur, svo sem hæglega gétur skéd, medan þid erud ecki komin til fullrar greindar, verdur á ad lofa því, sem þid annadhvort megid ecki, eda gétid ecki efnt, þá segid þid þeim þad strax frómlega, sem loforded hefir hiá yckur fengid, og bidied þid hann ad gefa yckur þad upp.

Lídur. Enginn gétur þvingad mig, Fadir minn gódur! til ad halda þad, sem eg aldrei mátti lofa, af því eg er barn.

Prestur. Satt er þad Lídur minn, ad login fritaka born og óvita frá ad halda loford, þad verdur ad vera vegna þeirrar vanbrúkunar, sem ásælni gæti annars haft og nytt sér. En í ollu á hvort eitt barn saunt, samvitsku og réttinda ad gæta, frá því þad fær nockud vit og greind, og þú mátt vera viss um,

um, ad hvort það barn eda únglíngur, sem afsakar sig med því frá ad halda sannsýnilegt loford, af því það sé barn og ómyndugt, spillir sínu góda mannordi, bædi hiá sínum líkum og odrum eldri. Eg skal segia yckur dæmi uppá þetta:

Tveir drengir fóru á berja-móa, þeim kom saman, ad annar þeirra skyldi leita upp bestu klærnar, og setia hiá þeim merki, en bádir skyldu á eptir skipta fengnum jafnt milli sín. Sá, sem eckert giordi nema tíndi berin þar, sem þau vóru mest, og géck ad þeim vísum, var fliótt búinn ad fylla askinn sinn, hlióp strax med hann heim, en lét lagsmann sinn eckert af þeim berjum fá. Einn annar drengur tók snæri uppúr vasa sínum, og hrock þá knífur hans upp med, en hann mundi ei hvar það hafdi skéd, fóck því af odrum dreng ad leita ad honum, og lofadi honum litlum stock, sem hann átti, í stadinn, ef hann findi knífinn. Hinn drengurinn var meir enn hálfann dag ad leita, fann loksins knífinn, en þá fóck hann ecki stockinn, eda neitt í fundar-laun, því egandi knífsins bar það fyrir sig, ad barna loford gildti eckert. Var þetta sanngiarnlegt eda sómasamlegt? ef eg hefdi átt ad segia mína meiníngu, þá áttu bádir hreckia-dólgarnir ad rída í skóg fyrir ómakid.

Odruvísi fór einn Stúdent ad, sem misti snemma báda foreldra sína og erfdi eptir þá

nockur hundrud hundrada, svo hann hefdi gétad lifad af eignum sínum. Vegna þess hann barst mikid á, og keypti margann óþarfa, komst hann í skuldir, en margir lánudu honum samt, bædi af því þeir vissu hvada eignir hann átti, og líka ad allir vissu, ad hann hvorki spiladi því burt eda drack það út, né sóadi því í vondum selskap. Samt uxu skuldir hans af forstands-leysi, og urdu svo miklar, ad hann átti ecki mikid meir enn fyrir þeim þegar hann vard mindugur, og fór frá háskólanum. Skuldaheimtu-menn hans ætludu þá ad taka allt hvad hann átti, en setia hann í fángelsi; nú segia login sú skuld sé svo sem enginn, ad frátekinn nockru litlu, sem ómindugum er lánud, hvar fyrir nockrir, sem lifdu á málaferlum, og skammsýnir vinir hans, rédu honum ad nýta sér þetta lagaleysi, borga eckert, en hlæa ad audtryggni þeirra, sem hiá honum áttu. Hann féllst þó ei á þad. Nei! svaradi hann þeim: mitt góda mannord er mér kiærara enn allt hvad eg á. Þeir, sem hiá mér ega álitu mig fyrir sóma mann, en ecki fyrir barn, þegar þeir trúdu mér fyrir láninu. Á eg ad giora ollum kunnugt ad eg til forna hafi breytt fyrst eins og óviti, en nú sídan eins og hreckia-dólgur? Þó login gétu verid mér til skióls á þinginu, þá dæma samt bædi skinsemi og sóma-tilfinning mig í hiartanu ad eg væri þá svikari. Óforsiálni mín skal kenna mér ad verda hér eptir skynsamari og var-

barkárari í því, sem eg lofa; hann borgadi þá alltsaman. Kunníngiar hans og náúngar lofadu hann væri siálfheimskur, og hann skyldi aldrei hiálpar vænta af þeim, eptir sodddan glópskubragd, og spádu hann mundi deya útaf í eymd og forakti. En þeim vard ei spá úr þeirri gétu; sóma tilfinníng hans kom honum í þad giæti bædi hiá skuldaheimtu-mönnum hans og ódrum, ad þeir hiálpudu honum í ollu, sem þeir gátu, og þar hann ætíd hafdi verid ástundunarsamur, og lært þad, sem honum var bædi til gagns og æru, var hann tekinn af ríkum velþenkiandi manni til ad kénna bornum hans, leysti hann þad verk vel af hendi, komst í gott embætti, og hélt ætíd sama áfram, ad vera ordheldinn, frómlyndur og ærlegur. Hvorki hefdi nockurr málsmetandi madur trúad honum fyrir ad uppala born, eda fyrir neinu embætti, ef hann hefdi bætt því ofaná úngdóms sóunarsemi sína ad svíkia adra um þad, sem þeir í trúnadi hofdu lánad honum.

Svo — bornin mín gód! venied þid yckur sífeldlega á, ad lofa engu nema því, sem þid ætlid yckur ad halda, og þegar þid erud búin ad lofa einhverju, þá látid enga sérplægni eda hvikyndi koma yckur til ad bríóta yckar loford. Magnús litli! manstú hvad eg fyrir tveimur árum las þér fyrir, og hér á heima, en þú áttir ad snúa á látinu:

Magn-

Magnús. Mig minnir ad vœri ætta: „Mann, sem lofar miklu, segir ollum já, en „efnir lítid, vantar eigi nema þriá (ad „er alla) af sálar-kroptunum; Skinsemina, „ádur enn hann lofar; Fríviliann, medan „hann er ad lofa; og Minnid, eptir ad „hann er búinn ad lofa."

Prestur. Svo sjaldgæft er þá í allra gódra manna augum ad vera ordheldnislaus, en sá, sem temur sér rádvendni í þessu úngur, verdur á gamal-aldri sínum enn fullkomnari í henni. Allir munu álíta hann svo sem sóma-mann, eitt hans ord mun gilda eins og annara tíu eidar, og hann verdur Gudi og monnum þóknanlegur.

Vid skulum upphvetia hvorr annann til þessarar dygdar, med ad syngia seinasta vers af Psálminum: Grem þig aldrei þá gudlausir.

Greinskilinn sért og hallt þig rétt, &c.

Sunnudaginn, 16 Novembr.

XXVII. Skyldir þú eigi vera miskunsamur vid þinn samlags þión?

Matth. 18, 33.

Fridsemin er sú dygd, sem stórum liggur mägt á, og naudsynlega á ad finnast hiá hvorum, sem vill sann-kristinn heita, og gódur lim-

lunur borgaralegs samfélags. Pad ridur mikid á ad þeckia hana réttilega, hvernin hún á ad audsýnast, og hvad gott hún af sér leidir.

Pessi dygd er í því innifalin, ad hegda sér kiærlega og vinsamlega vid adra, jafnvel þá, sem breyta ófridsamlega vid oss, líka og kappkosta ad halda vid eindrægni milli annara úti frá; en svo sem flestar dygdir verda fyrir því, ad lestirnir eru á stundum málaðir med þeirra farfa, þá er þad ecki allt fridsemis dygd, sem svo er kallad. Ecki meina eg hér þá, sem útvortis látast vera fridsamir, og med dæsum og blídyrdum bera sig ad sýnast þad, þó hiartad sé fullt af hatri, eda klaga sárann yfir manneskianna einingarleysi, en nidri spilla milli vina og kunníngia. Slíkar manneskiur eru mestu og verstu hræsnarar, en þad eru líka flestir, sem géta þreifad á hvad óheilir þeir eru. Ef þid minnid mig á, skal eg á morgun segia yckur dæmisogu uppá þesshättar ófridsemis uppqveikendur. En adrir eru, sem med meiri rétti géta heitid fridsamir, eru þad samt raunar ecki; slíka er naudsyn ad þeckia, svo vér ecki drogum siálfa oss á tálar í, ad þykiast vera fridelskandi, en vera þad ecki.

Margur kynni t. d. þykiast fridsamur, sem ecki ver sig þegar einhverr rángsleitinn ásælist hans eignir, sem þolir ad hann sé skammadur út, ellegar lætur svívirda sig og illa med-

höndla;

hendla; en slikt er ecki fridsemi, pad er dofinskapur og tilfinningar-leysi; petta kemur af leti og ofmikilli rósemis elsku, ellegar hrædslu, pá slikir láta vonda menn breyta vid sig eins og peir vilia. Adrir eru svo óvidqvæmir um sitt gott mannord og sóma, ad pó peir viti med sialfum sér, ad peir séu ecki valdir í pví, sem peir eru skuldadir fyrir, pá kiæra peir sig samt ecki um, hvad adrir dæma um pá, en soddan afskiptingarleysi er ecki en rétta fridsemi. Sá gétur sett sig til varnar og móti annara ásælni, og rekid til baka skadlega lýgi, sem er saunarlega fridsamur, pví af mátanum, sem hvorr einn brúkar vid pá, sem módga hann, siest hvort hann er fridsamur eda ecki. Minn kristindómur heimtar ecki af mér, ad eg skuli láta ræna frá mér eignum minum, án pess eg verie mitt, en hann skuldbindur mig til, ad giora pad med hógværd, breyta vid minn mótstodumann án haturs og hefndargirndar, og ad sannfæra hann um, ad eg sé vinsamlega sinnadur vid hann og fridelskandi. Sá, sem er sann-kristinn gétur ecki verid tilfinningarlaus, pá hann er skuldadur fyrir ærnleysis-verk, pví hreinsi hann sig ecki frá pví álasi, pá er hann optast-nær álitinn fyrir sekann; en honum ridur mikid á pví, hvort hann er álitinn fyrir gudhræddann edur ógudlegann, dygdaudugann eda lastafullann. Sá, sem hefir embætti á hendi, hvorsu lítid sem pad er, sviksur sinn yfirbodara, sem hefir trúad honum

um fyrir því, og giorir sig sialfann forakt-adann, ef hann verndar ecki sinn embættis sóma móti þeim, sem med óhlýdni eda ósonn-um sakargiftum nidra honum. Ad sonnu gét-ur sá sann-kristni verid rólegur í hiarta sínu þegar hann veit med sér, ad Gud þeckir hans sakleysi, en hann gétur ecki med lærdómi eda eptirdæmi komid gódu af stad í heiminum, þeg-ar adrir meina hann sé sekur í þeim skomm-um og lostum, sem uppá hann eru lognir, hann má þess vegna, já, hann á ad hreinsa sig frá slíkum óhródri, en sýna fridsemina í adferdinni vid sinn mótstodumann. Það er: hann á ecki ad gialda illt á móti illu, ecki lastyrdi móti skammarordum, heldur segia ein-asta eptir sins Frelsara dæmi Joh. 18, 23. „hafi „eg illa talad þá beviſa þú það," og þannig med elskusemi og hógværd bera sig ad gisra vin úr fiandmanni sínum. Svo breytir enn sann-kristni þegar hann er módgadur. Sú spillta náttúra kennir oss ecki þetta. Hún segir: „þú átt ad gialda líku líkt, þú átt ecki „ad þola svoddan mótgiordir, úr því þú hefir „magt til ad hefna þín, allir sem þeckia þig „munu hlæa ad þér, ef þú réttir ecki alvarlega „hluta þinn!" Þeir sann-kristnu aptur á mót sýna trúna í verkunum, þeir yfirvinna sína ó-stýrilátu sialfs-elsku, er ecki hirdir um neitt nema sialfann sig; stoltid, sem ecki þolir minstu módgun eda virdingar-brest, og heimsku-lega feilni, sem ecki þorir ad gisra annad

enn

enn það, sem veröldin hrósar. Látum oss miklu heldur breyta eptir vorum Frelsara í þessu! „Gjörið eckert," segir Postulinn Páll, Philipp. 2, 3-7. „gjörið eckert af prætni-„girni edur hégóma dirð, heldur af lítilæti, „haldi hvorr annann æðri enn sjálfann sig, „og líti hvorr einn ecki einasta uppá það, „sem hans er, heldur líka það, sem annara er. „Hvorr einn sé svo sinnaður, sem Jesús Krist-„ur var, sem — lítilæckadi sjálfann sig." o. s. fr.

Það er ecki nóg til sannrar friðsemi, að vera kiærlega sinnaður og vera reiðubúinn til forlikunar, þegar oss er á móti gjört, heldur eigum vér þar að auk bera oss að koma einingu á milli annara, sem missáttir eru. Það skipadi Jesús ockur útþryckilega, Matth. 5, 9. „Sælir eru þeir, sem friðinn semja, því „þeir skulu Guðs börn kalladir verða." Sá sann-kristni kappkostar að koma á frið og einingu, hvar sem hann gétur, en margsinnis útréttir hann lítið eða eckert, og má þá klaga með Davíð, Psálm. 120, 6. 7. „Lengi hefi eg „mátt búa hjá þeim, sem hata frið; eg er „friðsamur, en þeir spinna prætu efni út úr „því, sem eg tala."

Á friðseminni ríður harla mikið: enginn er sann-kristinn, sem ecki fylgir sins Lausnara dæmi í þeirri dygð; enginn er án hennar nytsamlegur limur í manneskianna samfélagi, og hún er eins og lífið og sálin í allslags sam-

heldi,

heldi, hvort sem það er smátt eda stórt. Heillra landa og ríkia velferd er komin uppá fridsemina og samheldid. Ef Undirsátarnir eru ei samlyndir med þeim yfirbodnu, þá er úti um þess ríkis velferd. Sé ecki fridsemi í einhvorri sveit, þá ber hvorr sig ad giora odrum skada og illt. Allt hvad þeirrar sveitar innbyggiarar taka sér fyrir hendur, dettur um koll, þegar sitt vill hvorr, en engir leggia saman til þess, sem þarft og nytsamlegt er, engri samþyckt verdur heldur ákomid þar, sem enginn vill fallast á það, sem flestir skinsamir vilia. Allt hid sama er ad segia um hvort heimili fyrir sig, þegar ósamlyndid er milli hiónanna, milli foreldra og barna, milli húsbœnda og þiónustu-fólks, þá er öll gledi og ánœgia burtu, eckert verdur útréttad, og þar er engin lucka; þvert á móti, hvar sem er fridur og eining, og hvorr vinnur odrum í hag, þar gengur eins og David segir, Psálm. 133, 1. 3. „Hvorsu gott og yndislegt er þar, „sem brædur búa saman í einingu! Drottinn „hefir skipad blessuninni ad vera þar, og mun „gefa þeim allskags sælda farsæld.“ Þessi Davids ord sýna, ad Gud elskar og blessar hina fridsomu, ollum gódum monnum eru þeir vel þockadir, og mega vænta sér hiálpar af þeim, þegar áliggur, í stadinn fyrir ad allir fordast ófridsama eins og hoggorm. Þeir fridsomu hafa sinnis rósemi og innvortis gledi í samvitskunni, þeir nióta og svo opt þeirrar

ánægiu, ad yfirvinna sína standmenn med elsku og gódsemi, og opt luckast peim ad koma forlikun á milli peirra, sem missáttir eru; en pegar sá fridsami fær hatur vegna elskusemiinnar, edur ránglátir ofsækia hann, hefir hann samt ætíd rólegt géd, því hann veit, ad hann er ecki sialfur orsok í peim mótgángi, heldur má hann treysta uppá Guds loford: „Sæll „er sá madur, sem polinmódlega lídur freist„inguna, því pegar hann er reyndur, skal „hann fá lifsins Krónu.“ Jac. 1, 12.

Siáid þá hér af, mín gódu born! hvad gott yckur er, og hvad mikid á því ridur ad vera fridsom, og ydkid yckur sifeldlega í peirri dygd, gefid aldrei efni til prætu edur óeiningar, en „stundid eptir fridi vid hvorn mann „Hebr. 12, 14.“ Audsýnid ydar mótstodumonnum elsku, og sannfærid þá med hógværd um þann órétt, sem peir giora ydur. Láti peir samt ecki undan, þá sýnid þid þad sialf med yckar dæmi, ad sá hefir meira vitid, sem undanlætur. Fordist mála-sóknir svo mikid mogulegt er, því í peim er bágt ad halda eins elskuriku hiartalagi vid sinn mótstandara eins og vera á. Medan á peim stendur er mótgiordin alltaf í þánka pess, sem óskundann leid, þaraf kann ad risa hatur til hinns máls-partsins. Tapi sá málinu, sem biriar þad, þá neydist hann til ad sleppa peim ábata, sem hann sókti eptir, og þvingast til ad gialda enn

meira;

meira; það espar upp sinnid. Þó hann vinni, þá stirkist hann þaraf í þeim þánka, ad hann hafi haft rétt fyrir sér, og hugsar ad hann megi hefna óréttarins, hvad samt ecki er kristilegt. Þó ecki væri nema vegna yckar tímanlegs ábata, þá ættud þid ad fordast málavastur. Það giorir sinnid órólegt, hindrar yckur frá ad passa það, sem þid egid, spillir tíma, eydir peningum, og opt og tídum tapar sá, sem vinnur, lángtum meiru enn þrætu efnid sialft var verdt, þar fyrir er alltjafnt skinsamlegra, ad taka þolanlegri forlíkun í tíma, þó nockur sé skadinn, enn tapa sídan meiru med lángvarandi lagadeilu, því sá málshátur er sannmæli: betri er mögur forlíkun, enn feitur próces. Uppá þetta skal eg, til vidvorunar, segia yckur einhvorntíma hvornin honum Mála-Eiriki gieck, sem lifdi fyrir yckar minni, en þid munud þó hafa heyrt hann nefndann.

Svo kann hæglega til ad falla ad sá sann-kristni verdi ad brúka réttargáng, þegar einhvorr samvitskulaus manneskia reynir til ad svæla undir sig eignir hans edur spilla hans tímanlegri velferd; æruþiófurinn skémma hans góda mannord, og slík illmenni géta ei unnist med gódu, eda vilia ei taka þolanlegri forlíkun, þá verdur ei hiá því komist ad brúka lagasóknir. En bædi kémur slíkt skialdan ad, og líka veit kristin manneskia sér til huggunar,

ad hvorr einn réttvís dómari giorir þá ad skyldu sinni ad vernda hann, og fleiri rétt-kristnir hiálpa honum, þegar hann lídur fyrir sakleysi. Þar á mót stendst þad ei med sonnum kristindómi, ad fara fyrir rétt med hvoria smámuni edur hvort eitt aukatekid ord, til ad forda sér litlum halla, eda ábatast um litilrædi. Slikt synir hefndargirni, ágirnd og ósanngirnarsemi, sem jafnvel jardneskir dómarar láta ei óstraffad. Vaktid yckur því bornin gód, ad þid ei styggid Gud, spillid sinnis rósemi yckar, og vogid yckar efnum, því í flestum málum er sigurinn þar ad auk undir hælinn lagdur. Minnist á áminningu Postulans Páls 1 Cor. 6,7. „Í því er áfátt ydar á milli, ad þér „hafid málasóknir hvorr móti odrum. Því „lídid þér ecki heldur órétt? Því látid þér ecki „heldur hafa nockud af ydur?" Látid aldrei veraldarinnar dóma fæla yckur frá ad vera fridsom, forlátsamar-giorn og eptirlát, þó adrir spotti yckur og hlæi ad yckar fridsemi, eda kalli hana gánguskap, þá skammist yckar samt ecki fyrir, ad synа í verkinu sannann kristindóm. Hvorsslags kristnar manneskiur erud þid, ef þid skammist yckar fyrir ad synast þad? „Afneitid þid þá ecki þeim Drottni, sem endur„leysti yckur, hvar med þid munud leida „hraparlega topun yfir yckur sialf?" 2 Pét. 2, 1. Gætid ad því, ad Gud vill ei þeckia þá fyrir sína, sem ecki þora ad kannast vid hann fyrir monnunum, Matth. 10, 32. 33.

Verid

Verid þess vegna í fridseminni, svo vel sem ollum ödrum dygdum, Jesú sannir eptirfylgiendur, og munud þid bædi þessa heims og annars sá og finna þar af æskileg not. Med hógværd og fridsemi skulud þid géta áorkad miklu meira enn veraldlega sinnadir med allri þeirra áfergiu og képpni; Gud mun hnegia sinni óvina yckar, og láta yckur reyna, „ad „hann hefir þócknan á þess manns framferdi, „sem stundar einingarsemi, og mun giora, ad „jafnvel fiandmenn þess hins sama hafi frid „vid hann.“ Ordsqv. b. 16, 7.

Ad endingu skulum vid syngia (2 seinustu versin af Psálminum: Osaurgudjelska ecki má):

Kiærleiks-verk sál mín képpstú vid, &c.
Eins Herra pióndr erum vær, &c.

Mánudaginn, 17 Novembr.

Strax, sem búid var ad qveikia, minntu börn mín mig á loford mitt í giærqvoldi, ad eg ætti ad segia þeim dæmisogu, og nockud um hann Mála-Eirík. Eg vildi ecki þau findu mig ad vera einn af þeim, sem vanta þriá af sálar-kroptunum, eins og í fyrra-qvold kom til orda, og þess vegna biriadi eg á:

XXVIII. Æfisögu Eiríks.

Skickanlegur gódur madur áttil medal annara barna sinna þann son, er hét Eiríkur,

og sem frá blautu barns-beini aldrei gat á sárs höfdi setid vid systkin sín. Þegar þau vildu eitthvad, þá vildi hann annad, giordi þeim opt rángt til í smáu, sagdi eptir þeim hiá foreldrunum, og stód alltíd uppá sitt mál med dirfsku og frekiu. Þegar hann var ordinn vaxinn, og átti vid vandalausa saman ad sælda, lét hann sama gédslag í liósi; alltíd hafdi hann eitthvad útistandandi vid einhvorn, hafdi ætíd þad vidqvædi: ecki eru þad løg! hvorsu rétt, sem adrir höfdu fyrir sér, en siálfur sveifst hann einkis ad giora á annara hluta, svo fadir hans hafdi nóg ad giora ad sætta allann þann óróa, sem hann kom af stad, og þó fadirinn sifeldlega áminnti hann til fridsemis, tiádi þad ecki. Fadirinn lagdist sídan í sótt, og þá hann hugsadi, ad hann mundi ecki ega lángt eptir, kalladi hann born sín fyrir sig, og gaf hvoriu þeirra þá vidvorum, sem átti vid hvors þeirra ástand og sinnislag; vid Eirík sagdi hann: sonur minn! mundú mig um, ad svo sannarlega, sem þú vilt siálfum þér vel, vertú fridsamur, og kappkostadu ad lifa í einingu og kiærleika vid þá, sem þú átt nockud vid ad skipta; þú bædi styggir Gud med ófridsemuni, og líka verdur þú siálfur láulaus sképna, ef þú lætur þann lost vid þig ráda. Þessi vóru hans gamla gudhræddra fodurs seinustu ord vid hann, og því midur! ad þau urdu ad sannspá um þennann óróasegg. Eiríkur erfdi nockra peninga eptir fód-

ur

ur sinn, fèck líka fiáda konu, hvar af honum óx módur, svo hann hugsadi sér, ad nú skyldi hann fyrir engum láta sig, helst þar ed hann var kominn í gott gæti hiá Syslumanninum, sem brúkadi Eirík til stefnu-fara og mála-sókna þar, sem Syslumadurinn þurfti einhvorium óvondudum á ad siga, hvad Eiríki ætíd var stærsta yndi ad útrétta. Hann keypti sér jord, og setti á henni bú; en ádur enn árid var á enda, var hann kominn í þras vid alla nágranna sína, því hvad sem adrir konu sér saman um sveitar-skil, nidursetur, fiall-skil edur annad, vildi hann aldrei á þad fallast nè hlýda því, svo á hvorju þingi var nóg rimma útaf því, og stundum mála-sóknir. Þegar einhver misklíd vard í sveitinni, var Eiríkur ad blása ad þeim kolum, og stappa í máls-partana stálinu; allir skickanlegir menn hefdu þess vegna ýmugust á honum og fordudust hann, svo þó hann giordi nockud á þeirra hluta, ellegar byriadi þras, gáfu þeir heldur eptir, enn hafa nockud med slíkann mann ad giora. Þar af vard hann svo módugur, ad hann hugsadi sér mundi haldast uppi ad giora og hann gæti forsvarad allt, hvad sem hann vildi. Gamall, fátækur madur var nábúi Eiríks, svo engiar þeirra láu saman; landa-merkia-steinarnir sáust ecki, því þeir vóru sockuir í jord, og gróid gras yfir þá. Eiríkur hugsadi sér þess vegna ad ná undir sig stóru stycki af þessu nábúans engi, hótadi líka

manninum med stefnu, ef hann vildi ei pola pad. Madurinn, sem ei vildi láta taka eign sína frá sér med valdi, vard ad fara í laga-sóknir, en Eirikur hafdi Syslumanninn med sér, svo eckert var giort vid adal-málid, en pad var sett upp þing af þingi, þángad til út úr því spunnust tvær eda þriár adrar sakir. Hvad skyldi sátækur og fridsamur madur hér til gjora? hans talsmenn brugdust honum, hann var ei svo ríkur, ad géta fengid dugleg-ann forsvars-mann lángt ad, og þó var óvíst hvada endalok málid kynni ad fá. Hann for-likadist því, eptir Syslumannsins rádi og undirlagi, hvar med Eirikur eignadist engid, en hinum sokum, sem útaf því hofdu risid, var sleppt. Af þessum sigri gladdist Eirikur mjog svo, en hann vard honum samt ad straffi og eydileggingu. Pad gengur einatt svo til fyrir órádvondum gudlausum manneskjum, ad pad verdur sópur á þá þeim til straffs, sem þeir mest gledjast af, og hugsa sé sinn stærsti ábati. Á sama ári og forlikunin var giord, dó fyrrtédur gamli nábúi Eiriks, og ríkur madur af jardagótsi og odru, sem ecki var hræddur vid laga-sóknir, keypti jordina eptir hann; strax og hann var búinn ad fá hana, fór hann ad undirbúa mál, til ad ná aptur undir hana enginu, stefndi þess vegna Eiriki. Þessi var nú ordinn vanur ad halda til þrauta hvoriu máli, og stóladi uppá vin sinn Syslumanninn, flækti sokina, sem hann gat,

gat, og lokſins dæmdi Sýſslumadurinn honum engid; en ſá, ſem nú átti jordina, ſtefndi dóminum fyrir ædri rétt, hvar Eiríkur tapadi, en var ei ánægdur med ſad, heldur hélt ſokinni til hærſta réttar, hvar allur hans umgángur komſt í liós; hann miſti engid, og var dæmdur til bóta, og til ad borga ſtórann málskoſtnad fyrir ollum réttum. Siálfur hafdi Eiríkur, auk ſeſſa, koſtad miklu uppá málid í ſau meir enn 5 ár, ſem ſad ſtód yfir, hann hafdi forſómad bú ſitt og heimilis útréttíngar fyrir allt ſetta ſras, og ſar fyrir utan var engin bleſſan í hans athofnum. Hann vard ſá ad ſelia jord ſína, og allt ſad beſta af ſví, ſem hann átti innanſtocks, til ad gialda med bætrnar og koſtnadinn, fór hann ſvo félaus í ſurra-búd ſá eign ſeſs manns, ſem hann ſeinaſt átti í málum vid, ſvi enginn annar vildi taka hann inn hiá ſér. En Eiríks vondſku-géd gat ecki til lengdar látid hann hafa ró, og ſú lægíng ſem hann var kominn í, var ſó ecki nóg til ad kénna honum ad ſeckia synd ſína. Hann hugſadi ſér ad hefna, ſvo eckert bæri á, gamallra vidſkipta hans og húſsbóndans, gat líka ſigad upp nockrum af landfetum hans ad ſkrifa ſkammarlega klogun yfir honum. Klogunin var ranſokud, hún fannſt ad vera raung, og ſad beviſadiſt ad Eiríkur hafdi verid pottur og panna til hennar. Hann var ſá tekinn og dæmdur á Brimarhólm, en úr ſví var

honum afskamtad, ad géta vakid upp óróa. Pessi madur hefdi gétad lifad gódu og farsælu lífi, ef hann hefdi verid fridsamur, en med ófridseminni giordi hann sjálfann sig óluckusegann.

XXIX. Dæmisøgur.

12.) Rógburdur.

Í hárri eik bió Fugla-drottníngin Assa efst, Kisa í midiunni og Gylta nedst, peim kom ollum vel saman, pángad til rógburdurinn kom hatri og grunsemi á stad peirra á milli. Kisa klyfradist upp til Arnarinnar, dæsti, og kom varla upp ordi, svo mikid bió henni fyrir briósti. Heyrid pér, sagdi hún, pad liggur ecki annad fyrir, enn barnafuglarnir ockar, og kannské vid sjálfar deyum hrædilegum dauda! sá er gódur vinur, sem varar vid óluckunni, skodid pér, æ! blessadar verid pér! skodid pér, hvornin Villu-gyltan sú arna er ad róta! hún grefur og ætlar ad losa í kríngum allar ræturnar á trénu. Svo er best hverium ad trúa, ad menn viti hvort honum sé trúandi eda ecki. Og á eg pá vesælingur ad lifa og siá uppá pad á bornunum ockar! pér peckid ecki háskann eins og hann er, pví pér erud svo hugprúd, en eg vesælingur, eg ístodulitil, er undir eins og eikinn dettur, og, skodid pér! núna

er

er rétt komid ad því hún hallist, svo sie eg það hvornin ad Gyltan muni eta upp elskukétlingana mína. Eckert þykir mér verra enn lygin; ecki vil eg koma tvídrægni af stad; nei, ærleg, ærleg skal eg vera medan eg tóri. Eptir ad hún hafdi þetta sagt, og komid inn tortryggni hiá Ornunni, læddist hún á tánum ofan til Gyltunnar, og tók svo til orda: æ! mín allra-kiæresta sambýlis kona! þú munt aldrei géta gétid til, hvors vegna eg er svo stúrin, mér þikir sárast um grísa-sképnurnar þínar; Arnar augum skyldi enginn trúa! eg veit af því þú gétur þagad, en gættú ad hvornin ólucku fuglinn þarna uppi vakir yfir ockur. Eg hefi heyrt til hans, ad hann er ad hvessa á sér klærnar, og undir eins og þú fer úr bólinu þínu, ætlar hann ad hremma blessud fallegu bornin þín. En allt í trúnadi samt! eg vil ecki láta hafa mig fyrir því! æ! þetta hefdi eg þó sídst þenkt! sídan band hún med þúngum dæsum gódar nætur, klifradist aptur uppí holu sína, gladdi sig af hvad miklu íllu hún hefdi gétad komid til vegar, og ítrekadi opt sinn róg. Ornin var síseldlega í hreidrinu, svo Gyltan æti ecki upp úngana hennar þegar eikin ditti, og Gyltan þordi aldrei frá grísum sínum ad fara, svo Ornin hremdi þá ecki, hvorug féck vott eda þurrt, og horudust svo bádar nidur, ad þær med úngunum lokkins urdu lygafulla Kattar-kiaptinum ad brád.

Hvers

Hvorr gétur nógsamlega sagt, hvad miklu illu vondar túngur koma af stad, þegar þær hitta andtrúa fyrir? hvorr er hatursverdari enn sá, sem talar illa um góda menn? eg skal láta þann sannorda Syrak svara fyrir mig: sá sem lýgur, segir hann, sá sem baktalar, er verri enn þiófur. Syr. 20, 27.

13.) Magur próces.

Tveir Tialdar fundu einusinni Ódu, er hvorr fyrir sig þóttist ega alla, en hvorugur vildi undanláta. Í því bar Tóu þar ad, sem þeir tóku til ad skéra úr þessari þrætu. Hún tók skélina, lauk upp, og át úr henni matinn, sagdi sídan: þar hafid þid sína skélina hvorr, og þá er jafnt skipt millum yckar, en hitt á eg fyrir þínghaldid. Fiskurinn var dágódur! Verid þid sælir gódir hálfar, og lifid í fridi!

XXX. Gátur.

19.) Fingur-bjorg. 20.) Brádur. (*) 21.) Tóbaks-pípa. 22.) Eldist. 23.) Tágar í korfu.

24.) Eg er slétt, hrein, lipur, med litlu gati, án hvors eg væri ónýt. Þau fallegustu og praktugustu verk fullkomna eg med mik-

(*) Í Utlondum eru giptar konur nefndar eptir nisnnum sínum.

mikilli konst. Eg á heima í fallegu húsi, en sé eg ei rétt brúkud, þá gétur þaraf orsakast blóds úthelling.

25.) Hvad er ecki sodid og ecki tuggid, ecki rennt nidur og smackar þó morgum vel.

26.) Sólin sýdur þad, hendin brýtur þad, fóturinn tredur þad, munnurinn nýtur þess.

27.) Mitt verd er ecki allt undir stærdinni komid, heldur líka litnum, og þó eg sé sálarlaus, útvega eg samt virdingu. Sé mér ecki haldid miog fast, þá hleyp eg úti buskann- hingad og þángad sýnilega og ósýnilega, en ecki á fótum. Ur litlu giori eg stórt. Sá sem ecki á mig, verdur margs, og stundum alls, án ad vera; en sá sem á mig hefir þó opt meiri qvol.

Þridiudaginn, 18 Novembr.

XXXI. Hvernin menn képpast eptir medslum ad verda farsælir.

Himnagudinn Júpitir hafdi einusinni Gudina í bodi sínu, kom þá til tals, hversu heitt hann elskadi manneskiurnar á jarduuni, og til ad sýna þad í verkinu, hversu umhugad honum væri, ad giora þær allar luckulegar, fól hann Lærdómsgudinum Apollo á hendur, ad senda manneskiunum nidur á jardina allt þad, sem gæti

giort

giort þær farsælar. Lærdómsgudinn lét ecki þurfa ad skipa sér þetta tvisvar, en sendi strax út sís af Lærdóms-gydiunum, og hafdi ecki eptir hiá sér nema tvær, svo hann þó ecki skyldi vera aleinn eptir. Hvorein af þeim sís útsendu Gydium bar kistil á bakinu, í hvorium var eitthvort medal til mannanna farsældar. Hin fyrsta bar Skinsemi, onnur Dygd, þridia Heilbrigdi, fiórda Langlífi, hin fimta Sællífi, siotta Virdingar, og sú sisunda hafdi kistil fullann med Peninga á bakinu. Þær gengu allar nidur fiallid Parnass hvar þær hafa sitt adsetur, og fóru inní borg, í hvorri þá var fiolmenn kaupstefna. Allir héldu þær mundu hafa varning til sölu, og flycktust ad þeim, einkum úngir karlmenn, hvarfyrir þær hugsudu best mundi vera, ad úthrópa hvada vorur þær hefdi falar.

Sú fyrsta hrópadi: kaupid Skinsemi, gódir menn! Skinsemi! eg sie á yckur, ad þid þurfid hennar vid. Kaupid Skinsemi! og þá þurfid þid ecki ad kaupa neitt af þeim systrum minum, því þegar þid hafid Skinsemi, þá hafid þid allt annad yckur í hendi! kaupid Skinsemi! varan er gód! allir sem þetta heyrdu, fóru ad hlæa og flissa. Pad er skritin varnings-stúlka sú arna sogdu þeir, lakast er, ad hún er komin til ára sinna. Þegar hún sá, ad enginn vildi kaupa neitt af sér, geck hún upp og nidur um strætin, og hrópadi stöfeld-

lega:

lega: hvor vill kaupa Skinsemi? allir litu út um gluggana og fóru ad hlæa. Þegar henni luckadist ecki þetta, hugsadi hún best væri, ad ganga hús af húsi, og kom í einn glæsilegann gard, hvar hún setti kistilinn nidur, í því hún var farin ad þreytast undir þeirri miklu Skinsemis-byrdi. Til allrar ógiæfu var hússfreyan ad munnhoggvast vid bónda sinn, og hafdi barid allt heimafólkid. Þegar hún sá Lærdóms-gydiuna, sagdi hún med brædifasi: kerling! hvad villtú hérna? náduga Frú! svaradi hún: eg vildi vita hvort ydur þóknadist ecki ad kaupa Skinsemi. Kaupid í tíma, svo þér hafid, þegar á þarf ad halda. Máské mig beri ecki fliótlega aptur ad húsum ydar, minn varningur mundi fara ydur vel, því satt ad segia, er svo margt elskuverdugt hiá ydur, ad eg má játa, ad ydur vantar eckert nema Skinsemina. Fardú fiandans til! hrópadi Frúin: viltú segia, eg sé heimsk! Lángt frá! svaradi Gydian: eg vil forda ydur frá því, þar ed eg hefi Skinsemi til sölu. Frúin greip þá til toplunnar sinnar, og hefdi vissulega molvad Skinsemdar-kistilinn, ef Gydian hefdi ecki í því sama gétad skoppad undan og út úr húsinu. Varla var hún komin útá strætid, fyrr enn Tollheimtu-madur kom hlaupandi eptir henni og kalladi: Hvad hefir þú í kistlinum þarna? þú átt ad gialda toll af því. Pad er Skinsemi, Herra minn gódur! sagdi hún. Skinsemi, svaradi hann: Skinsemi! hvada toy

er

er þad? eg hefi líka verid Kaupmadur ádur enn eg vard Tollheimtari, sem eg nú, med raupinu og ollusaman, er búin ad vera í 30 ár, og man eg ecki til ad sá varníngur hafi nockurn tíma verid fluttur hér inn í borgina. Eg ætla ad forsigla kistilinn þinn, þángad til eg er búinn ad spyriast fyrir, hvort þessi Skinsemi sé ecki forbodin vara. Hann hlióp strax til yfirvaldsins, og beiddist dóms á þessari sok, fékk hann svo látandi: ad varnings-stúlkan skyldi strax hneppast út af borginni, því yfirvoldin hefdi nóg af Skinsemi, en almúgamonnum væri hún ecki henting, hún væri bædi yfir þeirra stand, og líka ecki rádlegt, ad láta penínga fara útúr landinu fyrir slíkann óparfa. Gydian var þar nærst strax rekin útúr borginni, og henni hardlega bannad ad koma nockurn tíma þángad aptur.

Hin onnur Gydia, sem hafdi Dygdina á bodstólum, hrópadi eins á ollum strætum, en fann engann kaupanda, því allir héldu hún væri ecki med ollum mialla. Loksins sagdi gamall, rádsettur madur vid hana: Stúlka mín! þín vara er hér ecki útgengileg, þad er altalad ad hún sé ofgomul, og vorar hofdíngs qvenn-persónur halda allann þann búníng hláturlegann, sem onnur þeirra báru; þar fyrir væri best fyrir þig, ad giora þér ecki þetta ómak til einkis. Móðurinn umbreytist, og sú, sem fyrir hundrad árum var

kall-

kollud dygdarik kona, heitir nú á dǫgum velborin Frú. Til allrar lucku átti Gydian polinmædi í kistlinum sínum, hana bar hún á sig, og fèck þar med krapta til ad bera sína byrdi heim aptur.

Sú þridia, sem hrópadi: ad hún hefdi Heilbrigdi fala, fèck ad sonnu nockra kaupendur, en þad vóru varla adrir enn þeir, sem med órèlegum lifnadi vóru búnir svo ad skémma sig, ad þeir stódu ecki til bóta. Til allrar ógæfu kom þar ad í sama vetfángi Skottu-læknir, sem sagdist hafa bót vid ollum meinsemdum, og strax fóru allir frá Gydinnni, segiandi: vid skulum fara til Doctorsins, sem segist hafa medǫl vid ollu, hann má vera enn betri læknir; hann hefir hiálpad svo morgum vid maga-pínu med ákavítinu sínu; en hún, heimsku-tóid þarna, vill láta ockur þamba kaldt uppsprettu-vatn. Gydian vard þá ad læsa aptur kistlinum sínum, og naumast fundust tvær manneskiur, sem fengu bata af hennar lækníngum, því hinir vildu ecki tempra sinn lifnad og matar-ædi, eptir sem hún fyrirskildi.

Hin fiórda Gydian kom þareptir og hafdi Lánglífi á bodstólum. Naumast var hún búin ad úthrópa þad einnsinni, fyrr enn bædi siúkir og heilbrigdir yfirgáfu Skottu-lækninn, og þyrptust ad Gydinnni, sem hafdi Lánglífid til sólu. Nockrir vellaudugir Maura-púkar vildu

géfa helming eigna sinna fyrir það, og þegar þeir gátu ei komist fram fyrir fólks ósinni létu þeir sækia stríðsmanna vaktina til að drífa almúgann frá. Allrakiærasta Gydia! sagði áttræður karl, eg hefi með Guðs hiálp nælt sex hundrud þúsund ríkisdali með mínum súrum sveita, og þó eg hafi stóra plágu og áhyggiu fyrir, hvernin eg egi að koma þessum vesældóm uppá hentugastann máta á óhultum stöðum uppá rentu, þá vildi eg samt ecki deya svo fliótt, því mér er qvöl að vita til þess, að bornin mín eptir minn dag skuli sólunda og eyða því, sem eg hefi haft svo mikið fyrir að draga saman. Hvað vilied þér hafa fyrir eitthvert medal með hvoriu eg gæti enn nú lengt lífdaga mína um áttatígi ár? áttatíu þúsund ríkisdali, svaradi hún. Hvað, áttatíu þúsund ríkisdali? er það alvara ydar, áttatíu þúsund ríkisdali? hefði það verið átta þúsund ríkisdalir, það hefði verið sök sér. Allur jafnaður er bestur, minn kiæri vin! svaradi Gydían, þér skulud vita, að þeir peníngar, sem eg tek inn fyrir mínar vörur, eru ætladar skinsömum, dygdugum, en fátækum manneskium til viðurværis, og má eg því eckert géfa burt af fátækra fé. Eih! það, sem er ofmikið, það er þó ofmikið, svaradi hinn gamli, eg bæti einu hundradi við, það er átta þúsund eitt hundrað ríkisdalir, og það í tómum krónum; eg vona þér horfið á það? Hvað er að horfa lengi á það, sagði einn annar maura-kallinn,

og

og rétti undir eins fram peninga-phngin? Parna eru áttathygi púsund ríkisdalir! Vel er pad, gódurinn minn! svaradi Gydian: eg er reidubúin ad péna ydur; en pad gét eg sagt ydur, ad pér ydrist eptir kaupin, nema pér ádur hafid útvegad ydur Skinsemi, Dygd og Heilbrigdi, af prennur eldri systrum minum, pví án pess hrísa mín medøl ecki, ellegar pau giora ydur sífelda pínu, svo lífid verdur ydur til mædu. Hvar eru pá pessar priár systur? spurdi ríkis-madurinn. Látid pér leita pær upp, svaradi Gydian: pær komu hingad inní borgina í morgun. Maura-púkarnir létu leita hús af húsi, og spyriast fyrir um pær á öllum vegum og gatnamótum, en pær var pá hvergi ad finna.

En fimta Gydian, sem úthrópadi: ad hún hefdi Sælisi til sölu, vard ysirfallin af stórri pyrpingu únglinga bædi karlkyns og qvennkyns, sem vóru sólgnir í hennar varning, svo hún fell um koll, og kistillinn molbrotnadi. Pessi únglinga hópur géck ad med kappi og ofsa, hvorr reif út úr hondunum á ödrum pad, sem hann nádi, svo eckert vard eptir heilt, sem í kistlinum hafdi verid, og peim, sem ecki fengu meir enn einn mola, pótti midur, ad peir væru giordir afskipta, ofundudu hina, sem hafdu nád pví, er peir sjálfir hafdu mist, eda pá vantadi, og pó vildi enginn midla ödrum af hiá sér. Gydian bar

þeim þetta á brýn, og sagdi: ad ósthýrilæti þeirra væri orsok, ad þeir hefdu skémt allar þær forlystíngar, sem hún hefdi ætlad þeim.

Siotta Gydian hrópadi: ad hún hefdi Virdíngu ad selia. Allir sóktust svo miog eptir hennar vorum, ad þeir fyrst flycktust ad henni, sídan kom til ásloga og riskínga, seinast til vopna vidskipta og mann-víga. Stríds-manna vaktin var sókt ad stilla til fridar, hún gat nád Gydiunni úr þessum ómildu hondum, og frelsad hana frá brugdnu soerdunum, er gengu á víxl yfir hofdi hennar. Þegar hún sá, hvorsu ofstopalega þetta fór til ad gánga, láumadist hún til ad lúka upp kistlinum, tók úr honum þá sonnu æru, en fyllti hann aptur med titla. Þegar hún var búin ad því, kalladi hún hátt og sagdi: verid þid blessadir, og stodvid þig yckur! gætid ad því, ad en sanna virding fæst ecki nema hún biódi sig sialfa, svo sem forþént laun fyrir mannkosti og afreks-verk. En enginn gaf því minsta gaum; múgurinn vard Stríds-manna-vaktinni yfirsterkari, þeir brutu upp kistilinn, og bordust um einbera titlana, sem í honum vóru. Mig stansadi, þegar eg medal þessara sá menn, er annars vóru ecki vanir ad tala um neitt meir eda optar, enn audmýktina. Gydian hló í huga sínum ad athæfi þeirra, og hugsadi: hlaupi heimskingiarnir þeir arna med titlana svo sem þeir vilia, eg

skal

skal færa honum Apollo aptur þá sonnu æru, svo hann géti gefid hana þeim, sem eru hennar verdugri.

Midvikudaginn, 19 Novembr.

Med þessum áseting fór hún útúr borginni, og fann hugstu systur sína, sem hafdi Peningana til sölu, utan borgar-hlidanna, hvar hún lá í augviti. Systir mín gód! kalladi hún, hvornin lídur þér? mikid ángur er mér ad hitta þig hér svo aumlega útleikna. Loksins raknadi sú hálfdauda Gydia vid, stundi þúngan og sagdi: æ hversu luckuleg er eg, ad eg fæ ad siá þig aptur. Pad er eins og eg hiarni vid, því eg hugsadi ad útgiort væri um líf mitt. Aldrei hefdi eg trúad því, ad manneskiurnar væru svo rasandi. Æ! flýum vid sem flióstast frá þessum ófreskium, og kom þú mér eitthvad undan, því eg er aldrei óhrædd um, ad þær muni rádast á mig aptur. Hvad hefir þér þá verid giort, sagdi sú eldri. Pad er eins og þú sæir þúsund úlfa, svaradi sú yngri, sem hefdu soltid í heila viku, og svo kiæmi í flock þeirra ein manneskia, sem bæri kind á bakinu, og er þad þó ecki nema lítil ímind af því, hvornin mér géck med peninga-kistilinn minn. Því undir eins og eg kom í borgar-hlidid, og sagdist bera peninga, er eg vildi gefa þeim, sem vidþirftu, streymdu ótal manneskiur

iur ad mér; þeir, sem vóru í húsunum, stucku útum gluggana, þeir rifu mig og peninga kistilinn minn nidur ad jordu, og undir eins molbrutu hann. Þeir hrifsudu allt til sín, og það, sem þeir gátu ecki nád med hondunum, báru þeir sig ad henda med munninum. Þegar ecki var meira í kistlinum, rifu þeir klædin utanaf mér, og leitudu allstadar í þeim, og á mér, til ad vita hvort eg hefdi ecki fleiri peninga í vasum mínum, eda næst mér. Þegar þar fannst ecki neitt, fóru þeir ad sonnu frá mér, en þegar þeir, sem eckert hefdu fengid, vildu med makt ná peningunum frá hinum, komust þeir í áflog, og held eg ad enginn hafi sloppid óskémdur, því þess fleiri peninga, sem hvorr fécк, þess verr vard hann útleikinn.

Þegar Gudirnir fengu þessar frettir og sáu hvorsu sólgnar manneskiurnar eru í forlystíngar, virdíngar og audæfi, ályktudu þeir, ad þessi þrennslags giædi skyldu ei veitast odrum enn þeim, sem hefdu skinseini og dygdir til ad bera. Hvort þessum dómi hafi þareptir verid eptirlifad, eda hvort honum hafi ecki sídarmeir verid umbreytt, kann eg ecki ad segia.

XXXII. Gleraugna sjónhverfíngar.

Þegar Gudirnir heyrdu afdrif þeirra 7 systra er þeir sendt hefdu nidur til jardar med Skinseini,

semi, Dygd, Heilbrygdi, Lánglifi, Sællifi, Virdingu og Peninga, hættu þeir samt ecki, ad vilia giora manneskiunum gott; en þar þeir sáu, ad þær hofnudu allri sannri farsæld, þá sendu þeir þá áttundu Lærdóms-gydiu til mannanna med stóra korfu fulla af Gleraugum, sem slípud vóru med morgum kontum. Gégnum þessi Gleraugu syndist allt hvad fyrir augun bar ad vera eins margt eins og kantarnir vóru margir á Gleraugunum, svo þeir, sem gégnum þau horfdu, vissu ei annad, enn svo væri í sannleika, sem innbirlingin lét þeim bregda fyrir siónír. Þar nú flestir eru ósedianlegir í þeirra girndum, svo verda þeir fegnir hverin helst, sem villir sióníf þeirra, og því er þá eptirlángar. Þetta kom hér líka fram: því fólk flycktist í hópatali ad Gydiunni til ad kaupa af henni Gleraugun, og allir vóru vel ánægdir med kaupin. Sá, sem var mikid fyrir ad halda sig vel, sá hundrad fot á bordinu, þó þar væri ei nema eitt; sá, sem átti eina kú, sá í haganum fimmtygi kýr allar med sínu marki; og þá hann leit á skémmuna sína, syndist honum þar vera stórt þorp; sá, sem vildi láta marga lúta sér, þurfti ei annad enn láta einn dreng bukta sig, og strax sá hann stórann hóp manna vera ad veita sér lotníngu; til ad siá óreliandi liós þurfti ei annad enn setia Gleraugun á nefid, og horfa svo á tyruna í kolu sinni, og sá ágiarni þurfti ei annad enn þessi Gleraugu til ad siá þar hundr-

ad speciur, hvar ecki var annars nema ein. Fyrstu dagana eptir ad menn vóru búnir ad kaupa þessi Gleraugu, giordu þeir ei annad enn sifeldlega horfa á þad gégnum þau, sem hvorium var mest hugleikid; þegar frá leid, brúkudu þeir þau ad sonnu, en létu sier samt hægt, þá þeir fóru ad veniast þeim. Sumir fóru ad slipa á þau fleiri kauta til ad láta hlutina synast enn fleiri; adrir fóru ad verda ánaurvœrir, þegar þeir ráku sig á, ad þessi fioldi, sem þeim brá fyrir augu var ei nema sión-hverfing; stundum ofbaud þeim, þegar þeir sáu eymdir sinar og andstreymi gégnum þessi Gleraugu, og enn adrir óskudu sér ad eiga vidlíkt verkfœri handa hinum odrum skilníngar-vitunum, sem hefdi somu verkan. Þegar nú sinu var ad brióta uppá hvorin, og reyna margt, tókst einni konu, er hét Siálfselska, ad finna uppá spé-spegil, sem ollum fell vel í géd. Hann var íholur, svo sá, sem skodadi sig siálfann í honum, sá sig keikann og upprettann, en allir adrir syndust honum smáir, og standa á hofdi. Þeir stoltu hrósudu einna mest þessari uppáfinníngu, en enir ágiornu héldu þó meir uppá Fiolgunar-gleraugun; samt lostudu hvorugir mikid hinna anuara verkfœri, og mý-margir brúkudu þau hvorutveggiu til skiptis.

XXXIII.

XXXIII. Reisa til Túnglsins.

Þeir 7 Gricklands Spekingar hefdu einusinni mætst í Athenuborg, bar þá medal annars á góma, ad hvorr einn skyldi segia, hvad hann áliti furdanlegast af ollum skopudum sképnum. Einn af þeim, sem hvarfladi hærra med þaunkum sínum enn adrir, kom med þá meiníngu, er nockrir vitríngar hafa haft, ad hvor ein stiarna væri sól, og hvor ein af þessum sólum hefdi sínar plánetur, sem gengu kríngum sólina og væri útbúin med grosum og dýrum eins og vor jord. Á þetta féllust þeir allir, og beiddu Himna-gudinn Júpíter, ad hann, ad minsta kosti, vildi leyfa þeim ad reisa til Túnglsins, og vera þar í 3 daga, til ad skoda allt þad, sem þeim þækti þar nýstárlegt, svo þeir gætu saat frá því ollu, þá þeir kæmu aptur. Júpíter veitti þeim þessa bæn, og skipadi þeim ad koma á ágvednum tíma saman á sialli nockru, hvar eitt sky skyldi vera til reidu ad flytia þá þángad, sem þeir hefdu eptir óskad. Þeir voldu sér nockra skinsama hagleiks-menn og stallbrædur, sem þeim skyldu vera til hiálpar í ad uppskrifa og mála allt hvad fyrir þá bæri.

Loksins komu þeir í Túnglid, og fundu þar bestu hýbýli med ollu því er tilþurfti, ad hafa góda gistíngu. Nærsta dag eptir vóru þeir reisumódir, og vóru heima ad hvíla sig allt

til middegis, en þar þeir vóru eptir sig og þrótt-litlir, fóru þeir ad næra sig med kostulegri máltid, sem þeim fell svo vel, ad þeir slóu á frest nýúngagirninni. Þennann dag giordu þeir ei annad enn horfa útum gluggana, og virda fyrir sér hvad falleg væri afstadan, allir vellir blómstrum settir, á hvorra prýdi glada sólskinid miklu bætti, og fegursta fuglasaung var þar ad heyra allt fram á nótt. Morgunin þareptir risu þeir árla til ad biria verk sitt, en nockrar dáfridar konur úr því landi komu í kynnisleit til þeirra, og rédu þeim ad hressast fyrst, og stirkiast vel, fyrr enn þeir legdu svo púngt erfidi á sig, sem þeir nú hefdu fyrir stafni. Sælgætis kræsingar, áfeingur dryckur og meyanna fridleiki unnu svig á þessara gésta fastrádid áform. Fagur hliódfærasaungur lockadi þá úngu í dans, og allt vard fullt af gledilátum, svo allur dagurinn leid burt í glaumi og kátinu, þar til nockrir innbyggiarar lands þess, þeir ed nærstir vóru, litu óhíru hornauga til gledi þessarar, og brutust inná géstina med rycktum sverdum. Oldúngarnir báru sig ad sefa þá yngri, og lofudu ad færa forgángsmenn ad þessum glaumi daginn eptir fyrir réttinn. Þad endtu þeir líka trúlega, málid kom þann dag í dóm, og géck allur sá dagur til, ad nefna búa, rydia nefndina, segia fram sok, bióda til varna, bera qvidu, leita sér biargvætta, semia og segia upp dóminn, og þarmed var sá tími, sem Júpiter hafdi ágvedid á enda.

Þá

Þá Spekingarnir komu aptur til Grickalands, þyrptist ad þeim allur lands-lýdurinn, til ad fá frettir um alla þá furdanlegu hluti, sem vœru í Tánglinu. En Ferdamennirnir gátu ecki frá odru sagt, enn þeir vissu, sem einúngis var, ad þar vœru grœnir vellir, nockur blómstur sprittu þar, og fuglar nockrir syngi þar; en hvorskyns blómstur þeir sied hefdu, eda hvada fugla heyrt vissu þeir eigi. Hvorsvegna þeir urdu ad spotti og athlátri hiá ollum.

Ef vér vildum þýda dœmisogu þessa uppá vorrar aldar manneskiur, þá yrdi hvad odru nockud áþeckt. Med þeim þremur dogum meinar dœmisagan þriá parta mannsins lífsstunda. Fyrst Æskuna þá vér erum í allann máta of þróttlausir ad yfirvega skapada hluti. Sídan Manns aldurinn, á hvorium manneskiurnar eru ad koma sér fyrir, giptast, afla barna, safna aud handa þeim og verda menn med nionnum. Og loksins Ellina, þá menn eru komnir í stand, rata þeir í málaferli og tvídrœgni, út af gótsi því, sem þeir hafa samandregid. Á þenna hátt ber þad opt til, ad menn íhuga aldrei hvoriu takmarki þeir átti ad ná, eda hvors vegna þeir komu í veroldina.

XXXIV. Sundurlausir þánkar.

X.

Spanskir hafa þenna sanna Málshátt: Gisr þú vel, þá fær þú ofmandar-menn. Gisr þú enn betur, þá sneipast þeir.

XI.

XI.

Gudleysingurinn er ecki annad enn hádsleg-ur vitfirringur, sem ecki vill brúka augun; en Hræsnarinn gierir sig settann og alvarleg-ann á svip, til ad géta þess óhultar spottast ad Gudi og hans ordi. Hann sier ad hann á hægra med, ad beygia kné, spenna greipar og blundskacka í sér augunum, enn ad brúka þá limi til ad gisra gott med þeim. Hann er eins og ófeilinn skulda-þiótur, sem dag hvorn fer ad finna skuldaheimtu-manninn, tal-ar kompánlega vid hann, en borgar aldrei neitt.

XII.

Í því einhverium vill til óláu, þá kém-ur honum ei fyrst til hugar, hvad Vinir hans muni hugsa, heldur hvad Ovinirnir muni um þad tala.

XIII.

Tvær konur verda sialdan hiartans vin-ur, svo sú þridia lídi ei undir því. Þær gisra samband eins og Kóngarnir í fyrnd-inni, er slátrudu einhverri kind, ádur enn þeir festu vinátttu sín á milli; eins verdur vin-skapurinn rétt heitur milli tveggia qvenna, þegar þær eru fyrst búnar bádar ad hiálpast ad til ad rífa í sundur, þá þridiu.

XIV.

Opt hefir madur rángt fyrir sér í réttu máli, af því adferdin er raung.

XV.

XV.

Þú spyr hvad tilkomi, ad stærstu mönnum verdur stundum furdanlega á? Spekingur nockurr hefir þar uppá svarad: Þad er af því, ad hvorsu miklir menn, sem vér erum, þá erum vér samt ecki annad enn born, en bornunum verdur morg heimskan á.

XVI.

Aldrei hefir verid skrifad meira um ad giora manneskiurnar farsælar, og áldrei hafa þær sialfar meira adgiort til ad giora hvor adra farsældarlausa, enn nú. Ecki ad skrifin skemmi, heldur eru þau eins og læknis-medol í nœmum stórsóttum; þá deyia svo margir, ad ecki ber á þeim fáu, sem halda lifinu, og biargast af medolunum.

XVII.

Frekia í hárri tign, er á rek vid Slœgd í spekinni.

Fimtudaginn, 20 Novembr.

XXXV. Fridleikur Sálar og Líkama.

Í fyrndinni var nockurr mikilshättar Herra, sem átti tvœr dætur er vóru tvíburar, og hofdu fengid nofn, sem sitt átti rétt vid hvoria þeirra. Sú eldri var dáfrid, og hét Fridur, hin onnur var mikid ófrid, og var nefnd Liótun. Þeim

Peim vóru fengnir Lærimeistarar, fór peim líka vel fram, þángad til þær vóru tólf vetra; en þá vard módur peirra sú heimska á, ad láta þær fara ad fylgiast med sér í samqvæmi og veitslur, vóru þær samt, sem nærri má géta ecki búnar ad læra helming af því, sem þær þurftu ad kunna. Báðum þessum stúlkum þótti vænt um ad skémta sér, og siá marga í samqvæmum, hugsudu þá um eckert annad, svo þad eina var ætíd umþenkingar efnid, jafnvel þær stundirnar, sem verid var ad kénna þeim, og fór þeim eckert fram, en Lærimeistararnir urdu leidir á verki sínu, þegar þær vildu ecki taka eptir því, sem þeir vóru ad kénna; þær fundu líka uppá morg undanbregd þegar lærdóms-stundirnar komu, stundum var afmælisdagurinn peirra eda einhvorrar leikfysturinnar, stundum þurftu þær ad fara í dans samqvæmi, og þá géck mestur parturinn af deginum til ad búa sig, en nærsta daginn vóru þær eptir sig, komst þá allur lærdómurinn í óreglu, og þetta géck svona þángad til þær vóru ordnar 15 vetra. Þá var Frída ordin svo falleg stúlka, ad allir dádust ad henni. Þegar hún var í samqvæmi med módur sinni, þókti ollum, sem siálfur fridleikurinn væri þar, hvar hún var komin, einn hrósadi munninum, annar augunum, hinn hendinni og enn annar vaxtarlaginu, en medan þeir vóru ad bera hól á hana, skipti sér enginn af Liótunni meir enn þó hún hefdi aldrei verid til. Liótunn

qvald-

qvaldist af því, hvad hún sjálf var ófríd, og innanskamms fèck hún óbifur á samqvæmum, hvar allir mottu systur hennar miklu meir. Liótun fór þá ad óska sèr, ad mega vera heima, og einusinni þegar þær systur vóru bodnar til veitslu, og dans samqvæmis, sagdi hún vid módur sína sèr væri illt í hofdi, og beiddi hana lofa sèr ad vera heima. Í fyrstunni leiddist Liótunni svo hún gat ecki á sèr tekid, en til ad hafa af syrir sèr, fór hún í bókakamers fodur síns, Sú fyrsta bók, sem fyrir henni vard, vóru Sendibréf, þar vildi henni þetta til, strax sem hún lauk upp bókinni:

„Þèr spurdud mig hvaraf þad kiæmi ad „flestar frídar qvensniftir eru miog heimskar, „og vankunnandi? eg held eg géti sagt ydur „hvad til þess kémur; þad er ei af því þær „séu midur gáfadar enn adrar, þegar þær „fædast, heldur er þad af því þær forsóma „ad skérpa skinsemina hiá sèr; allar qvenn„persónur vilia láta hrósa sèr, allar vilia þær „odrum þóknast. Sú sem er ófríd, veit ad „enginn gengst fyrir útliti hennar, þaraf tekur „hún þad rád, ad bera sig ad þóknast med „skarpleikanum. Hún fer þess vegna ad lesa „gódar og fródlegar bækur, og verdur á þann „hátt elskuverdug. Hin frída aptur á mót „þarf ecki nema ad syna sig til ad fá ann„ara gódann þocka, þá er strax farid ad hrósa „henni. Þar hún aldrei hugsar úti annad

enn

„enn þad, sem þá er nálægt, svo kémur henni „ecki í hug ad fridleikurinn varir alleina um „stund og tíma. Hún hefir líka um nóg ann„ad ad þenkia, um ad búa sig, fara í veitsl„ur, sýna sig, láta hrósa sér, svo hún hefir „ecki tíma til ad prýda skinsemina, þó hún „þenkti sér væri þad naudsynlegt. Hún verd„ur þar af heimsk, leggur ei annad fyrir sig „enn barna-spil, smámuni og glingur, þad „varir þángad til hún er þrítug eda nockud „yfir fertugt í lengsta lagi, ef bólan edur „adrar sóttir ecki taka fridleikann fyrri burt. „En þegar úngdóms árin eru útl, þá er bágt „ordid ad læra, verdur svo frída qvennsnift„in heimskingi alla sína lífstíd, og hiá engum „seinni part æfi sinnar í akti, þó hún af „náttúrunni til hafi haft nógann skarpleika. „Þar á mót er hin ófrída, sem af lestri er „ordin elskuverdug, óhrædd vid siúkdóma og „elli, sem eckert géta frá henni tekid" —

Þegar Liótun hafdi lesid þetta bréf, sýndist henni eins og þad væri einúngis skrif ad hennar vegna, og ásetti ad færa sér í nyt þess lærdóma. Hún lét þá Lærimestarana koma til sín aptur, fór med ástundan ad lesa gódar bækur, íhugadi vel allt hvad hún las og heyrdi, svo hún innan skamms vard ferdug stúlka. Þegar hún vard ad fylgiast med módur sinni í samqvæmi, hélt hún sér til þeirra, sem vóru vel ad sér og skinsamar, hún

hún spurdi þær ad morgu, og tók eptir því, sem henni var sagt; hún vandi sig á ad skrifa þad upp, svo hún ecki gleymdi því, og þá hún var 17 ára, taladi og skrifadi hún svo vel, ad mestuháttar skinsomum persónum þókti vænt um ad vera í kunnings skap og skrifast á vid hana. Bádar systurnar giptust sama dag; Fríða átti úngann, dávænann Hertuga, sem hafdi tvo um tvítugt; Liótun átti Hertugans Rádgiafa, sem var hálf-fimtugur ad aldri. Hann hafdi þeckt, hvorsu skinsom þessi stúlka var, og virdti hana þess vegna mikils, því útlit konu-efnis hans var ei þesshátta, ad það upptendradi hiá honum elsku-blossa, hann sagdi henni líka hræsnislaust, ad hann hefdi ei nema vináttu til hennar, var þad eins og hún vildi ákiósa, þar fyrir ofundadi hún eckert systur sína, sem giptist Hertuganum, er hafdi slíka brennandi elsku til hennar, ad hann gat ei frá henni verid drycklángann tíma, en dreymdi til hennar á hvorri nóttu. Fríða var yfrid luckuleg í hálft missiri, en þá var madurinn hennar búinn ad horfa á hana svo lengi, sem hann girntist, fór ad veniast fridleiknum hennar, og þenkia med sér, hann mætti ei forkasta ollu odru vegna konu sinnar. Hann fór til dýraveida, og hafdi stundum ádra skemtan, án þess Fríða væri med, en þad þókti henni undarlegt, því hún hafdi verid þess fullorugg, ad madurinn sinn mundi ætíd elska sig jafnheitt, þóktist þess vegna vera

ordin hin vesælasta manneskia, þar ed elska hans til hennar var rénud. Hún voladi útaf því frauan í hann; honum þókti midur; þau töludu sig saman; en þar þetta kom sifeldlega aptur og aptur, þá leiddist Hertuganum ad heyra lengur á þad. Frída átti son, þar af misti hún stúlku-bragdid; og fridleikurinn minkadi, svo vegna þess Hertuganum hafdi aldrei þókt vænt um hana nema af fridleikanum, hætti hann loksins aldeilis ad elska hana. Þad ángur, sem hún hafdi af þessu, skémdi útlit hennar til fulls og alls, en þar hún eckert hafdi lært, var leidinlegt ad vera hiá henni. Þeim ángu leiddist hiá henni, því hún var eins og utan vid sig af óláni sínu, og þeim eldri, sem vóru nockud skinsamir, leiddist þar líka, því hún var heimsk, hvers vegna hún vard ad vera mestallann timann alein. Þad, sem bætti á sorg hennar, var ad Liótun systir hennar var hin luckusælasta manneskia, sem til gat verid. Madurinn hennar rádgadist vid hana í ollu, trúdi henni fyrir hvorium sínum þánka, fór ad hennar rádum, og sagdi leynt og lióst, ad hann ætti engann betri vin í heiminum enn konu sína. Siálfur Hertuginn, sem var skinsamur madur, hafdi yndi af ad tala vid mág-konu sína, en sagdi þad væri ecki mögulegt, ad vera matmáls-tíma hiá henni Fridu, nema hann yrdi ad geispa, því hún gæti ei talad um neitt, nema skautafalda og qvenna-skart, sem hann sagdist ei hafa vit á.

Hann

Hann fèck svoddan leida og andstygd á komu sinni, ad hann sendi hana á eitt útbú sitt, hvar henni mátti leidast eins og verda vildi; hún hefdi líka dáid þar af sorg, ef hún systir hennar Liótun hefdi ecki, af elsku til hennar, komid ad finna hana svo opt, sem hún gat. Einusinni þá hún var ad hugga hana, sagdi Frída: hvar af kémur, systir mín! sá mikli mismunur, sem er á millum vckar? eg sie þad sjálf, ad þú ert skorp og skinsom, en eg er heimsk, samt var sagt, þegar vid vórum bádar úngar, ad eg væri ecki neitt óskarpari enn þú. Liótun innti þá systur sinni allt hvernin farid hafdi og sagdi: þér þykir fyrir vid mann þinn, ad hann hefir vísad þér í einsetu þessa, þú álitur þér þad fyrir stærstu ólucku, en allt fyrir þad, gétur þetta ordid þér til mestu lucku, ef þú sjálf vilt svo. Þú ert ecki tvítug enn; værir þú í mannmergd inní kaupstadnum þar, sem sífeldlega væri tafid fyrir þér, þá væri offeint fyrir þig ad fara núna ad læra þad, sem sálu þinni er til gagns og prýdis, en hérna í þessari einsetu hefir þú tíma til þess. Þú hefir nógann skarpleika, en þú þarft ad vekia hann upp og brýna, med ad lesa gódar bækur, og brúka eptirþánka. Frída átti í fyrstu bágt med ad fylgia ráduum systur sinnar, því hún var svo lángsamlega ordin von vid ydiuleysi og hégómlegt glingur, samt tók hún nærri sér, og lét móti gjullum vana sínum, svo henni á stuttum

tíma fór vel fram í margslags frödleik og speki, og vard skinsom kona. Par ed sú rétta speki huggar í mannraunum, og leidindin hvurfu burtu þegar Frída vard ydin og ástundunarsom, svo fór hún aptur ad fá gott bragd, hold og hams, og vard fridari enn hún hafdi nockurntíma ádur verid, en núna gaf hún eckert um þad, ecki svo mikid ad hún liti eptir fridleika sínum í speglinum, því sidur meir. Madur hennar hafdi fengid svo mikla andstygd á henni, ad hann undir einhverju yfirskini, sem mektuga aldrei brestur, lét dæma hiónaband sitt med henni maktarlaust og ógildugt. Pessi sídarsta ólucka ætladi ad giora aldeilis útaf vid hana Fridu, því hún elskadi mann sinn hiartanlega, en Liótun gat þó loksins huggad hana. Láttú ei þetta á þér festa, sagdi hún, eg veit rád til ad koma yckur aptur saman, manninum þínum og þér, fylgdú ad eins mínum rádum og skiptú þér ecki af odru. Hertuginn hafdi átt son vid Fridu, sem stód til arfs eptir hann, flýtti sér þess vegna ei ad giptast aptur, og hugsadi ei uppá annad, enn hafa af fyrir sér med einni edur annari skemtan. Hann hafdi mikid yndi af samtali vid Liótuni tengda-systur sína, eins og fyrr var gétid, og sagdi henni stundum, ad hann vildi aldrei giptast aptur, nema hann fengi þá konu, sem væri eins skinsom og hún. En ef hún væri eins ófrid og eg, svaradi Liótún hlæandi? Pad segi eg satt, systir mín!

sagdi

sagdi Hertuginn, ad skyldi ecki standa hálft augnablik í vegi, því hægt er ad veniast liótri áfynd, svo mér þykir þú núna rétt þockaleg, af vananum, ad eg hefi svo opt sied þig, og þegar þú fer ad tala, vantar lítid á ad mér sýnist þú rétt falleg; og þar ad auki, ef eg á ad segia sannleikann: hún Frída er búin ad koma ollum fallegum stúlkum svo útúr húsi hiá mér, ad í hvort sinn, sem eg sie einhvern frídann qvennmann, er eg hræddur um hún sé einhvorr heimskinginn, og þori varla ad tala til hennar, því eg á þar ecki von á odru svari enn óvitsku. Um þær mundir fór í hond sá tími, sem fólk er vant ad hafa dans samqvæmi, búid í allskags hami med grímur fyrir andlitinn, svo enginn gétur þeckt annann. Hertuginn hugsadi þar væri mikil skémtun fyrir sig, ad fara úr einu slíku samqvæmi í annad. Hann trúdi ei nema Liótumi fyrir því hvornin hann ætladi ad búa sig, og beiddi hana ad hafa áþeckann búnad, því þar ed hún var tengda-systir hans, þurfti enginn ad hneixlast á því, og þad hefdi ei verid hennar mannordi til hneckirs, þó þad hefdi ordid hliódbært, samt beiddi Liótum manninn sinn um leyfi til þess, sem gladur féllst á þad, því heldur, sem hann sialfur hafdi fyrst komid þeim áfetníngi inn hiá Hertuganum, og ætladi ad sæta því tækifæri, til ad forlíka aptur Hertugann og hana Fridu. Hann skrifadi þess vegna fyrrverandi Hertuga-innunni til, og lét

hana vita hvar Hertuginn mundi vera, og hvernin hann mundi vera búinn.

Fostudaginn, 21 Novembr.

Pegar dansad hafdi verid nockra stund, setti-ist Frida milli mannsins sins og systur sinnar, og gaf sig á skinsamlegt og pægilegt tal vid pau. I fyrstunni heyrdist Hertuganum, ad pad væri málrómur konu sinnar, enn hún hafdi ecki talad góda drycklánga stund, fyrr enn hann var aldeilis búinn ad hrinda frá sér peim pánka. Honum fanst nóttin lída svo fliótt, ad hann trúdi ei pegar honum var sagt ad dagur liómadi, svo yndælt pótti honum ad heyra á skinsamlegt tal pessarar skunnugu qvenns-nistar, en aldrei feck hann hana til, ad taka grímuna frá andlitinu, og eckert meira gat hann áunnid; en hún lofadi ad koma í sama ham á nærsta dans-samqvæmi. Hertuginn var einn med peim fyrstu er pángad kom, og pó hin ókenda kiæmi ei nema fiórdúngi stund-ar seinna, var hann ordinn ópolinnmódur ad bída, svo annt var honum um ad finna hana. I petta skipti pótti honum enn yndislegar sam-tal hennar enn í fyrra sinni, og játadi fyrir henni Liótunni, ad hann væri búinn ad fá brennandi elsku til pessa qvennmanns. Eg játa pad, svaradi mágkona hanns, ad hún er skorp og skinug, enn egi eg ad segia mína mein-ingu,

ingu, þá held eg hún sé enn þá ófridari enn eg. Hún sier ad þér hafid elsku til sín, en er hrædd um ad missa hana, þegar þér siáid framan í andlit hennar. Æ systir mín! svaradi Hertoginn. Eg vildi hún sæi inní hiartad í mér, og vissi hvorsu miog eg elska hana; það er ei vegna útlitsins, heldur greindar, fródleiks, skarpleika og hiartagiædsku hennar. Hvornin gétid þér þeckt hiartaþel hennar, ansadi Liótun? það skal eg segia þér, svaradi Hertuginn: eg kom í tal vid hana um fridarqvennsniftir, hún hrósadi þeim einlæglega, og jafnvel minnti mig á það, sem fallegast var hiá hvorri fyrir sig, sem eg hafdi ecki eptirtekid. Þegar eg, til ad reyna hana, sagdi henni eitt edur annad liótt, sem talad væri um þessar qvennpersónur, þá fór hún ad brióta upp á odru efni, ellegar taladi framm það, sem eg sagdi, og fór þá ad segia frá einhverin lofsverdu í fari sumu qvennmanna, og lokkins þegar eg hélt áfram ad lasta þær, tók hún fyrir þvert, og sagdist ecki géta lidid ad illa væri talad um fólk. Þar af sier þú, systir mín gód, ad sú qvennpersóna, sem er ecki ofundsiúk yfir þeim, sem eru fridar, hefir yndi af ad tala vel um náúngann, og ecki gétur lidid illt mutal má hafa gott gédslag, og vera sérdeilis hiartagód. Sá, sem ætti soddan konu yrdi luckulegur med henni, hvorsu ófrid sem hún væri. Eg er þess vegna stadrádinn í ad segia henni hvorr eg er, og bidia hennar. Það var ord og ad sonnu,

á fyrstu dans samkomu sagdi Hertuginn þeirri ókendu hvorr hann væri, og sagdist engrar lucku vænta sér, nema ef hann giftist henni. En þó hún segdist vera laus og lidug, og hvorsu stórt sem það var er hann baud, vildi Fríða ei taka grímuna frá andlitinu, því svo hofdu þær undirtalad med sér systurnar. Af þessu vard Hertoginn órólegur; hann hélt sama og hún Liótun, ad þessi skarpa qvennsnift mætti vera hryllilega liót, þar hún fengist ei til ad láta sía framaní sig, en þó hann imindadi sér hana í huganum sem afskræmislegasta, þá minkadi samt ei vid það hans gódi þocki og virding, sem hann hafdi fengid til skinsemis hennar og dygda. Honum fell þetta mieg þúngt, þá sagdi sú ókenda vid hann: eg elska ydur Herra; og vil ecki dylia það fyrir ydur, enn því stærri sem mín elska er, því hræddari er eg um, ad eg missi hana þegar þér síáid andlit mitt. Þér hugsid kannské eg sé augnfogur, munnfríd, hafi fallegar tennur, og skipti vel litum í andlitinu; en ef svo kynni reynast, ad eg hefdi vídann munn útundir eyru, væri ráugeygd, nefliót, med gagnskémdar tonnur, þá mundud þér bidia mig sem fliótast, ad láta á mig grímuna aptur. En þó eg ecki sé svo afskræmisleg eins og eg núna segi, þá veit eg samt þér erud nockud óstodugur, því þér elskudud hana Fríðu yfirmáta í fyrstunni, og fengud sídan andstygd á henni. Æ! dæmid þér sjálfar um það svaradi Hertuginn

uginn. Eg var úngur þegar eg átti hana, og eg játa ydur, ad eg giordi ecki annad enn horfdi á hana, en heyrdi aldrei eptir hvad hún taladi. En þegar eg var ordinn madurinn hennar, og alvanur ad siá hana, þá bid eg ydur ad géta nærri hvad bágt eg átti. Þegar vid vórum bædi einsomul ockur, þá var hún ad tala um nytt pills, sem hún ætladi ad brúka daginn eptir, um skóna þeirrar og qvennsilfrid hinnar. Væri einhvorr skinsamur madur til bords hiá mér, og talad væri um eitthvad, sem skaupleika þurfti til, þá fór hún Frída ad geispa, og endadi med ad hana dottadi og sofnadi nærri útaf. Þegar eg vildi fá hana til ad læra eitthvad, vard hún stygg vid, og hún var svo grannvitur, ad eg skalf og rodnadi vid, í hvort sinn, sem hún í samqvæmi lauk upp munninum. Þar ad auk hafdi hún alla bresti heimskingianna, þegar hún var búin ad setia sér eitthvad í þánka, þá var ecki mogulegt ad koma henni frá því, hvorsu sterkar rekfemdir, sem henni vóru sagdar þar á móti, því hún skildi þær ecki. Hún var ofundsiúk, bakmálug og tortryggin. Þetta hefdi þó verid sok sér, ef eg hefdi þá mátt hafa af mér leidindin annarstadar, skyldi eg samt hafa haft þolinmædi, en það féck eg ecki fyrir henni. Hún vildi ad sú heimsku elska, sem eg hafdi í fyrstu á henni, skyldi vara alla mína lifstíd, og eg vera hennar sifeldur þræll. Þer siáid af þessu ad eg lét ecki giora hiónaband

ockar ógildt fyrr enn naudin rak mig til þess. Eg játa, ad þér hafid átt bágt, svaradi hin ókénda, en allt hvad þér um þetta segid, gierir mig samt ecki óttalausa. Þér segist elska mig. Eg vil siá hvort svo er, á því, ef þér þorid ad ega mig opinberlega, svo þegnar ydar viti það, áðurenn þér siáid mig. Eg er sú luckulegasta manneskia sem til er, þar þér heimtid ei annad enn það, svaradi Hertuginn, komid þér á morgun med henni Liótunni á slotid mitt, þar skal eg láta allt mitt ráðaneyti vera samankomid, og ekta ydur þar í þeirra vidurvist. Það, sem eptir var af nóttunni, fanst Hertuganum miog lángt, en áður hann fór burt úr daus samqvæminu tók hann af sér grímuna og skipadi ollum sínum vildarmonnum, ad koma daginn eptir á slotid, en láta hina vita það sama, sem ei vóru vid. Þegar allt rádid var samankomid, sagdi hann þeim allt hvad til hafdi borid um þá ókéndu qvennsnift, og eptir ad hann hafdi lokid máli sínu, sór hann ad ega aldrei adra enn þessa, hvernin sem útlit hennar væri. Allir sem þar vóru héldu hid sama sem Hertuginn, ad þessi qvennpersóna mundi vera mesta ófreskia. En þeir féllu í ramma stans, þegar hún tók af sér grímuna, og þeir sáu eina hina dæilegustu qvennsnift áfyndar. Það var þó undarlegast, ad hvorki Hertuginn né adrir þecktu hana aptur í fyrstu, svo hofdu róseni og einseta giort hana enn fridari. Menn sogdu einasta í hliódi

hvorr

hvorr vid annann: ad hún væri mikid lík fyrri Hertugainnunni. Hertuginn vard hartnær hoggdofa, ad ætlan hans sveik hann svo gledilega, svo hann gat ei komid upp neinu ordi. En Liótun vard fyrst til ad hefia tqlid, med því ad prísa lucku systur sinnar, er nú væri aptur búin ad ná elsku hennar Ekta-herra. Hvad? sagdi Hertuginn; er þessi dæilega og skinsama kona hún Fridur? hvada kraptaverk hefir giort hana undir eins ad dáfridum, gódum, og skinsömum qvennmanni? hér er eckert kraptaverk, svaradi hún Fridur, eg hafdi forsómad ad prýda náttúrugáfur minar med kunnáttu, en naudin og heilrædi systur minnar opnudu á mér augun, svo eg fór ad útvega mér þann fridleik sálarinnar, sem ei hverfur burt af elli edur sóttum. Þessi fridleikur uppvekur hiá mér stodugа elsku, sem af engu verdur hvikul, svaradi Hertoginn, og fadmadi hana Fridu undir eins ad sér. Þad kom líka fram; hann elskadi hana sidan trúlega alla sína lífstíd, hvar af hún aldeilis gleymdi sínu fyrri mótlæti.

XXXVI. Far þú í daus, en gættú ad hvar þú stígur.

Prestur nockurr á landsbygdinni sagdi vid Hundradshofdingia, ad sér væri mikil forvitni á ad vita hvornin tilgengi í stridi, því hann hefdi aldrei sied þad, og opt hugsad úti þad, en

en þó aldrei þókst getad komid því rétt fyrir sig. Hundradshofdínginn svaradi: rád eru til þess, Prestur gódur, látid þér leggia á ydar bestu reidhest, útvegid þér ydur tvær gódar pistólur, og komid svo ridandi heim til mín, þá skal eg sýna ydur grant og skilmerkilega, hvernin allt þad tilgengur. Presturinn lagdi þetta rád ei undir hofud sér, en kom ridandi á besta giædíngi, sem hann hafdi nýkeypt. Sídan lét Hundradshofdínginn leggia á þann lakasta húdarklár, sem hann átti og leida hann fram. Sjá hér! sagdi hann vid Prestinn, þessi hestur hefir opt verid í stridi, og er alvanur, svo hann veit hvad hann á ad gjora, þad er þess vegna best þér farid mínum hesti a bak, en eg ridi ydar hesti. Þeir giordu svo, ridu út á vídavang og stadnæmdust hvor andspænis mót ödrum, svo gott bil var á millum. Þareptir rak Hundradshofdínginn hestinn fram med sporunum rétt á Prestinn, skaut þann gamla jálk, sem Presturinn reid, í hausinn, svo hann datt um koll, og ofaná Prestinn. Hundradshofdínginn stock sídan af baki, dró út sverd sitt, og lét eins og hann ætladi ad kljúfa Prestsins hofud í sundur, en þessi fór ad hlióda og skrækia. Fyrir hamingju skuld! Herra Hundradshofdíngi! þad átti ecki ad vera nema til gamans. Æ! hvad? svaradi hinn, ecki er svo vant ad tilgánga í stridinu; ef þér vilied lífi halda, og eg egi ad taka ydur til fánga, þá egid þér ad hrópa: vægd! hana þá, vægd! vægd!

vægd! hrópadi Presturinn. Sídan dró Hundradshofdinginn hann undan hestinum og sagdi: nú erud þér minn fángi, og þar eg má vara mig, ad þér ecki hlaupist undan, svo ecki einasta hlýt eg ad gióra ydur vopnlausann og taka frá ydur pistólurnar, heldur og til varúdar rista í sundur buxna-strengina ydar. Presturinn vard þá ad halda upp um sig buxunum og fótgángandi fylgia Hundradshofdingianum, sem reid Prestsins hesti heim til gards sins, er lá í midri borginni. Hann baud sídan Prestinum til bords, en eptir máltídina beiddi Presturinn um hest sinn til ad rída heim. Hann sagdi þér aldrei hédan af, svaradi Hundrads-hofdinginn, því þad er engin stríds-venia ad fá stríds-fánga hestinn sinn aptur. Presturinn vard því ad gánga heim, og skrifadi yfir stofudyrnar sínar:

Nulla salus bello, pacem te poscimus omnes. (*)

Hann stefndi þar eptir Hundrads-hofdingianum, en tapadi málinu, því Dómarinn úrskurdadi, ad Prestur hefdi undirgengist alla stríds-veniu, og eptir stríds-logum missi sá hest sinn, sem til fánga sé tekinn. Sáa leidir gott af forvitninni!

XXXVII.

(*) Af strídi leidir eckert gott, þar fyrir bidium vier þig allir innilega um frid.

XXXVII. Gátur.

24.) Saumnál. 25.) Píputóbak. 26.) Vín.(*)
27.) Peníngar.

28.) Tvo hofud og tveir handleggir, sex fætur og tíu tær, ecki meira enn fiórir fætur á gángi; hvernin á eg ad skilia pad?

29.) Kroppur minn er grannvaxinn fiodurstafur; á skégginu rídur mest, og med pví útrétti eg mikid. Med pví giori eg duptid eins og pad sé lifandi. Þó eg sé blindur, gipti eg samt liós og skugga hvert saman vid annad.

30.) Á biortum degi birtist eg pér, en pá sier mig ecki; í nætur-mirkri birtist eg pér, og er pér pá lióst.

31.) Minum straumum úthelli eg gégnum marga ósa. Kannské pá hugsir eg giori pad til ad vokva purt land, sem vantar vætu? ónei! eg ætla, sem fliótast ad purka par med votlendid.

Laugar-

(*) Lsgurinn í vínberium kockast af sólarhita, berin eru brotin af med hendinni, vín-pressan tredst med fótum.

Laugardaginn, 22 Novembr.

XXXVIII. Lopt og Vindur.

Psálm. 107, 23-32.

Peir, sem á skipunum fara — sjá verkin Drottins, og hans dásemdir í regin hafi. Hann skipar, þá kémur stormur, sem upphefur sjóar-bylgiurnar. Peir hefjast upp til himins, og strax søckva nidur í diúpin, svo peir sjá tvísyni á lífi sínu af ángist. Peir ramba og reika, eins og druckinn madur, og vita ei hvad til bragds skal taka. Þá kalla peir til Drottins í neydinni, og hann hiálpar peim úr ángistinni, hann stillir stormin svo hann þegi, og lækkar bylgiurnar. Þá gledjast peir ad logn er ordid, og hann leidir þá í þá høfn, sem peir eptir æskia. Lofi þessir miskunsemi Drottins, og þá dásamlegu velgiørníngа, sem hann veitir manneskiunum! Vegsami peir hann í samkundunni, og heidri hann hjá øldúngunum!

Eg lofadi þér í haust, Sigurdur mínn! ad segia þér hvort stormur væri einasta bol og mæda fyrir manneskiurnar, en þar hann er sama og hardur vindur, en vindurinn er straumur í loptinu, svo verd eg fyrst ad segia þér hvad þessi hofudsképna Lopt er, ef þú átt ad skilia hvada gagn ad stormi kann ad vera.

Lopt-

Loptid er sá þunnur, fliótandi, gagnsær og þúngur hlutur, sem formerkiast kann bædi med heyrn og áþreifingu, gétur samanpressast og útvídkast, er utanum alla jordina allt í kring, og hefir enn fleiri krapta og eiginlegleika, sem vér gétum rádid í suma, en verdum ad yfirláta tídinni smámsaman ad sýna eptirkomendunum suma. Loptid hefir hérum átta hundradsinnum meiri launholur (poros) enn vatn, er þunnt svo það géti dreifst kring um alla jordina, fuglarnir flogid innanum það, skipin siglt, vatnid og adrir hlutir blandast saman vid það, óklárindi hreinsast úr því, og skýnurnar haft andardrátt af því. Hæd Loptsins er yfir sex þúngmannaleidir, hálfri annari þúngmannaleid frá jordunni er það fiórum sinnum, en efst er það meir enn fiogur þúsundsinnum þynnra enn nedst. Væri það þyckara, þá mundi hvert ord, sem vér toludum heyrast eins og reidarþruma og eyru vor ei þola þá sifeldu hvelli, enn væri það lángtum þynnra, þá gætu ei fuglarnir flogid, eldurinn logad, sólargeislarnir sæust ecki, skýin gætu ei í loptinu sveimad, og enginn heyrt neitt, mannskiur og skýnur ei heldur nád andanum, og yrdu ad deya. Svo smáir géta Loptsins partar verid ad hvert sé fiorutíu þúsundsinnum minni enn eins hárs þyckt. Fliótandi verdur það ad vera, svo það renni úr einum stad í annann, inní tré, vatn, og allstadar hvar það finnur minni fyrirstodu, þannig hrindum vér

því

Því hæglega frá oss þegar vér gaungum um, og það rennur strax í farið, þar sem líkami vor var, og þá við hellum vatni í flosku eða úr, rekst loptið burt jafnódt, ellegar rennur inn í hana aptur. Menn reikna, að í einu holu sandkorni séu þúsund milliónir lopt-parta. Þúngt verður það að vera, til að taka á móti dompum, óklárendum, reyk og odru, því þar með viðheldst manna og sképna líf, liós, eldur, og ótal smádýr og fræ, sem berast í kring í Loptinu, að eg ei tali um skýin, sem Loptið verður uppi að halda. Þó Loptið sé áttahundruðsinnum léttara enn vatn, þá eru þó þess þyngsli á medal-manns líkama fiogurhundrud og fimmtýgi vættir, en vér finnum ei til þess þúnga, vegna þess, að innan oss og allt í kring er jafnþyckt og jafnþúngt Lopt, sem veður upp móti hinu, er á allar síður að oss þrengir. Ef þér sýnist þetta ótrúlegt, þá gættú að hvað lítið opið á lykilpípu er móti ollu mannsins horundi; nú veit hvert barnið, að sé sogið allt lopt úr lykilpípu, þá tollir hún fast við vorina, sem er einasta af þeim loptsins þúnga, sem liggur á pípu-opsins víðáttu. Enn þá fastari er samt fingurbiorg, sem sogin er á lófa manns, því hennar op er víðara, og liggur undir stærra lopt-stopli, þó er aðgætandi, að sialdan er úr slíkri fingurbiorg loptið fullsogið, hvar af til ytra loptsins þúnga þess vegna ei finst að fullu; á svo litlu ferkantudu plátsi, sem er

krossslagt og þumlúngur á hvorn veg, er loptsins þyngd þriárhygi og ein mork. Til ad syna þessi loptsins þyngsli, hafa menn giort tvo hola hálfhnetti úr kopar, hvolft þeim saman, og pumpad sídan úr þeim loptid, þá hafa ei seprhygi hestar gétad dregid þá hvorn frá odrum. Þad er þess vegna ei af rasandi rádi sagt, sem stendur: Job. 28, 25. Gud tilsetti hvad Loptid skyldi vega. Loptid er gagnsært, en siest eigi sialft med vorum augum, því annars sæum vér eckert frá oss, og allt væri eins og í þyckri poku. Ef Loptid hefdi nockurn merkilegann lit odrum framar, t. d. bláann, þá mundi ockur synast hvorr einn hlutur eins, vidlika og þeim, sem eru yfirkomnir í gulu, synist hvad, sem þeim fyrir augu ber, vera gul-leitt. Samt slær á Loptid bláum blæ, sem ad eins ber á, þegar gégnum mikid Lopt er ad siá; þannig eru t. d. siollin blá ad siá langt frá, eins himininn, þegar lítil birta er á honum. Eg skal einhvorn tíma segia yckur nockur dæmi uppá liti, sem augad sier, en ecki eru til fyrir utan þad. Ad Loptid sé þreifanlegt, finst ei einasta af vindunum, heldur þarf ei annad til ad þeckia þad, enn ausa Loptinu med lófa sínum ad andlitinu. Stælingar-kraptur Loptsins er, ad þad gétur samanpressast og af sialfu sér útþanist aptur, en til vissu vita menn ei hvad þad gétur mest ordid. Svo sem hiti almennt útvídkar, en kuldi samandregur, svo á þad

eink-

einkum heima hiá Loptinu, og hafa lærdir menn svo mikid gétad reynt, ad pad verdur af eldi prettán-púsund sis-hundrud sextýgi og níusinnum vídara, eda hvorr pess partur stærri, og samanpressast prettán-hundrud og fioratýgi sinnum meir enn pad er í sínu náttúrlegu tilstandi á jordunni. Vildu menn því adgæta pá stærstu útvídkun og mestu samanpressun Loptsins, sem hingad til er kunnug ordin, pá finst, ad lopt-partarnir hafa ordid átián millióbnum fiogur-hundrud fimmtýgi púsund fiogur-hundrud og sextýgisinnum minni, enn ádur hafa peir stærstir verid. Loptsins samanpressun má sia á lyknarbelgs-knapp, sem born snúa samann, par til hann verdur hardur, og loksins springur med hvelli, pegar lyknarbelgurinn stendst ei lengur pressinguna; en pess útpenslu má sia, pegar látin er tóm, en vel lokud bladra, yfir kola-eld edur á heita hellu, pá siest hvornin hún smá-fyllist, og loksins springur af því, ad loptid í henni útvídkast. Væri ei pessi stælingar-kraptur til, pá væri engin hliódfæra-konst moguleg; hann er brúkadur til margs, hvar af eg einasta vil nefna Vind-bissuna, sem er miklu kraptameiri af einsaman lopti enn púdur-bissur eru, því med lopt- edur vind-bissu hefi eg sied skotid kértisskari gégnum bordfiel. Um pann Loptsins eginlegleika vil eg nú ecki tala, ad menn á seinustu timum hafa blandad salt-tegundum, lút, brennusteini, feiti og fleiru samann vid pad,

hvar af nú er búid ad uppfinna 13 tegundir, sem til ymislegrar uytsemdar þéna; hvad smágiord þessi samblondum géti ordid, má ráda af því, ad einu vatnsdropi, sem í lopti sundurtvístrast, kann ad verda þrettán þúsundsinnum vídari um sig.

Svo eg þá aptur komi til hofud efnisins, sem er, ad Stormur sé ei annad enn straumur í loptinu, kémur hann af ollum þeim orsokum, sem gióra þad þynnra edur þyckara í einum stad enn ódrum, og hvoriar hér er oflángt upp ad telia. Nytsemi Vindanna hefir hinn lærdi Logmadur Herra Magnús Stephensen í stuttu máli, en nett og vel, uppreiknad í Islendska Lærdóms-Lista Félags Rita 3. B. bls. 138. Eg þarf því ei annad enn varpa tolu á tólf férlegustu gagnsemdir Vindanna, og eru þær þó ótal fleiri, eg vil því einasta nefna:

1.) Þeir hreinsa loptid, sem annars væri fúlt, óhollt, og mundi gióra oss líka Kretínunum, sem eg fyrir nockru sagdi yckur frá.

2.) Flyta upphidnan snióa og ísa á vordag, fiskigaungu í votnum og vatna útrás, þegar þeir standa med henni.

3.) Færa hita og kulda úr einum stad í annann, sem ecki einasta er naudsynlegt heilsu vorri og dýranna, heldur og líka vexti grasa og urta.

4.) Siálf

4.) Siálf grosin, eikur, korn, og adrar plontur vaxa og mega vel af þeirri hræringu, sem Vindarnir af stad koma.

5.) Reka burt óholla dampa, þoku, mistur og muggu, sem annars skadleg yrdi bædi dhrum og jardargróda.

6.) Giora haganleg umskipti á allslags vedráttu, svo í loptinu orsakast af þeim einslags flód og fiara, sem allt hvad líf hefir í sér má ei án vera.

7.) Héraf flýtur, ad þeir útskipta med nockursslags jofnudi, regni og skýum, þurkum og votvidri, já, aldrei yrdi einusinni heidskírt ef ei væru Vindar.

8.) Blómsturdufti feykia þeir, svo vaxandi hlutir á jordunni þaraf friófgist, bædi hrista þeir karlkyns plonturnar, og líka flytia þeirra fræ til enna blaudu maka þeirra, er ecki búa í sama húsi.

9. Stoduvotn, tiarnir, og mýrar þurka þeir, líka þvotta vora, og óholla vætu, sem úrkomur olla.

10. Umróta hafi og stoduvotnum, svo þau ei fúlni, edur innbyggiarar þeirra, fiskarnir, mæti sömu óhollustu, sem land-dýrin, ef loptid ecki hefdi naudsynlega hræringu.

11.) Milnur, sem margsslags eru, hafa sinn gáng af Vindi, og vinna margra þúsund manna verk, í kornmolun, triásogun, adskiliulegum smídum, og handa ydn, vatnsaustri, og málmverknadi, og fl.

12. Siglingar til addrátta, fiskis, kauphondlunar og ferda landa á milli, hvarmed svo

margir afla sér fiár, lærdóms og frægdar, (hvarmed líka má minnast á reka vora) er ecki lítill ávinníngur af Vindum.

Eg vil alleina heimfæra þaruppá eitt einasta dæmi: það kaupfar, sem reiknast að taki þriú hundrud lestir, ber fimtán þúsund vættir af voru. Ættu þær að flytiast á hestum, og hvorr þessara klifiast með tólf fiórdúnga boggum, þyrftu til þess flutnings fim þúsund áburdar hesta, væri madur ætladur til hvorra sex af þeim, þyrfti til þeirrar lestar átta hundrud þriátígi og þriá menn med jafnmorgum hestum til reidar. En hvor verdur þá munurinn, þegar líka reiknast allt hestanna fódur, mannanna kostur og kaup, en einkum skipsins fliótleiki framyfir lestarinnar? ecki ad tala um umbúdir, þegar vorunum ætti að skipta í svo marga bagga. Landflutníngur í klifium er sifeldum stórum skada og spillingu undirorpinn þar, sem allt liggur óhaggad í skipinu, hvor vanhold eru miklu meiri enn svari sióskada hættu, og loksins er svo margt á skipum flutt, sem ómegulegt er ad klifleggia. Siglíngar og Vindanna náttúra er þó ecki nærri svo vel enn nú þeckt af manneskiunum, sem vera ætti; það er ecki miog lángt síðan, ad meir enn eitt heilt ár þurfti til ad sigla frá Callao til Chili í America. Stýrimadur nockurr frá Evropa vogadi fyrstur ad fara lángt frá landi á þeim vegi, og komst hann það á nockrum mán-

mánudum, en nærri lá, ad hann ei hefdi gétad sannfært Inquisitions Dómarana í Lima ad ferdin hefdi svo tekist án galdra.

Peir stormar, sem fara siotýgi fet á sekúndu, edur einum ædarslættar tíma, eru hvassir, verdur pad frekar sex þingmannaleidir á eikt, en Náttúru-spekingurinn Krafft reyndi 1736 þann storm, sem fór 123 fet á sekúndu, hvad ed giorir ellefu þingmannaleidir á eikt. Stormanna abl er ótrúlega mikid, þar þad reynst hefir meir enn vid 5 fiórdúnga á einu krossiogdu setmáli, yrdi þad þá á turni 75 álna háum og 15 alna breidum, yfir hundrad þúsund vættir. Pegar vér nú íhugum alla þá stóru nytsemd, sem vér hofum af stormunum, og undir eins hvad stóranu skada þeir gætu giort oss, ef Gud, svo ad segia, ecki ætíd héldi í taumana vid þá, þared þad er miog sialdan, sem þeir verda oss til stórskada, þá hofum vér fulla orsok til ad dást ad Guds gædsku, prísa hann fyrir þessa gáfu oss veitta, og þacka honum fyrir hans sífeldu fodurlegu vernd yfir oss.

XXXIX. Ráduing Gátnanna.

28.) Madur á hesti. 29.) Málara-pensill. 30.) Stiarna. 31.) Sandbirta.

Sunnudaginn og Mánudaginn,
23 og 24 Novembr.

XL. Sendibréf til Galata.

Í dag messadi eg ecki heima, en þar eg, ádur enn eg fór, hafdi sett Magnúsi litla fyrir upphafid á Sendibréfinu til Galata, ad þýda á Látínu mál og sídan Íslendsku, hann þar til er ordinn svo kunnugur grísku máli, ad eg er nú ei lengur ánægdur med, ad hann, eins og vidvaníngar, einasta leggi út ord fyrir ord, heldur láti meiníngunna vera nockud skilianlega, fékk eg honum litla tilraun af útleggíngu yfir téd Sendibréf, sem eg rúmum tíma ádur, til ad æfa sjálfann mig, hafdi skrifad á blod, svo hann hefdi þar í nockurn studníng og leidarvísir, til ad leggia med eginlegum ordum, lidugt og skilianlega út, en halda samt allri meiníngunni, þad er, ad bera sig ad fylgia sínu módurmáli svo, ad þeir, sem þad lesa, þurfi ei útlegging (málsins vegna) yfir útleggíngu, heldur skyldi hann bera sig ad koma henni svo fyrir, ad Postulinn, ef hann hefdi ætlad sér í nú brúkanlegri almennilegri Íslendsku ad skrifa, mundi sem nærst því hafa ordad bréf sitt. Veit eg ad sönnu hversu lángt tilreynsla þessi er frá því ásetta takmarki, en í ordugustu mestverdu hlutum, er viliann ad virda; aldrei læra menn ad gánga, ef

þeir

þeir ei fyrst reyna til ad komast eitthvad úr sporunum, verdur þad þá ei annad enn brollt eda skrid, og eins er slíkum vondum útleggingum varid. Þeir, sem betur kunna, lagfæri þetta, þá gétur þad ordid tækilegt, því máltækid: betur sjá augu enn auga, er sannmæli; adrir og adrir umbæti sídan, þar til þad loksins verdur gód útlegging. En þar Magnús litli las þetta fyrir fólkinu um vokuna, læt eg þad fylla upp skardid, sem vantar fyrir Sunnudaginn og Mánudaginn.

Galatar vóru ad uppruna Galliskir, sem, þá bréfid var ritad binggu í Asia enni Litlu, toludu Grískt túngumál, og kolludust odru nafni *Gallograeci*. Gydingar vóru ei allfáir í því landsplátsi búandi, því þeir vóru þá vída um téda Asia og annarstadar útdreifdir (1. Pét. 1, 1.) Margar vóru orsakir til þess, ad Postularnir, einkum Páll fóru fyrst í samkundur Gydinga og kéndu þar kristinn lærdóm, ecki sídst af því ad sá lærdómur er svo sem fullkomnan Gydinga trúar, og útúr henni vaxinn, (Róm. 11, 11-20,) en stollt Gydinga og fastheldni gomlu sidanna var svo megnt, ad þó þeir tækiu kristna trú, vildu þeir ei einasta lika halda Mósis setningum, heldur og heimtudu af Heidingium, sem kristnir vildu verda, ad þeir létu sig umskéra, og þarmed undirgengist ad lifa eptir Mósis logum, eins og kristinndómurinn án þess væri

ei nægilegur. Móti þessari skadlegu villu setti Postulinn Páll sig af ollum kroptum, og miog skorinnordur er hann um þad efni í þessu Sendibrefi. Hann hafdi prédikad kristna trú í Galatalandi, hvar innbyggiararnir tóku hann kostum og kynium (Gal. 4, 14) en skommu eptir ad hann var frá þeim farinn, fóru fyrrtédir falskennendur, ad telia trú um ádursagda villu, og færdu til síns máls, ad Postulinn Páll væri ei svo mikils metandi og merkur, sem hinir Postularnir, því hann væri ei af siálfum Drottni Jesú til Postula kiosinn, hann hefdi alla sína kunnáttu í trúarbrogdunum af hinum odrum ædri Postulum lært, en þeir héldu fast uppá Mósis logmál, og jafnvel kendi hann siálfur sumstadar ad naudsynlegt væri ad lifa eptir því, svo hann væri þess vegna hvikull, ef ei tvísaga í kenningum sínum, og því væri nær ad trúa því, sem hans fyrrtédir egin Lærifedur létu í hegdan og breytni á sér siá. Þessari skiædu villu og lygum mætir Postulinn í Sendibréfinu med ad sanna og segia: 1.) Hann sé af siálfum Jesú, en ei mönnum settur til Postula embættisins (1, 1). 2.) Þad sé ei til ad koma sér inn hiá manneskiunum, ad hann sé ad predika kristinn lærdóm, svo hann vegna mannhyllis vilie kénna rángt (1, 10. 2, 13. 6, 14. 15). 3.) Ecki heldur hafi hann kunnáttu sína í Krists Trúarbrogdum af mönnum, þar ed þeir hafi sér eckert kennt, heldur hafi siálfur Jesús opinberad sér

það (1,12. 2,6.) hann (Páll Postuli) hafi ei heldur verid svo lengi hiá hellstu Postulunum, ad þeir hefdu gétad kennt sér (1, 13-24). 4.) Siálfir þeir Postular, sem óvildarmenn sínir þykiast hafa fyrir sér, hafi: a.) Ecki heimtad af Heidnum ad umskérast (2,3). b.) Ecki opinberlega, svo sem væru þeir hans yfirmenn, krafist reikningsskapar af honum, med hvada lærdóm hann færi (2,2). c.) Heldur hafi tekid hann eins mindugann ad predika Heidingium, eins og þeir siálfir væru ad predika Gydingum (2,7. 10.) og loksins d.) hafi hann opinberlega borid Pétri Postula það á brýn, ad það væri rángt ad halda Heidingium til ad hegda sér eptir Mósis Logmáli, (2, 11-17.) 5.) Það sé heimskulegt fyrir óvildarmenn sína ad segia: hann (Postulinn Páll) nú sé farinn ad kénna, ad allir egi ad lifa eptir Mósis Logmáli, þar ed hann þá væri ad byggia upp aptur það, (nefnilega Gydinga trú) sem hann fyrr hefdi nidurbrotid, og sem hann hefdi ordid ad þola svo mikid fyrir, ad það mætti samjafnast vid dauda, þar ed hann þó væri ad veria ollum sínum athofnum og kroptum til ad útbreida Krists Lærdóm, á hvorium sér allra mest ridi, og hvorium hann aldrei skuli forkasta, (2, 18-21. 5, 11.)

Eptir ad Postulinn þannig er búinn ad afsaka siálfann sig, kénnir hann til hofud-efnisins, sem er, ad færa sonnur á, ad oll and-

leg

leg gædi fáist vegna þess, sem Kristz Lærdómur heimtir og umtalar, en ecki eptir Mósis Logmáls fyrirskrift; heimfærir hann það þá: *A.*) uppá Heilags Anda yfirnáttúrlegar gáfur, (3, 5. 14.) *B.*) Andlegt sinnislag, (4, 4-7. 5, 5-6. 13-25.) og *C.*) Það, að Gud álítur oss í náð, og giörir oss gott, (því svo legg eg hér út ordid Réttlætingu); þetta síðarsta útskirir Postulinn uppá hmislegann máta, og færir til rokfemdir, sem samqvæmar eru þeirra tída lærdómi og kennslu-máta hiá Gydingum og Gydingabókum kunnugum, við hvoria hann hér átti málstad. Í því skini segir hann: 1.) Að á sama máta hafi Abraham ordid hiá Gudi góds niótandi, (3, 6-9.) 2.) Af Mósis Logmáli sé ei nema straffs að vænta, þar enginn géti fullkomlega eptir því breytt, (3, 10-14.) 3) Það loford, sem Gud hafi gefid Abraham, hafi hann ei apturkallad med Mósis Logmáli, (3, 15-18.) 4.) Mósis Logmál hafi ei verid nema svo sem stafrof, skóli og veiklegur undirbúningur, sem ecki átti lengur að vara, enn til þess manneskiurnar fengiu fullt frelsi í Kristz trúarbrogdum, (3, 19-29. 4, 1-11.) 5.) Eptir það fer Postulinn nockud frá hofud-efninu, og færir lesendum bréfsins heim sanninn, að hann vilie þeim vel, svo hann taki sér velferd þeirra eins sárt, sem módir, því megi þeir líka trúa sér, (4, 12-20.) 6.) Kémur svo til efnisins aptur, samlikir

Gyd-

Gydínga og Kristna med óskilgétnum ambátt-ar- og skilgétnum ekta-qvinnu-bornum, (4, 21-31. 5, 1.) og lokstins 7.) Ridur hann á endahnútinn med ad sýna, ad kristnir verdi endilega ad hafna Mósis Logmáli, en vænta sér alls góds af trúnni á Krist, hvorr sem móti því hafi sagt, og vakid upp óróa med-al Galatanna, hafi ecki giort pad af gódu, muni því fá sitt straff (5, 2-10. 12).

Vid petta Sendibréf bætir Postulinn, (eins og honum var tídt) áminníngum til gudrækilegs lífernis (5, 13-26. 6, 1-10.) og endar pad, med ad minna lesendur Bréfsins á, hvorsu miog sér sé annt um pá, par hann hafi skrifad pad med egin hendi (6, 11.); og ad Fals-kénnendurnir haldi ei Mósis Log-máli fram af alúd, heldur stollti og sérgædsku, sem lángt sé frá Postulans sinnislagi (6, 12-15); seinast koma góds óskir (6, 16-18.).

Sendi

Sendibref
páls postula
til
Galata.

I. Kap.

I. Postulinn afsakar sig, ad ei hafi hann Embætti sitt og Lærdóm af ödrum Postulum pegid, eda sé midur enn peir. 1 og 2 Kap.

1. Páll Postuli tilskickadur hvorki af ein-
um manni né fleirum (1), heldur af
Jesú Kristi og Gudi Fodur sem reisti
2. hann upp frá daudum, og allir peir Kenni-
3. fedur (2), sem hiá mér eru, óskum sofn-
udunum í Galatalandi farsældar og alls
góds frá Gudi Fodur, og Drottni vor-
4. um Jesú Kristi, hvored ad vilia Guds,
sem líka er vor Fadir, gaf siálfann sig í
dauda vor syndugra manna vegna, svo
hann frelsadi oss frá peirri óluckn, seni
5. fyrir oss lá! vegsamist hann um alla ei-
lífd! æ ad pad verdi!

Mig

(1) Mætti líka útleggiast: hvorki eptir mannleg-
um mindugleika ne af nockrum manni.

(2) Svo tekst ordid Phil. 4, 21. kynni líka í enn pá
algengari merkingu pýda: Kristnir.

Mig furdar ad þér svo fliótt skyldud 6.
vikia frá þeim, sem bodadi ydur Krists
nádargiædi til annars lærdóms um Krist,
sem þó er ei annar til (og sannur sé), en 7.
nockrir eru ad vekia óróa hiá ydur, og
vilia umturna Krists nádarbodi. (3) Þess 8.
vegna þó eg edur nockurr sendibodi af
himnum kéndi ydur annann lærdóm enn
þann, sem eg hefi medfarid, þá fordist
hann. Já! eins og eg hefi ádur sagt, og 9.
segi enn aptur, fordist hvorn þann, sem
kénnir ydur nockud mótstædilegt því, sem
þér í fyrstu lærdud. Eda hvort mun eg 10.
vera ad koma ydur til ad fallast á mann-
legann eda gudlegann lærdóm? (4) Er eg
ad leitast vid ad þóknast mönnum? Hefdi
eg hingad til viliad þóknast mönnum, þá
væri eg ei Krists þénari. Enn þad læt 11.
eg ydur vita, brædur minir, ad ei hafdi
eg þann bodskap af mönnum, sem eg fór
med, því hvorki hefi eg hann af mönn- 12.
um, né nockurr hefir kénnt mér hann,
heldur hefir Jesús Kristur opinberad mér
hann. Þér hafid hast fregn af framferdi 13.
minu fordum medan eg hafdi Gydinga
trú, ad eg géck mest fram í ad ofsækia
og eydileggia Guds söfnud; ad eg komst 14.
lángt

(3) Edur: Lærdóminum um Krist.
(4) Getur líka þýdt: er eg ad þóknast Gudi eda manneskium?

lángt yfir flesta landa mína mér samtída,
í að halda uppi Gyðinga trúnni, og var
þeirra mestur í að taka upp þyckiuna
fyrir þann lærdóm, sem forfedur mínir
hofdu haft, og mér hafdi verid kendur.
15. En þegar Gudi, sem ætladi mig frá mód-
urlífi til þessa embættis, og af gædsku
sinni bauð mér Kristna trú, þócknadist, að
16. láta mig þeckia sinn son, svo eg skyldi prés-
dika Heidingium um hann, þá strax rád-
17. gadist eg hvorki við nockurn mann, né
heldur giordi mér ferd til Jerúsalem, til
þeirra, sem Postular hofdu ordid fyrr enn
eg, heldur fór eg til Arabalands og þad-
18. an aptur í Damaskusborg. Síðan eptir
þriú ár kom eg til Jerúsalem, að kynnast
við Pétur, og var hiá honum hálfann
19. mánud, en engann annann af Postulun-
um sá eg nema Jacob bródur Drottins.
20. Gud veit að þetta er satt, sem eg nú
21. skrifa. Þadan fór eg í Syrlands og
22. Ciliciu landsálfur, en kristinna sofnudir
í Gyðingalandi þecktu mig eigi að út-
23. liti. Þeir hofdu einasta heyrt, að sá sem
fordum ofsókti þá og vildi eydileggia, væri
24. nú að prédika rétta trú, og vegsomudu
1. Gud vegna mín. Þar eptir að fiórtán
árum lidnum fór eg aptur til Jerúsalem
med Barnaba, og tók líka Títum med
2. mér. (Þá ferd stofnadi eg einkum eptir
Guds tilsogn og skírdi þeim Postulum, sem

í mestu

í mestu metum vóru, frá, hvada lærdóm eg kendi Heidingium, þó var það í einrúmi (5) svo eg í engann máta spillti fyrir erfidi minu, sem eg vinn og hefi unnid). Þá var samt eigi Títo, sem var að (að uppruna) Heidingi (6) og forunautur minn, þreyngt til að láta umskéra sig. (Annars giordi eg líka ferd mína) vegna þeirra falskristnu, sem hofdu lædst inní sofnudinn, til að niósna um hvada frelsi í trúarbrogdunum um Jesú Krist vér brúkudum, svo þeir á eptir gætu undirokad (7) oss. Lét eg þá ei undan þeim, svo mikid, sem um stundarsakir, til þess að þér mættud halda Lærdóminum stodugum. En mig

3. 4. 5. 6.

(5) Oddur Logmadur og Gudbrandur Biskup, hafa her: „sierlega" eptir útleggingu, er *Vulgata* heitir, í henni stendur: imprimis. Biskuparnir Porlákur og Mag. Steinn: „sér „í lagi."

(6) Getur líka skilist: grískur.

(7) Oddur Logmadur: „svo þeir þrælkudu oss." og Mag. Steinn Biskup: „svo þeir hnepptu oss „í þrældóm," hafa þetta rett útlagt. En Biskuparnir Gudbrandur og Porlákur, sem útleggia: „svo ad þeir veiddu oss," hafa villst á því hiá Doctr. Lúther tvíræda „gefangen „nehmen."

S

mig vardar eckert um þá, (8) sem eru í mestu metum, hvorier sem vera kunna (9), því Gud fer ei ad mannvirdingum; mér hafa þeir, sem mest eru metnir (10) eck-
7. ert (11) kennt. En þar þvert á móti, þegar þeir sáu, ad mér var tiltrúad ad kénna óumskornum, eins og Pétri þeim
8. umskornu, (því sá, sem hafdi hiálpad Pétri í hans Postula embætti medal Gydíngaanna, hafdi eins hiálpad mér medal Heid-
9. íngiamna). Og þecktu hvorsu mikid gott mér hafdi verid veitt, handsöludu þeir Jacob og Kefas og Johannes, sem eru álitnir eins og máttar-stólpar, mér og Barnaba þad aftal, ad vid skyldum (eins og þeirra jafníngiar) prédika Heidíngium, en

(8) Sumir leggia her út: „enginn mismunur er milli."

(9) Má líka útleggia: hvørnin þeir hafa verid til forna.

(10) Í Gudbrands Biskups Biblíu stendur: „sem „alltíd høfdu álit." Í hans N. T. 1609 er: „þeir, sem afhaldid høfdu."

(11) Oddur Løgmadur og Gudbrandur Biskup í Bibliunni hafa her: „mig hafa þeir ecki annad „lært." Porlákur Biskup, og N. T. 1609: „eckert annad kennt," sem stríder mót 1, 12. Mag. Steinn Biskup: „hafa mer eckert til„lagt." Adrir leggia út: „vid minn lærdóm „hafa = = = engu bætt."

en þeir Gyðingum; til þess eina (mæld- 10.
ust þeir) að við skyldum minnast fátækra (sem hjá þeim eru), hvað eg líka hefi kostað kapps um að gjöra. En þegar 11.
Pétur hafði nokkra stund verið í Antiochia, mótmælti eg honum uppí opin augum, því hann vann til þess (12). Vegna 12.
þess, að áður enn nokkrir komu frá Jacob, hafði hann samneyti við Heiðingja (sem kristni hafðu tekið), en eptir að hinir vóru komnir, dró hann sig í hlé, og skildi sig frá þeim (kristnum sem) Heiðingjar (hafðu verið), því hann hafði beig af (kristnum), sem umskornir vóru. Þá 13.
fóru líka hinir Gyðingarnir að hræsna með honum, svo að jafnvel Barnabas flæktist með í sömu hræsni. En þegar eg sá þeir 14.
breyttu eigi rétt eptir sannum lærdómi, sagði eg við Pétur í allra áheyrn: úr því þú, sem varst Gyðingur, lifðir eptir Heiðingja- en eigi eptir Gyðinga-vísu, hvað viltú þá vera að neyða-Heiðingja, (sem

(12) Biskuparnir Gudbrandur og Þorlákur hafa: „þvíað elsgun var yfir hann komin." Oddur Logmadur betur: „því sakferli var yfir hann kom„id." Mag. Steinn Biskup: „því hann var „misg ásökunarverdur." Biskup Mag. Jón Vídalín hefir skrifad Utskíringu yfir Páls Pistla, sem ei er prentud, þar er: „því hann var uppvís ordinn."

kristnir eru ordnir) til ad lifa uppá Gyð-
15. inga vísu? vid erum ad upprunanum til
Gyðíngar, en eigi syndafullir (afgudadýrk-
16. arar) af Heidíngjum; allt fyrir þad, epts-
ir (13) þad vér þecktum, ad enginn gét-
ur ordid góds niótandi hiá Gudi af þeim
verkum, sem (Mósis) Logmál skipar,
heldur einasta af því, ad trúa á Jesú
Krist, tókum vid þenna lærdóm um hann
til þess ad verda góds niótandi af Krists
trúarbrogdum, en ecki vegna þeirra verka,
sem (Mósis) Logmál skipar, því engin
manneskia gétur vegna þeirra ordid hiá
17. Gudi góds hluttakandi. En ef vér, sem
ætlum ockur gott ad odlast vegna Krists,
værum sialfir ályktadir (þess vegna) synd-
ugir (14), þá væri Kristur (sem skipadi
oss þessu ad trúa) þeirrar syndar valdur;
18. en (þad ad þenkia) er ódædi. Færi eg
nú aptur ad hrósatylla því upp, sem eg
ádur

(13) „A medan ver vitum," hafa Oddur Logmadur og Gudbrandur Biskup í Biblíunni. Doctr. Lúther: „weil."

(14) Ef syndugir her tækist fyrir heidna edur afgudadýrkara eins og v. 15. og vídar, þá yrdi meiningin: ad ver sialfir ættum ad álítast fyrir afgudadýrkara, og þá hefdi Kristur verid ad koma heidni á gáng. Sú útlegging er máske hin rettasta.

ádur nidurbraut (15), svo bæri eg ad mér
bondin, ad eg hefdi þá gjort rángt. En 19.
eg er búinn ad hafna (Mósis) Lögmáli
vegna (Kristz) Trúarbragda (16) til þess
eg lifi eptir Guds vilja. [Eg er sama 20.
lögmáli daudur (17)] eins og Kristur dó

(15) Postulinn meinar her Mósis Lögmál, hvorju hann forkastadi þá hann tók kristna Trú, og var sídan ad nidurbrióta þad, med ad útbreida af öllum kroptum Kristz Lærdóm. Biskup Mag. Jón Vídalín, segir Postulinn tali her í Jesú orda stad: „ef eg færi ad byggja syndina upp aptur."

(16) Pad er: vegna Kristz Lærdóms er eg búinn ad segja mig úr Gydínga-lögum.

(17) Getur bædi innibundid: eg er eins dnýtur og kraptalaus, og líka: eg vil giarnan deya (fyrir þad eg predika móti Mósis) Lögmáli. Adrir útleggja: „med Kristi er „eg krossfestur," (þared Kristur er mín vegna krossfestur, þá er mer þad fyrir sama, eins og eg se sjálfur krossfestur, en yfir daudum manni hefir lögmál eckert ad segja) hvor útlegging mer á þessum stad fellur midur í geb, þó hún ad vísu se samqvæm því, sem Postulinn vída annarstadar skrifar. N. T. 1609 hefir: „hafandi enga von „ad eg geti lögmálid uppfyllt;" hvar ad lýtur Biskupsins Mag. Jóns Vídalíns útskíring: „því eg er fyrir lögmálid, sem kenndi mer, ad „eg kynni þad ei upp ad fylla, dáinn lögmálinu „sem mig ecki kunni ad lífga."

á krossinum, því nú lifi eg ei sjálfs mín vegna, heldur til að gjöra Krists vilja, og það líkamans líf, sem eg nú hefi, brúka eg til trúarinnar lærdóms um Guðs Son, sem svo mjög elskaði mig, að hann gaf sig
21. sjálfann í dauða vegna mín. Þessari Guðs nádargjöf skal eg aldeilis ecki forkasta (eins og þeir gjöra, sem ætla sér að öðlast hana af Mósis Lögmáls verkum) en fáist syndafríum og Guðs nádargáfur af (Mósis) Lögmáli, þá hefir Kristur dáið til einkis.

II. Postulinn færir sönnur á, að einasta eptir Krists lærdómi, en ecki eptir Mósis Lögmáli, géti mannesjkian orðið góðs aðnjótandi hjá Guði, Kap. III: V, 1: 12.

1. Ó þér vitlausu Galatar! hvorr hefir villt sjónir fyrir yður, að þér vilið ei trúa sannleikanum? fyrir hvörium svo skírlega hefir verið prédikað um Jesú Krist, eins og þér hefðud sjed uppá þegar hann
2. dó á krossinum. En það ætla eg að bidja yður fræða mig um, hvort þér hafið fengið andans gáfur (18) af (Mósis) Lög-
3. máli eður lærdóminum um Krist? mikið erud þér heimskir! þér byrjuðud með því kropt-

(18) Skil eg hér fyrir kraptaverka gáfur, er Galatar fengu með Kristninni. Sjá 5. v.

kroptuga (19), ætlid þér nú ad giora þad endasleppt (20) med því, sem eckert meguar? og allt þetta skuli hafa fram vid yd- 4.
ur komid til einkis! ef þad á þá ad verda til einkis! hefir þá sá, sem veitti ydur and- 5.
ans gáfur, og lét giora kraptaverkin yd-
ar á medal, giort þad med (Mósis) Log-
máli, eda med lærdóminum um Krist?
Vidlíka og (skrifad finst um) Abraham: 6.
Hann trúdi Gudi, og þess vegna giordi
Gud honum gott (21). Þar af meg- 7.
id þér vita, ad þeir eru sannir Abra-
hams nidiar, sem fallast á trúar-lærdóm-
inn. Þetta er sagt fyrirfram í Ritning- 8.
unni, ad med þeim trúar-lærdómi mundi
Gud giora Heidingjunum gott, og þess
vegna hét hann því Abraham (laungu)

(19) Ordid andi getur her skilist fyrir lærdóminn um Krist, þá ædri þekking á Guds vilja, yppar-legt hugarfar Róm. 8, 4. 5. líka kraptaverka gáf-ur v. 2. 5. o. fl.

(20) Þriár fyrstu prentudu útleggingar: „í holdinu „áfram halda." Hinar bádar: „fullkomna þad „í holdinu." Biskup Mag. Jón Vídalín: „ætlid þer ydur í holdinu fullordnir menn verda."

(21) Gen. 15, 6. getur útlagst: og þad vard hon-um ad gódu, edur og fyrir þad er honum hrósad. Adrir útleggja: „þar med þóknadist „hann Gudi."

ádur segiandi: øllum þiódum skal af þer
9. stór heill standa (22), það er: að allir
þeir, sem hafa (Krists) trúarbrogd, nióta
Guds velgiørda ásamt með hinum trúada
10. Abraham. En hvorier, sem æt'a uppá
verkin eptir (Mósis) Logmáli, þeir verda
fyrir hinu þyngsta straffi, því svo segir
Ritníngin: hvørr sá, sem ecki heldur sí-
feldlega sérhvað það, sem skrifad stnst í
Løgmáls-bókinni, og ecki breytir eptir
því, skal verda fyrir þyngsta straffi (23).
11. En þar ed enginn fær syndafrium og náð-
argædi af Gudi með (Mósis) Logmáli,
þá er augljóst að sá, sem góds á að nióta,
fær það með lærdóminum um Krist.
12. Hinn, sem heldur uppá (Mósis) Logmál,
skeitir ei um þenna trúar-lærdóm, heldur
(reidir sig uppá) að hvørr, sem eptir log-
málinu breyti, muni af því góds nióta.
13. Kristur hefir leyst oss frá því þúnga
straffi, sem hótad er í (Mósis) Logum,
þegar hann leid það í ockar stad, hvíad
Ritníngin segir: (24) það þyngsta straff
14. er, að verda hengdur á tré. Þessvegna
hafa

(22) Gen. 12, 3. 18, 18. Ordid barac þýdir ei eina
asta ad óska góds, heldur og á stundum líka veita
velgiørd Gen. 28, 3. og *êulogia* þýdir velgiørn-
inga strax her á eptir v. 14.

(23) Devteron. 27, 26.

(24) Devt. 21. 23.

hafa Heidingiarnir hlotid vegna Jesú Krists
Þá velgiornínga, sem Abraham vóru lofadir,
og vér hofum med lærdóminum um Krist,
odlast Þær andans gáfur, sem ádur vóru
fyrirheitnar. Brædur mínir! eg skal upp- 15.
lýsa Þetta med Því, sem almennt vidgengst
manna á medal: Þegar einhvorr, hvorr
sem hann er (25), er búinn ad giora sitt
loford (26) statt og stodugt, Þá gétur
hann ei ónýtt Þad (27) eda tilsett Þad,
sem móti Því stridir. Allteins var búid 16.
ad lofa Abraham Þessu og hans afqvæmi.
Eigi stendur Þar afqvæmunum, svo sem
talad væri um morg, heldur nefnist Þar
eitt, og Þínu afqvæmi, hvort ad er
Kristur (28). Med Þessu vil eg Þá sagt 17.

(25) Svo legg eg út ordid *homòs*, hvoriu allar vorar prentudu útleggingar sleppa.

(26) Svo tekst ordid Berith, er svarar Gríska *diatheke*, í vidlíku efni 2 Sam. 23, 5, líka Psálm. 78, 37. Róm. 11, 27, og vídar. Ordsins sinnur merking Ráðstafun, getur líka átt her vid.

(27) Oddur Lögmadur og Gudbrandur Biskup leggia Þad út „vanræktr" Þorlákur Biskup eptir Dr. Luther: „foraktar." Nær ordunum má útleggia: jafnvel enginn er sá, sem vanskar nockurs manns aftali, Þegar Þad er statt og stodugt.

(28) Gen. 22, 18. lærdir menn hafa med líklegum rökum sýnt, ad her egi skiliast Kristnir.

hafa, ad (Mósis) Logmál, sem út var gefid fiórum hundruduin og þriáthgi árum sídar, gat ecki aptrkallad þad loford um Krist, sem Gud hafdi ádur giørt statt og stodugt, svo þetta fyrirheit yrdi þar af
18. ónýtt. En ef velgiørníngarnir fengist med (Mósis) Logmáli, þá fást þeir ei lengur eptir lofordinu; nú lofadi Gud Abrahami
19. þeim gefins. Til hvers var þá Mósis Logmál? því var bætt vid af því menn hugudu sér illa, til þess þad skyldi vera í gildi, þángad til þad afqvæmi kæmi, sem loforded átti heima hiá; var þetta Logmál tilsett med atvist Englanna, og
20. fengid Medalgaungu-manninum (29); en Medalgaungu-mennirnir hafa ymisleg erindi (30), þar þó Gud er einn og hinn sami.

(29) Þar fiórar fyrstu prentudu útleggíngar vorar hafa: „tilsett af Englunum fyrir hønd medal„gaungu-mannsins," hvad hæglega getur skilist svo, sem Englarnir hafi logmálid sett og gefid vegna, edur af hálfu [*vice*] medalgaungumannsins. Mag. Steins Biskups útleggíng er í þann máta midur, ad eptir henni er: „Fyr„irheitid tilsett fyrir Englana fyrir hønd meda„lgaungu-mannsins."

(30) Af þeim fiølda meiníngu, sem lærdir menn hafa haft um þessa vanskildu grein, er eins nafnfræga Gróts einna líklegust: „þeir, sem eru samsáttir „þurfa ei medalgángara."

sami. Stríðir þá [Mósis] Logmál móti 21.
Guds fyrirheiti? fiærri er það. Heldur
ef það Logmál hefði verið útgéfið, sem
gat veitt farsældina, þá er víst um að
náðar velgiorníngarnir hefðu fengist af því.
En Ritníngin sýnir, að allir hafi unnið 22.
til straffs (31); því varð og sá fyrirheitni
velgiorníngur að géfast með Jesú Krists
trúarbrogdum, þeim, sem þau medtaka.
En áður enn þessi trúarbrogð komu upp, 23.
vórum vér við [Mósis] Logmál bundnir,
þángað til tédur trúar-lærdómur eptirá
varð kunngiordur. Svo var þá [Mósis] 24.
Logmál vor Týptunar-meistari þángað til
Kristur kom (32), með hvórs trúar-lær-
dómi vér áttum Guds velvildar að nióta.
Nú eptir að þessi lærdómur er kominn, 25.
erum vér eigi lengur undir áðurtéds týpt-
unar-manns valdi, því þér erud allir ordn- 26.
ir fulltída Guds-born, með því að taka
trúarbrogdin um Jesú Krist, þar eð allir 27.
þér, sem með skírninni hafið skuldbundið

ydur

(31) Ordið hamartia, þýdir allvída „syndastraff" t. d. Róm. 11, 27. Ebr. 10, 4. 11. Psálm. 32, 5. Gen. 4, 13 og víðar.

(32) Allar vorar prentuðu útleggíngar hafa: „til „Kristum," hvað almennilega hefir verið skilið fyrir að lögmálið reki syndarann til að leita hiálpar hiá Kristi. Mag. Jón Biskup Vídalín: „vor uppfræðari til Kristum."

ydur til lærdómsins um Krist, erud erdnir
28. honum náqvæmlega sameinadir. Eptir
þeim lærdómi gildir eckert hvort nockurr er
Gydingur edur Heidingi, þræll edur friáls,
karl edur kona, þviad vegna Jesú Krists
29. erud þér allir jafnt tilkiornir. En ef þér
erud vid hann [samtengdir] þá hafid þér
Abrahams afqvæmis [rétt], og standid til
1. arfs eptir því, sem lofad var. Nú er þó
enginn munur giordur á erfingiannm med-
an hann er á ómaga aldri, þó hann egi
2. allt búid, og þrælnum, í því, ad erfing-
inn er undir tilsiónar- og ráds-mönnum,
medan sá tími varir, sem fadirinn vill
3. vera láta. Allteins vórum vér, medan
ockar ómaga aldur yfirstód, rekuir til ad
4. nema Gydinga barna stafrofid (33). En
þegar sá tilsetti tími var á enda, sendi
Gud sinn Son, fæddann af qvennmanni,
5. og undirorpinn [Mósis] Logum, svo ad
hann frelsadi þá, sem undir þeim logum
vóru, og vér fengium þar af fulltida barna
6. rétt. En þar þér erud nú slík born, þá
hefir

(33) Þriár fyrstu útleggíngar hafa: „ vórum ver
þrælkadir undir þessa heims fetnivgum.“ Þor-
láku r Biskup: „ sángadir undir útvortis setn-
„ inga.“ Mag. Steinn Biskup: „ vórum ver
„ undir Elementum heimsins hnepptir í þrældóm.“
Biskup Mag. Jón Vidalín: „ þrælkadir und-
„ ir barna-lærdóm þessa heims.“

hefir Gud gefid ydur thad sama hugarfar, sem hans Sonur hafdi, af hvorju thér getid einardlega sagt vid Gud: Fadir minn gódur! Eptir thessu erum vér eigi 7.
lengur undir thrælkaninni, heldur fulltída born, en séum vér fulltída born, thá erum vér líka vegna Kristz komnir til arfs hiá Gudi. [Thad var vorkun] thó thér 8.
fordum, medan thér ecki thecktud [sannann] Gud, hafid thrælkad undir thá hluti, sem í sjálfu sér ecki vóru Gud, en nú eptir ad thér hafid theckt hann, og hvad meira er, [hafid merki til] ad Gud kannast vid ydur (34), hvernin (getid thér fengid af yd- 9.
ur) ad leggia ydur aptur nidur vid thad ónýta vesældar barna-stafrof, sem thér á ný vilied fara ad thrælka undir? thér halid- 10.
id uppá sérlega daga, túnglkomur, vissa tíma og ár. Eg er hræddur um ydur, 11.
ad mitt erfidi, sem eg hefi haft fyrir ydur verdi til ónytis.

(Endirinn kemur sídar).

(34) Allar vorar prentudu útleggíngar hafa: „erud „af Gudi thecktir." Mag. Jón Biskup Vídalín: „erud af Gudi frædir." Ordid *ginóssko*, sem svarar Hebreskra jadha thýdir allvída, ad elska, hafa mætur á.

Þridiudaginn, 25 Novembr.

XLI. Utlegdar Sagan.

Gódgiordasamur madur nockurr ásetti sér ad audsyna velgiordir einum præli sínum, gaf honum þess vegna frelsi, skip med ollum reida, og svo mikinn forda, sem nógur væri til ad leita sér lucku og frama med, í hvorriu hellst landi, sem hann vildi taka sér bólfestu. Þessi frelsingi fór um bord, og lét úr lagi, en skélsilegur stormur kom uppá, sem hrakti hann uppá nockra ey, er honum syndist vera óbygd. Nú var hann búinn ad missa allt hvad hann átti, var hiálparlaus, vissi eckert hvad af sér mundi verda, og gat ei hugsad til seinni tímanna án skélsingar. Hann var eins og í þoku hvad hann átti ad horfa, géck áfram í þaunkum, eda réttara ad segia, þánkaleysi, þángad til fyrir honum vard slettur og trodinn vegur. Med gledi hélt hann áfram þann veg, og sá álengdar stóra borg, hvad ed jók hans fognud, svo hann hvatti sporid til ad koma þángad, sem fliótast. Hissa vard hann, þegar hann nálgadist borgina, sá hemar innbyggiara koma í hópatali á móti sér, segia sig velkominn med mestu blídlátum, og ad stadarins túlkur hrópadi hárri roddu: Þessi er ydar Kóngur! Allir fylgdu honum til borgarinnar med fognudi og gledilátum; hann var leiddur med mestu

mestu vidhofn og prakt í þá holl, hvar Kóngarnir vóru vanir ad hafa sitt adsetur, var færdur í purpura-kápu og dírmæt Kóróna sett á hans hofud. Æðstu hofdingiar borgarinnar sóru honum hollustu eid í alls lídsins nafni, ad þeir skyldu vera honum hlýdnir, hollir og trúir, eins og þeim bæri vid Kóng sinn ad breyta. Sá nýi Kóngur hugsadi í fyrstunni, ad þetta allt væri ecki nema draumur; en af reynslunni hlaut hann ad gánga úr skugga um, ad þetta var raunar eins og þad sýndist, svo hann í huganum vard ad spyria siálfann sig: hvad á þetta ad þýda? og hvad mun sá æðsti Stiórnari allra hluta ætla sér med mig? Þessi þánki fór aldrei úr huga hans, og lokseins kom hann honum til ad grenslast eptir, hvernin á ollu þessu stædi. Hann kalladi því þann af hirdmonnum sínum fyrir sig, sem optast var í kringum hans persónu, var hans rádaneyti, og sem af Guds forsión sýndist hafa verid settur honum til adstodar í landstiórninni. Dróttseti! sagdi hann: hvorr hefir giort mig ad yckar Kóngi? hvorsvegna hlýda mér allir, og hvad á af mér ad verda? vitid Herra, svaradi hirdstiórinn honum, ad innbyggendur eyiar þessarar, hafa bedid Gud ad senda þeim á ári hverju þann Kóng, sem sé af Adam kominn. Sá Almáttugi hefir bænheyrt þá, svo ad á ári hverju kémur hingad ein manneskia, allur lídurinn tekur med mestu vidhofn og fognudi móti þessum manni, og setur hann til Kóngs

yfir

yfir sig; en hans ríkisstiórn varir ei lengur enn eitt ár. Þegar sá tími er á enda, þá er honum velt úr hásætinn, dregin af honum tignar-klædin, og hann aptur færdur í lítilfiorlega larfa. Stríðsmenn, sem ecki gefa nein grið, færa hann ofan til strandar, og kasta honum þar úti skip, er flytur hann til annarar eyar, sem af siálfrar sinnar kostum er hrióstrug og gædalaus. Sá, sem fyrir fáum dogum var ríkur Kóngur, hefir þá hvorki þegna edur vini, en lifir þar í sorg og eymd. Lídurinn, sem laus er ordinn við sinn gamla Kóng, flýtir sér þá ad medtaka þann nýia, sem Guds forsión árlega sendir hingad, og þetta, Herra! er það óumbreytanlega logmál, sem ecki stendur í Ydar valdi ad raska. Vissu þeir, sem fyrir mig hafa verid, spurdi Kóngurinn sinn Hirdstióra, þessi hordu forlog? Engum þeirra, svaradi Dróttsetinn, hefir það verid dulid, en þeir hafa ecki haft nógann mód og manns-hug ad athuga svo sorglegar útfarir, þar augu þeirra hafa verid blinduð af glampa Kóngdæmisins. Þeir hafa lifad og látid eins og vellystingar og ánægia hafa hvatt þá til, og aldrei hugsad til ad ná stodugri lucku, eda giora sér bærileg þau endalok, sem þeir vissu sér var ómogulegt ad umflýia; þeirra lucku-ár leid ætíd fliótara enn þá vardi, svo ófara-dagurinn kom lokkins yfir þá fyrr enn þeir vóru búnir ad búa nockud í haginn fyrir sig, ad eymd og útlegd þeirra yrdi þeim bærileg.

Þeg-

Þegar Kóngurinn heyrdi þetta, vard hann miog óttaslegenn, sveid honum þad mest, ad mikill partur af dirmæta tímanum var til ónytis lidinn; hann ásetti sér því ad brúka þess betur þad af honum, sem eptir var. Þú vitri Dróttseti! sagdi hann til hans: þú hefir sagt mér mitt tilkomandi ófall, segdu mér líka hvort medal er til ad komast klaklaust hiá því? Minnist Þér, Herra! svaradi Dróttsetinn, ad Þér komud alls laus hingad til eyiarinnar, og athugid þá undir eins, ad allteins muni verda, þegar Þér farid hédan, og ad Þér aldrei munud siá hana aptur. Eitt einasta medal er til, ad varna því ófalli, sem fyrir Ydur liggur: Þér verdid ad senda smidi til eyiarinnar, sem Þér egid ad fara til, láta byggia þar stór vista-hús, og fylla þau af ollu því, sem þarf til vidurlifis. Forsómid hédanaf eckert augnablik, sem þéna kann til Ydar lucku, og brúkid oll þau medol, sem Þér gétid upphugsad, til ad komá í veg fyrir þá vesæld, sem fliótt dynur yfir en lengi varir; allt þetta verdur ad gioraft undandráttarlauft, því tídin flýgur, sá fastsetti tímans púnktur nálgast, og þad er forgéfins ad ætla sér ad apturkalla þá stund, sem afliduð er; en yfir alla hluti fram, munid til þess, ad á þeim stad, sem Þér egid til svoddan lángframa ad búa, munud Þér eckert fyrirfinna nema þad, sem Þér látid flytia þángad, á þeim stutta tíma, er Þér egid enn ná eptir. Kóng-

urinn féllst á þetta ráð Dróttseta síns, og fór strax að koma því í verk; hann sendi þángað smiði án tafar til að byggia þar vistahús og hýbýli, og lét þángað fara svo margt fólk, sem honum syndist þorf á til að giora eyiuna að yndislegum og gagnlegum bústað. Á meðan nálgadist sinámsaman sá tími nær hann skyldi missa ríkið, en svo var lángt frá að Kónginum stæði ótti edur ofbod þar af, að hann miklu heldur lángadi til að siá sitt nýia land, og mega vera þar að stadaldri. Loksins kom sá ágvardadi dagur, Kónginum var snarað úr háseetinu, allur Kóngs-skrúdi var af honum tekinn, og eins og honum hafdi verid fyrirfram sagt, var hann hnepptur úti skip, sem flutti hann í hans útlegdar-stad. Þessi áfsetti Kóngur kom þángað luckulega, og lifdi þar bædi rólegri og ánægdari enn ádur.

Arabchah, sem samsett hefir þessa dæmisogu, útleggur hana þannig: Gódgiørdasami madurinn er Gud; Prællinn er barnid, sem gétid verdur; Skipid, sem húsbóndinn gaf prælnum og lét hann fara á, er módurlifid; Skipbrotid, sem hann leid, þýdir fædinguna, og Eyian, sem hann kom til, er veroldin; Innbyggiararnir, sem komu á móti honum, eru barnsins foreldrar, sem ala onn fyrir því; Dróttsetinn, sem sagdi honum hvad fyrir honum lægi og gaf honum gód ráð, er skinsemin; Arid, sem hann á ad ríkia, þýdir

mann-

manneskiunnar lífs-tíma; og Eydi-eyian, sem hann á ad flytiast til, er sú eptirkomandi veröld; Smidirnir, sem hann sendir á undan sér, eru gudhræddsla og gódverk, sem hann á ad stunda medan hann er hér í lífi; Þeir Kóngar, sem hafdu stiórnad fyrir hann, og eckert hafdu hugsad fyrir tilkomandi tídinni, samlikiast mesta parti manneskianna, er lifa eptir munni og maga, en gá ei ad því, sem eptirkomandi er, mest rídur á og lengst varir.

XLII. Öfundsiúkir eru sínir egin qvalarar.

Þrír menn vóru á ferd saman. Sá eldsti sagdi: hvorra erinda erud Þid ad fara? Eg fór úr minu landi, svaradi einn, af því eg gat ecki sied uppá nockrar manneskiur, sem eg hatadi meir enn daudann, hvad ed kom af því, ad eg öfundadi Þær, hversu luckulegar Þær vóru. Sama er orsökin, hvar fyrir eg er á ferd, sagdi annar. Nú! vid egum Þá allir Þrír sam-merkt, sagdi sá eldsti. Í fyrstunni kom Þeim ollum vel saman. Einusinni fundu Þeir stóra peninga-pyngiu, sem einhvorr hafdi tínt. Þeir fóru allir Þrír af baki, og sogdu: vid skulum skipta Þessum peningum, fara sídan heim aptur hvorr til sín, og giöra ockur til góda med Þeim; en Þetta var eintómis munnvarp, Því hvorr Þeirra fyrir sig

ætladi sér ad hafa mest, en vissu ecki hvernin þeir áttu ad koma því í verk, því allir hofdu sama ásetning, og hvorr passadi uppá sig. Þar bidu þeir á sama stad, og vóru ad hugsa um þetta heilann dag og nótt, án þess ad nióta svefns eda matar, og qvoldust miog innvortis. Sídan bar þar ad Kóngsinn, sem var ad dýraveidum med allri hird sinni. Hann spurdi þá ad, hvad þeir væru þar ad gióra vid þessa peninga? af því hann kom flatt uppá, vard þeim þad ad segia sannleikann. Herra! svorudu þeir: vid erum þrir, og hofum allir sama gédbrest, sem er ofundin; hennar vegna fórum vid burt úr ockar landi, en hún fylgir ockur allstadar; þad væri Guds-packa verk ef Þér gætud frelsad ockur frá þeirri qvol. Segi þá hvorr yckar fyrir sig, svaradi Kóngurinn, hvad sterk ofundsýkin er hiá honum, svo eg viti hvada medal á vid hiá hvorium yckar. Eg er svo ofundsiúkur, sagdi einn þeirra, ad eg gét engum manni giort gott, hvorr sem hann er. Heilagur ert þú hiá mér, sagdi sá annar, því eg gét ecki lidid, ad neinn giori ódrum gott, svo lángt er frá ad eg giori þad sialfur. Hinn þridie sagdi: meiri er ofundsýkin hiá mér enn hiá yckur, því hvorki þoli eg ad neinum sé gott giort, né giori þad sialfur, en eg gét ecki heldur lidid ad mér sé giort gott. Kóngurinn vard hissa þegar hann heyrdi þetta, og vissi ecki hvoriu hann átti ad svara; en eptir ad hann hafdi hugsad sig nockud um,

tók

tók hann svo til orda: Þid erud ecki þess verdugir, ad eg láti yckur hafa þessa peníuga; hann lét því fyrst taka penínganna frá þeim. Sídan var sá, sem engum gat gott giort, fluttur á eydimorku berfættur og matarlaus. Af hinum, sem ecki gat sied uppá, ad neinum væri giort gott, var tekid hofudid, þar ed hann væri óverdugur ad lifa, vegna þess honum þókti ecki vænt nema um illt eitt. En sá Pridie, sem þar ad auk ecki gat lidid, ad sjálfum sér væri gott giort, var látinn lifa, því eckert straff fanst, sem qveldi hann meira enn hans eigid gedslag; hann var fluttur á þann stad í Kóngs-ríkinu, hvar fólk var gódgiordasamast, af hvorju hann qvaldist svo, ad hann dó innan skamms.

XLIII. Gátur.

32.) Eg er nú ordin gomul, þó eg sé svo gott sem á æsku skeidi, þar ed mér hefir eckert farid aptur. Allstadar geng eg jafnt og stillt áfram, dag og nótt, vetur og sumar, samt þykir sumum eg fari of-fliótt, ódrum of-seint. Margur heldur þad fyrir synd ad drepa mig, en giorir þad samt.

33.) An handa og fóta byggi eg mitt eigid hús, þó lofa eg engum þar ad gista, því eg fylli þad upp sjálfur. Á veturnar gref eg þad nidur, loka svo dirunum aptur og lifi þar motulaus, svo enginn giori mér ó-nádir.

34.) Hvorr er ríkastur í allri veroldinni?

35.) Minn líkami var pyndur í elds-báli, síd-an hiól-brotinn, á hann var hellt miklu vatnsflódi, þar eptir var hann látinn med forsmán liggia, en gómur þinn hefir á-nægiu af seydinu.

36.) An skips, án masturs, án segla, án brúa, ber eg líkama þinn fliótt yfir vatn og bylgiur; ferian mín er ecki lagud til ad sitia í, en þú verdur ad standa, fliúga og ganga, annars er hofudid á þér í hættu.

Midvikudaginn, 26 Novembr.

XLIV. Sagan af Furstanum Alexander Menzikof.

Þessi madur er serlegt eptirdæmi uppá luck-unnar hverflyndi, því hann var af lágum stig-um, en med skarpleika og næmi komst í hædstu tign. Siálfur vissi hann ecki hvorr afmælis-dagur sinn var, hvad hæglega gat skéd, því hann var borinn og barnfæddur í Rússlandi, laungu ádur enn Keisarinn Pétur enn Mikli skipadi ad láta skrásetia þá, sem fæddust og dóu. Fadir þessa Alexanders hafdi þá idn, ad baka sæta-braud, og hafdi fengid leyfi til, ad hafa búd sína hiá Keisarans sloti í Moscow. Strax sem þessi sonur hans var kominn nock-ud á legg, lét fadir hans hann gánga í kring

í borg-

í borginni til ad selia braudin. Enn úngi Alexander var vel vaxinn, gladsinna, og baud gódann pócka af sér, svo honum géck vel ad selia sæta-braudin. Par ed hann seldi mikid af pessum braudum á slotinu, hofdu peir strídsmenn, sem skiptust til ad vera á vakt hiá Keisaranum, opt gaman af honum, hann giordi líka allt hvad hann gat peim til skémtunar, því pess betur géck honum ad koma út voru sinni hiá peim. Pétur enn Mikli var pá á peim aldri, sem ecki pykist ofgódur til ad taka eptir einum og ódrum smámunum. Hann sá útaf glugganum í herbergi sínu, ad pessi sæta-brauds-bakara drengur géck á hverium degi fyrir gluggana. Pétur heyrdi drengsins pægilega málróm, og géck smámsaman gódann pocka til hans. Einusinni kleip strídsmadur af Keisarans lífvakt í eyrun á drengnum, svo hann hlódadi, af því hann hafdi ert strídsmanninn eitthvad upp. Keisarinn skipadi strax ad taka hann af strídsmanninum, og láta hann koma til sín. Drengurinn kom og vard eckert hræddur, svaradi skilmerkilega til alls, sem Keisarinn spurdi hann ad, og kriddadi stundum sitt svar med skarpleika, sem ecki átti illa vid, en syndi ad hann hafdi gódar gáfur. Péturs pocki til hans ór svo, ad hann giordi hann einn af sínum kértasveinum. Menzikof var í æsku sinni dáfridur, hvarfyrir Keisarinn líka hélt uppá hann ódrum framar. Hann var alltíd í Keisaraus herbergi, fylgdi honum allstadar,

og jafnvel í Ráds-samkomum, svo það bar ecki sialdan til, ad hann líka sagdi sína meiníngu, þegar eitthvad vandasamt kom í tal; en það giordi hann uppá svo audmiúkann og þægilegann máta, ad enginn þókti midur, en sialfur hann vard Herra sínum sífeldlega kiærri. Það syndist eins og luckan hefdi stadrádid ad koma honum hátt, og gæfi honum þess vegna fleiri tækifæri til ad koma sér betur í miúkinn hiá Keisaranum. Þegar hann einusinni var í gestgiafara-húsi, heyrdi hann ad í herbergi nærst vid tóludu tveir menn alvarlega, og nefndu Keisarann. Hann fór ad hlusta til, og komst ad því, ad upphlaup var í brugg-giord móti Keisaranum, sagdi honum því strax, hvad hann hefdi komist á snodir um. Keisarinn lét strax uppá tímann setia þessa tvo menn í fángelsi, pína þá til sagna, þeir játudu allt, sögdu hvorier med væri í verkinu, og fengu sitt straff. Sá úngi Alexander vissi vel, ad hann vard ad læra nockud, til ad verda fastur í því ásheldi, sem hann þángad til átti ad þacka æsku sinni og frídleika; hann lagdi sig þess vegna eptir stiórnar- og strids-konstunum; fór honum fliótt fram í þeim, þar ed hann var miog vel gáfadur, syndi líka innan skams stór merki til þess, og í stríði Keisarans móti Carl Tólfta Kóngi í Sviaríki lét hann í ljósi bædi hug og dug. Hann komst í þá mestu tign í ríkinu, líka í Fursta stand, vard ædsti Hershöfdíngi, efsti Rádgiafi og Riddari af efsta slags.

En

En því meira ríkidæmi og tignir, sem hann hlant, því sólgnari vard hann eptir fleirum. Menzikof safnadi saman ógrynni af peníngum, og átti svo mikid jardagóts, ad pad vard ad málshætti: hann gæti farid frá Ríga í Lífiandi, sem er nordarlega í Norduralfunni, til Dorbent í Persalandi, sem er í Austurálfu heimsins, og þó alltíd ferdast á sínni eign. Á hans jardagótsi vóru fimtíu þúsund búendur, hvorra húsbóndi hann var, þó var pad lángt frá ecki nóg til ad sedia hans girnd. Allir, sem annadhvort vóru hræddir vid Keisarann, ellegar vildu nióta hans nádar, útvegudu sér Menzikofs hylli. Keisarinn í Þýskalandi hóf hann upp í Ríkis-furstanna stétt, og gaf honum Hertugadæmid Cossel í Schlesien. Margir Kóngar giordu hann ad Riddara af þeirra egin Ordu, og bættu vid adskilianlegum stórum árlegum peninga inntektum, og þegar þeir þurftu hans fulltingis vid hiá Keisarannn, sendu þeir honum nýiar skenkingar. Stundum fell honum inn ad hengia á sig all Riddaramerki, sem hann hafdi fengid, og gánga í samqvæmi med þau. Þar ed þeir Þýsku Furstar gáfu honum titil Durchlauchtig, sem gengur nærst Kónga titli, þegar þeir skrifudu honum til, þá vildi hann ad Kóngurinn í Fracklandi skyldi veita sér somu æru; en honum var svarad, ad sá Kóngur skrifadi aldrei þann titil nema þeim, sem væru af Furstum komnir. Þó honum kynni eitthvad á stundum móti ad blása,

þá lét hann það vera sína huggun, að hann gat ráðið miklu. Hans makt óx daglega, og seinast tók hann sér fyrir, að ráða hvorr ríkið skyldi odlast. Pétur enn Mikli andaðist dag 8 Februarii 1725. Ráðið kom strax saman, til að gjöra atqvæði um hvorr Ríkið skyldi fá eptir hann. Menzikof, sem var ríkisins æðsti Hershöfðingi, lét stríðsmenn umkringia allt slotið, hvar Ráðherrarnir vóru samansafnaðir, þar með kom hann ótta að hverium þeim, sem kynnu hafa í sinni, að setia sig á móti því, að Péturs Eckia Katrín fengi Keisara tign og vald. Menzikof vildi heldst, að hún fengi ríkið, bæði af því, að hann hafði verið elskhugi hennar, ádur enn Pétur enn Mikli hafði þeckt hana, og hann hafði ætíð borið sig að vidhalda hennar vináttu, vonadi þess vegna hann mundi fá enn meira vald undir hennar ríkisstiórnan. Nockrir Ráðherrar vildu tala þess Péturs máli, sem var Péturs Mikla sónar son, og sonur þess óluckulega Alexis, hvorn fadirinn hafði látið dæma til lífláts, en þar urðu mótmæli ofaná mótmæli, og seinast ætluðu nockrir Ráðherrar, að liúka upp gluggaanum á salnum, sem þeir vóru komnir saman í, til að spyria lídinn, sem úti var í stórum flockum, hvað honum syndist ráðlegt, en þá lét Menzikof nockra popnaða stríðsmenn koma inn, hveria hann af forsiálni hafði látið vera til taks í forstofunni, og sagði med allhvassri raust: hér er ecki svo heitt að upp megi

liúka

liúka gluggunum, þad óhultasta og skinsamlegasta er, ad úthrópa Katrín sé ordin ríkiandi og stiórnandi Keisarinna, en senda til hennar mann, ad lára hana vita þad. Allir Ráðsherrarnir urdu hræddir, og samsinntu því, sem Menzikof vildi. Hans von sveik hann ecki heldur; því hann rédi allteins miklu medan Katrín en fyrsta sat ad ríkium, eins og hann hafdi ádur giort hiá Pétri fyrsta. Þegar Katrín dó, ætladi Menzikof ad komast í bobba. Hann sá sér var betra, ad fyrnefndur Pétur Alexis son fengi þad Rússiska Riki, heldur enn Printsessa Anna, sem þá var gipt Hertuganum í Holstein, ellegar Elísabeth, sem var Dóttir Péturs ens Mikla og Katrínar. Margir af Ráðherrunum, toludu sterklega máli Keisarans Dætra, en Menzikof var heftugri, ógnadi, og gaf í annad sinn í burtu þá Rússiskir Keisara-tign. Hann sá fyrifram ad sér mundi vera hægt ad halda virdingu sinni, þar sem tólf ára gamall Pilltur hefdi stiórnina. Til þess ad koma sínu áfram, giordi hann mikid úr, hvad þarfur hann mundi verda honum, og lét úthrópa, ad Pétur væri Keisari. Þar eptir kom hann því inn hiá honum, ad Ráðsherrarnir væru Keisaranum ecki hollir, talaði sífeldlega vid hann um upphlaup, sem adrir hefdu í brugg-gerd móti honum, lofadi ad hafa kostgæfilega forsión fyrir, ad hann væri óhultur, og lét setia þá í fángelsi, sem urdu Keisaranum of-nærgaungulir. Sá úngi Keisari

ari trúdi ollu því, sem Menzikof sagdi, vard hræddur vid þá hættu, sem hinn útmáladi fyrir honum, og bad hann ad hafa umsorgun fyrir ad ollu væri óhætt. Þegar sá limski Menzikof var búinn ad koma þessum únga Herra fyrir eins og hann vildi, sagdi hann Honum, ad sá besti máti til ad kéfia alla Keisarans fiandmenn, og þvínga þá óhlýdni til ad giora þeirra skyldu, væri: ad Menzikof hefdi mesta partinn af Keisarans mindugleika, svo hann yrdi ríkisins Fullmektugur (Vicarius) og einasti rádandi yfir stríds-hernum (Generalissimus) hvad allt Keisarinn undirskrifadi og lét eptir honum. Samt var Menzikof ecki þar med ánægdur, hann hugsadi sér líka ad verda Tengda-fadir þessa únga Keisara, og til ad koma ollum hindrunum úr vegi, rak hann í útlegd alla þá, sem hefdu kunnad ad géta hindrad hans áseturíng, sendi marga af þeim til Siberia-lands, hvar þeir lifdu í stærstu vesæld, en allt þeirra góts var giort upptækt til Keisarans. Margir enir ædstu Herrar í ríkinu óttudust somu afdrif, skiptu sér þess vegna af engu, og Keisarinn trúlofadist eldri dóttur hans Menzikofs, svo engin hindrun kom í veginn. Menzikof lét sér ecki nægia med þad, ad setia dóttur sína í Rússlands háseti, hann ætladi líka ad giora son sinn ad Maktarmanni; lét þess vegna her-lid fara til Cúrlands, og fá innbyggiarana þar, til ad taka son hans sér fyrir Yfirherra og Hertuga,

en þar mætti honum nockur fyrirstada, sem hann gat ecki burthrundid. Þegar hann hugsadi, ad nú væri hann búinn ad kéfia nidur sina fiandmenn, og byggia sitt veldi á stodugum grundvelli, tók hann til engu ad qvída. Evdoxia Capúcia Péturs ens Mikla fyrri Kona, en amma þess þá ríkiandi Keisara, var sú fyrsta, sem vogadi ad setia sig upp móti Menzikof. Undireins og hún heyrdi ad sonar-sonur sinn væri ordinn Keisari, fór hún úr því klaustri, sem hún hafdi verid innilokud í, frá því Sonur hennar dó. Þar ed hún var amma Keisarans, héldu allir þeir ædstu vid hirdina sig til hennar, og sialfur sá stórhugadi Menzikof, vard ad lúta fyrir henni. Þó hugsadi hann hún mætti láta sér vel nægia med útvortis virdingu, og skipta sér eckert af ríkisstiórninni. En þad vard odruvísi, því varla var Evdoxia komin í frelsi, fyrr enn hún fèck sialf lyst til ad ríkia, og láta úthrópa sig, sem Keisarainnu. Til ad koma þessu í verk, bar hún sig, ad koma sér inn hiá Rádsherrunum og stridshernum. Menzikof var búinn ad á-vinna sér marga áhángendur, svo hann vantadi ecki þá, er sogdu honum frá ollu, sem vidbar. Hann sá þá hvorsu naudsynlegt þad var, ad koma í veg fyrir þessarar konu ásetning, sem var því hættulegri, ad adrir, sem ofundudu hans makt, bléfu ad þeim kolunum. Hann fór þess vegna til ens únga Keisara, útmáladi fyrir honum, hvad vond amma hans væri, og

lagdi

lagdi nidur fyrir honum þá hættu, sem ríkid mundi koma í, ef hann léti hana ná nockrum afskiptum í ríkisstiórninni. Keisarinn vard órólegur af því, skipadi ad setia Evdoxiu í klaustur, þó mátti hún velia klaustrid í Moscow, yfir þad var hún sett, sem Abbadís, og fékk meiri peninga enn hún hafdi ádur haft, þó samt med þeim skilmála, ad hún aldrei færi burt úr klaustrinu. Þegar Menzikof var svo luckulega búinn ad frelsa sig frá ásókn óvinda-manna sinna, og jafnvel ómmu Keisarans, hélt hann, ad nú þirfti hann fyrir engu ad óttast, og hugsadi uppá eckert annad, enn sameina sem mest sína og Keisarans æitir. Uggleysi hans vard svo stórt, ad þegar hann talade vid Keisarann, giordi hann þad med þeirri raust, eins og hann væri ad skipa, hvad smámsaman settist í Keisarann, svo honum nidri þókti alvarlega midur. Menzikof lagdist hastarlega í skiædum siúkdómi, og á medan átti Fursti Dolgorucki ad hafa umsión med únga Keisaranum. Hann bar sig af ollum kroptum ad auka Péturs Keisara mis-þyckiu til Menzikofs, leysdi Keisaranum miklu stærra frelsi enn hann ádur hafdi haft, og lét fodursystur hans Keisara dótturina Elizabeth koma til hans, og son sinn, þann únga Dolgorucki hiálpa henni í ollu því, sem kunni vera Keisaranum til ánægiu. Þau vóru jafnaldra, og þad varadi ecki lengi, ádur enn Keisaranum þókti vænt um þessa gaman-leika, og vin-

sam-

samlega umgengni. Í einu ordi ad segia: Furstinn Dolgorucki sparadi eckert til þess, ad koma sér inn hiá Keisaranum, og verda hans fulltrúi.

Fimtudaginn, 27 Novembr.

Menzikof batnadi sóttin, og hann fèck allt saman fullkomlega ad vita, hvorr umbreyting hafdi ordid vid hirdina og í Keisarans uppeldi, þvert á móti því, sem Menzikof hafdi tilætlad. Strax og hann var ordinn albata, tók hann aptur ad sér sitt Embætti hiá Keisaranum, og flýtti sér ad koma ollu í samt lag, eins og ádur hafdi verid. Hann hafdi ecki beig af neinum nema Keisara-dótturinni Elízabeth, og þess vegna lèt hann hana aldrei komast til Keisarans, nema þegar einhvorr stór vidhafn var og mannfiöldi vid. Enga grunsemi hafdi hann á því, þó Keisari Pètur elskadi þann únga Dolgorucki, því hann áleit hann hvorki fyrir svo klókann né djarfann, ad hann gæti stadid sér í vegi. Menzikof hèlt þar ad auki Keisaranum svo nidri, og þeckti hans náttúrlega hugleysi svo vel, ad hann hugsadi Keisarinn aldrei mundi sleppa úr þeirri kúgan. En þad varadi ecki lengi ádur enn hann komst ad raun um þad, ad hann hafdi ecki þeckt rètt fedgana Dolgorucki, þeir vóru slúngnir í þeirri konst ad dylia sig, og vóru vinir

vinir Greifans Ostermann, sem bar mesta hatur til Menzikofs, og einasta beid eptir tækifæri ad hefna sín. Menzikof fór med Keisaranum til slotsins Pétershof, og ætladi ad vera þar nockra daga, ad skémta honum med dýraveidum. Greifinn Ostermann áleit þessa reisu fyrir mikid hentugt tækifæri ad koma hefnd sinni fram. Hann fór til allra Rádsherranna, og til hinna fornemstu Yfirbodara þeirra stríðsmanna, sem vóru Keisarans vakt, til ad komast ad, hvornin þeir væru sinnadir, og fann þá alla samhuga sér, þeir lofudu honum allir ad gióra allt hvad þeir gæti til ad frelsa fodurlandid frá hatada Týrannanum honum Menzikof. Ostermann sagdi þeim sitt áform, og lagdi nidur hvad hvorr skyldi gióra. Þetta allt opinberadi hann Furstanum Dolgorucki, og baud honum ad ega þátt í þessu eidsvarna sambandi. Það vard framgengt, sem Greifi Ostermann ásetti sér í þessu. Furstinn Dolgorucki, hafdi von um, ad dóttir sín kynni ad verda Keisarainna, og lofadi ad gióra allt hvad stædi í sinni makt til ad koma þessu fyrirtæki fram. Það bágasta var ad koma Keisaranum burtu frá Menzikof, sem lét hann aldrei vid sig skilia. Enn úngi Dolgorucki var álitinn hentugastur þar til, hann var Keisarans einasti selskaps bródir, og svaf á hvorri nóttu í sama húsi og hann. Af þessari nágvæmu umgengni hafdi hann komist ad Keisarans sanna hugarfari til Menzikof. Það

var

var undirlagt við hann hvernin hann skyldi að fara, og hann lofaði að koma Keisaranum til Ráðherranna. Greifi Ostermann var búinn að koma öllu svo vel fyrir, að ráðið, rétt eins og af hendingu var komið saman nálægt Petershof. Nóttin var ætlud til að koma þessu í verk, og strax, sem hinn úngi Dolgorucki visti að allt var í kirrdum, fór hann til rúmsins Keisarans, og rédi honum að frelsa sig frá Menzikofs þrældómi, med því að striúka, sem hradast. Pétur féllst á það, klæddi sig fliótt og fór med Dolgorucki út um gluggann, sem var nedarlega á veggnum, síðan hlupu þeir í gégnum urtagardana hiá slotinu, og þegar þeir vóru komnir út á vídann völl, fundu þeir marga mikilsháttarmenn, sem bidu þar eptir þeim med vagna, og færdu þá þángad, hvar Ráðherrarnir vóru samankomnir, fóru síðan beint til Pétursborgar, til að láta Keisarann vera því lengra burt frá Menzikof. Þegar um morguninn var komið inn í Keisarans svefn-herbergi, og hann fannst ecki, var Menzikof strax sagt til; honum var það rétt eins og reidarslag, því hann sá hvada háski sér var búinn. Undir eins og hann sansadi sig, tók hann til sín hug og dug, og fór sem fliótast til Pétursborgar. Hann hafdi enn þá þann þánka, að hann hefði sömu makt og til forna, og huasadi sér, að sá þá grimmustu hefnd yfir þeim, sem hefdu farid burt med Keisarann. En ádur

var búid ad reisa oframan skordur vid því, ad hann gæti nockud útrétt. Þegar hann ætladi ad fara inní slotid, var honum bannad það, og ógnad ef hann vildi ecki láta af því. Þá sá hann sína ólucku, sem hann var í kominn, snéri þess vegna strax til baka í það hús, sem hann var vanur ad búa í, og sann þá á veginum ecki lengur þann fiolda af hirdfólki, sem sifeldlega var vant ad vera í kringum hann, því hans ólán var búid ad tvístra þeim ollum á vid og dreif. Naumast var hann kominn í hús-sitt, fyrr enn Stridsmanna-hópur umkringdi það. Sá, sem fyrir þeim var, lýsti yfir honum í Keisarans orda stad, ad hann væri fángi. Menzikof hugsadi, ad fengi hann alleinasta Keisarann í tal, þá mundi hann odlast alla sína tign og vald aptur, beiddi þess vegna um leyfi ad mega koma á slotid, og tala vid Keisarann; en honum var skipad ad fara innan 24 tíma til Rennesberg, sem var stórt jardagóts er hann átti. Þá sleppti hann allri von, og sagdi: Eg hefi drýgt stór-glæpi, en á Keisarinn ad straffa mig fyrir þá? Þau ord juku fólki þá grunsemd, sem ádur var um dauddaga Katrínar ennar fyrstu; samt var honum þann dag veitt mikil virding. Hundrads-hofdinginn, sem tók vara á honum, sagdi ad Keisarinn hefdi leyft honum ad taka med sér það dírmætasta, sem hann ætti, og láta svo marga þénara fylgia sér, sem hann vildi. Þá var hann svo ófor-

siáll,

fiáll, ad láta alla siá stolt sitt, med ad hafa mikinn undirbúning til reisunnar. Honum var skipad ad fara burt um middegi nærsta dag eptir, til þess ad allir sæu hans niðurlæging, og láta hann siálfann finna til hennar. Adrir segia hann hafi siálfur valid þá tíd, svo þeir, sem sæu uppá þad, aumkudust yfir sig og Keisarinn líka. Þad var líkara hefdar-reisu þegar hann fór burt, enn ad þar væri nockurr í ónád fallinn madur, sem drægi sig í hlé. Hann sat med konu sinni og bornum í praktugasta státsi og prýdis vagni, og fiöldi annara vagna fylgdi á eptir. Hans flutnings vagnar, þénarar og hestar var mikil halaróa. Þegar hann í mannfiöldanum, sem hafdi safnast saman ad horfa á hann, þeckti einhvorn, nefndi hann hann á nafn og kastadi á hann qvediu sinni. Hans fiandmenn nýttu sér þetta stolt, og klogudu hann fyrir Keisaranum, ad hann væri svo drambsamur, ad hann gæti ecki af neinu buckast, og hefdi enn í þánka, ad sýna Keisaranum mótþróa, en komast úr ollum háska med ríkidæmi sínu. Hvorsu mikid, sem Pétur enn annar hatadi hann, vildi hann þó ecki hlýdast á, eda gióra allt hvad adrir rédu honum til; samt sendi hann Stríðsmanna-hóp til ad fylgia honum, og skipadi þeirra yfirbodara ad taka af honum oll þau heiðurs- og Riddara-stéttar-teikn, sem hann af Keisurum og Kóngum hafdi fengid. Þessi niðurlæging sveid Menzikof sárt, en fyrir siálf-

um sér qveid hann eckert, og sagdi til hins Yfirbodna: Takid þér þarna vid því, sem ofmiog sannar, hvad heimskulega virdínga-giarn eg hefi verid. Eg hefi lagt þad alltsaman í pennann stock, mér kom fliótt til hugar þad mundi verda tekid frá mér, þad væri líka stærsta læging fyrir sialfann mig ad brúka þad lengur. Þess Yfirbodna erindi var ecki þar med búid; hann sagdi Menzikof, ad kona hans og born yrdu ad fara út úr state-vagninum, og setiast á þær kérrur, sem hann til þess hafdi tekid med sér. Menzikof hlýddi líka þessari skipun med undrunarverdri afneitun sialfs sins. Hann var nú ecki lengur sá ærugirugi madur, sem hélt sig ofgódann til allra stærstu embætta; ecki lengur enn stolti og drambsami, sem vildi hafa eins mikid vid og Kóngarnir, og hvorium allir ættu ad lúta. Hann var þá kértur spekingur, á hvors stodugleyndi eckert beit, en svaradi: Eg er vidbúinn til hvørs, sem vera skal; gierid þér þad, sem ydur er skipad. Þess meira, sem þér takid frá mér, þess minni órósemi held eg eptir; eg anmka þá, sem ætla ad ábatast á þessu herfángi. Sídan fór hann úr sínum state-vagni, og setti sig á litla kérru, svo rólega ad allir undrudust yfir því. Hans kona og born vóru sett á adrar vidlíka kérrur, en state-vagnarnir og þénararnir var allt flutt til baka til Péturs-borgar, og Menzikof hélt sinni reisu áfram,

en

en fèck ei þá hüggun ad tala í þad sinn optar vid konu sína og börn. Loksins kom Menzikof á þennann hátt til Rennesberg. Þetta var kaupstadur med prýdilegu slotí, sem hann hafdi látid giora skans í kringum, og sett þar kaupstefnu, svo Tartarar og Kosakkar konu þángad med allslags vöru. Menzikof hugsadi ad þar mætti hann lifa eins og spekíngur medan hann væri út undan hiá Keisaranum, en sú lucka átti ecki ad audnast honum, þó þó hann væri 250 mílur lángt frá Keisarans hird, sýndist fiandmonnum hans samt ad hann væri ofnærri; þeir vóru hræddir vid brogd hans og áhángendur, þar fyrir sýndist þeim rádlegast, ad láta hann fara í útlegd til Jakútsk, sem er lengst inní Siberia-landi meir enn 1500 mílur frá Pétursborg. Ad vörmu spori var sendur stridsmanna-hópur, med þeirra Yfirbodara til hans, og skipun frá Keisaranum, ad hann strax, uppá stundina skyldi í tédann útlegdar stad fara. Adur var hann færdur úr ollum fötunum, og klæddur aptur eins og rússiskur bóndi, eins var líka farid med konu hans og börn, þau fengu klædnad af gialda-vod med lambskinns-fódri, og lambskinns-húfur. Furstinnan Menzikof, sem var af stærstu ættum, orgvisaleg af náttúrunni, og vanin til sællifis, en hafdi aldrei þurft ad taka hendinni í kaldt vatn, þoldi ecki þessi bágindi og harda medferd, þó á ferdinni skamt frá Casan. Menzikof fèck naumast tíd til

ad grafa hana þar, en var rekinn til ad flýta ferdinni til Tobolsk, sem er Hofudstadurinn í Siberia-landi. Þángad hafdi komid fregn á undan honum, ad hann væri fallinn í ónád, og væntanlegur þángad í útlegd, yfir hvoriu allir hlockudu og gleddust fyrirfram, ad þeir fengi ad sjá þann mann í fiotrum og hleckjum, fyrir hvers veldi heila Rússland hafdi ádur mátt skiálfa. Þeir fyrstu, sem fundu hann, þegar hann kom í stadinn, vóru tveir rússiskir Herrar, sem þángad hofdu verid flutter í útlegd medan hann rédi ollu. Þeir komu móti honum, skammyrdtu hann svo, sem þeir gátu, og eltu hann gégnum allann stadinn, allt þángad til hann komst í fángelsid. Hann lét ecki hid minsta bera á óþolinmædi, edur ad honum þækti fyrir, heldur sagdi til annars þeirra: Þér er ecki ládandi þó þú brixlir mér; hefndú þín nú, úr því þú gétur ecki skeitt skapi þínu, nema á minu núverandi ástandi. Eg kollkastadi þér, af því mér þókti þú vera mér í vegi, og dygd þín med straungu sinnislagi stód mér í liósi. Sídan snéri hann sér til hins med þessum ordum: Sídst hugsadi eg ad finna þig hérna, og ecki veit eg hvórnin þú ert hingad kominn, svo þú gétur ecki kennt mér um þína ólucku. Eg vænti þú hafir haft fiandmenn medal þeirra, sem vóru mér vid hönd, og munu þeir hafa lockad út úr mér befalingu, ad þú skyldir fara í útlegd. Eg hefi opt spurt,

þó eg sæi þig ecki, en fékk allrahanda tví-ræðt svar, en þar að auki hafði eg svo mikið að gjora, að eg gat ecki til lengdar henkt eptir því; ef þú samt hugsar að þér sé nockurr léttir í ólucku þinni að smána mig, þá halld þú áfram. Sá fridie Herra, sem í Menzikofs almættis-tíð hafði komið þángað sem útlagi, þreyngdi sér í gégnum fólks-þyrpínguna, sem hafði safnast saman, og kastaði skarni framaní son og dóttir hans Menzikofs; þegar faðirinn sá það, kallaði hann: kastadú skarninu á mig, en ecki á vesælings börnin þau arna, sem eckert hafa gjórt þér. Stiptamtmaðurinn í Siberia-landi sendi Menzikof eptir Keisarans skipan 500 rdli., að hann gæti þar með útvegað það, sem hann naudsynlega þurfti handa sér og sínum. Hann fékk leyfi til að kaupa fyrir þá penínga það, sem hann síðst mátti án vera á sínum útlegdar-stað. En í þessu ollu lét hann sér emasta vera umhugað um börn sín, og gaf sjálfann sig aldeilis Guds forsjón á vald, því sárast var honum að vita í hvað aumu standi hans vesælu börn mundu verða, er alleina guðu hans. Hann keypti sér sagir, axir og allskags akur-yrkiu verkfæri, net til fiskis, korn og salt kjöt; en þegar hann var búinn að útvega það naudsynlegasta, beiddi hann um, að það, sem eptir væri af peníngunum mætti útskiptast medal fátækra. Eptir að hann hafði verið í Tobolsk tilsettann tíma, var honum skipað að

ferdast lengra áfram. Hann og bornin vóru sett á kérru, sem dregin var af einum hesti, og opt og tídum ecki nema af hundum. Fim mánudir lidu, ádur enn hann kom til Jakúsk, og medan hann var á þessari laungu, mædusomu reisu, vard hann med bornum sínum ad úrstanda morg bágindi, því vedrid er svo stirdt og kaldt í því landi.

Fóstudaginn, 28 Novembr.

Þegar hann einusinni fékk leyfi af strídsmonnunum, sem voktudu hann, ad gánga inní bónda-hús nockud, ad hvíla sig þar, og borda med bornum sínum, kom strídsmanna Yfirbodari inní sama hús; þessi kom frá Kamschatka, og hafdi þángad verid sendur medan Pétur enn Mikli sat ad ríkinum, átti hann ad hiálpa til ad fá vitneskiu um þau lond, sem þar vóru í grend. Þessi Yfirbodari hafdi ádur verid Menzikof undirgefinn í strídi, og þá verid hans ædsti sendisveinn, en hann þekti nú ecki Menzikof í bænda-búníngnum. Þessi þekti hann samt, nefndi hann á nafn, en hann fell í stans, og spurdi hvorr hann væri? Menzikof svaradi: fyrir skömmu sídan var eg Fursti Menzikof, nú er eg Alexander. Þegar þessi Yfirbodni hafdi farid frá Pétursborg, var Menzikof í svo stórum voldum og skrautlegu standi, ad hinn gat ecki trúad því,

ad

ad þessi væri sama manneskia og hann hér sá. Hann hugsadi þessi væri bóndi, sem ecki væri med ollum mialla, og svaradi honum eptir því. Menzikof gat sér til hvad hinn þenkti, tók hann afsídis, og sagdi honum hvorr hann væri. Æ! minn Fursti! kalladi sá adkomni uppyfir sig, af hvada ólucku er Ydar Hátign komin í svo aumt stand? hættum vid svaradi Menzikof ad brúka penna stolta titil. Eg er búinn ad segia ydur, ad eg heiti Alexander; Gud er búinn ad gióra mig aptur ad þeim sama, sem eg var í fyrstu. Komu-madurinn vildi fá meiri upplysingu um þann, sem hann taladi vid, og spurdi úngann bónda, sem sat þar í horni, hvort hann þeckti þenna mann? sami úngi bóndi var sonur hans Menzikofs, og svaradi: þad er hann fadir minn! kannske ockar ólucka sé orsök í því, ad þér þeckid ockur ecki núna? þér egid ockur þó margt ad þacka. Menzikof ávítadi son sinn fyrir þetta svar, og sagdi vid þann adkomandi: vorkennid þér þessum vesæling! ólucken hefir giort hann nockud stygglyndann; þad er hann, sem þér sáud, þegar hann var barn ad leika sér, og þarna sjáid þér dætur minar! þær vóru klæddar eins og bænda-stúlkur, sátu á gólfinu, og hofdu miólkur-askmilli sín, sem þær vóru ad brióta braudskurn ofaní. Sú arna, sagdi Menzikof enn framar, var búin ad fá þá æru, ad vera trúlofud Keisaranum Pétri Ódrum, og var nærri

komin ad því augnabliki, ad vera gipt honum. Þegar sá adkomandi heyrdi Péturs eins Annars nafn, undradist hann enn meir; hann hafdi verid nærri fiogur ár í burtu, og vissi eckert hvad á þeim tíma skéd hafdi. Menzikof sagdi honum þad í stuttu máli, hinn heyrdi til med athygli og forundran, og leit til stríðsmannanna, sem fylgdust med Menzikof ad vakta hann, til ad siá á svip þeirra, hvort þetta mundi vera satt eda ecki. Loksins endadi sá ólucknlegi Fursti fráfogu sína þannig: Hvad skal eg þá framar segia þér minn vin? eg var ordinn allteins voldugur, og enn þá óttalegri enn Pétur enn Fyrsti sialfur, eg hugsadi, ad þá væri eg lángt uppúr því vaxinn, ad nockurr stædi mér á móti, og gladdi mig í þeirri von, ad eg nú skyldi fara ad nióta rólega ávaxtanna af því, er eg var búinn ad búa um mig, þegar fedgarnir Dolgorucki og sá útlendi Ostermann steyptu mér í þetta ástand. Þó skyldi eg ecki hafa gigrt svo mikid, sem einusinni stunid af því ad missa alla mína tign og eigur, jafnvel mitt frelsi, en — þá flutu tárin nidur af kinnunum á honum, og hann bendti til barnanna sinna — þetta er mitt einasta straff, og þad varir svo lengi, sem eg lifi. Þessir saklausu vesælingar hafa fædst og uppalist í virdingum og alls nægtum, nú hafa þau skort á öllu, en hafa óblídu og ólucku af mér, þó ecki sén þau sek í neinu því, sem eg

er

er skuldadur fyrir. Þú kemur senn til hirdarinnar, ad segia frá þínum erindislokum, og finnur þar báda fedgana Dolgorucki, og hann Ostermann, sem nú ráda øllu. Segdú þeim eg óski af hiarta, ad þeir hafi og brúki allslags dugnad til ad giora Rússland, luckulegt og blómstrandi; mertadú hefndargirni þeirra med ad segia þú hafir fundid ockur á ferdinni, ad øll bágindi frost og óvedur á þessari laungu og mædusømu reisu hafi ecki skadad heilbrigdi ockar, heldur synist hún miklu fremur, ad hafa ordid betri og fastari, og ad eg í fángelsis standi minu hafi nú þá hugar rósemi og frelsi, sem eg aldrei hafi þeckt medan luckan var ad hossa mér. Gésturinn grét hástofum, og hvaddi Menzikof þegar hann fór af stad, og þenkti med sér, ad þessi Fursti væri laungt stæreri í nidurlægingunni enn hann hefdi verid í mestu velmagt sinni. Strax, sem Menzikof var kominn þángad, sem hann átti ad vera útlagi, hugsadi hann um eckert annad enn hafa fyrir bornum sínum svo þau brysti eckert, og láta þann vidbiódslega stad, sem líklegt var þau ættu ad lifa á það, sem eptir var æfinnar, verda þeim nockud þolanlegri. Hann byriadi med því ad yrkia heilnikid pláts, hvartil það vinnufólk, sem hafdi fylgst med honum, hiálpadi; þarmed útvegadi hann hauda sér og sínum nóg af jardargróda til uppeldis. Hann bar sig ad auka vid kofann, sem honum

um var fenginn til ad vera í, og hió timbur til ad byggia med. Fólk hans upporfadist af þvi eptirdæmi, svo innan skams var hann búinn ad byggia bæ, sem var nógur handa bornum hans og hiúum. Þar vóru í eitt bænhús, og fiogur onnur bæarhús. Eitt þeirra hafdi hann siálfur og sonur hans, annad dæturnar, þridia hiúin, og þad fiórda var búr og eldhús. Eldri dóttirin, sem hafdi verid trúlofud Keisaranum, hafdi umsión yfir eldhúsinu og búrinu, en hin ad halda húsum og fatnadi hreinum, og hiúin hiálpudu þeim í þyngstu vinnunni. Skommu eptir ad hann kom þángad, vóru honum send matvæli gefins, en hann vissi ecki hvadan þau komu. Medan hann hafdi luckuna var hann aldrei svo forsiáll, ad útvega sér neinn sannann vin, sem í ólucku hefdi viliad hiálpa honum. Á hverium morgni fór hann í bænhús sitt, ad bidiast fyrir, og sama giordi hann hvorn middag og aptan; óluckan var búinn ad giora hann gudhræddann. Hann vard smámsaman rólegur í sinninu, og hefdi verid í rétt gódu standi, ef hann hefdi ecki endrum og sinnum ángrast bædi af samvitskunogun og þúngum þaunkum af þeirri óforskuldudu ólucku, sem hann hafdi steypt bornunum sinum í. Naumast var eitt missiri lidid frá því hann kom í sina útlegdar eydimork, fyrr enn eldri dóttir hans fécк bóluna, fadirinn var bædi hennar læknir og sáluforgari, en öll hans mæda og umsorgun ad vidhalda henn-

ar

ár lífi, var forgefins, því það var innan skams á enda. Þegar hún var ondud, las hann med bornunum sínum og hiúum allar þær bænir, og brúkadi þá sidi, sem en gríska kirkia er von ad hafa yfir framlidnum, lét grafa likid í bænhúsinu, og skipadi bornum sínum ad grafa sig þar líka vid hlidina á henni þegar hann sjálfur félli frá. Undir eins fengu bædi hin born hans bóluna, en hiá þeim luckadist hans hiálp betur, því þeim batnadi innan skams. Þar eptir lagdist Menzikof sjálfur í sótt; sú mæda, sem hann hafdi útstadid, ángur af hans fyrra lifnadi, og barna hans ólucka, sem sífeldlega var honum fyrir hugskots-sjónum, píndu hann og tóku sínámsaman uppá hans krapta. Siúkdómurinn var lángvarandi kramarsótt, sem vard þaraf háskalegri, ad hann nockra stund forsómadi sjálfann sig til ad varna bornunum ad koma í þann háska, sem hann sjálfur var í; hann vard máttlaus og gat ecki úr rúminu farid. Þegar hann sá ad tíminn nálgadist, ad hann yrdi ad skilia vid born sín, lét hann þau koma ad rúminu sínu, og sagdi vid þau:

Børnin mín! eg nálgast það seinasta augnablik míns lífs; frá því eg kom hingad, hefi eg alltjafnt verid ad þenkia um daudann, og eg væri eckert hræddur vid hann, ef samvitska mín huggadi mig med því, ad reikníngs-skapur fyrir fyrri æfi mína félli

eins

eins vel og fyrir þá tíd, sem eg hefi verid í þessari eydimørku. Guds ord og skinsemin, sem aldrei stiórnudu mér, á medan luckan var sem kátust vid mig, hafa hérna kennt mér, ad Guds miskunsemi er óendanleg eins vel, sem hans réttlæti; eg skyldi ecki hafa nema eintómis von, nú þegar eg á ad skilia vid verøldina, ef ad eg hefdi eptirlátid mér eintómis dygdadæmi í henni. Allt til þessa eru yckar hiørtu, børnin mín, ófordiørfud. Yckur verdur hægra ad halda yckar sakleysi hér í þessari eydimørku, enn vid hirdina. En skyldud þid nockurn tíma komast þángad aptur, þá munid til þeirra dæma, sem eg hérna hefi gefid yckur.

Fadirinn hafdi spennt alla krapta, sem hann gat til ad brýna raustina medan hann var ad tala þetta, svo børn hans skyldu taka því betur eptir því. Sídan hóf hann hendurnar upp, eins og hann í seinasta sinni ætladi ad blessa þau, en lítill sinardráttur tók hann í því sama burt frá lífinu. Þessi var endalykt slíks eins manns, sem svo syndist eins og luckan hefdi hossad honum úppá hædsta maktarinnar topp, einasta til ad kasta honum nidur í þá diúpustu eymd. Hans Lífs-saga kennir stoltum og órettlátum mønnum ad óttast fyrir sinna vondu verka forþéntu straffi.

Þad synist eins og Menzikofs seinustu ord til barna hans á banasænginni hafi verid

spá-

spádómur um þá umbreyting í þeirra standi, sem innan skams fór ad koma fram. Pétur enn Annar dó skömmu eptir vhár 1730. Anna, sem kom til ríkis eptir hann skipadi ad létta nockud kiorum þessara útlaga. Þess vegna fengu Menzikofs börn leyfi ad ganga nockud í kring hiá Jakúsk, og endrum og sinnum ad mega koma í kirkiu, þegar embætt- ad var. Þegar dóttirinn einusinni var á gángi, sá hún bónda utan fyrir kofa nockrum, sem gaf henni auga, og syndist eins og hann yrdi sneyptur, og þad kiæmi flatt uppá hann, þeg- ar hann var búinn ad virda hana vel fyrir sér. Hún géck samt framhiá honum, þviad hans búnúngur var ecki þesshättar, ad hún héldi þad væri nockud sérlegt vid hann. En þegar hún kom til baka, og aptur géck fram hiá honum kalladi hann eptir henni: Furstadóttir Menzikof! því flýid þér mig? egum vid enn þá ad sýna fiandskap hvort odru á þessum stad, og í þessu ástandi, eins og vid erum nú bædi? Þetta sérlega tiltal kom henni til ad gæta ad, hverr svo taladi, og hún géck ad kofanum. En þad var Fursti Dolgorucki, sem hún fann þar svo til sara. Þad má nærri géta hvad henni hafi ordid vid! ad finna hann þar, því margslags þánkar hverr odr- um mótstridandi hverfludu í huga hennar. Hún sá hér þann, sem var hofundur allrar hennar, og hennar ættingia ólucku, og sá hann í allra stærstu eymd. Þegar hún hafdi

sausad

sansad sig, spurdi hún: hvers vegna, og hvad er lángt sídan Keisarinn sendi ydur hingád? Keisarinn? sagdi Dolgorucki. Æ! hann er daudur, og var skömmu ádur trúlofadur henni Katrínu eldstu dóttur minni. Komid þér inn þá munud þér sjá, ad hún liggur hérna fyrir daudanum á beckiarfiol — hvad? svarid þér ecki? hafid þér ecki vitad af því arna? — hvorugin hefdi eg átt ad frétta þad í þessari eydimörk, svaradi hún? þar, sem ockur er ecki leyft ad tala vid nockra manneskju — þau töludu meira saman, og Dolgorucki sagdi henni ad Anna væri ordin ríkiandi Keisarainna í Rússlandi, þar sem Elísabeth hefdi þó stadid nær. Anna hafdi, sagdi hann, eydilagt allar þær stærstu ættir í Rússlandi, medal hvorra sín væri, til þess ad géta sjálf rádid öllu. Hann hefdi á þessari laungu ferd med bornum sínum mætt þeirri allra svívirdilegustu medferd, sem ecki sé brúkud nema vid verstu stórbrotamenn, sér hefdi verid neitad um þá naudsynlegustu hluti til lífsins vidurhalds, og enn væri hann ad dragast upp í sonu eymd. Konan mín þoldi ecki þessa stóru ólucku, og daudinn er búinn ad frelsa hana frá þeirri sorg ad sjá dóttur sína deyia í þessari veröld. Hann endadi þetta tal med ógnarlegustu bölvunum yfir Keisara-innunni og hennar ástvinum. Fursta-dóttirin Menzikof vard forvida af þessu hans ædi og flýtti sér heim til sín. Þegar hún kom þángad, gat hún ecki ordi uppkomid fyrir for-

forundran, bræði og medlidan. Bródir hennar og sá stridsmanna Yfirbodari, sem átti ad passa uppá þau, spurdi hvad um væri ad vera? Eptir ad hún hafdi nockra stund þagad, sagdi hún frá ollum þeim uhúngum, sem hún hafdi sied og heyrt. Þegar hún nefndi Dolgorucki, vard enn úngi Menzikof eins og rasandi, og hafdi mestu gledi af ad heyra í hvad aumu standi hann var, en lastadi systur sína fyrir þá medlidan, sem hún hafdi yfir hans óláni. Eg skal, sagdi hann, líka fara ad skoda hann, og útausa allri minni bræði yfir hann. Þessi hefndargirni kom þeim, sem átti ad passa uppá þessa útlaga, til ad neita honum Menzikof nockra stund um leyfi, ad mega fara út úr húsinu, þángad til hann var búinn ad losa ad syna honum Dolgorucki engann fiandskap.

Laugardaginn, 29 Novembr.

Keisara-innunnar rádgiafar hugsudu nú, ad eckert væri lengur ad óttast af Menzikofs bornum, bádu því ad þau mættu koma til baka. Sitpun um það var fliótt útgéfin, sumir segia, ad ábata tilaángur hafi verid einasta orsok til þessarar nádar. Það hafdi komist upp, ad Furstinn Menzikof, sem í útlegd var, ætti mikla peninga í Baunkunum í Venedig og Amsterdam; þeir Rússisku vildu ná þess-

um peningum til sín, en gátu ecki, því í hinum stodunum eru þau log, ad engum slíkum peningum er útsvarad, nema eigandinn edur hans erfingiar séu bevísanlega í því standi, ad þeir séu eigna sinna rádandi, og þess vegna var eckert annad rád til ad ná peningunum, enn ad kalla Menzikofs born til baka. Það má nærri géta hvada gledi-tídindi þetta hafi verid fyrir þau. Það fyrsta, sem þau tóku sér fyrir hendur, var ad þacka Gudi þar fyrir í kirkjunni í Jakúsk; þó gátu þau ei yfirunnid hefndargirni sína vid Dolgorúcki svo, ad hann væri ecki vitni til þeirrar gledi, sem þau hofdu, og láta hann finna þess sárra til sinnar eigin eymdar. Þegar hann heyrdi þessi tídindi af þeim sialfum, andvarpadi hann þúnglega; en sá úngi Menzikof lét sér nægia ad audmykia hann uppá þennann máta, sem gat sýnst ad heldur kiæmi af medlídandi og edalmódugu hiartalagi, enn ad hann vildi minnast gamalla mótgiserda. Eg lofa ydur ecki, sagdi hann, ad bidia fyrir ydur þar, sem eg nú kem; þér þeckid hirdlifnadinn ofael til þess, ad lá mér það, en í þeirri von, ad Gud muni gefa ydur léttir á ydar eymdar-kiorum, vilium vid syskynin hiálpa ydur hér svo mikid, sem í ockar valdi er. Þér megid eiga bæinn ockar, sem vid skilium hér eptir, hann hefir fengid mikla umbót sídan vid komum hingad, honum er haganlega fyrirkomid, og þar er sæmilega mikid af naudsynlegustu vistum og

odrum

ódrum hlutum. Takid þér móti þessari gáfu med somu ánægiu, sem vid biódum ydur hana. Daginn eptir, snemma um morguninn fóru þau burt. Skommu eptir komu þau til Tobolsk, hvar þau fengu peninga, og útvegudu sér sæmilegann klædnad, en sídan þar frá til Moscow, því Keisara-innan var þar þá tíd. Keisara-innan tók blídlega á móti þeim, gaf þessum úngu Fursta Menzikof Kapitain-Lieutenants embætti vid hennar egin stríðsmanna-vakt, og fèck honum fimta part af þeim eignum, sem fadir hans hafdi átt. Systur hans hélt hún hiá sér, og lét hana vera sína hirdmey, gipti hana sídan skommu eptir Greifanum Biron, bródur þess, sem luckan sídan upphóf, svo hann vard ríkiandi Hertugi í Curlandi. Fursta-dóttirin Menzikof fèck í heimanmund þá peninga, sem fadir hennar hafdi átt í Venedigs og Amsterdams Bankkum, og sem fyrir utan renturnar vóru fimthúsund hundrud þúsund ríkisdalir. Pad er almennt mál, ad þessi Fursta-dóttir hafi geymt þann bónda-klædnad afsídis í sængur-húsi sínu, sem hún hafdi brúkad í útlegd sinni í Jakútsk; hafi opt skodad hann, og þar med minnt sig á þann óstodugleika og þær umbreytingar, sem manneskiunnar líf er undirorpid.

XLV. Litir, sem shnast.

Pilltar minir minntu mig á, ad þegar eg talaði um, hvort loptid væri blátt edur ecki,

hefdi eg lofad ad segia þeim einhvorn tíma dæmi uppá liti, sem augad sier, en ecki eru þeir sonu fyrir utan þad; þared eg álít hvort eitt loford fyrir vita-skuld, virdtist mér órétt ad giora lengur skota-skuld úr þessari.

Fornir Náttúru-spekingar sogdu, ad loptid hefdi engann lit, en blátt sýndist þad af því, ad svart og hvítt (uefnilega birtan í loptinu og skugginn) vel samblandad yrdi blátt. Satt er, ad ymisleg skuggablondum giorir adskilianlega liti, t. d. kol í gisnu, hvítu lérepti, sýnist blátt; blódid, sem er raudt, sýnist í gegnum hørundid í ædunum blátt, einkum undir tángu-rótum, hvad sumir fákunnandi blaupalæknar vorir ei skinia, er strax segia spillt blód sé í þeim, sem eru berœda, og undir eins hafa bláar ædar. Þegar skugga um sólar uppkomuleitid leggur á hvítt, verdur hann fagurblár, en grœnn, ef himininn er þá þakinn raudum eda gul-leitum skýium. Sé liós qveikt undir berum himni í hálfbiortu, verdur skugginn blár á hvítu, en grœnn á gulu. Blár skuggi sýnist í spegli ad vera grœnleitur. Uni sólar-uppkomu og sól-setur er skugginn nærst hlutinum svartur, þumlúngi þar frá blár, og lengra burtu grœnn, en þá dagsliósid eykst, verdur þad bláa í skugganum grœnleitara. Sé sá hlutur nockud gagnsœr, sem skuggann er af, verdur hann auk þess grœng og bláa raudur. Skugginn af spili, sem stendur beint vid tángl-

skini

skini er svartur, sé aptur ljós sett þar á ská við, svo tveir verði skuggarnir, þá er sá svartur, sem verður bædi af ljósi og túngls-birtu, bleikur af túngls-birtu einnisaman, en blár af ljósinu. Að hmislegann blæ leggi á hlutina, eptir því, sem ljósið er, og að þetta sé margvíslegt eptir hmsu ljósmeti, vita allir, þaraf því að dæma um lit nema við góða dagsbirtu. Þar að auk má sá, sem um liti vill dæma, vara sig á, hvort augun eru þreitt edur ecki. Svo sýnist t. d. ef horft er stöduglega nockrar mínútur á ferkantað raudt bréf lagt á hvítt, eda enn heldur á svart, sýnist vera blágræn rond í kringum það, og líti madur síðann á hvítann vegg, sýnist vera á honum blágrænn ferhyrningur. Sé ferkantada bréfið gult, sýnist það imindada blátt; sé það grænt, verður rondin purpura-raud; á bláu saffranótt, á svortu hvít, hvítu svort, og svo fr. Hér af kémur, að þeim, sem lengi horfa gégnum græn gleraugu og taka þau af sér, sýnist allt vera raudt, sem raunar er hvítt, en horfi þeir lengi gégnum raudt gler, þá sýnist þeim allt eptirá grænt. Augnaþreyta ollir því, að blýni nockurr lengi í glugga í heidskíru vedri, og lokar svo aptur augunum, sier hann nockra stund eptir gluggans imind, svo hann jafnvel gétur talid rúdurnar, þær sýnast þá líka dimmari enn listarnir, sé þá hendin lögd á augad, verða rúdurnar biartari en listarnir sortna.

XLVI. Forn Spakmæli.

Pythagoras. Vinur, sem þegir yfir brestum vorum, er ecki svo hollur, sem óvinur er bíxlar oss um þá. Eckert er hrædslu-giarnara í veroldinni enn vond samvitska.

Thales. Merki til heimsku er ofmikil lyst til ad tala. Líkamans farsæld er innifalin í heilbrigdi, en sálarinnar í lærdómi.

Chilon. Gédprydin gleymir aldrei þeim velgiordum, sem hún hefir medtekid, en fliótt þeim, sem hún sjálf veitir. Pad þrent er torveldast: ad þegia yfir því, sem leynt á ad vera, gleyma mótgiordum, og brúka vel sinn frítíma. Pad er ecki svívirdilegra ad rádast á vopnlausann mann, heldur enn ad tala illa um þann, sem ecki gétur afsakad sig. Forsjálni er æskunnar prydi, en gladværd ellinnar balsam. Gullid reynir manninn. Annar Spekingur hefir sagt: eldurinn reynir gullid, gullid konuna og konan manninn.

Pittacus. Fyrirgéfning er betri enn idran, þad er: betra er ad fyrirgéfa enn hefna sín, því idranin fylgir hefndinni eptir. Þegidú yfir þínum ásetníngi, svo ad enginn hlæi ef hann luckast ecki.

Bias. Af ollu því, sem tilfellur í lífinu; er bágast ad þola þegar luckan snýr sér. Betra er ad vera dómari medal óvina sinna, enn vina, því í fyrra tilfellinu fær madur vin, en í því seinna óvin. Af villudýrunum er týrannann, en af hinum tomu smiadrarann helst ad óttast.

Peri-

Periander. Gædskan er Kónganna varatekt.

Cleobúlus. Tvennt þarf helst ad hrædast: vina ofund og fiandmanna hatur.

Sólon. Enginn kann kallast farsæll fyrir sitt endadægur. Það ríki er illa statt, hvar Yfirvoldin hlýda ecki lögunum, og alnúgimn ecki Yfirvoldunum. Lögin eru eins og kóngulófar vefur, sem þeir sterku rífa í sundur, en eintómis flugur festast í honum. Spekingur annar er mikln seinna var á dögum, hefir sagt, ad lögin nái einasta til medalstandsins, sá ríki spotti þau, en hinn fátæki skreppi undan þeim, sá ríki rífi allann kóngulófar vefinn í sundur, en hinn fátæki smúgi í gegnum möskvana.

Anacharsis. Engin betri áminning verdur börnunum gefin til ad forðast dryckiuskap, enn sýna þeim druckinn mann.

Anaxagoras. Ellin og svefninn sýna oss veg til dauðans.

Socrates heimti þrennt af sínum lærisveinum, vísdóm, forsiálni og þögn. Þegar vinir hans álösudu honum fyrir, ad hann hefdi heilsad þeim, sem ecki tók undir vid hann, sagdi hann: Því ámæsid þid mér fyrir það, ad hinn er ecki svo mannúdlegur, sem eg.

Democrit. Skinsamra von uppfyllist stundum, en heimskingians aldrei, því hann óskar sér meira enn ordit getur. Ríkidæmi er ecki ad ega mikid, heldur bruka það vel.

Heraclit. Lögin eru frelsisins verndarmúr og líka ríkisins.

Xenophon. Það er naudsynlegast ad læra, ad láta ei eptirdæmin skémma sig. Það eina sta, sem ecki verdur frá manni tekid, er á nægia af ad hafa gisrt gott.

Bion. Vér egum ad virda ellina, því vér vilium allir fá hana. Agiarn á ecki sitt góts, en gótsid á hann. Forsiálnin er hugprýdinnar auga; hún er ellinni í stad hreystis, og hreystin æskunni í stad forsiálninnar Forsiálnin heldur asmlum frá hættu, en hreystin rífur þá úngu úr henni.

Diógenes. Blygdan er dygdarinnar litur. Vonin er það seinasta, sem deyr í manneskiúnni.

Zeno. Vinur er annar Eg. Þeir skinsomustu eru ecki alltíd skinsamir, og enir lærdustu vita opt ecki það, sem almennilegast er. Vid hofum einn munn og tvo eyru, þarmed kennir náttúran ockur ad vid egum ad tala lítid, en heyra mikid.

Aristoteles. Nótin á kunnáttunni er romm, en ávoxturinn sætur. Eckert eldist svo fliótt, sem velgiordir. Frídleikurinn hefir sitt vegabréf hiá fér. Svallarar lifa eins og þeir egi stutt eptir, en ágiarnir eins og þeir aldrei egi ad deya. Von er vakandi manns draumur.

Sadi. Í Persapólis var eldurinn tilbediun, en sá stadur brann upp af eldi. Eins eru Kóngarnir og þeirra uppáhald. Spekingur nockurr had þannig: ó! stóri Gud! miskuna þig yfir þá ógudlegu, því þú ert búinn ad giora hinum góðu allt gott, med því ad láta þá vera góda.

Þó

Þó gimsteinn falli í mykjuhaug, þá er hann eins dýrmætur, líka svo þó skarn hvirflist af vindi upp til himna, þá er það ecki meira verdt fyrir það. Ad hugsa vanmáttugur óvin géti ecki giort skada, er ad þenkia einn einstakur neisti géti ecki ordid ad báli.

XLVII. Gátur.

32.) Tíðin. 33.) Snigill. 34.) Sá, sem minnst þarfnast. 35.) Caffee. 36. Skíði.

37.) Hvort er það kaldasta og undir eins heitasta fat, óguarlega vídt; þó hefir það engann Skraddara giort ríkann?

38.) Margt makt áridandi rennur úr mér út í veroldina, og varla er nockurr hlutur giordur ad ecki egi eg þátt í því; þó verdur hún systir mín ad hiálpa mér, annars yrdi margt liótt, og margt sæist ecki. Þegar eg er reguid, þá er hún sólskinid.

39.) Stundum er eg í einum stad, stundum ódrum, og er þar þó ecki. Eg sie það, sem eg aldrei sá, því eg er sjónlaus. Eg er lítilsháttar, og þó Kóngur; á alla fiársiódu, og samt lítid.

40.) Egi eg ad nærast á annara feiti, þá verd eg ad tæra sjálfum mér; samt er það ecki mér í þágu; nei! fyrir þig er það, sem eg næri mig og tæri mér.

Sunnudaginn, 30 Novembr.

XLVIII. Endirim af Sendibréfinu til Galata.

IV. K.

12. Verid (í ydar hugarfari) eins og eg er, því eg var líka (ádur) eins og þér (nú) erud (35); um þetta bid eg ydur, brædur mínir! med engu hafid þér módgad mig!
13. Því þér vitid sjálfir ad eg var óhraustur á líkamanum (36), þegar eg í fyrra sinni
14. taldi ydur trú, samt svívirdtud þér mig ecki, né burtsnúdud mér, þó eg útvortis væri aumur, heldur medtókud mig eins og eg hefdi verid engill Guds, edur Jesús
15. Kristur sjálfur. Hvorsu lék ydur þá lof í lófum? Því eg gét borid ydur þad, ad hefdud þér gétad, þá hefdud þér rifid augu

(35) Adrir leggja hér út: „verid eins (hugarlátlegir „vid mig eins) og eg er (vid ydur), því eg er „eins (vel viljadur ydur) og þér (ádur vórud „mer).“ Sú mening á vel vid þad eptirfylgiandi.

(36) Fiórar fyrstu prentudu útleggingar: „eg predik„adi Evangelium í veikleika eptir holdinu.“ Mag. Steinn Biskup: „fyrir veikleika holdsins pre„dikadi eg Evangelium.“ Mag. Jón Biskup Vídalín: „sokum veikleika holdsins taladi eg „blídlega til ydar.“

augun úr höfdum ydar, og gefid mér.
Ætlid þér eg vilie ydur illa þó eg (í ein- 16.
lægni) segi ydur það, sem satt er? Þeir 17.
eru að hylla ydur að sér, með því að
taka upp þyckiuna ydar vegna, en giora
það ei af gódu, heldur til að bola mig
út, og vilia að þér aptur á mót, takid
upp þyckiuna fyrir þá (37). Að vísu er 18.
það lofiegt, að taka upp þyckiuna fyrir
hvað, sem rétt er, en það á að vera alltíd,
og ecki einúngis þegar eg er vid. Börn 19.
mín gód! sem eg aptur á ný hefi svo
mikla mædu fyrir að giora sannkristna (38),
eins og módir, sem gengur med fóstur
sitt (39)! eg vildi eg væri nú kominn til 20.
ydar, svo eg gæti breytt roddinni vid yd-
ur (eins og medþarf) því eg er vokins um.
ydur. Segid mér! þér, sem vilied vera 21.

undir

(37) Oddur Løgmadur leggur út: „svo þer skulid „vanda um þá." Biskuparnir Gudbrandur og Þorlákur: „svo þer skulid vandlæta um þá." Mag. Steinn Biskup: „svo ad þer skulud „breyta eptir þeim."

(38) Edur: líka Kristi.

(39) ôdinein þýdir: að vera jódsiúk, og einnig að ganga med fóstur, svo það tekst fyrir alla mædu þungadrar konu, sem hún hefir fyrir fóstrinu, og eins hefir Biskupinn Mag. Jón Vídalín líka skilid það.

undir (Mósis) lögum, skilied þér (40) það,
22. sem í Ritníngunni er? Þar stendur: að Abraham hafi átt tvo syni, annann við
23. ambáttinni, en hinn við friálsri konu. Sá, sem hann átti við ambáttinni, var á náttúrlegann hátt tilkominn, en hinn við enni friálsu, var með fyrirheitnu (kraptaverki)
24. getinn. Þetta hefir meira að þýda, því þar með skilst það tvenna trúarbragda form, annað, sem út var gefið á Sína fialli, og leidir þrælkun yfir þess fylgendur,
25. eins og Agar yfir börn sín, því orðið Agar þýdir á Arabiísku Sína-fiall (41), þessu er samqvæm (42) sú núverandi Jerúsalem (edur Gyðínga ástand), því þeir
26. eru undir (Mósis Lögmáls) ánaud. (En hitt trúar-bragda formið, sem samlíkist Söru og er samqvæmt) enni ædri Jerusalem

(40) Svo tekst orðið acuein 1 Cor. 14, 2. Marc. 4, 33. og víðar.

(41) Fialltindur, en einkum fiallið Sína heitir enn á dögum hiá Arabiskum Agar edur Hagar.

(42) Oddur Lögmadur og Guðbrandur Biskup í Bibliunni, hafa „streckir sig allt þángad, sem nú „í þennann tíma er Jerúsalem.“ Þorlákur Biskup: „nær allt til Jerúsalem.“ Guðbrandur í N. T. 1609 Mag. J. Vídalín og Mag. Steinn Biskupar: „svarar þeirri Jerúsalem.“ Það er vel útlagt, má líka vera, samlíkist, edur á heima hiá.

salem (43), er álíkt friálsu konunni, hvor ed má kallast módir vor (kristinna manna) (44). Því Ritníngin segir: vertú glød, óbyria, sem eckert barn átt, lát þinn fognud glymia, og kalla hátt þú, sem ecki ert barnshafandi, því sú yfirgefna mun fleiri born liga, enn hin, sem mannimm hefir (45). Vér, brædur mínir! erum eptir Guds lofordi born eins og Jsaac (46). En líka sem sá, sem náttúrlega var tilkominn, fordum giordi þeim allt til móds, sem med kraptaverki var getinn, allteins gengur enn til. Hvad stendur þá í Ritníngunni? rek burt ambáttar soninn, því hann skal ecki taka arf med eginkonu syninum (47). Vér erum, brædur mínir! ei ambáttar born, held-

27. 28. 29. 30. 31.

(43) Eptir ordunum: sem er uppi. Pad er ad skilia þá, sem Gydingar væntu ser med Messiæ komu, og stundum kolludu: þá sem uppi er, fundum himneska.

(44) Ordinu allra, sem finst í vorum útleggingum og nockrum grískum nhium Testamentum, sleppa hestu útskriftir ens gríska nhia Testamentis, nockr- or gamlar útleggingar, og margir af Kærifedrunum.

(45) Es. 54, 1.

(46) Þriár fyrstu preutudu útleggingar hafa: „ver „erum Jsaaks born." Hinar tvær: „ver erum „born eptir Jsaak."

(47) Gen. 21, 10.

V.K.

1. heldur skilgetnir af frjálsri qvinnu; Haldid þá fast því frelsi, sem Kristur hefir oss útvegad, og látid ecki leggia ánaudar-okid
2. aptur á ydur. Takid þid eptir því! eg Páll segi ydur það, ad ef þér látid umskéra ydur, þá hafid þér eckert gagn af
3. Kristi lærdómi. Eg stend enn, sem fyrr, fast á því, ad hvorr, sem lætur umskéra sig, skuldbindur sig þar med (48) ad breyta
4. eptir öllu (Mósis) Lögmáli. Þid, hvorir sem helst sem ætlid yckur ad hafa gott af því, þid erud ordnir vidskila vid Krist, þid hafid þá sleppt (Guds) nádargáfum.
5. En vér væntum med ockar rétta hugarfari ad fá Guds velgiörninga af trúnni (49).

Því

(48) Flórar fyrstu prentudu útleggingarnar hafa: „er „enn nú skyldugur," því í Lúthers útleggingu hefir ordid noch innsmeigt ser.

(49) „Oddur Lögmadur útleggur: „en ver vonum í „andanum fyrir rettlætisins trúna, hvoria ver „hliótum ad vona." Gudbrandur Biskup í Bibliunni: „en ver vonum í andanum fyrir trúna „þess rettlætis, hvors ver hliótum ad vona." Í Nýia Testam. 1609: „en ver bídum í andanum „fyrir trúna eptir því rettlæti hvors ver hliótum „ad vona." Þorlákur Biskup: „ver vonum „í andanum fyrir trúna þess rettlætis, sem menn „ega ad vona." Mag. Steinn Biskup: „því „í andanum af trúnni bídum ver vonar rettlæti-
„sins."

Því eptir Jesú Krists lærdómi gildir eck- 6.
ert, hvort nockurr er umskorinn edur ecki,
en trúin sú, sem er verkafull af kiærleik-
anum (giorir þar allt um). Þér hélduð 7.
(í fyrstu) vel áfram; en hvorr kom (á eft-
ir) í veg fyrir (50), svo þér ecki tryddud
sannleikanum? slíkar fortolur komu ei frá 8.
þeim, sem (fyrst) bauð ydur til Krists
nádargæda. Lítil sýra giorir heila deigid 9.
súrt. Þó treysti eg ydur med hiálp Drott- 10.
ins (51) til þess, ad þér munud eckert
annad (52) hugarfar hafa í þessu enn eg.
En sá, sem hefir komid þessum óróa af
stad, mun fá sitt straff, hvorr sem hann
er. Ef nú svo væri, brædur minir! ad 11.
eg væri enn ad halda fram umskurninni,
hvad kemur þá til þess, ad enn er verid
ad ofsækia mig? þá findist þó eckert í
kenningu minni um Krists dauda á kross-
inum,

„sins." Ordid Pneuma má her vel útleggia fyrir lærdóminn um Krist. Samanber v. 16. 22. 25 og 6, 1.

(50) Fiórar fyrstu prentudu útleggingar: „hvorr aptr-„adi ydur?" hin fimta „hvorr hindradi ydur?" Biskup Mag. Jón Vidalín: „hvorr hefir af-„snidid ydur."

(51) Þriár fyrstu prentudu útleggingarnar hafa: „eg „forsie mig þess til ydar í Drottni." Hinar báðar: „eg vona þess til ydar í Drottni."

(52) Biskup Mag. Jón Vidalín „annarlegt."

inum, svo nockurr þirfti sig þar á ad
12. steyta (53). Það væri betur þeir yrdu burtsnaradir (54), sem koma slíkum óróa af stad (55) ydar á milli.

III. Aminningar til gudrækilegs lífernis, og ad lyktum gódar óskir, Kap. *V.* 13. 26. *VI.*

13. Ad sonnu er ydur, gódir brædur! kristnin bodud med því skilyrdi, ad þér megid brúka frelsi, en þar ridur á ad það verdi ei spiltri náttúru ydar tilefni vondra verka, þar á mót þénid hvorr odrum med kær-
14. leika, því allt hvad skipad er, innifelst í einu bodordi, og það er þetta: Þú átt ad vilia ódrum eins vel og sjálfum þér (56).

En

(53) Oddur Lögmadur og Gudbrandur Biskup í Biblíunni, hafa: „þá er og afskafin krossins hneixl„an.“ Gudbrandur Biskup í N. T. 1609: „þá er og afmád krossins hneixlan.“ Þorlákur Biskup: „þá hefdi krossins hneixlan dvínad.“ Mag. Steinn Biskup: „þá er afmád hneixli „krossins.“

(54) Ordid getur þýdt: vani þeir sig.

(55) Þriár fyrstu prentudu útleggingarnar: „sem yd„ur sturla.“ Þorlákur Biskup: „sem ydur eydileggia.“ Mag. Steinn Biskup: „sem yd„ur gióra óstoduga á ný.“

(56) Levit. 19, 18.

En ef þér tennist og tyggist innbirdis, þá 15.
er hætt vid, ad hvorr torthyi odrum. Eg 16.
bid ydur því, látid heilagt hugarfar vid
ydur ráda, þá munud þér ei fremia þad,
sem spilt náttúra er giornust á; því hún 17.
er fúsust á þad, sem því er á móti, og
þad er henni gagnstædt, þared hvort þeirra
er þvert á móti odru, hvar af kémur, ad
þér ei ætid giorid þad, sem þér hefdud á-
sett ydur. En ef þér stiórnist af heilsau 18.
hiarta-þeli, þá þurfid þér ecki (Mósis) Log-
máls med. En allir vita, hvor spiltrar 19.
náttúru verk séu, þessháttar eru: hórdóm-
ur, skiækiulifnadur, saurlifi, lauslæti, af- 20.
guda-dyrkan, kukl, hatur, deilur (57),
képpni, ofstæki, þráttanir, tvídrægni, flocka-
dráttur, ofund (58), mord, ofdryckia, ó- 21.
hófs-veitslur og þad, sem er þessu líkt. Um
þetta segi eg ydur enn nú, sama og eg ád-
ur hefi sagt, ad þeir, sem slíkt giora, odlast
ei sælu hiá Gudi. En þar á mót flióta af 22.
heilsgu hugarfari, kiærleiki, gladværd, frid-
semi, lánglundar-géd, liúflyndi, einlægni,
tryggd, vorkunsemi, hóffemi. Móti slíku er 23.
ei (Mósis) Logmál, heldur hafa þeir, sem 24.
eru sannkristnir tekid allann kiark ur enni

(57) erêis þýda þriár fyrstu prentudu útleggingar: „hat" og „hatur" eptir D. Lúthers Hader.

(58) Leggia þær sømu rett út: „ofundskapur," en bádar þær sídustu: „hatur."

syndumspiltu náttúru, svo hennar brædi
25. og lystingar eru eins og daudar (59). Ef vér vilium ødlast sælu af heilsgu sinnislagi, þá egum vér líka ad hegda oss eptir
26. því (60). Vér egum ecki ad sækia eptir hégóma virdingu, og hvorki ogra hvorr
1. ødrum né ofunda hvorr annann. Gódir brædur! verdi nockurr fundinn ad einhverri synd, þá leidréttid þid, sem velkristnir (61)
2. erud, slíkann med vorkunlyndi. Gæti hvorr vel ad sér, svo hann leidist ei til synda. Hvorr beri annars byrdi, því þar med
3. hlýdid þér Krists bodordi. Þykist nockurr mikill, en er það þó ecki, hann dregur
4. sialfann sig á tálar, því hvorr einn ætti ad prófa sialfs sins verk, og þá mun hann ecki géta hrósad sér fyrir ødrum, heldur einasta
5. fyrir sialfum sér. Þó munu allir finna það hiá sér, sem þeim er nógu þúngbært.
6. Sá, sem fær kennslu í trúarbrogdunum, á ad giora þeim í allann máta gott, sem
7. honum kennir. Dragid ydur eigi sialfir á tálar! Gud lætur ei ad sér hæda, því hvorr einn

(59) Her biria allar fiórar fyrstu útleggíngarnar 6 kap.

(60) Má útleggia: ef ver þyktumst hafa gott hiartalag, þá sýnum það líka í framferdinu; edur: Ef ver ætlum oss ad fá sælu af lærdóminum um Krist, sía 5 v.

(61) Má líka útleggiast: sem hafid helgad edur upplýst hugarfar, sía 5, 5.

einn mun fá það, sem hann vinnur til. Ef 8.
hann vinnur til með spiltrar náttúru verk-
um, þá fær hann þar af topum, en ef
hann vinnur til með heilogu hugarfari, þá
fær hann þar af eilífa sælu. Vér meg- 9.
um ei slá slöku við að gióra gott, því á
sínum tíma munum vér fá það borgað,
ef vér hættum því ei (62). Þess vegna, 10.
meðan vér nú höfum tækifæri til þess, þá
giorum öllum gott, þó þeim helst, sem
eru sömu trúar og vér. Skoðið þér hvað 11.
lángt bréf eg er búinn að skrifa yður með
minni eigin hendi. Þeir, sem eru að bera 12.
sig að fá yður til, að þér látið umskéra
yður, eru hvorier eð sækiast eptir því, sem
útvortis mælir fram með þeim (63), ein-
úngis til þess, þeir þurfi ei að verða fyr-
ir ofsóknum vegna lærdómsins um Krist,
er dó á krossinum. Ecki lifa þeir samt 13.
í öllu siálfir eptir (Mósis) Lögmáli, þó
þeir sén umskornir, heldur vilia þeir, að
þér verðið eins, svo þeir géti hælst um af
líkama yðar. Lángt sé frá mér, að stæra 14.
mig af öðru, enn af lærdóminum um
Drottinn vorn Jesú Krist, er á kross-
um dó; hans vegna hefi eg lagt fyrir óðal

(62) Getur líka útlagst: ef ver þreytunst ei, og svo útleggur Biskup Mag. Steinn það.

(63) Mætti líka leggia út: hiá Gyðíngum, eður og: á kroppnum.

allt í heiminum, (sem þeim lærdómi er gagnstædt) og það hefir eins giort við
15. mig. Því eptir Jesú Krists lærdómi er eckert undir því komið, hvort nockurr er umskorinn edur óumskorinn, heldur að hann
16. sé ordinn annur (64) manneskia. En öllum, sem breyta eptir þessum lærdómi, hverier að eru sannarlegir Israels nidiar, sem Gudi þóknast, óska eg allskyns gæda
17. og sælu. Hédanaf ónádi mig enginn, því eg ber mark Drottins vors Jesú Kristz
18. á mínum líkama. Drottinn vor Jesús Kristur hiálpi med nád sinni sálum ydar, brædur mínir! verdi það!

Til Galata, skrifad frá Róm.

(64) Edur: endurnhiud.

Prentvillur.

Bls. 55 línu 28 feinast les: seinast. Bls. 71 l. 23 hópnr l. hópur. Bls. 83 l. 14 egi l. eigi. Bls. 107 l. 31 giørdi gialda, l. giørdi, gialda. Bls. 141 l. 22 Kristí l. Kristi. Bls. 156 l. 6 meira l. metri. Bls. 221 l. 22 jørduuni l. jørdunni. Bls. 226 l. 29 í tómum l. einúngis í. Bls. 251 l. 22 fyrri l. fyrra.

U. S.